


Ársskýrsla 2012

Ársskýrsla 2012



Persónuvernd

Umbrot: Persónuvernd
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja 
ISSN 1670-3782

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	5
1. Almenn	9
1.1. Persónuvernd	9
1.2. Um stjórn og starfsfólk á árinu 2012	9
1.3. Um starfið árið 2012	9
1.4. Um fjárreiður 2012	11
1.5. Ráðstefna um persónuvernd	11
2. Hlutverk Persónuverndar	13
2.1. Um ýmis verkefni Persónuverndar	13
2.2. Um leyfisveitingar og tilkynningar	13
2.3. Um úttektir	14
3. Nánari umfjöllun um ýmis mál	15
3.1. Veitt leyfi 2012	15
3.1.1. Leiðbeinandi álit og nýtt starfsleyfi fyrir Creditinfo Lánstraust hf.	15
3.1.2. Leyfi vegna vísindarannsókna á heilbrigðissviði	15
3.1.3. Önnur leyfi vegna rannsóknarverkefna	25
3.2. Nánar um ýmis mál	27
3.2.1. Aðgangur að tölvubréfi starfsmanns samtaka – mál nr. 2012/1341	27
3.2.2. Réttur foreldra til vitneskju um símnotkun barna sinna – mál nr. 2012/197	28
3.2.3. Vinnsla Hagstofunnar samrýmdist ekki lögum nr. 77/2000 – mál nr. 2012/629	28
3.2.4. Afhending óheimil vegna skorts á vinnslusamningi – mál nr. 2012/818	31
3.2.5. Tölvupóstur áframsendur innan fyrirtækis – mál nr. 2012/910	31
3.2.6. Ósk lögmannsstofu um upplýsingar um aðila í greiðsluaðlögun – mál nr. 2012/429	31
3.2.7. Leit í handtösku – mál nr. 2012/672	32
3.2.8. Aðgangs- og upplýsingaréttur; gögn hjá opinberri stofnun – mál nr. 2012/224	32
3.2.9. Eyðing upplýsinga um konur með brjóstafyllingar – mál nr. 2012/583	34
3.2.10. Birting lista á netinu yfir próftaka – mál nr. 2012/764	35
3.2.11. Birting úrskurða á heimasíðu - mál nr. 2011/1186	35
3.2.12. Miðlun upplýsinga um ástand húss – mál nr. 2012/237	36
3.2.13. Kvörtun vegna viðtals forstöðumanns við fjölmiðla – 2012/899	36
3.2.14. Notkun upplýsinga frá umboðsmanni skuldara – mál nr. 2012/564	38

3.2.15. Upplýsingar um Íslendinga sem hafa ætlað að gifta sig erlendis – mál nr. 2012/941.....	41
3.2.16. Synjun um leyfi til að nota gögn úr gamalli rannsókn – mál nr. 2012/660.....	43
3.2.17. Synjað leyfis til aðgangs að upplýsingakerfi LSH – mál nr. 2012/990.....	43
3.2.18. Skráning á ólögráða búðarhnuplurum – mál nr. 2012/324.....	43
3.2.19. Merkt umslög skattrannsóknarstjóra – mál nr. 2012/318	44
3.2.20. Miðlun lista frá umboðsmanni skuldara – mál nr. 2011/674	45
3.2.21. Framvísun umboðs hjá sýslumanni – mál nr. 2012/367.....	47
3.2.22. Upplýsingar um fermingar barn – mál nr. 2012/576	48
3.2.23. Kvörtun yfir söfnun persónuupplýsinga hjá Velferðarsviði – mál nr. 2011/1047	48
3.2.24. Krafa um eyðingu rangra upplýsinga hjá lögreglu – mál nr. 2012/129	48
3.2.25. Sending bréfpósts frá Heilbrigðisstofnun Austurlands – mál nr. 2012/489	48
3.2.26. Flutningur persónuupplýsinga úr landi – mál nr. 2010/1079.....	49
3.2.27. Spurningalisti spítala – mál nr. 2012/470.....	52
3.2.28. Notkun AIS-kerfis – mál nr. 2011/938.....	52
3.2.29. Vinnsla heilsufarsupplýsinga um starfsmenn – mál nr. 2012/016	53
3.2.30. Flutningur persónuupplýsinga frá banka – mál nr. 2012/85	56
3.2.31. Flöggun á hjartagátt LSH – mál nr. 2012/175.....	56
3.2.32. Öryggi í tengslum við vinnslu á HSU – mál nr. 2011/1309	58
3.2.33. Skýrsla um einelti – mál nr. 2011/1211.....	58
3.2.34. Eftirlitsmyndavél í bifreið í fjölbýlishúsi – mál nr. 2011/1318.....	60
3.2.35. Ólögð afhending viðskiptamannaupplýsinga – mál nr. 2011/931	60
3.2.36. Markpóstur til fermingar barns – mál nr. 2012/499	61
3.2.37. Öryggi í tengslum við vinnslu á HSA – mál nr. 2012/193.....	61
3.2.38. Birting kennitalna í dómasafni á vefsíðu – mál nr. 2011/990.....	61
3.2.39. Upplýsingar til Bandaríkjanna um dæmda hryðjuverkamenn – mál nr. 2012/49	66
3.2.40. Umbeðin leiðrétting gerð á niðjatalsupplýsingum – mál nr. 2011/1301	69
3.2.41. Kvörtun yfir ómerktum markpósti – mál nr. 2011/746.....	69
3.2.42. Varðveisla fjármálafyrirtækis á upplýsingum um viðskiptavin – mál nr. 2011/1268	70
3.2.43. Heimild lýtalæknis til að upplýsa um konur með PIP-brjóstaþyllingar – mál nr. 2012/18572	
3.2.44. Birting viðkvæmra gagna frá lögreglu á vefsíðu – mál nr. 2011/1252	79
3.2.45. Samkeyrsla þinglýsingarskráar og þjóðskrár – mál nr. 2011/1250.....	80
3.2.46. Heimild lýtalækna til að miðla upplýsingum um allar konur sem fengið hafa brjóstaþyllingar, óháð tegund fyllinga – mál nr. 2012/96.....	82
3.2.47. Birting nafns á heimasíðu héraðsdómstóla – mál nr. 2011/1339	91

3.2.48. Skráning kennitölu við gjaldeyrisviðskipti – mál nr. 2011/198.....	94
3.2.49. Miðlun í þágu markaðssetningar – mál nr. 2011/930	101
3.2.50. Miðlun upplýsinga um upphaf og lok afplánunar kynferðisafbrotamanna – mál nr. 2011/1337.....	106
3.2.51. Öflun sakavottorðs starfsmanna barnaverndaryfirvalda, heimila og stofnana – mál nr. 2011/1174.....	106
3.2.52. Annmarkar á öryggi við innskráningu á heimasíðu – mál nr. 2011/969.....	106
3.2.53. Opinber birting á fjárhagsupplýsingum – mál nr. 2011/1269	107
3.2.54. Dagsektir vegna kennitöluskráningar – mál nr. 2011/198	109
3.2.55. Synjað ósk um samkeyrslu við lyfjagagnagrunn – mál nr. 2011/895	111
3.2.56. Rafræn vöktun hjá Tollstjóra – mál nr. 2011/1033	112
3.2.57. Skoðun á tölvupósti fyrrverandi starfsmanna – mál nr. 2011/327	113
3.2.58. Áframsending verkbeiðnar – mál nr. 2011/492	113
3.2.59. Birting úrskurðar siðanefndar – mál nr. 2011/1005.....	114
3.2.60. Eyðing upplýsinga úr Eurodac-gagnagrunni – mál nr. 2011/1346	115
3.2.61. Miðlun vegna manntals – mál nr. 2011/1365	117
3.2.62. Undirritun á kvittun við gjaldeyriskaup – mál nr. 2011/846	119
4. Erlent samstarf	121
4.1. Samstarf norrænna persónuverndarstofnana	121
4.2. Samstarf evrópskra persónuverndarstofnana	121
4.3. Alþjóðlegt samstarf	121
4.4. Samstarf á vettvangi Evrópuráðsins.....	122
4.5. Starf vinnuhóps samkvæmt 29. gr. tilskipunar 95/46/EB.....	122
5. Ýmislegt frétt næmt af erlendum vettvangi	125
5.1. Evrópski persónuverndardagurinn 2012.....	125
5.2. Persónuvernd í Noregi sektar Háskólann í Bergen.....	125
5.3. Norræn mál um notkun Microsoft Office 365 og Google Apps.....	125
5.3.1. Notkun IT-háskóla Kaupmannahafnar á Microsoft Office 365.....	126
5.3.2. Notkun tveggja sveitarfélaga í Noregi á Google Apps og Microsoft Office 365	126
5.4. Markverður dómur hjá Evrópudómstólum um netsíur.....	126
5.5. Norska persónuverndarstofnunin sektar Google	126
5.6 Nýjar reglur um persónuvernd í burðarliðnum	127
5.7 Alþjóðlegi netöryggisdagurinn 2012	127
5.8. Úttekt hjá Facebook	127
6. Lög og reglur.....	129

6.1. Lög nr. 77/2000	129
6.2. Breyting á auglýsingu um flutning persónuupplýsinga til annarra landa	146
6.3. Reglur um skiptingu starfa á milli stjórnar og starfsmanna stofnunarinnar.....	147



1. Almenn

1.1. Persónuvernd

Persónuvernd er opinber stofnun sem annast eftirlit með framkvæmd laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, og reglna sem settar hafa verið samkvæmt þeim. Markmið laga þessara er að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og -reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs og að tryggja áreiðanleika og gæði slíkra upplýsinga og frjálst flæði þeirra á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins.

1.2. Um stjórn og starfsfólk á árinu 2012

Formaður stjórnar var Björg Thorarensen, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands. Auk hennar sátu í stjórn stofnunarinnar Haraldur Briem, sóttvarnalæknir, Aðalsteinn E. Jónasson, hæstaréttarlögmaður, Ólafur Garðarsson, hæstaréttarlögmaður og til 10. júní Magnús Hafliðason en frá þeim tíma Sigrún Gunnarsdóttir, hvort tveggja formenn Skýrslutæknifélags Íslands. Varamenn voru Kristín Edwald, hæstaréttarlögmaður, Tryggvi Viggósson, héraðsdómslögmaður, Ástríður Grímsdóttir, héraðsdómari og Þorvarður Kári Ólafsson, gæða- og öryggisstjóri frá Skýrslutæknifélagi Íslands.

Forstjóri stofnunarinnar var Sigrún Jóhannesdóttir. Kolbrún B. Bjarnadóttir var skrifstofustjóri.

Starfandi lögfræðingar voru Þórður Sveinsson, Alma Tryggvadóttir (fór í leyfi í september), Vigdís Eva Líndal, Anna María Káradóttir (kom úr leyfi í ágúst), Teitur Skúlason (hætti í janúar og hóf störf aftur í september) og Helga Grethe Kjartansdóttir.


Persónuvernd var valin Stofnun ársins 2012 í flokki lítilla stofnana. Um er að ræða árlega starfsánægjukönnun sem gerð er á vegum SFR stéttarfélags í almannatjónustu og fjármálaráðuneytisins. Hlaut Persónuvernd hæstu einkunn sem í flokki lítilla stofnana með heildareinkunnina 4,7 af 5. Könnunin náði til yfir 200 stofnana og tæplega 50 þúsund starfsmanna á almennum og opinberum vinnumarkaði. Átta þættir eru mældir í könnuninni og er mest vægi gefið trúverðuleika stjórnenda, ánægju og stolts, starfsanda og vinnuskilyrða.

1.3. Um starfið árið 2012

Skýrsla þessi, sem birt er samkvæmt 7. tölulið. 1. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000, er tólfta ársskýrsla Persónuverndar.


Líkt og fyrra ár hefur stöðug aukning orðið í fjölda innkominna erinda. Nýskráð mál á árinu 2012 voru 1.489 en á árinu var einnig til afgreiðslu nokkur fjöldi óafgreiddra mála frá fyrra ári. Alls höfðu 1.519 mál verið afgreidd við árslok.

Ný skráð mál Persónuverndar



Á árinu 2012 bárust Persónuvernd 551 tilkynningar um vinnslu persónuupplýsinga. Eru þær allar birtar á heimasíðu stofnunarinnar. Eftirfarandi tafla sýnir tegundir og fjölda nýskráðra mála 2012.

Tegundir	Fjöldi
Erlent samstarf	83
Frumkvæðismál	20
Fyrirspurnir/umsagnir/álit	459
Kvartanir/kæur/úrskurðir	111
Kynningar/námskeið/fyrirlestrar	37
Leyfisumsóknir	68
Mál vegna tilkynninga	551
Úttektarmál	3
Veitt leyfi	133
Annað	24
Alls	1489



1.4. Um fjárreiður 2012

Fjárveitingar á fjárlögum til Persónuverndar árið 2012 námu 60,8 millj.kr., þar af 58,1 millj.kr. framlag úr ríkissjóði en gert ráð fyrir sértekjum að fjárhæð 2,7 millj.kr. Framlag úr ríkissjóði nam samtals 64,1 millj.kr., en það er lækkun um 4,9 millj.kr. frá árinu 2011. Sértekjur stofnunarinnar námu 0,5 millj.kr. og voru því 64,6 millj.kr. til ráðstöfunar á árinu. Gjöld stofnunarinnar námu 74,0 millj.kr. og nam tap ársins því 9,4 millj.kr. Í upphafi árs var greiðslustaða við ríkissjóð jákvæð um 3,4 millj.kr. en í lok árs neikvæð um 6,0 millj.kr.

Rekstrarreikningur ársins 2012

Helstu stærðir ársreikningsins eru þessar:

	2012	2011	Fjárheimild
Rekstrarreikningur			
Tekjur samtals.....	521.985	2.125.164	2.700.000
Gjöld samtals.....	73.988.286	75.277.706	66.800.000
Framlag úr ríkissjóði.....	64.100.000	69.000.000	64.100.000
Hagnaður/tap ársins.....	-9.366.301	-4.152.542	
Efnahagsreikningur			
Eignir samtals.....	434.462	3.600.678	
Skuldir samtals.....	7.063.305	863.220	
Höfuðstóll í árslok.....	-6.628.843	2.737.458	
Greiðslustaða við ríkissjóð.....	-6.002.360	3.361.179	

1.5. Ráðstefna um persónuvernd

Þann 19. október 2012 fór fram ráðstefna á vegum Persónuverndar og innanríkisráðuneytis, í samstarfi við Lagadeild HÍ og Mannréttindastofnun. Yfirskrift ráðstefnunnar var „Nýjar ógnir við friðhelgi einkalífs og meðferð persónuupplýsinga“. Á ráðstefnunni voru flutt ýmis erindi er varða persónuvernd, m.a. um samfélagsmiðla, heilbrigðisupplýsingar og forvirkar rannsóknarheimildir lögreglu. Þá flutti innanríkisráðherra lokaorð.

Á ráðstefnunni voru rædd ýmis álitæfni er tengjast persónuvernd. Var í því sambandi sérstaklega hugað að þeim tækninýjungum sem orðið hafa síðustu áratugi og hvernig þær hafa áhrif á þær reglur sem gilda um persónuvernd. Sjö sérfróðir aðilar héldu erindi.

Davíð Þór Björgvinsson, dómari við Mannréttindadómstól Evrópu, fjallaði um þá dóma sem fallið hjá Mannréttindadómstólum í tengslum við persónuvernd. Fjallaði hann einkum um 8. gr. Mannréttindasáttmálans og hvernig dómstóllinn hefði túlkað ákvæðið, m.a. út frá neikvæðum og jákvæðum skyldum ríkis, söfnun upplýsinga og notkun þeirra hjá hinu opinbera, hvenær skerðing á réttinum sé réttlætanleg o.fl.

Maria Michaleidou, sérfræðingur hjá Persónuverndarskrifstofu Evrópuráðsins, fjallaði um samning Evrópuráðsins um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga (nr. 108). Hún fjallaði um þá tæknipróun sem orðið hefur frá því að samningurinn tók gildi, þá möguleika sem samningurinn byði upp á og þær breytingar á lagaumhverfi sem Evrópuráðið væri nú að skoða.

Sigrún Jóhannesdóttir, forstjóri Persónuverndar, fjallaði um áhrif reglna Evrópusambandsins á íslenskan rétt. Einnig fjallaði hún um drög að nýrri reglugerð Evrópusambandsins um persónuvernd og þær breytingar sem lagðar væru til á núgildandi fyrirkomulagi innan EES. Breytingarnar lúta m.a. að rýmkun landfræðilegu gildissviði evrópskrar löggjafar á þessu sviði, auknum rétti einstaklinga og að sjálfstæði Persónuverndarstofnanna verði eftl.

Björn-Erik Thon, forstjóri norsku Persónuverndarinnar, fjallaði um úttekt norsku stofnunarinnar

á Facebook. Björn fór yfir hvernig úttektinni hefði verið háttað, en stofnunin hefur m.a. lagt spurningar fyrir fyrirtækið sem hefur verið svarað. Þá fór hann yfir helstu hættur sem felast í samskiptamiðlum almennt, m.a. um þá söfnun upplýsinga sem þar fer fram, varðveislu þeirra og aðgengileika. Þá fjallaði hann einnig um notkun andlitsgreiningartækja sem sífellt virðast færast í vöxt.

Björg Thorarensen, prófessor og formaður stjórnar Persónuverndar, fjallaði um þá vernd sem stjórnarskrá Íslands veitir friðhelgi einkalífs og meðferð persónuupplýsinga. Björg fjallaði um þau skilyrði sem sett eru fyrir skerðingu á friðhelgi einkalífs skv. 71. gr. stjórnarskrárinnar og hvernig ákvæðið hefur verið túlkað í framkvæmd, m.a. í dómi Hæstaréttar frá 27. nóvember 2003 í svonefndu „gagnagrunsmáli“, máli nr. 151/2003 og í leiðbeinandi svari Persónuverndar í svonefndu „brjóstapúðamáli“, máli stofnunarinnar nr. 2013/185.

Stefán Eiríksson, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, fjallaði um samband friðhelgi einkalífs og forvirkra rannsóknarheimilda lögreglu. Í erindi sínu lýsti Stefán hvernig lögreglan framkvæmdi forvirkar rannsóknir á ýmsum sviðum. Þá fór hann yfir þær heimildir sem til staðar væru og þær takmarkanir sem lögreglunni væru settar.

Sigurður Guðmundsson, prófessor við Læknadeild HÍ og fyrrverandi landlæknir, fjallaði um meðferð persónuupplýsinga í heilbrigðiskerfinu. Fjallaði Sigurður m.a. um tilgang með skráningu heilbrigðisupplýsinga annars vegar í sjúkraskrá og hins vegar í gagnagrunna. Þá fjallaði Sigurður einnig um eftirlit með skráningu slíkra upplýsinga, siðareglur lækna og fyrirhugað frumvarp um vísindarannsóknir.

Að lokum flutti Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra lokaorð. Taldi hann að erindi fyrirlesaranna og það sem komið hefði fram á ráðstefnunni væri áhugavert. Í máli hans kom m.a. fram að huga þyrfti að samspili réttar einstaklingsins til friðhelgi einkalífs og skyldunnar til að veita upplýsingar, t.d. í tengslum við læknismeðferð. Þá fjallaði ráðherrann einnig um forvirkar rannsóknarheimildir og hvatti til ítarlegra umræðna um hvernig þeim heimildum lögreglu skyldi háttað. Taldi ráðherrann að mikilvægt væri að koma í veg fyrir að ungt fólk tæki þátt í skipulagðri glæpastarfsemi.

2. Hlutverk Persónuverndar

2.1. Um ýmis verkefni Persónuverndar

Helstu verkefni Persónuverndar eru að afgreiða leyfisumsóknir, taka við tilkynningum og gefa fyrirmæli varðandi tækni, öryggi og skipulag vinnslu persónuupplýsinga. Enn fremur er Persónuvernd ætlað að hafa eftirlit með því að farið sé að lögum og öðrum reglum um vinnslu persónuupplýsinga, fylgjast með þróun á sviði persónuupplýsingaverndar, jafnt á erlendum vettvangi sem innlendum, aðstoða við gerð starfs- og siðareglna og leiðbeina þeim sem ráðgera að vinna með persónuupplýsingar og þróa kerfi fyrir slíka vinnslu.

Persónuvernd úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp koma um vinnslu persónuupplýsinga. Hún getur fjallað um einstök mál að eigin frumkvæði eða samkvæmt erindi þess sem telur að ekki hafi verið unnið með persónuupplýsingar um hann í samræmi við lög nr. 77/2000, reglur settar samkvæmt þeim eða einstök fyrirmæli. Persónuvernd getur tjáð sig um álitamál varðandi meðferð persónuupplýsinga og veitt umsagnir við setningu laga og reglna er þýðingu hafa fyrir einkalífsrétt manna. Ef kostnaður hlýst af eftirliti Persónuverndar með því að ábyrgðaraðili uppfylli skilyrði laga nr. 77/2000 og reglna sem settar eru samkvæmt þeim, eða ef kostnaður hlýst af úttekt á öryggi vinnslu persónuupplýsinga, getur Persónuvernd ákveðið að ábyrgðaraðili greiði þann kostnað.

Persónuvernd hefur í eftirlitsstörfum sínum án dómsúrskurðar aðgang að húsnæði þar sem vinnsla persónuupplýsinga fer fram eða gögn eru varðveitt. Hún getur óskað liðveislu lögreglu ef einhver leitast við að hindra hana í eftirlitsstörfum sínum. Stofnunin getur mælt fyrir um stöðvun vinnslu persónuupplýsinga, að persónuupplýsingar verði afmáðar eða skráð eytt, í heild eða að hluta, bannað frekari notkun upplýsinga eða lagt fyrir ábyrgðaraðila að viðhafa ráðstafanir sem tryggja lögmæti vinnslunnar.

Ef fram fer vinnsla persónuupplýsinga, sem brýtur í bága við ákvæði laganna eða reglna settra samkvæmt þeim, getur Persónuvernd falið lögreglustjóra að stöðva til bráðabirgða starfsemi viðkomandi aðila og innsigla starfsstöð hans þegar í stað.

Persónuvernd getur mælt fyrir um stöðvun vinnslu persónuupplýsinga, bann við notkun þeirra, eyðingu þeirra og ráðstafanir sem tryggja lögmæti vinnslu þeirra. Hún getur ákveðið að leggja dagsektir á þann sem ekki sinnir fyrirmælum hennar.

Brot á ákvæðum laga nr. 77/2000 og reglugerða settra samkvæmt þeim varða fésektum eða fangelsi allt að þremur árum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum. Sama refsing liggur við ef ekki er farið að fyrirmælum Persónuverndar. Ef brot er framið í starfsemi lögaðila má gera lögaðilanum fésekt samkvæmt II. kafla A almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Persónuvernd hefur skrifstofu að Rauðarárstíg 10, 105 Reykjavík. Símanúmer er: 510-9600. Faxnúmer er: 510-9606. Netfang er postur@personuvernd.is.

Á heimasíðu stofnunarinnar, www.personuvernd.is, er m.a. að finna lög nr. 77/2000, upplýsingar um Persónuvernd, tilkynningareyðublað sem senda má beint af heimasíðunni, reglur sem stofnunin hefur sett, auk ýmislegs er lýtur að starfsemi hennar.

2.2. Um leyfisveitingar og tilkynningar

Öll vinnsla persónuupplýsinga verður að styðjast við einhverja þeirra heimilda sem taldar eru upp í 8. gr. laga nr. 77/2000, sem og 9. gr. laganna sé unnið með viðkvæmar persónuupplýsingar. Meðal þessara heimilda má nefna að hinn skráði hafi sjálfur samþykkt vinnsluna eða að sérstök

lagaheimild sé fyrir vinnslunni. Ekki er gert ráð fyrir að Persónuvernd meti vinnslu í hverju, einstöku tilviki til þess að skera úr um hvort heimildir séu fyrir henni. Slíkt mat liggur alla jafna hjá ábyrgðaraðilum upplýsinganna en rísi ágreiningur milli aðila um vinnsluna verður sá ágreiningur borinn undir Persónuvernd.

Á ábyrgðaraðila hvílir skylda til að tilkynna Persónuvernd um vinnslu persónuupplýsinga. Tilkynningar eru flestar sendar rafrænt beint af heimasíðu Persónuverndar, www.personuvernd.is. Þær vistast sjálfkrafa í opinberri skrá á vefsíðunni sem almenningur getur skoðað og leitað í.

Feli vinnsla í sér sérstaka hættu á að farið verði í bága við réttindi og frelsi manna getur Persónuvernd ákveðið að hún skuli vera leyfisskyld, sbr. 33. gr. laga nr. 77/2000. Það hefur hún gert með setningu reglna. Núgildandi reglur um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga eru nr. 712/2008. Í 4. gr. reglnanna eru tæmandi taldar þær tegundir vinnslu sem eru leyfisskyldar samkvæmt ákvæðinu. Þá getur vinnsla verið háð leyfi sé mælt fyrir um það í öðrum lögum, sbr. til dæmis ákvæði í lífsýnalögum nr. 110/2000 og lögum um réttindi sjúklinga nr. 74/1997.

Umsókn um leyfi Persónuverndar þarf að vera rökstudd. Í henni skal m.a. tilgreina hvernig öryggi persónuupplýsinganna verði tryggt. Þá skal rökstyðja sérstaklega hvers vegna nauðsynlegt sé að vinna með upplýsingarnar á persónugreinanlegu formi. Umsókn má skila á þar til gerðu umsóknareyðublaði sem finna má á vefsíðu stofnunarinnar, www.personuvernd.is.

Við afgreiðslu umsókna um aðgang að sjúkraskráum vegna aftursýnna vísindarannsókna fer Persónuvernd að verklagsreglum nr. 340/2003.

2.3. Um úttektir

Samkvæmt 2. tl. 3. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000 er það eitt af hlutverkum Persónuverndar að hafa eftirlit með því að aðilar, sem bera ábyrgð á vinnslu persónuupplýsinga, fari að lögum og öðrum reglum sem um vinnsluna gilda og tryggja eiga að fyllsta öryggis sé gætt.

Til þess að Persónuvernd geti rækt það eftirlitshlutverk, sem á stofnuninni hvílir lögum samkvæmt, getur verið nauðsynlegt að gera úttekt á fyrirkomulagi öryggismála hjá ábyrgðaraðilum persónuupplýsinga. Ákvörðun um úttekt þarf þó ekki að fela í sér að Persónuvernd telji að öryggiskerfi viðkomandi ábyrgðaraðila sé að einhverju leyti ábótavant. Gert er ráð fyrir að úttektir af þessu tagi fari fram í góðri samvinnu Persónuverndar og ábyrgðaraðila. Markmiðið er að sannreyna að öryggiskerfi ábyrgðaraðila sé í samræmi við þær öryggiskröfur sem Persónuvernd gerir til vinnslu viðkomandi persónuupplýsinga.

Úttektir eru oftast framkvæmdar í tveimur áföngum. Fyrri hlutinn felst í því að kalla eftir og fara yfir skrifleg gögn frá ábyrgðaraðila, sbr. 11. gr. fyrrgreindra laga. Seinni hlutinn er skoðun á þeim stað eða stöðum þar sem vinnsla persónuupplýsinga fer fram á vegum ábyrgðaraðila. Það er gert í þeim tilgangi að bera fyrirkomulag og ástand öryggiskerfis saman við framlögð gögn ábyrgðaraðila þar að lúandi. Persónuvernd lýkur svo úttektinni með ákvörðun um hvort öryggiskerfið standist þær kröfur sem gerðar eru í lögum og reglum um öryggi persónuupplýsinga og gefur ábyrgðaraðila fyrirmæli um úrbætur ef ástæða þykir til.

Við úttektir hefur Persónuvernd fyrst og fremst beint sjónum sínum að þeim sem vinna með viðkvæmar persónuupplýsingar. Vinnsla slíkra upplýsinga er oft á tíðum ekki nema hluti af starfsemi ábyrgðaraðila og getur því úttekt Persónuverndar oft takmarkast við afmarkaðan þátt starfseminnar. Í þeim tilgangi að öðlast raunhæfan samanburð milli ábyrgðaraðila og til að gæta jafnræðis framkvæmir Persónuvernd yfirleitt úttektir hjá þremur til fimm aðilum í sambærilegri starfsemi. Er þá jafnan reynt að velja umsvifamestu ábyrgðaraðilana í greininni þannig að ætla megji að úttektin spanni stóran hluta af þeirri vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer á ákveðnu sviði.

3. Nánari umfjöllun um ýmis mál

Hér að neðan er gerð grein fyrir ýmsum málum sem Persónuvernd fjallaði um á árinu 2012. Fyrst er gerð grein fyrir starfsleyfum samkvæmt 45. gr. laganna, en síðan er gerð grein fyrir leyfum vegna ýmissa vísindarannsókna.

3.1. Veitt leyfi 2012

3.1.1. Leiðbeinandi álit og nýtt starfsleyfi fyrir Creditinfo Lánstraust hf.

2012/266 – Persónuvernd gaf þann 18. september 2012 út leiðbeinandi álit á vinnslu persónuupplýsinga í tveimur skráum Creditinfo Lánstrausts hf., Skuldastöðukerfi og VOG (Vanskil og Opinberar Gerðir). Í álitinu er m.a. fjallað um hverjir séu ábyrgðaraðilar, um fræðsluskyldu og aðrar skyldur ábyrgðaraðila.

Þá veitti Persónuvernd félaginu þann 19. september 2012 nýtt starfsleyfi til vinnslu upplýsinga um fjárhagsmálefni *einstaklinga* (einnig mál 2012/266). Leyfið er með öðru móti en fyrri leyfi. Er þar lagt til grundvallar að lögmati vinnslu ráðist af tilviksbundnu mati. Heimil er vinnsla upplýsinga sem hafa verið löglega birtar í opinberum auglýsingum, þó ekki um endanlega samþykktu greiðsluadlögun. Dragi maður í efa áreiðanleika upplýsinga um sig þarf hann ekki sjálfur að leggja fram skrifleg gögn máli sínu til sönnunar. Einnig er í leyfinu kveðið á um að í samningum við áskrifendur skuli m.a. kveðið á um að þegar áskrifandi afli sér persónuupplýsinga um hinn skráða verði hann látinn vita af því.

2012/1321 – Loks var Creditinfo Lánstrausti hf. veitt nýtt starfsleyfi til söfnunar og skráningar upplýsinga, sem varða fjárhagsmálefni og lánstraust fyrirtækja, svo og annarra *lögaðila*, í því skyni að miðla til annarra upplýsingum um það efni. Var það leyfi veitt til 19. desember 2014.

3.1.2. Leyfi vegna vísindarannsókna á heilbrigðissviði

Veitt voru eftirtalin leyfi til vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við gerð ýmissa vísindarannsókna á heilbrigðissviði. Leyfin eru birt í þeirri röð sem þau voru gefin út í.

2012/58 – Dagmar Kr. Hannesdóttur, sálfræðingi á Þroska- og hegðunarstöð, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskráum vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Samanburður á meðferðarúræðum: Foreldraþjálfun barna með ADHD og Snillinganámskeið“.

2012/56 – Helgu M. Ögmundsdóttur, prófessor við læknadeild Háskóla Íslands, Jóni Gunnlaugi Jónassyni, yfirlæknir Krabbameinsskrár Íslands, Úlfari Thoroddsen, 3. árs læknanema, og Mía Egilssyni, meistaranema í læknadeild var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskráum vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Sjálfsát í brjóst- og briskrabbameinsæxlum“.

2012/11 – Elíasi Ólafssyni, yfirlækni taugadeildar á LSH, Sigurjóni B. Stefánssyni, sérfræðilækni og Brynhildi Hafsteinsdóttur, læknanema, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskráum vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Algengi og nýgengi CIDP á Íslandi 1991-2011“.

2012/3 – Persónuvernd hefur borist umsókn frá Ingunni Þorsteinsdóttur, lækni á LSH, var veitt leyfi til aðgangs að þjónustusýnasafni vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Notkun sjúklingasýna í stað gæðamatssýna fyrir samanburðarmat á niðurstöðum lífefnarannsókna á klínískum lífefnafræðideildum“.

2011/1411 – Garðari Mýrdal, forstöðumanni geislaeðlisfræðideildar Landspítala, Maríu Saastre, eðlisfræðingi við geislaeðlisfræðideild Landspítala, Jónínu Guðjónsdóttur, geislafræðingi og lektor við læknadeild Háskóla Íslands, og Þóru Sif Guðmundsdóttur, diplómanema í geislafræði var veitt

leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Mat á geislaskömmun í meðferðarsvæði og áhættulíffæri við innri geislameðferð gegn leghálskrabbameini á Landspítala“.

2011/1410 – Garðari Mýrdal, forstöðumanni geislæðlisfræðideildar LSH, Hönnu Björgu Henrysdóttur, eðlisfræðingi á geislæðlisfræðideild LSH, og Gunnari Aðils Tryggvasyni, diplómanema í geislafræði við læknadeild Háskóla Íslands, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Útreikningur geislalífesfræðilega þáttarins „Biologically Effective Dose“ fyrir geislameðferð gegn staðbundnu krabbameini í blöðruhálskirtli á LSH árin 2006-2011“.

2011/1361 – Kristínu Briem, lektor við námsbraut í sjúkrahjálfun við læknadeild HÍ var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Rannsókn á faraldsfræði krossbandsslita á Íslandi“.

2011/1359 – Ludvig Guðmundssyni, yfirlækni næringar- og offitusviðs á Reykjalundi, Alfons Ramel, fræðimanni á rannsóknarstofu í næringarfræði í Háskóla Íslands og Þórhalli Inga Halldórssyni, lektor við rannsóknarstofu í næringarfræði í Háskóla Íslands var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Árangur í offitumeðferð Reykjalundar“.

2011/1352 – Axel F. Sigurðssyni, sérfræðingi í lyf- og hjartalækningum, Davíð O. Arnar, sérfræðingi í lyf- og hjartalækningum, Guðjóni Karlssyni, sérfræðingi í lyf- og hjartalækningum, Halldóru Björnsdóttur, sérfræðingi í lyf- og hjartalækningum, Hirti Kristjánssyni, sérfræðingi í lyf- og hjartalækningum og Ingu S. Þráinsdóttur, sérfræðingi í lyf- og hjartalækningum var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Slembiröðuð, tvíblind, áfalladrifin, samanburðarrannsókn við lyfleysu á ársfjórðungslegum lyfjagjöfum með canakinumab undir húð til að fyrirbyggja endurtekin hjarta- og æðaáfall hjá sjúklingum sem eru í stöðugu ástandi eftir hjartadrep og með hækkun á hsCRP“ ásamt EudraCT tilvísunarnúmerinu 2010-022970-14.

2011/1307 – Gunnari Jónassyni, lækni á LSH var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Opin áreitipróf hjá börnum sem grunuð eru um sýklalyfjaofnæmi“.

2011/1290 – dr. Þóru Másdóttur, talmeinafræðings á Heyrnar- og talmeinafræðingastöð Íslands og gestalektors í talmeinafræði við Háskóla Íslands, og Agnesi Steinu Óskarsdóttur, meistaranema í talmeinafræði við sama skóla var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár og til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Athugun á málþroska 2–6 ára CODA barna og samanburður við tvítyngd börn af erlendum uppruna – Fræðsluefni fyrir foreldra og kennara“.

2011/1246 – Sigurbergi Kárassyni, dósent við læknadeild HÍ og yfirlækni á LSH, Gísla H. Sigurðssyni, prófessor og yfirlækni á LSH, Jóhönnu M. Sigurjónsdóttur, sérfræðingi á LSH, Kristófer Arnari Magnússyni, læknanema við læknadeild HÍ, Yngva Ólafssyni, yfirlækni á LSH og Brynjólfi Mogensen, yfirlækni á LSH var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Afdrif og horfur sjúklinga með mjaðmarbrot“.

2012/299 – Brynjólfi Mogensen, yfirlækni hjá LSH var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Trampólínslys“.

2012/228 – Brynjólfi Mogensen var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Brot á miðhandarbeinum, faraldsfræði og árangur meðferðar“.

2012/206 – Ingunni Högnadóttur, nema í talmeinafræði við læknadeild Háskóla Íslands, Bryndísi Guðmundsdóttur, talmeinafræðingi á Landspítala-Háskólasjúkrahúsi og Helgu Thors,

talmeinafræðingi á Landspítala-Háskólasjúkrahúsi var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Áhrif talfæraæfinga og skynörvunar á munnsvæði í meðferð við kyngingar- og fæðuinntökuvandamálum barna“.

2012/200 – Jóhanni Ágústi Sigurðssyni, yfirlækni á Þróunarstofu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Tíðni sýkinga hjá börnum og fjölskyldumeðlimum þeirra“.

2012/179 – Alberti Páli Sigurðssyni, lækni á taugadeild Landspítala-Háskólasjúkrahúsi, Hjalta Má Þórisssyni, sérfræðilækni, Önnu Björnsdóttur, Önnu Bryndísi Einarsdóttur, Martin Inga Sigurðssyni, deildarlæknum, Elísabet Benedíksz, yfirlækni, og Elfu Hrafnkelsdóttur, hjúkrunarfræðingi var veitt leyfi til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Afdrif sjúklinga sem greinast með TIA á bráðamóttöku Landspítala“.

2012/80 – Hildi Harðardóttur, yfirlækni á kvenna- og barnasviði LSH, Ómari Sigurvini Gunnarssyni, deildarlækni á kvenna- og barnasviði LSH og Örnú Guðmundsdóttur, innkirtlalækni á LSH var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Meðgöngusykursýki á Íslandi“.

2012/68 – Gísli H. Sigurðssyni, yfirlækni á svæfinga- og gjörgæsludeild Landspítala, Rannveigu J. Jónasdóttur, hjúkrunarfræðingi á gjörgæsludeild Landspítala, Lovísu Baldursdóttur, sérfræðingi í hjúkrun gjörgæslusjúklinga á Landspítala, Helgu Jónsdóttur, prófessor við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands, Kristni Sigvaldasyni, yfirlækni á gjörgæsludeild Landspítala í Fossvogi og Ólöfu Rögnu Ámundadóttur, sjúkraþjálfara á Landspítala í Fossvogi var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Eftirgæsla sjúklinga eftir útskrift af gjörgæslu: Framsýn samanburðarrannsókn“.

2012/48 – Jens A. Guðmundssyni, yfirlækni á kvenlækningadeild LSH, Kristínu Jónsdóttur, sérfræðilækni á LSH, og Auði Smith, sérfræðilækni á LSH var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Brottnám legs. Brottnám legs á Íslandi árin 2001-2010“.

2012/47 – Jens A. Guðmundssyni, yfirlækni á kvenlækningadeild LSH og Reyni T. Geirssyni, yfirlækni á LSH var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Utanlegsþykkt á Íslandi 1995-2009“.

2012/40 – Þórarni Tyrfingssyni, yfirlækni á sjúkrahúsinu Vogu, Ingunni Hansdóttur, sálfræðingi á Vogu og lektor við Háskóla Íslands og Ólöfu Eddu Guðjónsdóttur, sálfræðinema við Háskóla Íslands var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Áhættuhegðun og afleiðingar hennar hjá sjúklingum á Sjúkrahúsi SÁÁ Vogu sem nota vímuefni í æð: tengsl áhættuhegðunar við HCV og HIV smit“.

2012/39 – Ólöfu Jónu Elíasdóttur, deildarlækni, Elíasi Ólafssyni, yfirlækni taugaeildar á LSH og Degi Inga Jónssyni, kandidateitnema á taugaeild LSH var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Algengi Multiple Sclerosis á Íslandi“.

2012/28 - Ágústi Mogensen, forstöðumanni rannsóknarnefndar umferðarslysa (RNU), Brynjólfi Mogensen, yfirlækni á bráðasviði Landspítalans, Sævari Helga Lárussyni, verkfræðingi og starfsmanni RNU, og Ármanni Jónssyni, lækni á bráðasviði Landspítala var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Hjólreiðaslys á Íslandi“.

2012/4 – Gunnari Guðmundssyni, yfirlækni á HL-stöðinni var veitt heimild til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Áhrif Stig II þjálfunar eftir kransæðaáðgerð eða inngríp“.

2011/1405 – Tómasi Guðbjartssyni sérfræðilækni, Önnu Gunnarsdóttur sérfræðilæknis og Stefáni

Ágústi Hafsteinssyni læknanema var veitt leyfi aðgangs að sjúkraskrár í þágu rannsóknarinnar „Meðferð loftbrjóst á LSH 1991–2011“.

2011/1397 – Ragnheiði I. Bjarnadóttur, fæðingarlækni á Landspítala, Þóru Steingrímsdóttur, fæðingarlækni á sama spítala, og Sveini Guðmundssyni, yfirlækni Blóðbankans var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár í þágu rannsóknarinnar „Asablæðing í kjölfar fæðingar“.

2011/1394 – Jóhanni Heiðari Jóhannssyni, lækni hjá LSH var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Nýgengi heilkennis brotgjarns X-litnings (fragile X syndrome) á Íslandi og uppsetning nýrrar PCR-aðferðar til greiningar á stökkbreytingum í FMR1-geni“.

2011/1345 – Guðborgu Auði Jónsdóttur, lyfjafræðingi og sérfræðingi í klínískri eiturefnafræði, Jakobi L. Kristinssyni, prófessor við Háskóla Íslands, og Önnu Maríu Þórðardóttur, sérfræðingi í bráðahjúkrun á Landspítala var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár í þágu „Framsýnnar rannsóknar á eitrunum sem koma til meðferðar á bráðamóttökum Landspítala árið 2012“.

2011/1308 – Sigurði Guðmundssyni, smitsjúkdómalækni, og Heiði Mist Dagsdóttur, læknanema, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár í þágu rannsóknarinnar „Herpes simplex heilabólga á Íslandi“.

2011/1270 – Sólveigu S. Hafsteinsdóttur, sérfræðilækni á Barnaspítala Hringingsins, Jóni R. Kristinssyni, barnalækni á Barnaspítala Hringingsins, Guðmundi Vigni Sigurðssyni, læknakandídat, Trausta Óskarssyni, lækni í sérnámi í barnalækningum við Barnsjúkhuset í Stokkhólmi, Ásgeiri Haraldssyni, yfirlækni á Barnaspítala Hringingsins og Gísla Gunnari Jónssyni, læknanema við Háskóla Íslands var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Gigt og sjálfnámissjúkdómar í börnum á Íslandi“.

2011/1258 – Hjartavernd var veitt leyfi til flutnings lífsýna úr landi í þágu Öldrunarrannsóknar Hjartaverndar.

2011/1112 – Dr. Claudiu Georgsdóttur, lækni á Endurhæfingardeild Grensás var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Ný nálgun að ökuhæfnismati á Íslandi: Taugasálfræðilegt tölvuforrit Expert System Traffic“.

2011/1082 – Brynjólfi Mogensen, yfirlækni á Landspítala, Eggerti Eyjólfssyni, deildarlækni bráðasviðs á Landspítala, Ingibjörgu Richter, kerfisfræðingi á Landspítala og Sveini Agnarssyni, forstöðumanni Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands var veitt leyfi til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Fjöldi sjúklinga, alvarleiki áverka og kostnaður vegna umferðarslysa á Íslandi“.

2012/443 – Guðbjörgu Pálsdóttur, hjúkrunarfræðingi á LSH, Guðrúnu Sigurjónsdóttur, hjúkrunarfræðingi á LSH, og Ástu St. Thoroddsen, dósent við Háskóla Íslands, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Algengi og alvarleiki þrýstingssára á Landspítala, áhættumat og varnir“.

2012/411 – Elínu Diónnu Gunnarsdóttur, dósent við félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri, Pétri Maack Þorsteinssyni, forstöðusálfræðingi á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, Ágústu Lindu Leifsdóttur og Raket Vilhjálmssdóttur, nemum við Háskólann á Akureyri var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Árangursmat og brottfall í 6 vikna hugrænni atferlismeðferð í hóp: Kvíði, þunglyndi og streita“.

2012/359 – Þórði Þórkelssyni, yfirlækni á LSH, Raket Björgu Jónsdóttur, sérfræðingi í hjúkrun nýbura á LSH, Guðrúnu Maríu Jónsdóttur, læknakandídat og Auðnu Ágústsdóttur, verkefnastjóra á LSH var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „RóRó - forrannsókn á fullburða börnum á Vökudeild Barnaspítala Hringingsins“.

2012/357 – Þórarni Gíslasyni, yfirlækni á LSH var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Merkjagreining lífeðlisfræðilegra breyta“. Samstarfsmaður Þórarins er tilgreindur Sveinbjörn Höskuldsson, starfsmaður Nox Medical ehf.

2012/313 – Árna V. Þórssyni, sérfræðilækni á LSH, Jóhanni Heiðari Jóhannssyni, sérfræðingi á LSH, og Helgu Ágústu Sigurjónsdóttur, sérfræðingi á LSH, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Turner heilkenni á Íslandi: Nýgengi, litningagerð og birtingarmyndir heilkennisins“.

2012/310 – Sigríði Snorradóttur, sálfræðingi á LSH, Berglindi Brynjólfsdóttur, sálfræðingi á LSH, Kolbrúnu Ásu Ríkhardsdóttur sálfræðinema við Háskólann í Árósum og Þórunni Ævarsdóttur, sálfræðinema við Háskólann í Árósum, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Forprófun á forvarnarnámskeiðinu Klókir litlir krakkar fyrir 3-6 ára börn í áhættu að þróa með sér kvíðaraskanir“.

2012/300 – Íslenskri Erfðagreiningu, Guðmundi Vikar Einarssyni, Kjartani Magnússyni, Sverri Harðarsyni, Tómasi Guðbjartssyni og Þorsteini Gíslasyni var veitt heimild til að flytja lífsýni frá Íslenskri erfðagreiningu vegna rannsóknarinnar „Faraldsfræði og erfðum nýrnakrabbameins á Íslandi“ til Prof. Lambertus A Kiemeneý Radboud University Medical Center, Nijmegen, Hollandi.

2012/272 – Bjarna Össurarsyni Rafnar, lækni á LSH, Guðrúnu Dóru Bjarnadóttur, lækni á LSH og Andrés Magnússyni, lækni á LSH var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Rannsókn á notkun methylphenidate (Ritalin o.fl.) í æð meðal íslenskra vímuefnaneytenda“.

2012/265 – Jóni Friðriki Sigurðssyni, yfirsálfræðingi á LSH, Gísla H. Guðjónssyni, prófessor emeritus við King's College, Englandi og Fanneyju Þórisdóttur, lektor við sálfræðideild Háskóla Íslands var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Pathways into persisting offending: the relative contribution of ADHD and substance misuse“.

2012/150 – Árónu K. Ingvarsdóttur, prófessor við heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri, og Brynju Ingadóttur, sérfræðings í hjúkrun á Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá og til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Væntingar sjúklinga með hjartabilun til fræðslu í tengslum við tvíslegla gangráðsætningu“.

2012/146 – Steinu Þórey Ragnarsdóttur, meistaranema í ljósmóðurfræði við Háskóla Íslands og Ólöfu Ástu Ólafsdóttur, lektor við Háskóla Íslands, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Undirbúningur og útkoma á eðlilegum fæðingum á ljósmæðrastýrðri einingu við Heilbrigðisstofnun Suðurnesja“.

2012/57 – Fritz H. Berndsen, yfirlæknis á Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Mörtu Rós Berndsen, læknanema við Háskóla Íslands, og Tómasi Guðbjartssyni, prófessor við Háskóla Íslands var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Nárvíðslitsaðgerðir á Sjúkrahúsi Akraness 2004–2011“.

2011/1312 – Ebbu Margræti Magnúsdóttur, sérfræðilækni á LSH, Jóni R. Kristinssyni, sérfræðilækni á LSH, og Margræti Eddu Örnólfsdóttur, læknanema við Háskóla Íslands, dags. 25. nóvember 2011, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Læknisskoðanir í Barnahúsi vegna gruns um kynferðisofbeldi gegn börnum“. Þá var Barnahúsi einnig veitt leyfi til miðlunar persónuupplýsinga til rannsakenda.

2012/557 – Bárði Sigurgeirssyni, Birki Sveinssyni, Jóni Hjaltalín Ólafssyni, Jóni Þrándi Steinssyni og Steingrími Davíðssyni, sérfræðingum í húðsjúkdómum var veitt heimild til vinnslu persónuupplýsinga í þágu „Fjölsetra, slembiráðaðrar, tvíblindrar framhaldsrannsóknar á

secukinumab gefið undir húð með áfylltum sprautum, þar sem fyrri meðferð er dregin til baka, til að sýna fram á langtíma verkun, öryggi og þol í allt að 2 ár hjá þátttakendum með meðalsvæsinn til alvarlegan langvinnan skellupsórisis sem eru að ljúka fyrri psórisis secukinumab rannsókn í fasa 3“.

2012/526 – Ernu Sif Arnardóttur, náttúru- og svefnmælifræðingi, Þórarni Gíslasyni, yfirlækni á LSH, Sólveigu Rósu Davíðsdóttur, sálfræðingi, Kristínu Ingu Hannesdóttur, taugasálfræðingi og Jóni G. Snædal, yfirlækni á Landakoti, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Líffræðileg merki súrefnisálags, bólgusvörunar og taugahrörnunar hjá einstaklingum með ómeðhöndlaðan kæfisvefn“.

2012/519 – Elsu Báru Traustadóttur, sálfræðingi, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Árangursmat á hugrænni atferlismeðferð við reiði ásamt próffræðilegri athugun á spurningalista sem metur afleiðingar af reiði“.

2012/503 – Helgu Ágústu Sigurjónsdóttur, sérfræðilækni á LSH, Elíasi Ólafssyni, yfirlækni á LSH og Margræti Jónu Einarsdóttur, lækni á LSH, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Flogalyf og miðlægur skjaldvakabrestur“.

2012/283 – Sigurði Ólafssyni, lækni á LSH, og Einari S. Björnssyni, yfirlækni meltingarlækninga á LSH, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Athugun á lifrarskaða af völdum Herbalife fæðubótarefna“.

2012/145 – Jóni Jóhannesi Jónssyni yfirlækni og prófessor, Óskari Jóhannssyni krabbameinslækni, Peter Holbrook prófessor, Bjarka Guðmundssyni doktorsnema í læknisfræði og Alberti Sigurðssyni læknanema, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Greining DNA skemmda af völdum krabbameinslyfja, reykinga og munnholssýkinga með tvívíðum rafdrætti“.

2012/10 – Garðari Mýrdal, forstöðumanni geislæðlisfræðideildar LSH, Hönnu Björgu Henrysdóttur, eðlisfræðingi á geislæðlisfræðideild LSH, og Gunnari Aðils Tryggvasyni, diplómanema í geislafræði við læknadeild Háskóla Íslands, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Útreikningur geislalífisfræðilega þáttarins „Biologically Effective Dose“ fyrir geislameðferð gegn staðbundnu krabbameini í blöðruhálskirtli á LSH árin 2006-2011“.

2011/1338 – Helgu Medek, sérfræðilækni á kvenna- og barnasviði LSH, og Reyni Tómasi Geirssyni, prófessor og yfirlækni á kvenna- og barnasviði LSH, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „GDM (Göngum dálítið meira) - rannsókn“

2012/39 – Ólöfu Jónu Elíasdóttur, deildarlækni, Elíasi Ólafssyni, yfirlækni taugadeildar á LSH og Degi Inga Jónssyni, kandidateitnema á taugadeild LSH, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Algengi Multiple Sclerosis á Íslandi“.

2012/342 – Marga Thome, prófessor við hjúkrunarfræðideild HÍ, Önnu Guðríði Gunnarsdóttur, hjúkrunarfræðingi, og Sigrúnu K. Barkardóttur, hjúkrunarfræðingi, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Könnun á eðli og árangri hefðbundinnar hjúkrunarmedferðar við óværð ungra barna“.

2012/353 – Þórði Þorkelssyni, yfirlækni á Barnaspítala Hringins, Ragnheiði I. Bjarnadóttur, fæðinga- og kvensjúkdómalækni á Landspítala-háskólasjúkrahúsi og Gestu I. Pálssyni, barnalækni á Barnaspítala Hringins var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Tíðni og orsakir burðarmáls-, nýbura- og ungbarnadauða á Íslandi“

2012/442 – Magnúsi Jóhannssyni, læknis og prófessors, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár í þágu rannsóknarinnar „Lyf og beinbrot“.

2012/447 – Ólafi Skúla Indriðasyni, sérfræðingi í nýrnalækningum á LSH, Ingibjörgu Kristjánsdóttur, deildarlækni á LSH og Runólfi Pálssyni, yfirlækni nýrnalækninga á LSH var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá og samkeyrslu sjúkraskráupplýsinga við lyfjagagnagrunn Landlækniseimbættisins vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Bráður nýrnaskaði meðal sjúklinga á bráðamóttöku LSH“

2012/469 – Baldri Tuma Baldurssyni, yfirlækni, og Svövu Kristinsdóttur, hjúkrunarfræðingi og rannsóknarstjóra Kerecis ehf. var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá í þágu „Aftursærrar rannsóknar á áhrifum umbúða úr fiskiroði á lækningu sára“.

2012/503 – Helgu Ágústu Sigurjónsdóttur, sérfræðilækni á LSH, Elíasi Ólafssyni, yfirlækni á LSH og Margrétu Jónu Einarsdóttur, lækni á LSH, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Flogalyf og miðlægur skjaldvakabrestur“.

2012/577 – Ingu Þórsdóttur, prófessor við HÍ og forstöðumanni á Næringarstofu Landspítala, og Ásu Guðrúnu Kristjánsdóttur, næringarfræðingi á LSH, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Fæðuvenjur kvenna með átraskanir“.

2012/619 – Unni A. Valdimarsdóttur, forstöðumanns Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum við HÍ, Helgu Zoëga, nýdoktors við Miðstöð í lýðheilsuvísindum, Sofíu Hernández-Díaz, dósent við Harvard School of Public Health, Brian T. Bateman, lektor við Harvard Medical School, Christine Roth, rannsóknarsérfræðingi hjá Columbia University og Þuríði Önnu Guðnadóttur, hjúkrunarfræðingi og nema, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá og til samkeyrslu viðkvæmra persónuupplýsinga, í tilefni af rannsókninni „Tengsl háþrýstings og sykursýki móður á meðgöngu við náms- og taugaproska barns: lýðgrunduð rannsókn á Íslandi“.

2012/640 – Laufeyju Tryggvadóttir, framkvæmdastjóra Krabbameinsskrár Íslands, Þorgerði Guðmundsdóttur, lækni og doktorsnema, Ólafi Gísla Jónssyni, sérfræðingi við Landspítala-háskólasjúkrahús og Lars Hjorth, barnalækni og sérfræðingi í krabbameins- og blóðsjúkdómum, var veitt leyfi til vinnslu persónuupplýsinga og aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknarinnar „PanCare - Evrópsk rannsókn á síðkomnum fylgikvillum eftir krabbamein á barns- eða unglingsaldri og forvörnum gegn þeim“.

2012/705 – Ásgeiri Haraldssyni, prófessor í barnalækningum, Valtý Stefánssyni Thors, barnalækni, og Adam Finn, prófessor, var veitt heimild til aðgangs að sjúkraskrá í þágu rannsóknarinnar „Þættir sem hafa forspárgildi fyrir ífarandi bakteríusýkingar hjá börnum – Klínískar upplýsingar, söfnun lífrænna sýna“

2012/709 – Hildi Harðardóttur, yfirlækni á Landspítala-Háskólasjúkrahúsi og Ragnheiði I. Bjarnadóttur, fæðingalækni á Landspítala-Háskólasjúkrahúsi var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá og Fæðingarskrá vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Meðgöngulengd og tíðni fæðingarinngrípa hjá konum með meðgönguháþrýsting og meðgöngueitrun á tímabilinu 2001-2011“.

2012/710 – Dr. Helgu Jónsdóttur, prófessor við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands, Ingibjörgu Bjartmarz, hjúkrunarfræðingi á Grensásdeild LSH, og Dr. Þóru B. Hafsteinsdóttur var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Fýsileiki klínískra leiðbeiningar um hjúkrun heilablóðfallssjúklinga í endurhæfingu“.

2012/727 – Einari Stefáni Björnssyni, yfirlækni á meltingardeild Landspítala-háskólasjúkrahúss og Jóhanni Páli Hreinssyni, læknanema við Háskóla Íslands var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá og Krabbameinsskrá vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Rannsókn á einkennum sjúklinga með ristilkrabbamein“.

2012/734 – Jónínu Guðjónsdóttur lektors í geislafræði og Hildi Ólafsdóttur verkfræðingi var veitt

leyfi til aðgangs að sjúkraskráum í þágu rannsóknarinnar „Ákvarðanastuðningskerfi fyrir röntgenlækna“.

2012/765 – Ingunni Högnadóttur, meistaranema og Sigríði Magnúsdóttur, talmeinafræðingi á LSH, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskráum vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Tíðni og eðli kyngingarvandamála meðal fyrirbura fæddra á Íslandi árið 2010“.

2012/773 – Telmu Huld Ragnardóttur, læknanema við Háskóla Íslands og Brynju Ragnardóttur, fæðingar- og kvensjúkdómalækni á LSH, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskráum vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Axlarklemma á LSH - tíðni, afleiðingar, viðbrögð og skráning“.

2012/972 – Umferðarstofu var veitt heimild til að miðla upplýsingum úr slysaskrá Umferðarstofu til Rannsóknarnefndar umferðarslysa (RNU), Brynjólfi Mogensen, yfirlækni á bráðasviði LSH, og Ármanni Jónssyni, lækni á bráðasviði Landspítala-Háskólasjúkrahúsnum vegna rannsóknarinnar „Hjólreiðaslys á Íslandi“. Þá var einnig veitt leyfi til samkeyrslu.

2012/965 – Önnu Ingibjörgu Gunnarsdóttur, lyfjafræðingi á Landspítala-Háskólasjúkrahúsi, Hallgrími Guðjónssyni, sérfræðingi í meltingarsjúkdómum, Hjördísi Harðardóttur, sérfræðingi í sýklafræði, Einari Stefáni Björnssyni, yfirlækni og Karen Dröfn Jónsdóttur, meistaranema í lyfjafræði við Háskóla Íslands var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskráum vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Lyfjanæmi *Helicobacter Pylori* á Íslandi“

2012/907 – Birni Guðbjörnssyni, sérfræðingi á Rannsóknarstofu í gigtarsjúkdómum á Landspítala-Háskólasjúkrahúsi var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskráum vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Lágskammtameðferð með stýrðri skammtahækkun af infliximab gegn sóragigt gefur sama meðferðarávinning og staðlaðir skammtar af adalimumab eða etanercept. Niðurstöður frá ICEBIO.“

2012/863 – Jóni Snorrassyni, deildarstjóra á Kleppi var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskráum vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Strok sjúklinga af geðdeildum LSH“.

2012/845 – Kristjáni G. Guðmundssyni, Jónínu Jónasdóttur, Sigrúnu Barkardóttur og Margréti Láru Jónsdóttur var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskráum vegna rannsóknarinnar: „Nokkrir faraldsfræðilegir þættir um reykingar á meðgöngu“.

2012/817 – Ingólfi Einarssyni, barnalækni á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskráum vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Einhverfurófsraskanir meðal barna og unglinga með Downs-heilkenni“.

2012/762 – Barnavernd Reykjavíkur var veitt leyfi til afhendingar upplýsinga um börn fædd árið 2000 úr skrá yfir tilkynningar og íhlutanir, þ.e. í þágu rannsóknarinnar „Multilevel Analysis of Bio-Social Risk and Protective Factors for Risky Behaviors in Adolescents: A Feasibility Pilot study of Registry Data“. Þá var Þóru Steingrímisdóttur, Ragnheiðar Óskar Erlendsdóttur, Ingu Þóru Sigfúsdóttur, Ásgeirs Loga Kristinssonar, Jóns Ágústs Sigurðssonar og Erlu Bjarkar Sigurðardóttur veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskráum og samkeyrslu skráa með viðkvæmum persónuupplýsingum í þágu sömu rannsóknar.

2012/616 – Þorvaldi Ingvarssyni, lækni, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskráum vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Áhrif tveggja tegunda bakbelta á verki frá samfallsbrotum í hrygg“.

2012/7 – Landlæknisembættinu og Krabbameinsskrá Íslands var veitt leyfi til samkeyrslu upplýsinga úr heilsusögubanka Krabbameinsfélags Íslands við Fæðingarskrá Landlæknisembættisins. Um er að ræða samkeyrslu vegna rannsóknarinnar „Tengsl heilsufars móður á meðgöngu og útkomu fæðingar við tímalengd brjóstajafar“.

2012/1186 – Ingólfi Einarssyni, sérfræðingi á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Stefáni J. Hreiðarssyni, sérfræðingi á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, og Evald Sæmundsen, sálfræðingi hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá í þágu rannsóknarinnar „Opin rannsókn til að meta öryggi og þol memantín lyfjameðferðar hjá börnum með einhverfu, Aspergers-heilkenni, ódæmigerða einhverfu eða aðrar einhverfurófsraskanir“.

2012/1116 – Jakobi Kristinssyni var veitt leyfi til aðgangs og vinnslu upplýsinga hjá Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði, í þágu rannsóknarinnar „Eitranir á Íslandi 1967-2012“.

2012/1087 – Gestí Þorgeirssyni, yfirlækni á hjartadeild LSH, og Maríu Heimisdóttur, lækni á LSH, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Bráð kransæðaheilkenni á Landspítalanum 2001-2010“

2012/1073 – Gunnari Bjarna Ragnarssyni, sérfræðilækni á LSH, Bjarna A. Agnarssyni, meinafræðingi hjá Rannsóknastofu HÍ í meinafræði, og Eiríki Steingrímssyni, prófessor hjá lífefna- og sameindalíffræðistofu læknadeildar HÍ, var veitt leyfi til vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga og til aðgangs að lífsýnasafni vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Boðleiðir til MITF í sortuæxlum og áhrif þess á horfur sjúklinga“. Þá var Krabbameinsskrá Íslands veitt leyfi til samkeyrslu upplýsinga úr Krabbameinsskrá við niðurstöður úr vefjasýnarannsóknnum rannsakenda.

2012/1026 – Sævari Péturssyni, tannlækni, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Longterm implant survival following bone augmentation of atrophic maxilla using bone harvested from iliac crest“.

2012/871 – Laufey Tryggvadóttir, framkvæmdastjóra Krabbameinsskrár og Jesper Lagergen, prófessor var veitt leyfi til öflunar upplýsinga úr vistunarskrá, krabbameinsskrá og dánarmeinaskrá og samkeyrslu þeirra upplýsinga, sem og upplýsinga úr skrá yfir aðflutta og brottflutta í þágu „Norrænnar lýðgrundaðrar ferilrannsóknar á tíðni sjúkdóma, dauðsfalla og krabbameinsáhættu í kjölfar skurðarðgerðar gegn offitu“.

2012/1033 – Runólfi Pálssyni, yfirlækni á LSH, Kristni Sigvaldasyni, yfirlækni á LSH, Sigurbergi Kárasyni, yfirlækni á LSH, Ölmú D. Möller, yfirlækni á LSH, Þórði Þorkelssyni, yfirlækni á LSH, Þóru E. Kristjánsdóttur, deildarlækni á LSH og Girish Hirlekar, yfirlækni á Sjúkrahúsinu á Akureyri, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá og dánarmeinaskrá vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Líffæragjafir á Íslandi 1992-2012“.

2012/1095 – Emilíu Guðmundsdóttur og Sigurrós Jóhannsdóttur, sálfræðingum á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins var veitt leyfi um heimild til aðgangs að sjúkraskrá í þágu „Rannsóknar til endurtekningar á því hvort ADI-R greinireiknirit fyrir smábörn sé nothæft í stóru evrópsku úrtaki.“

2012/1118 – Guðmundi Þorgeirssyni, Gestí Þorgeirssyni, Ingu Þráinsdóttur, Karli Andersen og Ugga Agnarssyni, sérfræðingum í lyf- og hjartalækningum hjá Landspítala-Háskólasjúkrahúsi var veitt leyfi um heimild til vinnslu persónuupplýsinga í þágu rannsóknarinnar „Tvíblind, slembiröðuð, fjölsetra, samanburðarrannsókn við lyfleysu til að meta áhrif viðbótarlækkunar LDL-kólestróls á alvarleg hjarta- og æðaáföll þegar lyfið AMG 145 er gefið ásamt blóðfitulækkandi (statin) meðferð hjá sjúklingum sem greindir eru með hjarta- og æðasjúkdóm“.

2012/1132 – Jóni Snorrassyni, deildarstjóra á geðsviði LSH, Hilmari Thor Bjarnassyni, verkefnastjóra á LSH, og Guðmundi Sævari Sævarssyni, hjúkrunardeildarstjóra á réttargeðdeild Kleppi var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Líkamleg fjötrun sjúklinga á geðdeildum LSH - reynsla sjúklinga og starfsfólks“.

2012/1177 – Berglindi Steffensen, sérfræðingi á kvensjúkdóma- og fæðingarhjálpadeild á Kvennasviði LSH, og Júlíu Lindu Ómarsdóttur, ljósmóður á LSH, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „PregMet 2 rannsókn - Rannsókn á meðferð með Metformíni hjá þunguðum konum með fjölblöðruheilkenni (PCOS) og áhrif á fyrirburafæðingar“.

2012/1184 – Ingólfi Einarssyni, sérfræðingi á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Stefáni J. Hreiðarssyni, sérfræðingi á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, og Evald Sæmundsen, sálfræðingi á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins var veitt leyfi til vinnslu persónuupplýsinga í þágu „Opinnar framhaldsrannsóknar til að meta öryggi og þol memantín lyfjameðferðar hjá börnum með einhverfu, Aspergers-heilkenni, ódæmigerða einhverfu eða aðrar einhverfurófsraskanir“.

2012/1185 – Ingólfi Einarssyni, sérfræðingi á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Stefáni J. Hreiðarssyni, sérfræðingi á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, og Evald Sæmundsen, sálfræðingi á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins var veitt leyfi til vinnslu persónuupplýsinga í þágu „Tvíblindrar, slembiraðaðrar, samanburðarrannsóknar við lyfleysu til að meta öryggi og verkun memantín lyfjameðferðar, þar sem fyrri meðferð er dregin til baka, hjá börnum með einhverfu, Aspergers-heilkenni, ódæmigerða einhverfu eða aðrar einhverfurófsraskanir sem áður hafa fengið memantín meðferð“.

2012/1470 – Unni A. Valdimarsdóttur, prófessor við HÍ, Guðmundi Þorgeirssyni, prófessor við HÍ, og Rebekku Sigrúnu Lynch, læknanema við HÍ, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Klínísk einkenni kvenna sem komu á bráðamóttöku á Hringbraut vegna brjóstverkja í viku efnahagshrunsins 2008“.

2012/1424 – Birni Rúnari Lúðvíkssyni, yfirlækni á ónæmisfræðideild LSH, Unu Bjarnadóttur, náttúrufræðingi, og Jóhanni Heiðari Jóhannssyni, sérfræðilækni, var veitt leyfi til aðgangs að lífsýnasafni Rannsóknastofu í meinafræði LSH vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Notkun á TREC og KREC prófum til greiningar á meðfæddum eitilfrumu ónæmisgöllum“.

2012/1401 – Þórði Þorkelssyni, yfirlækni vökudeildar Barnaspítala Hringsins, og Jóni Hilmari Friðrikssyni, framkvæmdastjóra kvenna- og barnasviðs LSH, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Spítalablóðsýkingar á Vökudeild Barnaspítala Hringsins“.

2012/1384 – Páli Torfa Önundarsyni, yfirlækni blóðmeinafræðideildar á Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Complementary effect of fibrinogen and recombinant activated factor VIIa (rFVIIa) on clotting ex vivo in Bernard-Soulier syndrome (BSS); experimental data and prophylactic use following vaginal delivery in two women“.

2012/1366 – Magnúsi Gottfreðssyni, lækni á LSH, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „HIV á Íslandi, 1983-2012“.

2012/1337 – Einari S. Björnssyni, prófessor og yfirlækni, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár hjá Landspítala vegna rannsóknarinnar „Ristilpokabólga og áhætta á ristilkrabbameini“.

2012/1336 – Karli Andersen, prófessor í hjartalækningum á Landspítala, og Davíð O. Arnar, yfirlækni hjartagáttar á Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Hánæmt trópónín T, notagildi og mismunagreiningar“.

2012/1308 – Vilmundi Guðnasyni, forstöðulækni Hjartaverndar, Karli Andersen, prófessor og lækni á LSH, og Brynjólfi Mogensen, dósent og lækni á LSH, var veitt leyfi til aðgangs að

sjúkraskrár og samkeyrslu viðkvæmra persónuupplýsinga vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Rannsókn á áhættuþáttum fyrirbyggjanlegra áfalla hjá öldruðum. Reykjavíkurrannsókn Hjartaverndar“.

2012/1300 – Önnu Margréti Halldórsdóttur, sérfræðilækni á Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Jákvæð Coomb’s próf hjá nýburum; Orsakir og afleiðingar“.

2012/1286 – Sigurði Ólafssyni, umsjónarlækni lifrarlækninga á LSH, Óttari Má Bergmann, sérfræðilækni á LSH og Má Kristjánssyni, yfirlækni smitsjúkdómalækninga á LSH, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Árangur af lyfjameðferð við lifrabólgu C á Íslandi“.

2012/1249 – Dr. Sólveigu Ásu Árnadóttur, lektor við námsbraut sjúkraþjálfunar við læknaeild HÍ, Dr. Ingibjörgu Hjaltadóttur, hjúkrunarfræðingi á lyflækniseild LSH, og Unni Þormóðsdóttur, hjúkrunarstjóra heilsugæslunnar á Selfossi og meistaranema í heilbrigðisvísindum við HA, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Mat á gæðum þjónustu heimahjúkrunar á heilsugæslunni á Selfossi út frá gæðavísunum RAI-HC“.

2012/1130 – Íslenskri erfðagreiningu ehf. (ÍE), Kára Stefánssyni, lækni og forstjóra ÍE, Stefáni E. Matthíassyni, dósent við HÍ í æðaskurðlækningum og æðaskurðlækni, og Sólveigu Grétarsdóttur, líffræðingi hjá ÍE, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Rannsókn á erfðum bláæðasjúkdóma (e. *venous insufficiency*)“.

2012/1113 – Axel F. Sigurðssyni, sérfræðingi í hjartalækningum og Þórarni Guðnasyni hjartalækni á LSH, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Algengi og þýðing óeðlilegs hjartalínurits hjá íslenskum knattspyrnumönnum“.

2012/1108 – Önnu Bryndísi Einarsdóttur, umsjónarlækni taugalækningadeildar á Landspítala, og Elíasi Ólafssyni, yfirlækni taugalækningadeildar á Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár Landspítala og Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, dánarmeinaskrá landlæknis, vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Óútskýrður skyndidauði hjá flogaveikum“. Sjúkratryggingum Íslands var veitt leyfi til miðlunar viðkvæmra persónuupplýsinga til rannsakenda vegna sömu rannsóknar.

2012/1066 – Íslenskri erfðagreiningu ehf. (ÍE), Kára Stefánssyni, forstjóra ÍE, Karli Erni Karlssyni, tannlækni og lektor við Tannlæknaeild Háskóla Íslands, Birni Ragnarssyni, tannlækni og lektor við Tannlæknaeild, Ásgeiri Sigurðssyni, tannlækni og sérfræðingi í rótar- og kjálkaaðgerðum, Sigurði Árnasyni, krabbameinslækni, Brynjari Viðarssyni, blóðlækni, Tómasi Guðbjartssyni, prófessor í skurðlæknisfræði og yfirlækni, Girish B. Hirlekar, forstöðulækni svæfinga og gjörgæsludeildar á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, Sigríði Gunnarsdóttur, framkvæmdastjóra hjúkrunar á Landspítala, Höllu Skúladóttur, yfirlækni, Óskari Þór Jóhannssyni, krabbameinslækni og erfðaráðgjafa, Rafni Benediktssyni, sérfræðingi í innkirtla- og efnaskiptasjúkdómum, Þorvaldi Jónssyni, skurðlækni, Árna Jóni Geirssyni, gigtarlækni, og Páli Möller, skurð- og yfirlækni var veitt heimild til vinnslu persónuupplýsinga í þágu rannsóknar sem ber yfirskriftina „Erfðafræðilegrar rannsóknar þráláttra verkja“.

2012/1060 – Íslenskri erfðagreiningu ehf. (ÍE), Kára Stefánssyni, lækni og forstjóra ÍE, Ingileif Jónsdóttur, líffræðingi og forsvarsmanni samskipta ÍE við Persónuvernd og vísindasiðanefnd, Ragnari Bjarnasyni, yfirlækni á Barnaspítala Hringsins, Árna V. Þórssyni, yfirlækni á Barnaspítala Hringsins, og Rafni Benediktssyni, lækni á göngudeild sykursjúkra á Landspítala var veitt leyfi til vinnslu persónuupplýsinga í þágu „Rannsóknar á sykursýki af gerð 1“.

3.1.3. Önnur leyfi vegna rannsóknarverkefna

Veitt voru eftirtalin leyfi til vinnslu persónuupplýsinga vegna annarra rannsóknarverkefna en

þeirra sem voru á heilbrigðisviði. Leyfin eru birt í þeirri röð sem þau voru gefin út í.

2011/1199 – Þjóðskjalasafni var veitt leyfi til að veita Báru Baldursdóttur, sagnfræðingi, aðgang að skjalasafni vinnuhælisins að Kleppjárnsreykjum sem starfrækt var á árunum 1942 til 1943, í þágu rannsóknarinnar „Ríkisafskipti af samskiptum unglingsstúlkna og setuliðsmanna“.

2011/1143 – Þjóðskjalasafni Íslands var veitt leyfi til að veita Guðmundi Jónssyni, prófessor í sagnfræði og Guðmundi Inga Arnarsyni, sagnfræðinema, aðgang að gögnum á safninu frá rannsókn sem gerð var á högum allra styrkþega í landinu árið 1939, í þágu rannsóknarinnar „Rannsóknar á högum styrkþega framfærslustyrks á Íslandi árið 1939“.

2012/219 – Ásgeir Erlendsson, nema í sálfræði við HR, var veitt leyfi til aðgangs að gögnum hjá Fangelsismálastofnun vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Forspárþættir afbrotahegðunar á Íslandi“.

2012/218 – Erlu Guðmundsdóttur, nema í sálfræði, og Bryndísar Bjarkar Ásgeirsdóttur, kennara við sálfræðisvið Háskólans í Reykjavík, var veitt leyfi til aðgangs að gögnum hjá Fangelsismálastofnun vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Kortlagning tegunda glæpa síbrotamanna á Íslandi“.

2012/201 – Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, Miðgarði - Þjónustumiðstöðvum Grafarvogs og Kjalarness var veitt leyfi til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Er sáttamiðlun áhrifarík leið til úrvinnslu sakamála á Íslandi? (e. *Restorative justice: An effective criminal justice intervention for Iceland?*)“.

2012/157 – Velferðarsviði Reykjavíkurborgar og Vinnuálastofnun var veitt leyfi til vinnslu og samkeyrslu upplýsinga vegna verkefnis sem ber yfirskriftina „Ungt fólk á aldrinum 16-20 ára utan náms, vinnu og fjárhagsaðstoðar í Reykjavík“.

2012/128 – Birgi Erni Guðmundssyni var veitt leyfi til aðgangs að gögnum hjá innanríkisráðuneytinu og sýslumanninum í Reykjavík vegna fræðigreinar sem ber yfirskriftina „Framfærsluskýldur milli hjóna“.

2012/74 – Halldóri Rósmundi Guðjónssyni, laganema við Háskóla Íslands var veitt leyfi aðgangs að gögnum hjá embætti ríkissaksóknara vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Rannsóknir og ákæra nauðgunarmála á Íslandi“.

2012/140 – Huldu Jónsdóttur Tölgyes, sálfræðinema við Háskólann í Reykjavík, og Bryndísi Björk Ásgeirsdóttur, lektor við sálfræðisvið sama skóla var veitt heimild til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Tilkynnt mál kynferðislegrar misnotkunar gegn börnum á Íslandi; innbyrðis tengsl á milli aldurs barns, meints geranda og tilkynninga til barnaverndarnefnda.“

2011/1199 – Þjóðskjalasafni Íslands var veitt heimild til að veita Báru Baldursdóttur aðgang að skjalasafni Jóhönnu Knudsen, hjúkrunarkonu, sem varð til við störf hennar við ungmennaefirlit lögreglunnar á tímabilinu 15. mars 1941 til 1. janúar 1945, sem er í vörslu safnsins, í þágu rannsóknarinnar „Ríkisafskipti af samskiptum unglingsstúlkna og setuliðsmanna“. Um er að ræða viðbót við áðurútfelld leyfi stofnunarinnar.

2012/554 – Sýslumannsembættinu í Keflavík og velferðarráðuneyti var veitt heimild til vinnslu persónuupplýsinga vegna „Rannsóknar á orsökum nauðungarsölu á Suðurnesjum“.

2012/584 – Velferðarráðuneyti og Barnaverndar Reykjavíkur var veitt leyfi til miðlunar upplýsinga frá Barnavernd Reykjavíkur til Velferðarráðuneytisins, og til vinnslu upplýsinga um áfengis- og vímuefnanotkun og félagsleg vandamál í þágu rannsóknarinnar „Aðgerðir barnaverndar vegna barna sem bíða tjón af áfengis- og vímuefnaneyslu foreldra“.

2012/675 – Ríkissaksóknara og öllum lögregluembættum landsins var veitt heimild til miðlunar til EDDU - Öndvegisseturs við HÍ, á upplýsingum um nauðgunarmál sem kærð voru til lögreglunnar á tímabilinu 2008-2009, í þágu rannsóknarinnar „Meðferð nauðgunarmála í réttarkerfinu“

2012/700 – Sigrúnu Júlíusdóttur, prófessors við félagsráðgjafadeild Háskóla Íslands, og Sýslumanninum í Reykjavík var veitt heimild til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Ráðgjafarþörf skilnaðarforeldra“.

2012/913 – Sigurveig H. Sigurðardóttur, dósent við Háskóla Íslands og Sigurjóni Árnasyni, nema við Háskóla Íslands var veitt leyfi til aðgangs að gögnum hjá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Afdrif notenda fjárhagsaðstoðar á námsstyrk þremur og fimm árum eftir að námsaðstoð lauk“.

2012/891 – Barnaverndarstofu, Barnahúsi, UNICEF á Íslandi, Reynari Kára Bjarnasyni, cand. psych., og Huld Óskarsdóttur, cand. psych., var veitt heimild til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Greining gagna Barnahúss á þróun og tengsl breytna er varða kynferðislegt ofbeldi gegn börnum á Íslandi“.

2012/1096 – Þjóðskjalasafni Íslands var veitt leyfi til að veita Þór Whitehead aðgang að gögnum frá Jóhönnu Knudsen hjúkrunarkonu sem til urðu við störf hennar við ungmennaeftirlit lögreglunnar á tímabilinu 15. mars 1941 til 1. janúar 1945, í þágu undirbúnings fimmta bindis í ritröðinni *Ísland í síðari heimsstyrjöld*.

2012/1210 – Berglindi Rós Gunnarsdóttur, meistaraneima í lögfræði við Háskóla Íslands var veitt leyfi um aðgang að gögnum hjá ríkissaksóknara og Fangelsismálastofnun vegna rannsóknar er ber yfirskriftina „Úrræði og viðurlög vegna afbrota einstaklinga á aldrinum 15-17 ára“.

2012/1219 – Vigdís Gunnarsdóttur, meistaraneima í lögfræði við Háskólann í Reykjavík var veitt leyfi um aðgang að gögnum hjá Héraðsdómi Reykjavíkur vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Fatlaðir sem þolendur kynferðisofbeldis“.

2012/1276 – Þjóðskjalasafni Íslands var veitt leyfi til að veita Ölmú Óðinsdóttur aðgang að gögnum úr skjalasafni Ungmennadómstólsins á tímabilinu 1942-43, Ungmennaeftirlitsins frá 1941-43, Vinnuskólans að Kleppjárnsreykjum og skjala frá Barnaverndarráði um þær stúlkur sem dæmdar voru fyrir siðferðisbrot á þessu tímabili, sem og upplýsingum í skjölum frá Jóhönnu Knudsen hjúkrunarkonu um málefni þeirra stúlkna sem Ungmennadómstóllinn fjallaði um í þágu lokaverkefnis síns til meistaragráðu í blaða- og fréttamennsku við Háskóla Íslands er ber heitið „„Ástandið“ á tímum hernámsins“.

2012/1290 – Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu og Fannari Kristmannssyni, nema við félags- og mannvísindasvið HÍ, var veitt leyfi um miðlun og vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Eðlisbreyting í stórfelldum líkamsárásam á 21. öldinni“.

2012/1290 – Fannari Kristmannssyni, nema við félags- og mannvísindasvið HÍ, var veitt leyfi til miðlunar og vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Eðlisbreyting í stórfelldum líkamsárásam á 21. öldinni“.

3.2. Nánar um ýmis mál

3.2.1. Aðgangur að tölvubréfi starfsmanns samtaka – mál nr. 2012/1341

Persónuvernd barst kvörtun einstaklings yfir að hafa ekki fengið aðgang að tölvubréfasamskiptum tveggja starfsmanna tiltekinn samtaka (X). Þótt umrætt bréf hefði að geyma persónuupplýsingar um kvartanda taldi Persónuvernd að í málinu reyndi á skörun

tjáningarfrelsis og einkalífsréttar. Slíkt mál félli utan síns verksviðs og því felldi hún það niður.

Í niðurstöðum frávísunarinnar segir m.a.:

Erindi þetta lýtur að ósk um aðgang að bréfi sem sent var á milli tveggja starfsmanna X samtakanna. Í umfjöllun um bréfaskrif, þar sem bréfritarar skiptast á skoðunum, ber að hafa í huga að tjáningarfrelsið er varið af 73. gr. stjórnarskrárinnar. Þá er í 71. gr. hennar það ákvæði að allir skuli njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Segir að ekki megi gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Sama eigi við um rannsókn á skjölum og póstsendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns.

Hlutverk Persónuverndar er að hafa eftirlit með framkvæmd laga nr. 77/2000. Þau eru byggð á því meginviðhorfi, sbr. ákvæði 5. gr., að það sé hlutverk dómstóla en ekki Persónuverndar að skera úr slíkum vafatilvikum um mörk tjáningarfrelsis og einkalífsréttar.

Markmið laga nr. 77/2000, eins og það er afmarkað í 1. gr. þeirra, er að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs og að tryggja áreiðanleika og gæði slíkra upplýsinga. Þrátt fyrir að í umræddu bréfi sé að finna persónuupplýsingar um A liggur ekki fyrir að á ábyrgðaraðila, hér X samtökunum, hvíli skylda til að afhenda honum umbeðið afrit af því. Þegar bréfaskrif tveggja manna um vinnutengt efni eru aðeins til innanhússnota nota þarf ekki að uppfylla heimildarákvæði laganna. Þá hefur Persónuvernd lagt þann skilning í 18. gr. laganna, um upplýsingarétt hins skráða, að hann eigi rétt á að fá vitneskju um það þegar persónuupplýsingar flytjast frá einum ábyrgðaraðila til annars, en ekki um það þegar þær færast milli starfsmanna, eins og sama ábyrgðaraðila. Loks ber að nefna að ef vinnsla er til persónulegra nota, sbr. 3. gr. laganna, og henni verður ekki jafnað við miðlun til þriðju aðila eða opinbera birtingu, fellur hún utan gildissviðs þeirra.

3.2.2. Réttur foreldra til vitneskju um símnótun barna sinna – mál nr. 2012/197

Persónuvernd veitti fjarskipafyrirtæki leiðbeinandi svar um rétt foreldra til vitneskju um símnótun barna sinna, þ.e. barna sem nota svonefnt Frelsi en eru þó skráðir notendur tiltekins númers. Persónuvernd vísaði til inntaks forsjár. Í forsjá felist m.a. sú skylda að vernda barn gegn andlegu og líkamlegu ofbeldi og annarri vanvirðandi háttsemi. Forsjáraðili fer einnig með lögformlegt fyrirvar barns, þ. á m. að því er varðar beitingu upplýsingaréttar. Meginreglan sé því sú að foreldri sem fari með forsjá geti fengið slíkar upplýsingar, þótt einstakar undantekningar séu frá henni.

3.2.3. Vinnsla Hagstofunnar samrýmdist ekki lögum nr. 77/2000 – mál nr. 2012/629

Einstaklingur kvartaði yfir tveimur rannsóknum Hagstofunnar, annars vegar vinnumarkaðsrannsókn og hins vegar rannsókn á notkun heimila og einstaklinga á upplýsingatækni. Bæði þótti kvartanda að Hagstofan hefði verið of aðgangshörð við að fá sig til þátttöku og að Hagstofan hafi ekki mátt, þótt kvartandi hafi sjálf ekki veitt svör, afla svara hjá dóttur hennar og vinnuveitanda. Persónuvernd féllst á þetta með kvartanda og taldi ekki liggja fyrir að vinnsla Hagstofunnar hafi samrýmst lögum um öflun og meðferð persónuupplýsinga.

Í kvörtun sinni lýsti kvartandi atvikum nánar svo að henni hafi borist kynningar á rannsóknunum í tveimur bréfum með um það bil viku millibili. Þar sem hún tuki aldrei þátt í rannsóknum sem þessum hafi bréfunum verið hent. Hinn 2. maí 2012 hafi sér borist bréf frá Hagstofunni þar sem kvartað hafi verið yfir að ekki hafi náðst í hana í síma og þess verið óskað að hún hefði samband símleiðis við tiltekinn starfsmann. Hún hafi ekki orðið við þeirri beiðni, en degi síðar hafi dóttir hennar fengið símhringingu frá Hagstofunni. Hafi þess verið óskað að hún svaraði spurningum fyrir hönd móður sinnar en hún ekki sagst geta það. Um kvöldið hafi verið hringt í dótturina

tvisvar sinnum til viðbótar, í seinna skiptið um klukkan níu um kvöldið. Þess hafi verið óskað að hún myndi svara fyrir móður sína. Hún hafi neitað því og þá verið beðin um að gefa upp símanúmer móður sinnar. Því hafi hún einnig neitað þar sem hún hefði ekki heimild til þess.

Hinn 9. maí 2012 barst Persónuvernd erindi frá kvartanda sem óskað var eftir að litið yrði á sem viðbót við fyrri kvörtun. Þar segir að Hagstofan hafi enn haft samband við dótturina símleiðis vegna vinnumarkaðsrannsóknarinnar, í þetta sinn til að komast að því hver vinnuveitandi kvartanda væri svo æskja mætti svara frá honum.

Hinn 12. júlí 2012 hafði kvartandi aftur samband og greindi frá því að sér hefði enn borist bréf frá Hagstofunni, dags. 9. s.m., þar sem óskað væri þátttöku í vinnumarkaðsrannsókninni en þá hafði Persónuvernd þegar vakið athygli Hagstofunnar á kvörtuninni.

Hinn 20. ágúst 2012 barst Persónuvernd svar frá Hagstofunni, dags. 16. s.m. Þar segir m.a. að samkvæmt lögum nr. 163/2007, um Hagstofu Íslands, sé hún miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar í landinu og hafi forystu um tilhögun, samræmingu og framkvæmd hennar, svo og um samskipti við alþjóðastofnanir um tölfræðimál. Umræddar rannsóknir Hagstofunnar hafi verið liður í að uppfylla þetta hlutverk hennar. Um þær gildi ríkari heimildir almennt en til markaðs- og viðhorfsrannsókna enda séu þær vegna opinberrar hagskýrslugerðar. Þær séu hluti af skuldbindingum Íslands samkvæmt EES-samningnum og séu gerðar í öðrum aðildarríkjum EES. Rannsókn á notkun heimila og einstaklinga á upplýsingatekni sé framkvæmd annars vegar í þeim tilgangi að afla upplýsinga um hvers konar tækjabúnaður sé til á heimilum á Íslandi og hins vegar til að afla upplýsinga um tölvu- og netnotkun einstaklinga hérlendis. Hún nái til 2.000 einstaklinga á aldrinum 16–74 ára. Vinnumarkaðsrannsóknin hafi þann tilgang að afla sem gleggstra og ítarlegastra upplýsinga um vinnumarkaðinn, þ.m.t. atvinnu, störf, atvinnuþátttöku, atvinnuleysi og vinnutíma eftir búsetu, menntun og aldri. Frá 1991 hafi verið gerðar vinnumarkaðsrannsóknir og séu þær ein helsta undirstaða mælinga á atvinnuleysi, stærðar vinnumarkaðar og fjölda ársverka eftir atvinnugreinum, kyni og búsetu. Um vinnumarkaðsrannsóknina segir nánar:

„Rannsóknin er umfangsmikil og eru 4.000 einstaklingar 15–74 ára valdir af handahófi úr þjóðskrá ár hvert. Leitað er til hvers einstaklings í fimm skipti. Í hverjum ársfjórðungi er því hópur sem er að taka þátt í fyrsta skipti, annar sem er að taka þátt í annað skipti og svo framvegis. Ástæða þess að leitað er til sömu einstaklinganna í fleiri en eitt skipti er að þannig fæst nákvæm mynd af stöðunni hverju sinni og þróun hennar yfir tíma.“

Að auki segir í bréfi Hagstofunnar:

„Til þess að komast hjá því að spyrja alla íbúa landsins um þessi áleitnu efni eru gerðar úrtaksrannsóknir þar sem úrtakið er tekið tilviljanakennt úr þjóðskrá. Þegar tilviljun ræður hver lendir í úrtaki og nógu margir af þeim taka þátt er unnt að heimfæra niðurstöður á hópinn sem verið er að rannsaka. Ekki er hægt að skipta út þeim sem lenda í úrtaki fyrir einhverja aðra því að þá ræður tilviljun því ekki lengur hver lendir í úrtaki. Sá sem lendir í úrtaki er því mjög mikilvægur fyrir rannsóknina. Því fleiri sem taka þátt í rannsókn, því áreiðanlegri verða niðurstöðurnar.“

Einstaklingar sem veljast í úrtak rannsókna fá sent kynningarbréf þar sem fram kemur að Hagstofan hyggist hringja í viðkomandi og hvatt er til þess að haft sé samband ef móttakandi hafi einhverjar athugasemdir. Með fylgja upplýsingar sem gera móttakanda kleift að hafa samband við Hagstofuna. Við framkvæmd úthringinga er stuðst við sjálfvirka leit að símanúmerum hjá þeim einstaklingum sem veljast í úrtak. Lögð er áhersla á að ná á í þá aðila sem ekki næst í með sjálfvirkri leit þar eð rannsóknir hafa sýna fram á þeir einstaklingar eru ólíkir þeim sem auðvelt er að finna eða ná í. Til að Hagstofa Íslands geti miðlað áreiðanlegum upplýsingum þarf að fanga þann fjölbreytileika sem er fyrir hendi og er leitað til fjölskyldumeðlima ef ekki finnst símanúmer á úrtaksaðila og hann svarar ekki beiðni um að hafa samband við Hagstofu Íslands.

Sérhver sem lendir í úrtaki rannsókna Hagstofu Íslands hefur óskoraða heimild til að neita

Þátttöku í rannsókn í heild eða að hluta. Í því tilviki sem hér um ræðir fær Hagstofa Íslands aldrei samband við úrtaksaðila né heldur hefur hann samband við stofnunina til að tilkynna ákvörðun sína um að neita þátttöku. Þar sem ákvörðun viðkomandi lá ekki fyrir hélt Hagstofan áfram tilraunum sínum við að ná sambandi enda í góðri trú um að tæknilegar ástæður lægju að baki.

Hagstofa Íslands harmar að úrtaksaðili upplifi vinnubrögð stofnunarinnar sem einelti/áreitni en ítrekar að hægt er að neita þátttöku með því að tilkynna Hagstofu Íslands með símtali, rafrænum pósti eða almennum pósti að úrtaksaðili hafi ekki áhuga á að taka þátt í rannsókn. Stofnunin tekur allar ábendingar og athugasemdir alvarlega og í framhaldi af þessari ábendingu mun hún fara yfir vinnubrögð og vinnuferli við framkvæmd rannsókna. Sérstaklega verður þar horft til kynningarefnis og hvort einstaklingar veljist í úrtak fleiri rannsókna á sama tíma.“

Með bréfi, dags. 5. október 2012, óskaði Persónuvernd þess að Hagstofa Íslands upplýsti hvort hún hefði sett sér verklagsreglur um hvernig óska skuli eftir þátttöku einstaklinga í rannsóknum hennar, þ. á m. um hversu oft skuli haft samband við þá svari þeir ekki. Hagstofan svaraði með bréfi, dags. 18. október 2012, þar sem m.a. kom fram að svo hefði ekki verið.

Undir meðferð málsins hjá Persónuvernd setti Hagstofan sér hins vegar slíkar verklagsreglur um úthringingar í fólk. Segir í úrskurðinum að af reglunum verði ráðið að þeim sé ætlað að hindra að gengið verði of langt við að þrýsta á fólk um að taka þátt í spurningakönnunum og gefa um sig persónuupplýsingar sem nýttar verði í þágu rannsókna og hagskýrslugerðar. Í verklagsreglunum séu hins vegar ákvæði um hvernig fá eigi menn sem hafi neitað þátttöku til að endurskoða hug sinn. Þar er m.a. gert ráð fyrir að hringt sé í þá sem gefið hafi „mjúka neitun“ og að hringd séu ítrekunarsímtöl þegar gögn berist ekki á tilskildum tíma. Hringt sé þrisvar á fjögurra vikna tímabili, allt að þrisvar á dag. Þá er m.a. gert ráð fyrir öflun svara frá fjölskyldumeðlimum svari viðkomandi ekki sjálfur.

Í úrskurðinum segir að við mat á því hvort framangreint samrýmist vönduðum vinnsluháttum, í skilningi 1. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000, megi hafa hliðsjón af 7. gr. reglna Persónuverndar nr. 170/2001 um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði. Þar segir að kanna megi vilja sjúklinga til þátttöku í tiltekinni vísindarannsókn munnlega eða skriflega og heimilt sé að fylgja málum eftir annað hvort með einu öðru bréfi eða með einu símtali. Segir að þegar kannaður sé vilji manns til þátttöku í vísindarannsókn skuli gæta nærfærni og ekki beita beinum eða óbeinum þrýstingi til þátttöku.

Því næst segir í úrskurðinum. „Á þeim tíma sem atvik máls þessa gerðust var verklagsreglum um úthringingar ekki til að dreifa og er óumdeilt að í tilviki [kvartanda] gekk Hagstofan mun lengra en reglur nr. 170/2001 miða við. Það er mat Persónuverndar að Hagstofan hafi ekki sýnt fram á að hún hafi, við umrædda undirbúningsvinnslu, gætt þeirra meðalhófssjónarmiða sem vera skyldi og eru liður í vönduðum vinnsluháttum. Er það því niðurstaða hennar að vinnslan hafi ekki samrýmst 1. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000.“

Þá var í úrskurðinum einnig fjallað um söfnun persónuupplýsinga um kvartanda, þ. á m. um notkun hennar á upplýsingatækni, um atvinnuþátttöku og önnur þau atriði sem spurt er um við gerð vinnuþræðinganna. Um það segir í úrskurðinum:

„Söfnun upplýsinga er ein tegund af vinnslu sem m.a. tekur til þess þegar stjórnvald aflar upplýsinga frá hinum skráða með viðræðum við hann á fundi, símtali eða með því að fá hann til að fylla út eyðublað. Slík upplýsingasöfnun þarf að eiga sér sjálfstæða vinnsluheimild.

Í framangreindu ákvæði 8. gr. laga nr. 163/2007 er gert ráð fyrir að Hagstofan afli hagskýrslugagna úr opinberum skráum og á grundvelli stjórnsýslugagna, en afli að öðru leyti persónubundinna upplýsinga beint frá einstaklingum. Telja verður að hér sé átt við hina skráðu sjálfa en ekki aðra einstaklinga, s.s. börn þeirra, maka eða vinnuveitendur. Samkvæmt [kvartanda] reyndi Hagstofan hins vegar að fá upplýsingar um tölvunotkun [kvartanda] og þátttöku hennar á

vinnumarkaði frá dóttur hennar, auk þess sem Hagstofan bað dótturina um að upplýsa um vinnuveitanda [kvartanda] svo að leita mætti upplýsinganna hjá honum. Þessu hefur ekki verið andmælt af hálfu Hagstofunnar og er því byggt á framangreindri lýsingu [kvartanda] á málsatvikum.

Að mati Persónuverndar þarf Hagstofan að byggja söfnun sína á persónubundnum upplýsingum um einstaklinga á samþykki. Í máli þessu liggur fyrir, eins og að framan greinir, að Hagstofan óskaði svara frá dóttur [kvartanda] og spurði um vinnuveitanda [kvartanda] til að geta leitað upplýsinga hjá honum. Verður ekki séð að Hagstofan hafi haft heimild, samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000, til slíkrar söfnunar á persónuupplýsingum um [kvartanda].“

Í niðurstöðum úrskurðarins segir:

„Samkvæmt framangreindu liggur í fyrsta lagi ekki fyrir að undirbúningur að gerð umræddra rannsókna hafi samrýmt 1. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000. Með vísun til 5. tölul. 3. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000 er Hagstofunni leiðbeint um að yfirfara verklagsreglur sínar með tilliti til þess.

Í öðru lagi er leiðbeint um skyldu Hagstofunnar samkvæmt 20. gr. laga nr. 77/2000. Þar segir að þegar ábyrgðaraðili aflar persónuupplýsinga hjá hinum skráða sjálfum skuli hann veita honum fræðslu um þau atriði sem þar eru talin upp. Ef vinnsla persónuupplýsinga á að vera með sanngjörnum hætti verður hinn skráði að geta fengið áreiðanlegar og fullar upplýsingar með hliðsjón af aðstæðum við söfnun, þegar upplýsingar eru fengnar frá honum.

Í þriðja lagi er leiðbeint um að persónuupplýsingalögin eru byggð á þeim grunnrökum að virða ber forræði einstaklings á upplýsingum um sjálfan sig. Ef vinnsla er háð hans samþykki ber m.a., sbr. 7. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000, að gæta þess að honum er heimilt að afturkalla samþykki sitt o.s.frv.

Á k v ö r ð u n a r o r ð:

Hagstofu Íslands skorti heimild til að safna, í þágu vinnumarkaðsrannsóknar og rannsóknar á notkun á upplýsingatækni, persónuupplýsingum um [kvartanda] frá dóttur hennar eða vinnuveitanda. Sú undirbúningsvinnsla, sem fór fram áður en eiginleg söfnun persónuupplýsinga í þágu umræddra rannsókna hófst, uppfyllti ekki skilyrði um vandaða vinnsluhætti.“

3.2.4. Afhending óheimil vegna skorts á vinnslusamningi – mál nr. 2012/818

Persónuvernd úrskurðaði um kvörtun yfir vinnslu persónuupplýsinga sem fór fram fyrir hönd tryggingafélags. Sérfræðingur sem stóð að vinnslunni vann hraðaútreikninga fyrir félagið. Ekki hafði verið gerður skriflegur vinnslusamningur við hann, svo sem lögskytt er. Af þeirri ástæðu var afhending upplýsinga um kvartanda – frá félaginu og til sérfræðingsins – ekki talin hafa verið heimil.

3.2.5. Tölvupóstur áframsendur innan fyrirtækis – mál nr. 2012/910

Persónuvernd úrskurðaði um kvörtun yfir áframsendingu á tölvupósti. Pósturinn var frá viðskiptavini og hafði aðeins verið áframsendur innanhúss, þ.e. til verslunarstjóra og stjórnenda. Það var gert í samræmi við skráðar gæðareglur. Persónuvernd taldi ekkert hafi komið fram við meðferð málsins sem bentu til að þetta hafi verið gert í ómálefnalegum tilgangi og taldi að um lögmæta vinnslu hafi verið að ræða.

3.2.6. Ósk lögmannsstofu um upplýsingar um aðila í greiðsluaðlögun – mál nr. 2012/429

Kvartað var yfir að lögmannsstofa óskaði eftir afriti af þeirri greinargerð sem fylgdi umsókn kvartanda til umboðsmanns skuldara um greiðsluaðlögun. Athugun Persónuverndar leiddi ekki í ljós að vinnsla persónuupplýsinga hefði farið fram og var málið því fellt niður.

3.2.7. Leit í handtösku – mál nr. 2012/672

Kona kvartaði yfir því að dyravörður á skemmtistað leitaði í handtösku hennar. Slík leit var ekki talin vinnsla persónuupplýsinga í skilningi laga. Því taldi Persónuvernd ekki vera skilyrði til þess að hún fjallaði efnislega um málið en veitti almenna leiðsögn um að telji menn dyraverði fara offari sé hægt að beina umkvörtunum til lögreglustjóra.

3.2.8. Aðgangs- og upplýsingaréttur; gögn hjá opinberri stofnun – mál nr. 2012/224

Persónuvernd veitti FME leiðsögn um skyldur þess til að veita vitneskju um vinnslu sína á persónuupplýsingum. Persónuvernd benti annars vegar á ákvæði um þann „aðgangsrétt“ (rétt til aðgangs að upplýsingum) sem stjórnarsýslulög og upplýsingalög veita þegar ábyrgðaraðili er stjórnvald og hins vegar á þann „upplýsingarétt“ sem allir njóta skv. lögum um persónuvernd, óháð því hvort ábyrgðaraðili er stjórnvald eða ekki.

Leiðsögn Persónuverndar er svohljóðandi:

I.

Erindi Fjármálaeftirlitsins

Persónuvernd vísar til erindis Fjármálaeftirlitsins, dags. 7. febrúar 2012, þar sem það óskar leiðbeiningar varðandi skyldu sína til að veita vitneskju um vinnslu persónuupplýsinga á grundvelli 18. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Í erindinu er aðdragandi þess rakinn, þ.e. að aflað hafi verið gagna hjá eftirlitsskyldum lögaðila, þ. á m. tölvupóstsamskipta nokkurra starfsmanna, á grundvelli 3. mgr. 9. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og 2. mgr. 133. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, sbr. 8. gr. laga nr. 87/1998. Viðkomandi lögaðili hafi nú óskað þess, fyrir sína hönd og hönd umræddra starfsmanna, að Fjármálaeftirlitið upplýsi um það með hvaða hætti það uppfylli skyldur sínar samkvæmt lögum nr. 77/2000. Þá fer lögaðilinn fram á að hann og umræddir starfsmenn fái upplýsingar samkvæmt framangreindu ákvæði 18. gr. þeirra laga.

Um þetta segir nánar tiltekið í bréfi Fjármálaeftirlitsins:

„Fjármálaeftirlitið lítur svo á að vinnsla persónuupplýsinga sem stofnunin fær samkvæmt heimild í 3. mgr. 9. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og 2. mgr. 133. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, sé nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000. En Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með framkvæmd laga nr. 108/2007 samkvæmt 133. gr. laganna, sbr. 8. gr. laga nr. 87/1998.

Hvað varðar skyldu til að láta „hinn skráða“ vita um vinnslu persónuupplýsinga þegar þeirra er aflað hjá öðrum en honum sjálfum gilda ákvæði 21. gr. laga nr. 77/2000. Fræðsluskylda ábyrgðaraðila, samkvæmt 21. gr. laganna, er ekki til staðar ef lagaheimild stendur til skráningar eða miðlunar upplýsinga, sbr. 3. tölul. 4. mgr. 21. gr. sömu laga. Fjármálaeftirlitið lítur svo á að framangreint eigi við með vísun til þess sem áður er rakið.

Þá telur Fjármálaeftirlitið að með „hinum skráða“ hljóti að vera átt við umrædda starfsmenn en ekki lögaðilann sem umræddra upplýsinga var aflað frá. Því lítur Fjármálaeftirlitið svo á að upplýsingaréttur samkvæmt 18. gr. laga nr. 77/2000 veiti umræddum starfsmönnum þennan rétt en ekki lögaðilanum. Fjármálaeftirlitið telur þó ekki ljóst að „hinn skráði“ eða umræddir starfsmenn eigi þennan rétt þegar 4. mgr. 21. gr. laganna á við.

Þá er fjallað um takmarkanir á upplýsingarétti í 19. gr. laga nr. 77/2000. Í 3. mgr. 19. gr. [...] er sérstaklega kveðið á um að réttur hins skráða til að fá vitneskju samkvæmt ákvæðum 18. gr. nefndra laga nái ekki til upplýsinga sem eru undanþegnar aðgangi samkvæmt upplýsinga- og stjórnarsýslulögum. Fjármálaeftirlitið telur ekki ljóst af 18. eða 19. gr. laganna hvert sé samspil þeirra og upplýsingalaga annars vegar og stjórnarsýslulaga hins vegar. Sé umrædd beiðni um upplýsingar afgreidd á grundvelli upplýsingalaga eða stjórnarsýslulaga, væri rétt að veita einnig þær

upplýsingar sem taldar eru upp í 1.–5. tölul. 18. gr. laga nr. 77/2000?“

II.

Svar Persónuverndar

1.

Aðgangur að málgögnum samkvæmt stjórnsýslu- og upplýsingalögum

Af erindi Fjármálaeftirlitsins verður ráðið að beiðni umrædds fyrirtækis lúti m.a. að aðgangi að gögnum sem tilheyri stjórnsýslumáli. Um slíkan aðgang og takmarkanir á honum fer eftir ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og upplýsingalaga nr. 50/1996. Fyrirnefndu lögin eiga við um aðgang málsaðila að gögnum stjórnsýslumáls, sbr. 15.–17. gr. laganna, en þau síðarnefndu gilda um aðgang almennings að gögnum stjórnvalda, sem og aðgang einstaklinga og lögaðila að gögnum sem varða þá sjálfa, sbr. 3.–8. og 9. gr. laganna.

Samkvæmt 2. mgr. 44. gr. laga nr. 77/2000 takmarka þau lög ekki þann rétt til aðgangs að gögnum sem mælt er fyrir um í upplýsingalögum og stjórnsýslulögum. Í athugasemdum við ákvæðið í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, segir m.a. að ákvæði IV. kafla stjórnsýslulaga um aðgang aðila máls að gögnum haldi gildi sínu óháð frumvarpinu.

Í 2. mgr. 2. gr. upplýsingalaga nr. 50/1996 segir að lögin gildi ekki um aðgang að upplýsingum samkvæmt lögum nr. 77/2000 nema óskað sé eftir skjölum eða gögnum sem 2. mgr. 3. gr. upplýsingalaga taki til, þ.e. skjala og gagna í tilteknu stjórnsýslumáli. Umrætt ákvæði upplýsingalaga var fært inn í lögin með breytingalögum nr. 83/2000. Í athugasemdum við ákvæðið í því frumvarpi, sem varð að þeim lögum, segir að samkvæmt því beri að virða ákvæði upplýsingalaga sem sérákvæði í samamburði við lög nr. 77/2000, sbr. 44. gr. þeirra laga. Á þann hátt haldi ákvæði upplýsingalaga gildi sínu óháð lögum nr. 77/2000.

Af framangreindu verður ráðið að þegar stjórnsýslulög eða upplýsingalög gilda um aðgang að gögnum fer um hann að þeim lögum. Eins og hér háttar til má ætla að umræddur lögaðili sé aðili að stjórnsýslumáli sem þau gögn tilheyra sem aðgangs er óskað að. Um rétt hans þar að lútandi fer, eins og lýst hefur verið, samkvæmt 15.–17. gr. stjórnsýslulaga.

Einstakir starfsmenn viðkomandi lögaðila kunna að hafa stöðu aðila máls, þ.e. ef umrætt mál varðar réttindi þeirra og skyldur. Þá á sama við um þeirra rétt. Þótt svo sé ekki gætu þeir átt aðgangsrétt samkvæmt 9. gr. upplýsingalaga, en þar er fjallað um rétt aðila til að fá gögn hjá stjórnvöldum sem hafa að geyma upplýsingar um þá sjálfa.

Það fellur utan valdsviðs Persónuverndar að skera úr um túlkun á ákvæðum stjórnsýslulaga og upplýsingalaga og verður því ekki tekin afstaða til álitafna í tengslum við upplýsingabeidni umrædds lögaðila að því er varðar slíkan aðgang.

2.

Upplýsingaréttur samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga

Í 18. gr. laga nr. 77/2000 er mælt fyrir um rétt einstaklings (hins skráða) til að ábyrgðaraðili að vinnslu persónuupplýsinga upplýsi sig um tiltekin atriði, sbr. þó ákvæði um takmarkanir á þeim rétti í 19. gr. laganna. Þau atriði, sem talin eru upp í 18. gr., eru eftirfarandi:

- hvaða upplýsingar um hann er eða hefur verið unnið með;
- tilgang vinnslunnar;
- hver fær, hefur fengið eða mun fá upplýsingar um hann;
- hvaðan upplýsingarnar koma; og

- hvaða öryggisráðstafanir eru viðhafðar við vinnslu, enda skerði það ekki öryggi vinnslunnar.

Lög nr. 77/2000 veita tiltekinn og rýmri rétt en upplýsinga- og stjórnsýslulög. Samkvæmt 18. gr. á hinn skráði t.d. rétt á upplýsingum um hvaða öryggisráðstafanir eru viðhafðar við vinnslu og samkvæmt 4. mgr. 19. gr. á hann t.d. rétt á að fá greinargerð um efni skjals.

Fyrir liggur að umræddur lögaðili hefur farið fram á vitneskju samkvæmt 18. gr. fyrir hönd starfsmanna sinna. Því þarf að liggja fyrir að viðkomandi einstaklingar hafi veitt lögaðilanum umboð til að fara með sinn upplýsingarétt. Fjármálaeftirlitinu er því leiðbeint um að óska eftir umboði umræddra starfsmanna áður en ákvörðun er tekin með vísan til 18. og 19. gr.

3.

Samandregin niðurstaða

Um rétt manna til aðgangs að gögnum stjórnvalda fer að stjórnsýslulögum nr. 37/1993 og upplýsingalögum nr. 50/1996. Það fellur utan verksviðs Persónuverndar að túlka ákvæði þeirra laga um slíkan aðgang og takmarkanir á honum.

Í 18. gr. laga nr. 77/2000 er mælt fyrir um þann upplýsingarétt sem hinn skráði nýtur alltaf. Úrskurðarmál um hvort sá réttur hafi verið brotinn falla undir Persónuvernd.

Ef vinnuveitandi hyggst koma fram fyrir hönd starfsmanna (hinna skráðu) ber honum að fá til þess umboð þeirra.

3.2.9. Eyðing upplýsinga um konur með brjóstafyllingar – mál nr. 2012/583

Persónuvernd felldi niður mál í tengslum við miðlun upplýsinga til landlæknis um konur sem fengið höfðu brjóstafyllingar á árunum 200 til 2012. Er tilkynning stofnunarinnar til landlæknis um niðurfellingu málsins svohljóðandi:

Efni: Miðlun upplýsinga til landlæknis um konur sem fengið hafa brjóstafyllingar

Persónuvernd vísar til bréfs stofnunarinnar til Landlæknisembættisins, dags. 7. september 2012, sem sent var af tilefni viðtals við [A]. Í því viðtali er haft eftir honum að tveir lýtalæknar hafi strax orðið við beiðni landlæknis, dags. 5. janúar 2012, um upplýsingar um konur sem fengið hafa brjóstafyllingar frá 2000 til dagsins í dag. Með bréfi, dags. 30. mars 2012, greindi Persónuvernd frá þeirri niðurstöðu sinni að heimild skorti til miðlunar þessara upplýsinga til landlæknis. Í framangreindu bréfi Persónuverndar, dags. 7. september s.á., var þess óskað að Landlæknisembættið upplýsti hvort rétt væri að umræddum upplýsingum hefði verið miðlað til þess frá fyrrnefndum, tveimur lýtalæknum og – ef svo væri – hvort upplýsingarnar væru enn varðveittar hjá embættinu.

Landlæknisembættið svaraði með bréfi, dags. 20. september 2012. Þar er staðfest að tveir lýtalæknar hafi orðið við upplýsingabeiðni landlæknis. Annar þeirra hafi hins vegar ekki sent persónugreinanlegar upplýsingar heldur aðeins upplýsingar um fæðingarár þeirra kvenna sem gengust undir brjóstastækkunaraðgerðir hjá honum frá 1. september 2007, auk þess að upplýsa um hvaða tegundir brjóstapúða hann notaði. Í ljósi þessa hafi ekki verið talin ástæða til að eyða þeim upplýsingum sem bárust frá þessum lækni, en upplýsingunum frá hinum læknum, sem voru persónugreinanlegar, hafi verið eytt úr upplýsingakerfi Landlæknisembættisins. Hjálagt með bréfi þess var afrit af annars vegar hinum ópersónugreinanlegu upplýsingum sem bárust frá öðrum læknum, sbr. bréf hans til embættisins, dags. 20. janúar 2012, og hins vegar staðfestingu embættisins, dags. 15. febrúar s.á., á móttöku upplýsinga frá hinum læknum, auk staðfestingar þess til læknisins, dags. 30. apríl s.á., á að upplýsingunum hafi verið eytt.

Hér með tilkynnist að með vísan til framangreindra svara og gagna telur Persónuvernd ekki tilefni til að aðhafast frekar af tilefni þess sem fram kemur í fyrrnefndu viðtali við [A].

3.2.10. Birting lista á netinu yfir próftaka – mál nr. 2012/764

Persónuvernd barst ábending um að listi með nöfnum og kennitölum allra þeirra sem hygðust þreyta inntökupróf í læknisfræði væri birtur á heimasíðu Læknadeildar Háskóla Íslands. Leiðbeindi stofnunarinnar Læknadeildinni um að leita leiða til að komast hjá því að birta á netinu nöfn og kennitölur manna sem hyggjast þreyta slík próf, t.a.m. með því að úthluta þeim sem skrá sig sérstöku prófnúmeri. Var lagt fyrir Læknadeildina að upplýsa Persónuvernd um viðbrögð sín og vinnsluáðferð fyrir 1. janúar 2013.

3.2.11. Birting úrskurða á heimasíðu - mál nr. 2011/1186

Kvartað var til Persónuverndar vegna birtingar hundaræktarfélags (HRFÍ) á tilteknum úrskurði. Af gögnum málsins taldi Persónuvernd ekki verða ráðið að sú vinnsla hefði farið fram, þ.e. að niðurstaðan hafi verið birt. Meðan svo væri ástatt væri ótímabært að Persónuvernd kvæði upp úrskurð, sbr. 2. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000, enda yrði ekki skorið úr um lögmati aðgerðar sem ekki hefði átt sér stað. Persónuvernd veitti félaginu hins vegar almenna leiðsögn um sjónarmið sem líta yrði til við ákvarðanir um birtingu úrskurða. Eru þær leiðbeiningar svohljóðandi:

1.

Um hugtök og gildisvið laga nr. 77/2000

Þau lög sem Persónuvernd framfylgir og starfar eftir, þ.e. lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gilda um vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna.

Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna. Í þessu felst að ef rekja má upplýsingar óbeint til tiltekins einstaklings þótt þær séu ekki merktar honum teljast þær til persónuupplýsinga. Því er ljóst að ef aðeins einn einstaklingur ræktar tiltekna hundategund á Íslandi, og niðurstaða um þá ræktun er birt á vefsíðu, þá yrði það talin vera vinnsla persónuupplýsinga í skilningi laganna.

2.

Heimildarákvæði 8. og 9. gr. laga nr. 77/2000

Öll vinnsla persónuupplýsinga verður að eiga sér stoð í lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þar er greint á milli almennra persónuupplýsinga og viðkvæmra. Þær upplýsingar teljast vera viðkvæmar sem taldar eru upp í 8. tölul. 2. gr. laganna. Það eru m.a. upplýsingar um hvort maður hafi verið grunaður, kærður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað.

2.1.

Að því marki sem um er að ræða vinnslu almennra persónuupplýsinga nægir að uppfylla eitt af skilyrðum 8. gr. laga nr. 77/2000. Birting úrskurða á vefsíðu félags gæti stuðst við 7. tölul. 8. gr. laganna ef það verður niðurstaða þess að hún sé nauðsynleg til að það, eða þeir sem fá upplýsingarnar, geti gætt lögmætra hagsmuna - nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða sem vernda ber samkvæmt lögum vegi þyngra.

2.2.

Telji félagið að um sé að ræða viðkvæmar persónuupplýsingar þarf það að ganga úr skugga um að einnig sé uppfyllt eitthvert af skilyrðum 1. mgr. 9. gr. sömu laga. Bent er á að um samtök sem hafa stéttarfélagsleg markmið, og önnur samtök sem ekki starfa í hagnaðarskyni, gildir sú regla að heimil sé sú vinnsla sem sé liður í lögmætri starfsemi samtakanna, taki hún aðeins til félagsmanna þeirra eða einstaklinga sem samkvæmt markmiðum samtakanna eru, eða hafa verið, í reglubundnum tengslum við þau. Þeim upplýsingum má þó ekki miðla áfram án samþykkis hins skráða.

3.

Meginreglur 7. gr. laga nr. 77/2000

Að auki verður öll vinnsla persónuupplýsinga að fullnægja grunnkröfum 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000 um gæði gagna og vinnslu. Þar er mælt fyrir um að persónuupplýsingar skuli unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga (1. tölul.); að þær skuli fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.); að þær skuli vera nægilegar og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.); að þær skuli vera áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum, en persónuupplýsingar, sem séu óáreiðanlegar eða ófullkomnar, miðað við tilgang vinnslu þeirra, skuli afmá eða leiðrétta (4. tölul.); og að þær skuli varðveittar í því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á hina skráðu lengur en þörf krefur miðað við tilgang vinnslu (5. tölul.).

Það að hvaða marki afmá ber nöfn o.þ.h. úr einstökum niðurstöðum siðanefndar, til að uppfylla framangreindar reglur, þarf félagið sjálft sem ábyrgðaraðili að meta hverju sinni. Þar þarf að meta hvort tilgangi birtingar verði ekki náð nema með því að birta nöfn tegunda o.þ.h. Í ljósi meðalhófsreglunnar þarf einnig að ákveða að hvaða marki beita ber almennum öryggisráðstöfunum til að hindra óþarfa vinnslu persónuupplýsinga, s.s. til að hindra að nöfn verði aðgengileg með leitarvélum á netinu.

3.2.12. Miðlun upplýsinga um ástand húss – mál nr. 2012/237

Persónuvernd barst kvörtun A yfir því að Þjóðskrá Íslands hefði miðlað upplýsingum um fasteign sína til Viðlagatryggingar Íslands (V). A hafði óskað eftir breytingu á tjonamati á fasteign sinni hjá V, og V þá óskað eftir matslýsingu frá Þjóðskrá. A taldi að miðla hafi mátt lýsingu vegna brunabótamats en ekki vegna fasteignamats. Í ljós kom að um eina og sömu lýsingu var að ræða og svo fór að málið var að þessu leyti fellt niður. Í öðru lagi taldi A matslýsinguna vera ranga og kvartaði yfir að sér hefði ekki verið veittur andmælaréttur í skilningi stjórnarsýslulaga. Persónuvernd taldi það bæði falla utan síns verksviðs að endurskoða ákvarðanir annarra stjórnvalda um ástand eða virði hússins og að leysa úr ágreiningsmálum um hvort farið hafi verið að ákvæðum stjórnarsýslulaga.

3.2.13. Kvörtun vegna viðtals forstöðumanns við fjölmiðla – 2012/899

Persónuvernd barst kvörtun tveggja manna vegna viðtala forstöðumanns ríkisstofnunar um þá við fjölmiðla. Í málinu reyndi meðal annars á valdmörk Persónuverndar. Var vísað frá þeim þætti er laut að ágreiningi um misbeitingu tjáningarfrelsis og refsingu vegna brots á þagnarskyldu embættismanns. Um hinn þátt málsins sagði ríkisstofnunin að ekki hefði verið um að ræða miðlun persónuupplýsinga úr sínum rafrænu skrám. Í því ljósi þóttu Persónuvernd, m.t.t. gildissviðs persónuupplýsingalaga, og vegna sjónarmiða um sönnun, þá ekki vera lagaskilyrði til að aðhafast frekar í málinu.

Er tilkynning Persónuverndar um niðurfellingu málsins svohljóðandi:

Frávísun fyrri bluta máls nr. 2012/899 vegna ágreinings um misbeitingu tjáningarfrelsis og refsingu vegna brots á þagnarskyldu, 3. sept.2012.

Persónuvernd hefur borist kvörtun X, Z og Y, f.h. A og B, dags. 23. júlí 2012, varðandi viðtöl [embættismann, E, hjá stofnuninni F] við fjölmiðla um kvartendur. Í kvörtuninni segir m.a.:

„[...] Í tengslum við rannsókn máls þeirra, er tengist [...], kom [E], fram í fjölmiðlum, rauf þagnarskyldu sína og braut gróflega á réttindum umbj. okkar.[...] Var framkoma [E] í fjölmiðlum þannig að hann lýsti með beinum eða óbeinum hætti sekt umbj. okkar í málinu sem til rannsóknar var (og er). [...] . Á þeim tíma sem [E], kom fram með þessum hætti í fjölmiðlum var mál umbj. okkar til rannsóknar og [...]. [...] Eðli upplýsinganna sem [E] tundaði í fjölmiðlum var þannig að honum bar, [...], að fara með þær skv. lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Um er að ræða mjög viðkvæmar persónuupplýsingar, skv. 8. tl. 2. [gr]. laga nr. 77/2000. Því verður að telja ljóst að [hann] braut gróflega á þagnar- og trúnaðarskyldu sinni gagnvart umbj. okkar og veitti um þá upplýsingar sem eru verndaðar af [...] og laga um persónuvernd nr. 77/2000. Grunur leikur á að brot [hans] sé með þeim hætti að varðað getur refsingu skv. 42. gr. laga nr. 77/2000.

[...] Skv. 1. gr. laga nr. 77/2000 er markmið laganna að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs og að tryggja áreiðanleika og gæði slíkra upplýsinga og frjálst flæði þeirra á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins. Þær upplýsingar sem brot [E] gagnvart umbj. okkar varðar eru viðkvæmar persónuupplýsingar, skv. b-lið 8. tl. og 9. tl. 2. gr. laganna. [...]

Vegna ákvæðis [í lögum] eru engin tengsl á milli framferði [E] og tjáningarfrelsis enda [hann] í starfi forstöðumanns F og því óheimilt að tjá sig um mál umbj. okkar. Honum er einnig óheimilt að fjalla um málið þótt hann léti af því starfi [...]. [...]

[...]Í málinu kann að reyna á refsipátt [E] en skv. 42. gr. laga nr. 77/2000 liggja fésektir eða fangelsisrefsing, allt að 3 árum, við brot gegn lögnum. Brot [hans] verða að teljast alvarleg og því kemur til álita að Persónuvernd fjalli um málið á þeim grunni.“

Með kvörtuninni fylgdu afrit nokkurra fréttu. [...] Samkvæmt þeim er málið í eðli sínu tvíþætt. Annars vegar varðar það ummæli [E] sem tengjast beitingu tjáningarfrelsis samkvæmt 73. gr. stjórnarskrárinnar. Það er ekki verkefni Persónuverndar að skera úr málum þar sem deilt er um hvort menn hafi misbeitt tjáningarfrelsi og mun hún ekki taka það til úrlausnar. Þá er það ekki hennar hlutverk að ákvarða refsingar, eftir atvikum fyrir brot á þagnarskyldu, og mun hún af þeirri ástæðu ekki heldur fjalla um það atriði, sbr. niðurlag bréfs yðar. Er málinu að því leyti vísað frá. Hins vegar varðar það einnig miðlun persónuupplýsinga [...] sem ætla má að séu á rafrænum gögnum F. Það er hlutverk Persónuverndar að hafa eftirlit með framkvæmd laga nr. 77/2000 og hyggst hún taka það til skoðunar hvort umrædd miðlun frá F á persónuupplýsingum um kvartendur hafi samrýmst heimildarákvæðum þeirra.

Frávísun seinni bluta máls nr. 2012/899 er varðaði miðlun persónuupplýsinga, 3. okt. 2012

Upplýsingamiðlun frá opinberri stofnun II - mál nr. 2012/899

Persónuvernd vísar til fyrri bréfaskipta vegna kvörtunar yðar, f.h. A og B, dags. 23. júlí 2012, yfir tilteknum viðtölum [embættismanns hjá stofnuninni F], við fjölmiðla. [...]

1.

Í bréfi Persónuverndar til yðar, dags. 3. september sl., kom fram að líta yrði svo á að málið væri tvíþætt. Annars vegar varðaði það tjáningu. Beiting tjáningarfrelsis væri varin af 73. gr. stjórnarskrárinnar og það væri hvorki verkefni Persónuverndar að skera úr málum þar sem deilt væri um hvort menn hefðu misbeitt því frelsi né að ákvarða refsingar, eftir atvikum fyrir brot á þagnarskyldu. Í ljósi valdmarka Persónuverndar tæki hún þennan þátt málsins því ekki til úrlausnar. Yður var veittur frestur til athugasemda við framangreint til 10. september, en engar bárust.

Hins vegar taldi Persónuvernd málið geta varðað miðlun F á persónuupplýsingum um [...], þ.e. upplýsinga sem ætla mætti að væru á rafrænum gögnum stofnunarinnar. Úrlausn um lögmæti þess gæti fallið innan valdmarka Persónuverndar og myndi hún taka það til athugunar.

2.

Með bréfi, dags. 11. september 2012, var málið borið undir F í samræmi við ákvæði 13. og 14. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Svar barst Persónuvernd, með bréfi dags. 17. september sl. Þar segir

m.a.:

„Málavextir í umræddu máli voru þeir að fjölmiðlar höfðu með einhverjum hætti fengið upplýsingar um að [...]. Ýmsir fjölmiðlar höfðu samband við F og óskuðu frekari upplýsinga um málið. Í öllum tilvikum var fjölmiðlamönnum tilkynnt að stofnunin gæti ekki tjáð sig um einstök mál. Hins vegar gæti stofnunin upplýst um hvernig tekið væri á málum þar sem [...]

Hvergi í svörum F voru viðkomandi [...] nafngreindir. Fjölmiðlum var tjáð að stofnunin gæti aðeins tjáð sig almennt um málefni, almennt var sagt frá fyrirkomulagi [...]. Voru þessar upplýsingar veittar á grundvelli 3. gr. upplýsingalaga nr. 50/1996. F getur hvorki borið ábyrgð á því hvernig einstakir fjölmiðlamenn vinna úr almennum upplýsingum sem veittar eru af fulltrúum stofnunarinnar né tengingu fjölmiðla við nafngreind viðfangsefni þeirra.

Upplýsingar sem F veitti fjölmiðlum um ofangreint málefni voru hvorki úr rafrænum skráum hennar né byggðar á öðrum skriflegum upplýsingum um einstaka [...].“

3.

Samkvæmt framangreindu er því haldið fram að fjölmiðlar hafi haft rangt eftir og í raun hafi engum persónuupplýsingum verið miðlað. Þá segir að þau svör sem F hafi veitt fjölmiðlum hafi ekki byggst á persónuupplýsingum sem varðveittar séu í rafrænum skráum stofnunarinnar. Liggur því ekki fyrir að málið falli innan efnislegs gildissviðs laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, eins og það er afmarkað í 3. gr. laganna.

Með vísun til framangreinds mun Persónuvernd ekki aðhafast frekar af tilefni máls þessa nema henni hafi fyrir 20. október næstkomandi borist sérstök og rökstudd ósk um annað. Tilkynnist það hér með.

3.2.14. Notkun upplýsinga frá umboðsmanni skuldara – mál nr. 2012/564

Persónuvernd tók ákvörðun vegna kvörtunar manns yfir því að lánafyrirtæki skráði hjá sér að því hefði borist fyrirspurn um hann frá umboðsmanni skuldara (UMS). Persónuvernd taldi að þessi skráning hafi verið fyrirtækinu heimil. Hún tók ekki afstöðu til þess með hvaða hætti fyrirtækið notaði upplýsingarnar. Hún ákvað hins vegar að beina erindi til UMS um fræðslu til þeirra sem þangað leita og óska ráðgjafar, þ. á m. fræðslu um hvert UMS miðlar upplýsingum um skuldara.

Í ákvörðuninni segir m.a.:

„Aðdragandi málsins er sá að kvartandi leitaði til Lánasjóðs íslenskra námsmanna (LÍN) þar sem hann taldi sig eiga rétt á tiltekinni leiðréttingu á námsláni. LÍN hafði þá leiðbeint honum um að leita ráðgjafar umboðsmanns skuldara. Kvartandi hlítti þeim ráðum og þegar til embættis umboðsmanns var komið veitti hann því heimild til öflunar upplýsinga um fjárhagsstöðu sína hjá fjármálastofnunum. Úrlausnarefni máls þessa afmarkast hins vegar aðeins við þá vinnslu sem Kreditkort ber ábyrgð á og ekki umboðsmaður skuldara.

Í kvörtuninni segir m.a.:

„...Þrisvar sinnum hefur fyrirtækið á 6 mánuðum synjað mér um aukna heimild á þessari forsendu að ég hefji leitað ráða hjá umboðsmanni skuldara. Í gær þegar mér var enn synjað fyrirgreiðslu á þessari forsendu krafðist ég skriflega þess að fá afrit af öllum upplýsingum sem UMS hefði gefið fyrirtækinu um mig, sérstaklega þar sem erindi mitt til UMS var þess eðlis að útilokað væri að það gæfi efnislegar ástæður til að rýra lánstraust mitt. Medfylgjandi er svar fjármálastjóra Kreditkorta og vísa ég bæði til þess og svars míns til hans sem einnig er hluti tölvupóstsins...“

Með fylgdi afrit af bréfi kvartanda til Kreditkorts, dags. 17. apríl 2012. Þar segir m.a.:

„Þrisvar sinnum hef ég líka svarað ykkur og upplýst ykkur um að ég leitaði til UMS af því að ég taldi mig eiga rétt á tiltekinni leiðréttingu hjá LÍN og LÍN vísaði mér þangað til að yfirfara stöðu okkar í stað þess að starfsmenn LÍN gerðu það. Hjá UMS tókum við strax fram að við værum ekki þangað komin til að frá greiðsluadlögun eða neitt þess háttar heldur eingöngu í þágu þessarar óskar um leiðréttingu tekjutengdrar afborgunar (seinni afborgunar) LÍN.

Það virðist hins vegar vera sjálfvirkt að áður en UMS veitti okkur neina ráðgjöf óskaði fulltrúi hans eftir umboði sér til handa til að afla upplýsinga um skuldir okkar hjá fjármálastofnunum. Slíku er maður vanur við mat á lánstrausti án þess að það hafi afleiðingar annarsstaðar en þar sem matið fer fram. Þegar slíkt er gert við lánshæfismat banka eða t.d. Íbúðalánasjóðs virðist það vera gert með uppflettingu í tölvukerfum – ekki með beinum fyrirspurnum – svo við vorum grunlaus um að afrit af umboðinu og tilkynning um að við hefðum leitað til UMS væri send öllum fjármálastofnunum – hvað þá að sú tilkynning væri svo færð inn í gögn lánastofnunar með merkingu til að synja okkur fyrirgreiðslu á þeim forsendum að við hefðum leitað ráða hjá UMS. [...]“

Með bréfi Persónuverndar til Kreditkorts, dags. 15. maí 2012, var fyrirtækinu veittur kostur á að tjá sig um umrædda kvörtun. Svarað var með bréfi, dags. 22. s.m. Þar segir að þegar fyrirtækið fái slík gögn frá umboðsmanni skuldara, sem hér um ræðir, séu embætti hans sendar umbeðnar upplýsingar og í kjölfarið sé skráð í kerfi fyrirtækisins að slíkt atvik hafi átt sér stað. Þá segir:

„Kreditkort skráir öll samskipti við viðskiptavinum þar sem það er liður í útlánastýringu fyrirtækisins og teljum við að ekkert óeðlilegt sé við það ferli. Jafnframt telur Kreditkort að upplýsingar sem þessar séu mjög mikilvægar við útlánastýringu fyrirtækisins og gefi ákveðið merki um að viðskiptavinur sé í fjárhagsvandræðum.

Hvað varðar synjanir á beiðnum um hækkanir á heimildum þá eru mun fleiri þættir sem vega þyngra heldur en að A hafi sótt um ráðgjöf hjá umboðsmanni skuldara. Ávallt er skoðuð fyrri greiðslusaga og eignastaða viðkomandi við slíka beiðni.“

Með bréfi, dags. 19. júní 2012, var kvartanda veitt færi á að tjá sig um framangreint svar Kreditkorts hf. Hann kom athugasemdum sínum á framfæri munnlega í símtali hinn 23. ágúst 2012. Hann taldi fyrirtækinu ekki hafa verið heimilt að skrá það í upplýsingakerfi sitt að hann hefði leitað ráðgjafar hjá umboðsmanni skuldara. Ef hann hefði sjálfur fengið færi á að veita upplýsingar hefði hann annaðhvort getað hundsað það að veita þær, og þar með hætt við umsókn hjá Kreditkort, eða veitt skýringar, s.s. þær að greiðslugeta hans væri ekki slæm og að ástæða þess að hann leitaði ráðgjafar hjá umboðsmanni hafi verið tilvísun frá LÍN þar sem hann sótti um niðurfellingu á greiðslu af námsláni vegna tímabundins atvinnuleysis. Lánastofnanir hefðu ekki heimild til að skrá hvað sem væri um viðskiptavinum sína. Þær upplýsingar, sem Kreditkort fékk í hans tilviki, hafi ekki lotið að vanskilum eða neinu slíku. Þá hafi Kreditkort notað þær í allt öðrum tilgangi en þeim sem þær voru veittar í. Loks sagði hann að fjármálafyrirtækjum gæti verið fengur í ýmsum upplýsingum, en þau ættu að biðja um þær. Fyrirkomulag eins og hjá Kreditkort væri samfélagslega skaðlegt, því skuldarar væru hópur sem ekki risi endilega upp í fjölmíðlum.

1.

Lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga og handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna. Persónuupplýsingar eru skilgreindar í 1. tölul. 2. gr. laganna sem sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi. Hugtakið vinnsla er skilgreint sem sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. laganna. Af þessu öllu er ljóst að mál þetta lýtur að vinnslu persónuupplýsinga sem fellur undir valdsvið

Persónuverndar.

2.

Öll vinnsla persónuupplýsinga verður að eiga sér stoð í lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Í því felst m.a. að ávallt verður að vera fullnægt einhverju af skilyrðum 8. gr. laganna. Lítið hefur verið svo á að vinnsla fjármálafyrirtækja á upplýsingum um fasta viðskiptavinum geti átt sér stoð í 1. mgr. 8. gr. Hún getur í vissum tilvikum verið heimil á þeim grundvelli að hún sé nauðsynleg til að efna samning sem hinn skráði er aðili að eða til að gera ráðstafanir að beiðni hans áður en samningur er gerður, sbr. 2. tölul.

Einnig hefur verið lítið svo á að slík vinnsla geti byggst á 7. tölul. 1. mgr. 8. gr., þess efnis að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil sé hún nauðsynleg í þágu lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða vegi þyngra. Meðal annars hefur verið talið að í lána- og greiðslukortaviðskiptum geti vinnsla fjárhagsupplýsinga um lánþega samrýmst þessu ef hún er nauðsynleg í þágu lögmætra hagsmuna. Af hálfu Kreditkorts hefur komið fram að vinnsla upplýsinganna, þ.e. um að félaginu hafi borist umrætt erindi frá umboðsmanni skuldara eftir að kvartandi hafði leitað þar ráðgjafar, hafi verið liður í útlánastýringu fyrirtækisins.

Mælt er fyrir um hlutverk umboðsmanns skuldara í 1. gr. laga nr. 100/2010 um embætti hans. Af a- og c-liðum 2. mgr. þeirrar greinar verður ráðið að aðkoma hans að málum einstaklinga tengist annars vegar ráðgjöf um fjárhagsmálefni og hins vegar greiðsluáðlögun einstaklinga. Eins og fram kemur í lögum um slíka greiðsluáðlögun, nr. 101/2010, er hún ætluð þeim sem eiga í verulegum greiðsluferfiðleikum. Eins og mælt er fyrir um í a-lið 2. mgr. 1. gr. laga nr. 100/2010 er ráðgjöf umboðsmanns skuldara einnig ætluð þeim sem eiga við slíka erfiðleika að etja.

Eins og fram kemur í gögnum málsins kom kvartandi þeim skýringum á framfæri við Kreditkort að hann hefði fengið ráðgjöf hjá umboðsmanni skuldara í tengslum við ósk um leiðréttingu á námsláni hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna. Í 8. gr. laga nr. 21/1992 um lánasjóðinn er fjallað um endurgreiðslu námslána. Samkvæmt 1. mgr. ákvæðisins er annars vegar um að ræða fasta, árlega greiðslu óháða tekjum og hins vegar árlega, tekjutengda viðbótargreiðslu. Samkvæmt 6. mgr. ákvæðisins er heimilt að veita undanþágu frá greiðslum samkvæmt 1. mgr. að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Ljóst er af ákvæðinu að undanþága verður ekki veitt nema ráðstöfunarfé lánþega eða möguleikar hans til að afla tekna hafi skerst til muna eða tilteknar aðstæður valdi honum eða fjölskyldu hans verulegum fjárhagsörðugleikum.

Af framangreindu leiðir að Kreditkort hafði, að mati Persónuverndar, réttmæta ástæðu til að telja umrædda upplýsingabeiðni frá umboðsmanni skuldara geta skipt máli um mat á lánshæfi kvartanda gagnvart fyrirtækinu og vinnsluna því geta verið fyrirtækinu nauðsynlega vegna lögmætra hagsmuna sinna. Telst þá skilyrðum ákvæðis 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. vera fullnægt, enda liggur ekki fyrir að hagsmunir kvartanda hafi verið slíkir að grundvallarréttindi og frelsi hans hafi vegið þyngra í skilningi ákvæðisins.

3.

Um skyldu til að veita hinum skráða fræðslu við öflun persónuupplýsinga fer eftir 20. og 21. gr. laga nr. 77/2000. Fyrirnefnda ákvæðið gildir um þá fræðslu sem veita ber þegar persónuupplýsinga er aflað hjá hinum skráða sjálfum. Síðarnefnda ákvæðið gildir um það þegar upplýsinga um hinn skráða er aflað frá þriðja aðila. Í umræddu tilviki bárust Kreditkorti óumbeðnar upplýsingar frá umboðsmanni skuldara. Fyrirtækið hafði ekki frumkvæði að öflun þeirra og ekkert liggur fyrir um að þeim hafi verið ráðstafað, s.s. með miðlun til þriðja aðila. Verður því ekki talið að á fyrirtækinu hafi hvílt sjálfstæð fræðsluskylda samkvæmt framangreindum ákvæðum. Hins vegar ber því sem ábyrgðaraðila að verða við beiðnum um upplýsingar á grundvelli 18. gr. laganna.

4.

Mál þetta var rætt á fundi stjórnar Persónuverndar hinn 9. október 2012. Auk þess sem ákvörðun þessi var tekin var ákveðið að beina fyrirspurn til umboðsmanns skuldara um með hvaða hætti hann stendur að því að veita fræðslu til þeirra sem til hans leita um ráðgjöf.

Ákvörðunarrorð:

Kreditkorti hf. var heimilt að færa það í sínar skrár að umboðsmaður skuldara hefði óskað upplýsinga um stöðu A gagnvart fyrirtækinu.“

3.2.15. Upplýsingar um Íslendinga sem hafa ætlað að gifta sig erlendis – mál nr. 2012/941

Persónuvernd veitti innanríkisráðuneytinu álit um heimild þess til að afhenda Útlendingastofnun vottorð sem það hefur gefið íslenskum ríkisborgurum sem hafa ætlað utan til að gifta sig. Í álitinu segir m.a. að að því marki sem þessi vottorð séu Útlendingastofnun nauðsynleg til að geta framfylgt lögum um dvalarleyfi samrýmist miðlunin reglum persónuverndarlaga.

Álitið er svohljóðandi:

I.

Persónuvernd vísar til erindis innanríkisráðuneytisins frá 16. ágúst 2012 þar sem óskað er álits Persónuverndar á því að ráðuneytið afhendi upplýsingar um íslenska ríkisborgara sem farið hafa utan til að gifta sig. Í erindi ráðuneytisins segir: „Ráðuneytinu hefur borist neðangreind beiðni frá Útlendingastofnun um aðgang að upplýsingum í ráðuneytinu. Um er að ræða upplýsingar um íslenska ríkisborgara sem fara [utan] til þess að gifta sig, en í þeim tilvikum gefur ráðuneytið yfirlýsingu um að það sé ekkert því til fyrirstöðu að viðkomandi gangi í hjónaband í viðkomandi landi. Í þeim tilvikum athugar ráðuneytið hvort viðkomandi er í hjúskap (en viðkomandi þarf að leggja fram vottorð frá Þjóðskrá um hjúskaparstöðu) og hvort viðkomandi hafi verið sviptur lögræði. Á umsóknareyðublaði kemur fram nafn einstaklings, nafn þess lands sem um ræðir og upplýsingar um þann sem viðkomandi ætlar að giftast.

Ráðuneytið óskar eftir áliti Persónuverndar um hvort ráðuneytinu sé heimilt að afhenda Útlendingastofnun umbeðnar upplýsingar.“

Framangreind beiðni Útlendingastofnunar er skýrð í erindi hennar til ráðuneytisins frá 20. júlí 2012. Þar segir m.a.:

„Við þurfum umræddar upplýsingar til að sjá hvort umsækjendur um dvalarleyfi hafi áður ætlað að ganga í hjúskap með öðrum íslenskum ríkisborgara eða hvort íslenskur ríkisborgari hafi áður ætlað að ganga í hjúskap með öðrum aðila frá [...]. Við höfum fengið nokkrar svona yfirlýsingar frá ráðuneytinu áður og sýndu þær í einhverjum tilvikum fram á að [...]. Slíkar upplýsingar skipta máli ef grunur er uppi um að hjúskapur sé til málamynda og öflun dvalarleyfis á grundvelli hjúskaparins væri því brot á útlendingalögum.

Við hyggjumst fyrst og fremst nota upplýsingarnar vegna umsókna sem eru í vinnslu hjá okkur núna og þá aðallega vegna nýrra umsókna. Komi hins vegar í ljós við skoðun gagna að einhver sem þegar hefur fengið dvalarleyfi hefur gefið rangar upplýsingar við umsókn um dvalarleyfi og þær upplýsingar hefðu getað haft áhrif við veitingu leyfis þá munum við skoða það.“

Með bréfi, dags. 20. september 2012, ítrekaði ráðuneytið framangreint erindi sitt og skýrði það jafnframt nánar. Í bréfi ráðuneytisins segir m.a.:

„Óskar Útlendingastofnun eftir upplýsingum um nafn þeirra íslensku ríkisborgara sem fengið hafa slíka yfirlýsingu hjá ráðuneytinu til að fara [utan] að gifta sig, upplýsingar um þá aðila sem viðkomandi ætluðu að giftast, þ.e. nafn og þjóðerni, auk upplýsinga um það land þar sem

hjónavígsla átti að fara fram.

Útlendingastofnun telur sig þurfa umræddar upplýsingar til að sjá hvort umsækjendur um dvalarleyfi hafi áður ætlað að ganga í hjúskap með öðrum íslenskum ríkisborgara eða hvort íslenskur ríkisborgari hafi áður ætlað að ganga í hjúskap með öðrum aðila frá tilteknu landi. Að mati stofnunarinnar skipta slíkar upplýsingar máli ef grunur er uppi um að hjúskapur sé til málamynda, en öflun dvalarleyfis á grundvelli hjúskaparins væri því brot á útlendingalögum. Útlendingastofnunin hyggst fyrst og fremst nota upplýsingarnar vegna umsókna sem eru í vinnslu hjá stofnuninni núna og þá aðallega vegna nýrra umsókna. Komi hins vegar í ljós við skoðun gagna að einhver, sem þegar hefur fengið dvalarleyfi, hafi gefið rangar upplýsingar við umsókn um dvalarleyfi og þær upplýsingar hefðu getað haft áhrif við veitingu leyfis þá mun stofnunin skoða það sérstaklega.“

II.

Samkvæmt lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga verður vinnsla slíkra upplýsinga ávallt að falla undir einhverja af heimildum 8. gr. laganna. Þegar um ræðir vinnslu persónuupplýsinga, sem fram fer á vegum stjórnvalda, geta einkum átt við 3., 5. og 6. tölul. 1. mgr., þess efnis að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil sé hún nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu, vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna eða við beitingu opinbers valds. Þá getur ákvæði 7. tölul. 1. mgr. átt við, þess efnis að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil sé hún nauðsynleg til að gæta lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða vegi þyngra.

Útlendingastofnun vill a) fá upplýsingar um hvort umsækjendur um dvalarleyfi hafi áður ætlað að ganga í hjúskap með öðrum íslenskum ríkisborgara eða b) hvort íslenskur ríkisborgari hafi áður ætlað að ganga í hjúskap erlendis með erlendum aðila. Við mat á því hvort innanríkisráðuneytinu sé það heimilt þarf að líta til þess hvert hlutverk Útlendingastofnunar er að lögum. Samkvæmt 3. mgr. 13. gr. laga fjallað í lögum nr. 96/2002 um útlendinga, stofnast réttur til dvalarleyfis ekki ef rökstuddur grunur er um að til hjúskapar eða sambúðar hafi verið stofnað í þeim tilgangi einum að afla dvalarleyfis og ekki er sýnt fram á annað með óyggjandi hætti. Þá er í 40. gr. mælt fyrir um að Útlendingastofnun svipti útlending dvalarleyfi þegar um málamyndagerninga samkvæmt framangreindu ákvæði 13. gr. er að ræða, sem og m.a. þegar útlendingur hefur vísitandi veitt rangar upplýsingar í tengslum við umsókn.

Um vinnslu persónuupplýsinga á vegum Útlendingastofnunar er fjallað í 55. gr. laga um útlendinga. Segir þar m.a. að Útlendingastofnun sé heimil vinnsla persónuupplýsinga að því marki sem hún teljist nauðsynleg við framkvæmd laganna. Að því marki sem nauðsynlegt sé til að tryggja að útlendingar dvelji og starfi löglega hér á landi sé heimilt við vinnslu persónuupplýsinga að samkeyra upplýsingar Útlendingastofnunar, Vinnuálastofnunar, lögreglu, skattýfirvalda og Þjóðskrár.

Auk framangreindra lagaákvæða ber að líta grunnkrafa 7. gr. laga nr. 77/2000, en þeim verður ávallt að vera fullnægt við vinnslu persónuupplýsinga. Þar er m.a. mælt fyrir um að þess skuli gætt við vinnslu persónuupplýsinga að þær séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga (1. tölul.); að þær skuli fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.); og að þær skuli vera nægilegar, videigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.).

Á grundvelli framangreindra ákvæða 8. og 9. gr. laga nr. 77/2000, sem og 55. gr. laga um útlendinga, er Útlendingastofnun heimil sú vinnsla persónuupplýsinga sem henni er nauðsynleg til að framfylgja ákvæðum um bann við málamyndahjónaböndum og sviptingu dvalarleyfa á þeim grundvelli. Að því marki, sem umrædd vottorð eru stofnuninni nauðsynleg í þessu skyni, eru því

ekki gerðar athugasemdir við að innanríkisráðuneytið afhendi henni vottorðin, enda samrýmist meðferð þeirra öllum kröfum 7. gr. laga nr. 77/2000.

Framangreint svar er leiðbeinandi, veitt í samræmi við 5. tölul. 3. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000, og felur ekki í sér bindandi úrlausn. Berist Persónuvernd kvörtun kann það mál að koma til úrskurðar.

3.2.16. Synjun um leyfi til að nota gögn úr gamalli rannsókn – mál nr. 2012/660

Persónuvernd hafnaði umsókn A um leyfi til að nýta sér gagnagrunn sem varð til við eldri rannsókn, sem hafði hlotið leyfi Persónuverndar árið 2006. Í leyfi vegna hennar hafði verið skilyrði um að gögn skyldu gerð ópersónugreinanleg eigi síðar en í febrúar 2008. Það hafði hvorki verið gert né verið gerður reki að því að tryggja lögmæti varðveislunnar. Því voru ekki forsendur til þess að líta svo á að um lögmætan gagnagrunn væri að ræða. Því var ekki unnt að veita umbeðið leyfi og var leyfisumsókn A þ.a.l. synjað.

Í niðurstöðum ákvörðunarinnar segir svo:

Mál þetta varðar umsókn um leyfi til að nýta rafræna skrá / gagnagrunn sem til varð við gerð rannsóknarinnar [R]. Hann hefur að geyma viðkvæmar persónuupplýsingar í skilningi laga nr. 77/2000. Ekki er um það deilt hvort upphafleg vinnsla (söfnun og skráning) persónuupplýsinga vegna þeirrar rannsóknar hafi verið lögmæt, en þann 20. febrúar 2006 veitti Persónuvernd leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna hennar.

Samkvæmt 1. mgr. 35. gr. laga nr. 77/2000 bindur Persónuvernd sín leyfi þeim skilyrðum, sem hún telur vera nauðsynleg hverju sinni, til að draga úr eða koma í veg fyrir hugsanlegt óhagræði hins skráða af vinnslunni. Ábyrgðaraðili vinnslu ber ábyrgð á því að haga allri vinnslu í samræmi við skilmála útgefins leyfis. Í því tilviki sem hér um ræðir var m.a. sett það skilyrði að gera skyldi öll rannsóknargögn ópersónugreinanleg eigi síðar en þegar leyfið rynni úr gildi, þ.e. hinn 20. febrúar 2008.

Með vísun til alls framangreinds, og þess að hvergi liggur fyrir að gerður hafi verið reki að því að afla samþykkis hinna skráðu, eða reyna með öðrum hætti að tryggja lögmæti vinnslunnar eftir 20. febrúar 2008, eru að mati Persónuverndar ekki forsendur til að þess að líta svo á að um lögmætan gagnagrunn sé að ræða. Þegar af þeirri ástæðu er ekki unnt að fallast á fyrirbyggjandi umsókn yðar um leyfi til að nýta hann.

Með vísun til 1. tölul. 3. mgr. 37. gr., og 1. mgr. 40. gr. laga nr. 77/2000, beinir Persónuvernd fyrirmælum til yðar um að eyða öllum rannsóknargögnum er hafa að geyma þær persónuupplýsingar um einstaklinga, sem til urðu við gerð rannsóknarinnar [R].

3.2.17. Synjað leyfis til aðgangs að upplýsingakerfi LSH – mál nr. 2012/990

Persónuvernd barst umsókn A um leyfi til aðgangs að sjúkraskrár LSH vegna upplýsingaverkefnis sem ber heitið R. Ekki var um að ræða ósk um gögn vegna afmarkaðrar rannsóknar, heldur um að mega fá persónuupplýsingar úr sjúkraskrár allra sem hefðu þegar komið, eða myndu koma, til A á tímabilinu 1967-2017. Þess var óskað að mega fá upplýsingar um hjartaáföll, heilaáföll, hjartabilun og beinbrot meðal þeirra. LSH sá sér ekki fært að heimila svo víðtækan aðgang að sjúkraskrár því einungis væri unnt að veita aðgang að sjúkraskrár, sem tengdust afmörkuðum klínískum rannsóknum. Þegar af þeirri ástæðu voru ekki forsendur til þess að Persónuvernd tæki afstöðu til erindis A og var leyfisumsókn hans því synjað.

3.2.18. Skráning á ólögráða búðarhnuþlurum – mál nr. 2012/324

Persónuvernd svaraði erindi Árborgar um viðbragðsáætlun vegna brota barna og ungmenna. Í

átætluninni var gert ráð fyrir að búðir myndu skrá nöfn og kennitölur barna/ungmenna sem talin væru hnupla úr búðum, og um viðbrögð þeirra og framkomu. Persónuvernd taldi ekki vera heimilt að búðir gerðu skrár um þessi börn. Hins vegar gæti þeim verið lögskilt að senda tilkynningar til barnaverndarnefndar.

3.2.19. Merkt umslög skattrannsóknarstjóra – mál nr. 2012/318

Persónuvernd lauk máli manns sem kvartaði yfir því að skattrannsóknarstjóri hefði notað merkt umslög við útsendingu bréfa sinna. Persónuvernd taldi ekki sýnt að í umræddu tilviki hefði persónuupplýsingum verið miðlað til óviðkomandi og var málið fellt niður.

Ákvörðun Persónuverndar er svohljóðandi:

1.

Með bréfi dags. 24. febrúar 2012 gerðuð þér athugasemdir við að skattrannsóknarstjóri noti merkt umslög við útsendingu bréfa. Þar segir m.a.: „Athugasemdir mínar lúta að því að öll bréf/skýrslur sem mér hafa borist frá embætti skattrannsóknarstjóra á tímabilinu hafa verið send í umslögum kyrfilega merkt embættinu að utan að mestu leyti í almennum pósti. Ég tel að með þessum merkingum sé verið að brjóta á mér og öðrum sem kunna að sæta rannsókn hjá embættinu, þar sem að starfsemin er þess eðlis að það sé nógu íþyngjandi að sæta rannsókn þó ekki sé verið að auglýsa það rækilega með merktum gögnum og þar með hugsanlega brjóta þagnarskyldu embættisins. Þetta er ennþá verra að vera fyrir þegar svo kemur í ljós að rannsóknin var tilhæfulaus. [...]“

Með bréfi, 27. apríl 2012, gaf Persónuvernd skattrannsóknarstjóra kost á að tjá sig um málið. Hann gerði það með bréfi, dags. 9. maí 2012. Þar segir m.a.:

„[...] Alkunna er að opinberar stofnanir auðkenni bréfsefni sín, þ. á m. umslög. Hefur það lengi tíðkast og litið svo á, að það sé eðlilegur þáttur í rækslu starfseminnar. Á það sama við um bréfsefni skattrannsóknarstjóra ríkisins.“

Tilgangurinn með auðkenningu umslaganna er að auðvelda endursendingu þeirra, ef þeim er ekki veitt móttaka á ætluðum móttökustað. Til að tryggja enn frekar að móttakandi fái umslagðið með bréfi eða skýrslu í, getur umslag verið sent með ábyrgðarbréfi, þó að það sé ekki skylt samkvæmt skattalögum og reglugerðum nema í undantekningartilvikum.

Þagnarskylduákvæði laga er tekur til starfsemi skattrannsóknarstjóra ríkisins og starfsmanna hans er einkum í 117. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Verður ekki séð að ofangreindur háttur við merkingar bréfsefnis brjóti á nokkurn hátt gegn því ákvæði. Í þessu sambandi er jafnframt ástæða til að vísa til ákvæða um póstleynd í XV. kafla laga nr. 19/2002, um pósthjónustu, þar sem þagnarskylda starfsmanna pósthjónustunnar er áréttuð.“

Með bréfi, dags. 16. maí 2012, var yður gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum en engin svör bárust.

2.

Lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga, sem og um handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna. Af því má ráða að gildissvið laganna er rúmt. Það tekur m.a. mið af skýringu á hugtakinu „persónuupplýsingar“ - en með því er átt við sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, sbr. 1. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Í frumvarpsathugasemdum við þá grein segir m.a. þetta:

„Hugtakið persónuupplýsingar er víðfeðmt og tekur til allra upplýsinga, álita og umsagna sem beint eða óbeint má tengja tilteknum einstaklingi, þ.e. upplýsingar sem eru persónugreindar eða persónugreinanlegar. Hugtakið ber að skilja með hliðsjón af ákvæði 1. gr., en í því felst að upp

geta komið tilvik þar sem unnið er með upplýsingar sem eru, samkvæmt orðanna hljóðan, persónuupplýsingar en þó ekki þess eðlis að standa þurfi um þær vörð á grundvelli sjónarmiða um persónuvernd og friðhelgi einkalífs.“ (Sjá Alþt. 1999-2000, A-deild, bls. 2713-2714.)

Þannig þarf við túlkun og beitingu laganna að taka mið af markmiði þeirra, eins og það er afmarkað í 1. gr. þeirra. Þar segir að það sé að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs og að tryggja áreiðanleika og gæði slíkra upplýsinga.

Með vísun til framangreinds, og með vísun til þeirra skýringa sem fram koma í bréfi skattranssóknarstjóra, dags. 9. maí 2012, og þess að ekki liggur fyrir að hann hafi miðlað til þriðja aðila upplýsingum um einkamálefni yðar, þykja ekki vera, að svo stöddu, efni til að aðhafast frekar í málinu.

3.2.20. Miðlun lista frá umboðsmanni skuldara – mál nr. 2011/674

Lífeyrissjóður benti Persónuvernd á að persónuupplýsingum hefði verið miðlað til sín frá umboðsmanni skuldara. Á listanum voru nöfn, heimilisföng og kennitölur 1.717 einstaklinga og 798 para sem höfðu óskað greiðsluaðlögunar. Listinn hafði jafnframt verið sendur til ýmissa annarra lífeyrissjóða og til starfsmanna Landspítalans.

Embætti umboðsmanns skuldara gaf eftirfarandi skýringar á því hvers vegna það taldi sér vera heimilt að miðla umræddum persónuupplýsingum til lífeyrissjóða með þeim hætti sem gert var:

- Að hinir skráðu hafi aðeins verið tilgreindir með nafni, kennitölu og heimilisfangi en engar frekari upplýsingar hafi komið fram, s.s. um hvort þeir væru skjólstaðingar stofnunarinnar.
- Fyrir hafi legið skriflegt samþykki umsækjenda um greiðsluaðlögun.
- Viðtakendur upplýsinganna hafi verið þagnarskyldir.
- Um hafi verið að ræða miðlun upplýsinga sem þegar voru orðnar opinberar, enda birtist nöfn umsækjenda um greiðsluaðlögun í Lögbirtingablaðinu.

Persónuvernd taldi umboðsmann skuldara skorta heimild til slíkrar miðlunar, veitti honum leiðsögn um Öryggisráðstafanir og gaf honum fyrirmæli um að útbúa skriflega lýsingu Öryggiskerfi embættisins.

Nánar segir í niðurstöðum ákvörðunar Persónuverndar:

„Af tilefni framangreindra skýringa er bent á að við mat á heimildum stjórnvalda til að miðla persónuupplýsingum til óviðkomandi skiptir máli hvort um sé að ræða upplýsingar sem almenningi er heimill aðgangur að grundvelli upplýsingalaga nr. 50/1996. Samkvæmt 5. gr. þeirra er óheimilt að veita almenningi aðgang að gögnum um einka- eða fjárbagsmálefni einstaklinga sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari, nema sá samþykki sem í hlut á. Hér er ekki aðeins átt við gögn þar sem slíkar upplýsingar koma beinlínis fram heldur einnig þær, sem í tengslum við aðrar upplýsingar, afhjúpa atriði sem falla undir 5. gr. Þegar litið er til samhengis þeirra lista sem umboðsmaður skuldara sendi út, og efnis tölvubréfanna, er ljóst að hér var um slíkar upplýsingar að ræða.

Embætti umboðsmanns hefur í öðru lagi vísað til þess að umsækjendur um greiðsluaðlögun hafi skrifað undir „svokallað samþykki“ fyrir gagnaöflun. Það er mat Persónuverndar að hér sé efnislega ekki um að ræða skýr samþykki fyrir slíkri miðlun sem mál þetta varðar heldur fræðslu, í skilningi 21. gr. laga nr. 77/2000, um að afla verði upplýsinga um viðkomandi, þ.e. upplýsinga sem umboðsmaður telji skipta máli varðandi tekjur, gjöld, skuldir og eignir.

Í þriðja lagi hefur verið vísað til þess að þeir sem fengu upplýsingarnar hafi verið þagnarskyldir. Hins vegar verður almennt verður ekki talið að slík þagnarskylda viðtakanda leiði til þess að miðlun, sem ella væri óheimil, teljist vera heimil.

Loks hefur verið vísað til þess að umræddar upplýsingar hafi þegar verið birtar opinberlega. Þegar upplýsingar hafa verið gerðar opinberar á löglegan hátt, hætta þær að vera háðar þagnarskyldu frá og með slíkri birtingu. Ef hins vegar er um að ræða persónuupplýsingar, sem falla undir lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, þarf engu að síður áfram að uppfylla eitthvert af ákvæðum þeirra til að miðla megi þeim til þriðju aðila, en ákvæði 8. og 9. gr. laga nr. 77/2000 fela í reynd í sér lagaáskilnaðarreglu á þessu sviði. Hafi stjórnvald skort lagaheimild til miðlunar persónuupplýsinga hefur hún verið þar af leiðandi verið því óheimil.

3.

Kemur þá til skoðunar hvort umboðsmanni skuldara hafi, hinn 17. maí 2011, verið heimilt að miðla persónuupplýsingum um nöfn, heimilisföng og kennitölur 1.717 einstaklinga og 798 para, sem höfðu sótt um greiðsluaðlögun, til Festu lífeyrissjóðs, Landspítalans, Gildis – lífeyrissjóðs, Landssambands lífeyrissjóða og Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga.

Öll vinnsla persónuupplýsinga þarf að uppfylla eitthvert af skilyrðum 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000. Í 6. tölul. hennar er ákvæði um vinnslu persónuupplýsinga sem er nauðsynleg til að rækja verkefni, sem heyrir undir stjórnsluvald, sem ábyrgðaraðili eða þriðji maður, sem upplýsingum er miðlað til, fer með. Segir að heimil sé vinnsla sem „sé nauðsynleg við beitingu opinbers valds sem ábyrgðaraðili, eða þriðji maður sem upplýsingum er miðlað til, fer með“. Undir þennan tölulíð fellur m.a. sú vinnsla persónuupplýsinga sem er nauðsynleg fyrir töku stjórnvaldsákvæðana og einnig sú sem er liður í lögmætri stjórnslu.

Embætti umboðsmanns skuldara tekur m.a. ákvæðanir um hvort veita skuli mönnum heimildir til að leita greiðsluaðlögunar. Slíkar ákvæðanir eru stjórnvaldsákvæðanir og því getur vinnsla vegna þeirra fallið hér undir. Eftir að slík ákvörðun hefur verið tekin skipar umboðsmaður svonefndan umsjónarmann með greiðsluaðlögun. Samkvæmt 16. gr. laga nr. 101/2010, um greiðsluaðlögun einstaklinga, hefur umsjónarmaður það hlutverk að gera, í samráði við skuldara, drög að samningi milli skuldarans og kröfuhafa - þ.e. drög að samningi um greiðsluaðlögun. Samkvæmt 9. gr. laganna geta umsjónarmenn ýmist verið starfsmenn stofnunar umboðsmanns skuldara eða lögmenn sem hann ræður til verksins. Í báðum tilvikum fer um starfið að lögum nr. 101/2010. Að því marki sem þeir starfa á vegum og á ábyrgð umboðsmanns skuldara getur sú vinnsla sem tengist störfum þeirra þá einnig stuðst við 6. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000.

4.

Öll vinnsla persónuupplýsinga verður einnig að samrýmast grunnkröfum 7. gr. laganna, þ. á m. kröfu 3. tölul. um að ekki sé gengið lengra í vinnslu en nauðsynlegt er miðað við tilgang hennar. Vinnslan þarf m.ö.o. að vera í réttu hlutfalli við tilganginn. Embætti umboðsmanns skuldara hefur lýst því yfir að það hafi þurft að fá upplýsingar um hvort menn hafi sótt um svokallaða 110% leið, en margir hafi gert það án þess að láta embættið, eða eftir atvikum umsjónarmann í þess þjónustu, vita af því. Heildarfjárhæð eftirstandandi skulda hafi mikil áhrif á efni samninga um greiðsluaðlögun og sé því mikilvæg.

Persónuvernd dregur framangreint ekki í efa. Hins vegar þarf öll vinnsla stjórnvalda á persónuupplýsingum einnig að vera með lögmætum hætti. Það á m.a. við um miðlun þeirra. Lög nr. 101/2010, um greiðsluaðlögun einstaklinga, hafa að geyma rúmar heimildir til gagnaöflunar um þá sem æskja greiðsluaðlögunar. Í 5. gr. þeirra er ákvæði um gagnaöflun áður en slík ákvörðun er tekin. Það hljóðar svo

„Umboðsmaður skuldara skal ganga úr skugga um að í umsókn skuldara komi fram allar nauðsynlegar upplýsingar og getur hann ef þörf krefur krafist þess að skuldari staðfesti upplýsingarnar með skriflegum gögnum.

Umboðsmaður skuldara skal auk þess afla frekari upplýsinga sem hann telur geta skipt máli varðandi skuldir, eignir, tekjur og framferði skuldara, áður en hann tekur ákvörðun um hvort veita skuli heimild til að leita greiðsluaðlögunar. Komi til þess skal veita skuldara fræðslu í samræmi við ákvæði 21. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, um fræðsluskyldu ábyrgðaraðila þegar upplýsinga er aflað frá öðrum en hinum skráða. Ef þörf krefur er umboðsmanni skuldara heimilt að kalla skuldara eða aðra sem málið varðar á sinn fund til að afla upplýsinganna.“

Í 10. gr. laga nr. 101/2010 er afmarkað með hvaða hætti standa skuli að gagnaöflun síðar, þ.e. eftir upphaf greiðsluaðlögunarumleitana. Þar segir að gagna skuli afla með eftirfarandi hætti:

„Umsjónarmaður skal tafarlaust eftir skipun sína gefa út og fá birta tvívegis í Lögbirtingablaði innköllun þar sem skorað er á þá, sem telja sig eiga kröfur á hendur skuldaránnum, að lýsa kröfum fyrir umsjónarmanni innan fjögurra vikna frá því að innköllunin birtist fyrri sinni.

Nú nýtur lánardrottinn veðréttar eða ábyrgðar annars aðila fyrir kröfum á hendur skuldaránnum án þess að veðið eða ábyrgðin taki til ákveðinnar skuldar, og skal þá lánardrottinn tiltaka í kröfuflytingu hvaða skuld eigi þar undir.

Vanlýst krafa skal falla undir greiðsluaðlögunina, en viðkomandi kröfuhafa er þá ekki heimilt að hafa afskipti af greiðsluaðlögunarumleitunum.

Þeim kröfuhöfum sem vitað er um, þar á meðal ábyrgðarmönnum og samskuldurum skuldara, skal kunnbert að greiðsluaðlögunarumleitarnir séu hafnar með því að umsjónarmaður sendir þeim afrit af innkölluninni. Þar skal einnig upplýst hvaða kröfur skuldari hefur gefið upp að viðkomandi kröfuhafar eigi og tilkynna þeim um frestun greiðslna skv. 11. gr.“

Geta má þess að um forstöðumann embættis umboðsmanns skuldara gilda sérstök lög. Þau eru nr. 100/2000, en þau hafa ekki að geyma efnislega aðrar heimildir en að framan greinir, s.s. til miðlunar upplýsinga um einstaklinga. Í 3. gr. þeirra er ákvæði um rétt til að krefja *stjórnvöld* um allar þær upplýsingar sem umboðsmaður telur nauðsynlegar til að geta sinnt hlutverki sínu. Hann má einnig afla upplýsinga frá fyrirtækjum og samtökum ef þær eru nauðsynlegar að mati stofnunarinnar til að hún geti sinnt hlutverki sínu.

Í tilvitnuðum ákvæðum er því þannig skýrt lýst með hvaða hætti afla má persónuupplýsinga um þá einstaklinga sem óskað hafa greiðsluaðlögunar. Samkvæmt þeim hefði t.d. mátt senda fyrirspurnir til hvers lífeyrissjóðs um sjóðfélaga þess sjóðs – eins og vikið er að í bréfi umboðsmanns, dags. 17. nóvember 2011.

Í lögunum er hins vegar ekki gert ráð fyrir því að embættið sendi slíka lista sem hér um ræðir til allra aðila sem hugsanlega kunni að búa yfir upplýsingum um einstaklingana. Verður því ekki séð að slík miðlun hafi verið *lögmat* í skilningi 1. tölul. 1. mgr. 7. gr. Það breytir því ekki hvort að með henni hafi mátt flýta fyrir framkvæmd á samkomulagi lánveitenda á íbúðalánamarkaði um niðurfærslu veðskulda að 110% af verðmæti.“

3.2.21. Framvísun umboðs hjá sýslumanni – mál nr. 2012/367

A kvartaði til Persónuverndar yfir því að sýslumaðurinn í Reykjavík hefði miðlað upplýsingum um sig og barn sitt til óviðkomandi þriðja aðila. Ekki lá fyrir að sá aðili hefði framvísað umboði. Persónuvernd lagði fyrir sýslumann að gæta þess jafnan að umboðsmenn aðila hefðu skrifleg umboð til erindisreksturs, ef því væri að skipta.

3.2.22. Upplýsingar um fermingarbarn – mál nr. 2012/576

Persónuvernd barst kvörtun frá einstaklingi yfir því að Garðasókn hefði miðlað persónuupplýsingum um fermingarbarn til markaðsdeildar Smáralindar. Rannsókn Persónuverndar leiddi atvik máls ekki í ljós með óyggjandi hætti og stæði þar orð gegn orði. Var málið því fellt niður.

3.2.23. Kvörtun yfir söfnun persónuupplýsinga hjá Velferðarsviði – mál nr. 2011/1047

Kvartað var til Persónuverndar yfir söfnun persónuupplýsinga hjá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Kvartandi taldi borgina hafa safnað of ítarlegum upplýsingum. Athugun Persónuverndar leiddi ekki í ljós að það hafi verið gert og var málið því fellt niður. Hins vegar var lagt fyrir Reykjavíkurborg að nota umrætt tilefni til að fara yfir starfsreglur sínar um meðferð trúnaðarupplýsinga.

3.2.24. Krafa um eyðingu rangra upplýsinga hjá lögreglu – mál nr. 2012/129

Kvörtun barst til Persónuverndar yfir því að lögregla varðveitti rangar persónuupplýsingar um kvartanda, þ.e. um kæru fyrir meinta líkamsárás. Persónuvernd taldi ekki liggja fyrir að um rangar upplýsingar væri að ræða og því stæðu ekki lagaskilyrði til þess að mæla fyrir um eyðingu þeirra.

3.2.25. Sending bréfpósts frá Heilbrigðisstofnun Austurlands – mál nr. 2012/489

Einstaklingur kvartaði yfir því að heilbrigðisstofnun hefði sent sjúkraskrárupplýsingar um sig með almennum bréfpósti en ekki ábyrgðarpósti. Þar sem stofnunin var ekki talin hafa viðhaft nægar öryggisráðstafanir voru henni gefin fyrirmæli um að viðhafa slíkar ráðstafanir eftirleidis.

Í niðurstöðum ákvörðunarinnar segir:

1.

Efnislegt gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, og þar með valdsvið Persónuverndar, nær til vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. og 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við það ákvæði í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu. Með vísun til framangreinds er ljóst að hér er um að ræða meðferð persónuupplýsinga sem falla undir lög nr. 77/2000 og þ.a.l. valdsvið Persónuverndar.

2.

Hugtakið ábyrgðaraðili er skilgreint í 4. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000 sem sá aðili sem ákveður tilgang vinnslu persónuupplýsinga, þann búnað sem notaður er, aðferð við vinnsluna og aðra ráðstöfun upplýsinganna. Þá er hugtakið ábyrgðaraðili sjúkraskrár skilgreint í 12. tölul. 3. gr. laga nr. 55/2009 sem heilbrigðisstofnun eða starfsstofa heilbrigðisstarfsmanna þar sem sjúkraskrár eru færðar. Samkvæmt framangreindu er HSA því ábyrgðaraðili þeirra sjúkraskráa sem hér um ræðir.

3.

Við vinnslu persónuupplýsinga ber m.a. að fara að grunnkröfum 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000, þar sem m.a. segir í 1. tölul. ákvæðisins að við meðferð persónuupplýsinga skuli þess gætt að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga. Þá segir í 1. mgr. 11. gr. að ábyrgðaraðili skuli gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar gegn ólöglegri eyðileggingu, gegn því að þær glatist eða breytist fyrir slysi og gegn óleyfilegum aðgangi. Samkvæmt 2. mgr. 11. gr. skal beita skuli ráðstöfunum sem tryggja nægilegt öryggi miðað við áhættu af vinnslunni og eðli þeirra gagna sem verja á, með hliðsjón af nýjustu tækni og kostnaði við framkvæmd þeirra.

Í 4. gr. reglna Persónuverndar nr. 299/2001, eru einnig ákvæði um öryggi persónuupplýsinga. Þar segir að ábyrgðaraðili skuli gera viðeigandi öryggisráðstafanir til að tryggja nægilegt öryggi og vernda persónuupplýsingar m.a. gegn því að þær glatist. Við val öryggisráðstafana skuli taka mið af áhættu af vinnslunni og eðli þeirra gagna sem verja á. Skuli þær tryggja nægilegt öryggi með hliðsjón af nýjustu tækni og kostnaði við framkvæmd þeirra.

Með hliðsjón af framangreindu, og viðkvæmu eðli sjúkraskráa, þarf að gæta öryggisráðstafana þegar þær eru sendar milli aðila. Meðal slíkra ráðstafana er sú að senda þær með ábyrgðarpósti, en með því má auka öryggi sendinga verulega. Fyrir liggur að það var ekki gert í því tilviki sem hér um ræðir. Þá hefur ekkert komið fram um að aðrar viðhlítandi ráðstafanir hafi verið viðhafðar. Verður því ekki talið að viðhlítandi öryggis hafi verið gætt í því tilviki sem málið varðar.

Með vísan til 1. tölul. 3. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000 er hér með lagt fyrir HSA að nota umrætt tilefni til þess að fara yfir starfsreglur sínar um meðferð trúnaðarupplýsinga - þ. á m. við lögmæta sendingu viðkvæmra persónuupplýsinga úr sjúkraskrá - með forstöðumönnum og lykilstarfsmönnum stofnunarinnar.

3.2.26. Flutningur persónuupplýsinga úr landi – mál nr. 2010/1079

Persónuvernd veitti leiðbeinandi svar um flutning persónuupplýsinga til Bandaríkjanna. Um er að ræða vinnslu vegna s.k. siðferðislínu og flutning upplýsinga frá Alcoa Fjarðaáli sf. til Alcoa Inc. í Bandaríkjunum. Fyrir liggur að það fyrirtæki, og aðrir vinnsluaðilar þar, eru á lista yfir öruggar hafnir hjá bandaríska viðskiptaráðuneytinu og hafa skuldbundið sig til að hlíta reglum þess um friðhelgi einkalífs. Persónuvernd veitti m.a. leiðsögn um hvernig haga skuli fræðslu um vinnsluna.

Svarið er svohljóðandi:

1.

Þann 24. nóvember 2010 barst Persónuvernd tilkynning frá Alcoa Fjarðaáli sf. um vinnslu persónuupplýsinga með s.k. siðferðislínu. Í tilkynningunni kom fram að siðferðislínan væri hugsuð sem leið fyrir starfsfólk til að tilkynna nafnlaust um áhyggjuefni eða möguleg lögbrot eða brot á reglum fyrirtækisins. Þá kom jafnframt fram að persónuupplýsingar yrði fluttar til vinnsluaðila í Bandaríkjunum og í Sviss.

Með bréfum, dags. 6. janúar og 15. og 25. mars og 5. maí 2011 óskaði Persónuvernd eftir skýringum. Í svörum Alcoa Fjarðaáls, dags. 11. og 16. maí 2011, kom fram að framangreindir vinnsluaðilar væru öruggar hafnir. Þann 22. júní 2011 óskaði Persónuvernd nánari svara. Meðal annars um á hvaða heimild í 1. mgr. 8. gr. og 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, umrædd vinnsla Alcoa Fjarðaáls sf. byggðist og um hina erlendu vinnsluaðila. Þá var spurt hvernig upplýsingaréttur yrði tryggður.

2.

Svör bárust með bréfi lögmanns Alcoa Fjarðaáls sf., dags. 29. mars 2012. Þar segir að sérstakur samningur hafi verið gerður milli Alcoa Fjarðaáls sf. og Alcoa Inc. hinn 31. desember 2010. Með bréfinu fylgdu og afrit samnings Alcoa Inc við Ethics point, dags. 29. október 2010, og Ethics Points við viaLANGUAGE, dags. 28. febrúar 2006. Þá liggur nú fyrir í tölvubréfi lögmannsins, dags. 3. júlí sl., að upplýsingum muni ekki verða miðlað til Sviss fyrr en síðar.

Í bréfi lögmannsins, dags. 29. mars sl., segir m.a. þetta:

„Með því að nota siðferðislínuna þegar við á til þess að tilkynna eða leita ráðgjafar um áhyggjuefni er mögulegt að vernda starfsfólk, viðskiptavini, birgja og félagið sjálft gegn refsiverðri háttsemi, misferli eða annarri óæskilegri háttsemi í starfsemi félagsins. Markmiðið að baki siðferðislínunni er að tryggja að upplýsingar varðandi mögulega refsiverða háttsemi, misferli eða aðra óæskilega háttsemi í starfsemi félagsins verði meðhöndlaðar hratt og örugglega í fyllsta trúnaði af réttum aðilum innan félagsins. Þegar tilkynnt er um mögulega refsiverða háttsemi,

misferli eða aðra óæskilega háttsemi í starfsemi félagsins eða þegar leitað er ráðgjafar vegna tiltekins áhyggjuefnis má almennt ætla að viðkomandi styðjist við hefðbundnar samskiptaleiðir, s.s. með því að leita beint til yfirmanns, vinnuteymis eða annarra starfsmanna innan félagsins, t.d. starfsmannahalds. Notkun siðferðislínunnar á því einkum við þegar:

a. Viðkomandi telur hefðbundnar samskiptaleiðir ekki hafa skilað viðunandi árangri.

b. Viðkomandi þykir óþægilegt að nota venjulegar samskiptaleiðir.

c. Viðkomandi grunar að refsiverð háttsemi, misferli eða önnur óæskileg háttsemi sé til staðar í starfsemi félagsins, en er ekki meðvitaður um alla málavexti (með eftirfarandi rannsókn er þá reynt að staðreyna þær upplýsingar).

d. Viðkomandi telur þörf nánari útskýringa eða ráðgjafar til þess að leggja mat á nauðsyn frekari ráðstafana.

Alcoa telur nauðsynlegt að halda úti siðferðislínunni m.a. í því skyni að tryggja frekar trúverðugleika félagsins og ábyrgð þess í viðskiptum og gagnvart samfélaginu í heild sinni.

[...]

Alcoa Inc. hefur gert samning við félagið Ethics Point Inc. um þjónustu vegna siðferðislínunnar [dags. 29. október 2010 (EthicsPoint, Inc. - Services Agreement)]. Ethics Point annast þannig í trúnaði allar tilkynningar í gegnum siðferðislínuna. Ethics Point framkvæmir ekki sjálfstæða rannsókn á grundvelli tilkynninganna, heldur tekur félagið á móti upplýsingunum og skilar skýrslu um þær til svæðisfulltrúa þeirrar deildar innan Alcoa, sem annast siðareglur og regluglufni. Sú deild sendir upplýsingarnar til rannsóknar, almennt til þeirrar einingar innan Alcoa sem upplýsingarnar varða. Taka ber fram að bæði Alcoa Inc. sem og Ethics Point eru svonefndar „öruggar hafnir“ (e. „Safe Harbor“), sbr. m.a. 2. gr. auglýsingar nr. 228/2010 um flutning persónuupplýsinga milli annarra landa, sbr. og V. kafla laga nr. 77/20000.

[...]

Ethics Point hefur gert upplýsingarmiðlunarsamning við viaLanguage, dags. 28. febrúar 2006, vegna þýðingarþjónustu þess síðarnefnda við hið fyrrnefnda (fskj.1). Í samningnum kemur m.a. fram að meðferð viaLanguage á persónuupplýsingum skuli vera í samræmi við persónuverndarreglur Ethics Point (e. „Privacy Policy“)

[...]

Sérstakur samningur um vinnslu persónuupplýsinga, m.a. í gegnum siðferðislínuna, hefur verið gerður milli Alcoa Inc. og [Alcoa Fjarðaáls] (fskj.4). Í samningnum segir m.a.:

„The Processor [Alcoa Inc.] undertakes [...] d) not to disclose or otherwise communicate the Data to any third party without the prior written consent of the Controller [Alcoa Fjarðaál sf.] unless such disclosure or communication is necessary to perform the Services. Such third party (affiliates, subsidiaries, agents, contractors...) shall be bound by equivalent confidentiality obligations as provided herein in 2.1 (a) and 2.1. (b), and shall be Safe Harbor certified or have the necessary measures in place in line with the Data Protection Directive 95/46/EB (as amended from time to time) to provide the necessary safe environment for the Data, in accordance with the Safe Harbor Onward Transfer Principle. Processor shall at all times keep control of the Data by limiting such processing to the minimum required to adequately provide the Services [...]“

[...]

Samkvæmt framangreindu má ljóst vera að félagið Ethics Point er vottað sem svokölluð „örugg

höfn (e. „Safe Harbor“) og skal vinnsla persónuupplýsinga í gegnum síðferðislinu umbjóðanda míns á grundvelli þjónustusamnings Alcoa Inc. og EthicsPoint Inc., vinnslusamnings Alcoa Inc. og umbjóðanda míns sem og samræmdu evrópsku verklagsreglnanna, vera í samræmi við meginreglur tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 95/46/EB og viðeigandi löggjöf aðildarríkja (í þessu tilviki löggjöf Íslands) sem og reglur um „öruggar hafnir“ (e. „Safe Harbor Principles“).

[...]

Líkt og áður sagði er markmiðið að baki síðferðislinu umbjóðanda míns að tryggja að upplýsingar varðandi mögulega refsiverða háttsemi, misferli eða aðra óæskilega háttsemi í starfsemi félagsins verði meðhöndlaðar hratt og örugglega í fyllsta trúnaði af réttum aðilum innan félagsins. Þá kemur það fram í ráðningarsamningum félagsins að starfsmenn skuldbindi sig til þess að virða gildi Alcoa og allar almennar reglur Alcoa Fjarðaáls, öryggisreglur sem og aðrar starfsmannareglur. Öllum starfsmönnum hafa verið kynnt umrædd gildi og reglur og þekkja þeir því til efni þeirra. Þá eru starfsmenn meðvitaðir um að gildin og reglurnar eru hluti ráðningarsamninga félagsins. Í ljósi hins yfirlýsta markmiðs upplýsingaöflunarinnar sem og efnis ráðningarsamninga félagsins telur umbjóðandi minn heimild 2. og 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 standa til vinnslu almennra persónuupplýsinga, en heimild í 7. tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna standa til vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga.

3.

Leiðsögn Persónuverndar

3.1.

Um flutning persónuupplýsinga til Bandaríkjanna

Samkvæmt 29. gr. laga nr. 77/2000 er heimill flutningur persónuupplýsinga til annars ríkis ef lög þess veita persónuupplýsingum fullnægjandi vernd. Ríki sem framfylgir tilskipun Evrópusambandsins 95/46/EB um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálst flæði slíkra upplýsinga telst fullnægja þeim skilyrðum. Sama á við um lönd eða staði sem Persónuvernd auglýsir í Stjórnartíðindum að virtum ákvörðunum framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins. Samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar, nr. 2000/520/EB, frá 26. júlí 2000, telst nægileg sú vernd sem veitt er í s.k. öruggum höfnum. Ákvörðunin nær til fyrirtækja sem fara að reglum viðskiptaráðuneytis Bandaríkjanna um öruggar hafnir fyrir friðhelgi einkalífsins. Hennar er getið í 2. gr. auglýsingar Persónuverndar nr. 228/2010 og er samkvæmt framangreindu heimilt að flytja upplýsingar til vinnsluaðila sem þar eru.

Vinnsluaðilinn Alcoa Inc. er á lista yfir öruggar hafnir („Safe Harbors“) og hefur skuldbundið sig til að fara að reglum bandaríska viðskiptaráðuneytisins um þær hafnir. Í vinnslusamningi Alcoa Fjarðaáls sf. við Alcoa Inc. kemur fram að Alcoa Inc. sé óheimilt að miðla upplýsingum til þriðja aðila nema með skriflegu samþykki ábyrgðaraðila, Alcoa Fjarðaáls, og slíkur þriðji aðili sé bundinn af sambærilegum trúnaðarskyldum og Alcoa Inc, vera örugg höfn eða hafa sett nauðsynlegar tryggingar. Samkvæmt reglum bandaríska viðskiptaráðuneytisins um öruggar hafnir er vinnsluaðilum heimil afhending persónuupplýsinga til annarra undirvinnsluaðila, ef þeir síðarnefndu koma fram sem umboðsaðilar fyrir þá fyrrnefndu og að undirvinnsluaðilar heiti því að framfylgja reglum um öruggar hafnir eða veita aðrar fullnægjandi tryggingar. Þar (http://export.gov/safeharbor/eu/eg_main_018476.asp) segir:

Onward Transfer (Transfers to Third Parties): To disclose information to a third party, organizations must apply the notice and choice principles. Where an organization wishes to transfer information to a third party that is acting as an agent, it may do so if it makes sure that the third party subscribes to the Safe Harbor Privacy Principles or is subject to the Directive or another adequacy finding. As an alternative, the organization can enter into a written agreement with such third party requiring that the third party provide at least the same level of privacy

protection as is required by the relevant principles.

Alcoa Inc. hefur gert samning við undirvinnsluaðilann Ethics Point Inc., dags. 31. desember 2010. Af fyrirbyggjandi gögnum verður ekki annað ráðið en að það hafi verið gert með heimild og samþykki ábyrgðaraðila, Alcoa Fjarðaáls sf. Ethics Point Inc. telst og vera örugg höfn. Ethics Point Inc. hefur gert samning við undirvinnsluaðilann via Language um þýðingarþjónustu, en sá er einnig slík höfn. Hafa því allir framangreindir vinnsluaðilar skuldbundið sig til að hlíta reglum bandaríska viðskiptaráðuneytisins um öruggar hafnir fyrir friðhelgi einkalífsins.

Í ljósi framangreinds getur flutningur persónuupplýsinga frá Alcoa Fjarðaáli sf. til Alcoa Inc. í Bandaríkjunum samrýmst 2. mgr. 29. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Með vísun til þess gerir Persónuvernd að svo stöddu hvorki athugasemd við flutning umræddra persónuupplýsinga þangað né þaðan til tilgreindra undirverktaka.

3.2.

Fræðsla um vinnslu persónuupplýsinga með siðferðislínu

Í fræðslubæklingi Alcoa Fjarðaáls sf., sem ber yfirskriftina „Símaþjónusta um siðareglur og reglufylgni“ er fræðsla um framkvæmd vinnslu og notkun siðferðislínunnar. Þar segir að „símaþjónusta um siðareglur og reglufylgni [sé] LEYNILEG leið fyrir alla starfsmenn til að tilkynna áhyggjur af grun um brot á lögum og stefnu Alcoa og þeim athöfnum sem ekki eru í samræmi við gildi og meginreglur Alcoa.“

Settar hafa verið samræmdar evrópskar verklagsreglur um vinnslu persónuupplýsinga í gegnum siðferðislínuna (Alcoa Ethics and Compliance Line („ECL“) Calls - European Handling Procedure), sem í eðli sínu eru starfs- og siðareglur, sbr. 27. gr. tilskipunar nr. 95/46/EB og 5. tölul. 3. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000. Samkvæmt ákvæði 3.I í þeim skal ekki hvetja til nafnleyndar. Í ákvæði 4.I segir að upplýsa beri notanda siðferðislínunnar um rétt sinn til trúnaðar en að þær persónuupplýsingar sem hann veiti í tilkynningu geti þó verið afhjúpaðar í þágu rannsóknar einstakra mála eða vegna ákvarðana yfirvalda. Þá segir í ákvæði 5.I að ábyrgðaraðila sé skylt að tilkynna hinum skráða um þá háttsemi sem honum sé gefin að sök, til hverra slíkum upplýsingum geti verið miðlað sem og um rétt hins skráða til aðgangs og leiðréttingar.

Persónuvernd leiðbeinir Alcoa Fjarðaáli sf. um að veita fræðslu í samræmi við 20. og 21. gr. laga nr. 77/2000 og haga henni með hliðsjón af framangreindum verklagsreglum.

3.3.

Að lokum er tekið fram að bréf þetta hefur að geyma leiðsögn en ekki efnislega úrlausn um lögmæti vinnslu persónuupplýsinga. Persónuvernd kann síðar að taka efnislega afstöðu þar að lútandi eftir atvikum vegna einstakra kvartana sem henni kunna að berast.

3.2.27. Spurningalisti spítala – mál nr. 2012/470

Persónuvernd lauk máli konu sem var ósátt við notkun spurningalista á LSH. Af svörum LSH mátti ráða að um var að ræða vinnslu vegna læknismeðferðar og að gripið hafi verið til ráðstafana til að bæta fræðslu til sjúklinga. Konan gerði ekki athugasemdir og var þá ákveðið að láta málið niður falla.

3.2.28. Notkun AIS-kerfis – mál nr. 2011/938

Persónuvernd barst kvörtun vegna s.k. AIS-kerfis sem er notað til að sýna staðsetningu skipa og báta. Notkun kerfisins byggir á ákvörðun innanríkisráðuneytisins, sbr. reglugerð nr. 672/2006. Persónuvernd komst að þeirri niðurstöðu að af 4. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2003 leiði að það falli í hlut innanríkisráðuneytisins að ákveða hvers konar búnaður sé notaður til að tilkynna um staðsetningu skipa og báta í þágu öryggis sæfarenda. Persónuvernd geti ekki haggð reglugerðarákvæðum sem ráðuneytið setji á þeim grundvelli. Álitafni um stjórnskipulegt gildi ákvæðanna, þ.e. hvort þau eigi sér næga lagastoð eða samrýmst mannréttindaákvæðum

stjórnarskrárinnar, heyri undir dómstóla. Málið var því fellt niður.

3.2.29. *Vinnsla heilsufarsupplýsinga um starfsmenn – mál nr. 2012/016*

Persónuvernd veitti Alcan á Íslandi hf. leiðbeiningar í tilefni af tilkynningu sem barst frá félaginu um vinnslu heilsufarsupplýsinga um starfsmenn fyrirtækisins. Benti stofnunin m.a. á að gera yrði vinnslusamning og líta til viðeigandi ákvæða í persónuverndarlögum kæmi til þess að heilsufarsupplýsingar yrðu fluttar út fyrir EES-svæðið. Í vissum tilvikum gæti þurft að afla leyfis Persónuverndar.

Leiðbeiningar Persónuverndar eru svohljóðandi:

I.

1.

Persónuvernd barst tilkynning frá Alcan á Íslandi hf. um vinnslu persónuupplýsinga um heilsufar starfsmanna fyrirtækisins. Tilkynningin var nr. S5540/2012. Af tilefni hennar óskaði Persónuvernd nánari upplýsinga frá félaginu um umrædda vinnslu. Í bréfi hennar, dags. 24. janúar 2012, segir m.a.: „Ef fyrirhugað er að byggja vinnslu framangreindra upplýsinga á samþykki starfsmanna óskar Persónuvernd eftir nánari upplýsingum um hvort aflað verði sérstaks og ótvíræðs samþykki fyrir þessari vinnslu.

Í tilkynningu yðar segir að upplýsingarnar verða fluttar úr landi. Hvert er fyrirhugað að flytja persónuupplýsingarnar og hvaða upplýsingar verða fluttar úr landi?

Í tilkynningu yðar segir að gögnin í sjúkraskrárkerfinu séu geymd á gagnagrunnsþjónum. Í hvaða landi eru framangreindir gagnagrunnsþjónar?“

2.

Í svarbréfi X, hrl., f.h. Alcan á Íslandi, dags. 8. febrúar 2012, segir m.a.: „[...]Þyggir vinnsla heilsufarsupplýsinga starfsmanna ISAL grundvallast fyrst og fremst á lagaskyldu [ISAL], sbr. 3. tl. 1. mgr. 8. gr. og 2. tl. 1. mgr. 9. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 („persónuverndarlaga“), sem og skyldu samkvæmt samningi aðila vinnumarkaðarins, sbr. 3. tl. 1. mgr. 9. gr. persónuverndarlaga. Jafnframt byggir vinnslan á 8. tl. 1. mgr. 9. gr. laganna, þ.e. hún er nauðsynleg vegna lækni meðferðar eða vegna venjubundinnar stjórnarsýslu á sviði heilbrigðisþjónustu, enda er hún framkvæmd af starfsmanni heilbrigðisþjónustunnar sem bundinn er þagnarskyldu.

Þess utan samþykkja starfsmenn með undirritun sinni á ráðningarsamning meðal annars að ráðningin sé háð niðurstöðu lækni skoðunar. Jafnframt samþykkja starfsmenn að framfylgja stefnu fyrirtækisins um áfengis- og vímuefnalausán vinnustað og verklagsreglu um áfengis- og vímuefnaskimanir sem fyrirtækið hefur sett til að tryggja öryggi starfsmanna. Til þess að fylgja eftir þessari stefnu fara fram með skipulögðum hætti áfengis- og vímuefnaskimanir á vinnustaðnum og samþykkir starfsmaðurinn að undirgangast slíkar skimanir, hvort sem þær eiga sér stað vegna gruns, atvika sem upp koma eða af handahófi.[...] Til hliðsjónar má nefna að á árinu 2003 var það niðurstaða Persónuverndar að ekki væri ástæða til að gera athugasemdir við það að fræðsla um að starfsmenn þyrftu að gangast undir lækni skoðun, þar sem meðal annars væri leitað eftir ólöglegum vímuefnum, væri veitt á umsóknareyðublöðum félagsins.[...]

ISAL ítrekar og leggur áherslu á að upplýsingarnar hafa ekki verið fluttar úr landi og mun enginn flutningur úr landi eiga sér stað nema að undangenginni heimild frá Persónuvernd. Ef og þegar að því kemur að ISAL hyggst flytja persónuupplýsingar úr landi vegna þessarar vinnslu verður sótt um leyfi frá Persónuvernd fyrir flutningnum áður en að honum kemur.

Rafræna sjúkraskrárkerfið Saga („Saga“), sem ISAL notast við, er einungis til staðar hjá ISAL og er ekki tengt neinu öðru sjúkraskrárkerfi á öðrum stöðum. Þannig er ekki um að ræða miðlægt sjúkraskrárkerfi á nokkurn hátt. Það sem ekki er vistað rafrænt í Sögu er vistað í skjalageymslu hjá

trúnaðarlæknum. Allt sem viðkemur heilsufarsupplýsingum starfsmanna ISAL er því vistað af trúnaðarlækni á þessum tveimur stöðum, þ.e. í Sögu eða á pappír í læstum skjalaskápum.

Gagnagrunnurinn fyrir Sögu er afritaður af TSM afritunarkerfi Símans, sem sér um alla tölvuþjónustu við ISAL. Einungis tveir starfsmenn hjá ISAL koma að tölvumálum en önnur tölvuþjónusta fer fram samkvæmt samningi við Símann. Allar upplýsingar eru vistaðar á gagnagrunnsþjónum á Íslandi.[...]

Til þess að uppfylla framangreinda [laga]skyldu sína hefur ISAL gert vinnslusamninga við tvo lækna og sinna þeir, og eftir atvikum hjúkrunarfræðingar sem starfa á þeirra vegum, heilsueftirliti fyrir félagið. Samkvæmt lögum um sjúkraskrár ber þeim læknum og hjúkrunarfræðingum að færa sjúkraskrár þeirra starfsmanna sem þeir sinna í starfi sínu fyrir ISAL. Ber þeim og að færa sjúkraskrár rafrænt eins og mögulegt er.

Það ber að hnykkja á því að öll vinnsla persónuupplýsinga starfsmanna ISAL fer eftir ströngum öryggisráðstöfunum varðandi aðgang að og meðferð persónuupplýsinga[...]. Er vinnslan í fullu samræmi við 7. gr. persónuverndarlaga.“

Þá er í framangreindu svarbréfi einkum vísað til ákvæða 67. gr., 2. mgr. 69. gr., 65. gr. og 65. gr. a laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980, 1. mgr. 4. gr. laga um sjúkraskrár nr. 55/2009, ákvæða 4.-6. gr. laga um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla nr. 19/1979, sem og ákvæðis 5.2 í kjarasamningi milli ISAL og verkalyðsfélags starfsmanna félagsins.

Með bréfi, dags. 9. mars 2012, óskaði Persónuvernd eftir afriti af umræddum kjarasamningi, og skýringum um hvort sá skilningur stofnunarinnar væri réttur að persónuupplýsingum yrði eytt að lokinni vinnslu þeirra og verði ekki fluttar úr landi. Þá óskaði Persónuvernd jafnframt eftir öryggis lýsingu ISAL, í samræmi við ákvæði 11. gr. laga nr. 77/2000 og reglna nr. 299/2001 um öryggi persónuupplýsinga.

Í svarbréfi X, hrl., f.h. Alcan á Íslandi hf., dags. 2. maí 2012, segir m.a.:

„Afrit af umræddum kjarasamningi er meðfylgjandi bréfi þessu.[...] Meðfylgjandi bréfi þessu er stefna ISAL um öryggi persónuupplýsinga auk verklagsreglna ISAL varðandi meðhöndlun, vinnslu og vistun heilsufarsupplýsinga. Hefur ISAL nýlega tekið framangreindar verklagsreglur til endurskoðunar og er um að ræða nýjustu útgáfu þeirra. Eru verklagsreglurnar sem stendur í yfirlestri hjá lækni vinnueftirlitsins og munu þær í kjölfarið fara til Landlæknisembættisins til yfirferðar. Gera þær ráð fyrir að heilsufarsupplýsingar verði sendar til heimilislæknis/heilsugæslu viðkomandi einstaklings til varðveislu við starfslok.

Þess ber að geta að núverandi fyrirkomulag felur það í sér að heilsufarsgögn á pappírformi eru send til varðveislu hjá Gagnageymslunni ehf., en sú meðhöndlun sem lýst er í meðfylgjandi verklagsreglum ISAL er sú meðhöndlun sem ISAL hyggst taka upp að fengnu samþykki frá Landlæknisembættinu. Gagnageymslan ehf. sérhæfir sig í geymslu gagna fyrir fyrirtæki og stofnanir. Hefur fyrirtækið yfir að ráða aðstöðu, tæknibúnaði og sérþekkingu sem þarf til varðveislu gagna. Skjalageymsla Gagnageymslunnar ehf. er í sérhönnuðu húsnæði og öll skjöl eru geymd í sérstökum kössum við rétt raka- og hitastig. Þá er skjalageymsla félagsins tengd öryggismiðstöð 24 tíma sólarhringsins allan ársins hring.

Varðandi eyðingu persónuupplýsinganna þá er rétt að skýra það nánar að um er að ræða heilsufarsupplýsingar en vinnsla þeirra felst m.a. í vistun þeirra í sjúkraskrá samkvæmt lögum, sbr. lög nr. 55/2009 um sjúkraskrár. Vísast hér til nokkuð ítarlegrar umfjöllunar um lagaskyldu til vinnslunnar í bréfi undirritaðrar til Persónuverndar dags. 8. febrúar 2012. Almennt er það svo að heilsufarsupplýsingum í sjúkraskrá er ekki eytt að vinnslu lokinni því í raun má segja að vinnslunni (þ.e. skráningu heilsufarsupplýsinga) ljúki ekki fyrr en við andlát viðkomandi

einstaklings.

Þessu til stuðnings vísast til 8. gr. laga nr. 55/2009 um sjúkraskrár sem kveður á um að sjúkraskrár skuli varðveittar með öruggum hætti þannig að sjúkraskrárupplýsingar glatist ekki og að þær séu aðgengilegar í samræmi við ákvæði IV. kafla laganna, sem fjallar nánar um aðgang að sjúkraskrá. Þá ber jafnframt að líta til þess að í 11. gr. laganna, þar sem kveðið er á um tímalengd vörslu, er tekið fram að sjúkraskrár skuli varðveita í sjúkraskrárkerfi heilbrigðisstofnana og starfsstofa heilbrigðisstarfsmanna. Þá er gert ráð fyrir afhendingu sjúkraskráa til Þjóðskjalasafns Íslands, sem fer í kjölfarið með varðveislu þeirra, aðgang að þeim og eftir atvikum eyðingu þeirra, í samræmi við ákvæði laga um Þjóðskjalasafn Íslands.

Hefur ISAL hingað til ekki eytt neinum heilsufarsupplýsingum starfsmanna en þær hafa verið sendar til varðveislu við starfslok, sbr. umfjöllun hér að framan. Varðandi varðveislu heilsufarsupplýsinga vísast til þessa, sem og til meðfylgjandi stefnu ISAL um öryggi persónuupplýsinga og verklagsreglna. Telur ISAL ljóst að meðferð félagsins á þeim upplýsingum sé í samræmi við ákvæði laga nr. 77/2000 sem og laga nr. 55/2009. Þá ber að taka það fram að hinar nýju verklagsreglur ISAL gera ráð fyrir því að félagið eyði öllum heilsufarsupplýsingum um fyrrverandi starfsmenn, eftir að þær hafa verið fluttar til heimilislæknis/heilsugæslu viðkomandi[...].

Þess ber að geta að sú vinnsla persónuupplýsinga sem hér um ræðir stendur ekki í beinum tengslum við hugsanlegan flutning upplýsinganna úr landi. Sú vinnsla persónuupplýsinga sem fram fer hjá ISAL er vinnsla sem félaginu ber skylda til að framkvæma, algjörlega óháð hvers konar flutningi á þeim upplýsingum í framtíðinni.[...] ISAL vill þó taka fram og ítreka að upplýsingarnar hafa ekki og verða ekki með nokkrum hætti fluttar úr landi nema að undangenginni heimild frá Persónuvernd.“

Í ákvæði 5.2 í þeim kjarasamningi sem lögmaðurinn vísar til, um kaup og kjör starfsmanna við álverið í Straumsvík, segir m.a.:

„Heilsufarseftirlit á vegum ISAL skal fara fram sem hér segir:

Starfsmenn eru boðaðir í reglubundið heilsufarseftirlit samkvæmt gildandi lögum og heilbrigðiskröfum fyrirtækisins hverju sinni. Varsla heilsufarsupplýsinga fer samkvæmt lögum um meðferð persónuupplýsinga.

Fyrirtækinu ber að fara eftir þeim íslensku lögum sem gilda hverju sinni um heilsufarseftirlit starfsmanna.

Heilbrigðiskröfur fyrirtækisins taka mið af heilbrigðisstefnu móðurfélags og áhættugreiningum starfa sem gerðar eru hjá fyrirtækinu. Tíðni og áhersluatriði heilsufarseftirlits getur því verið mismunandi gagnvart starfsmönnum og fer það eftir því starfi sem þeir gegna hverju sinni.

Upplýsingar um tíðni og áhersluatriði heilsufarseftirlits eru birtar á innra neti fyrirtækisins undir heilbrigðismál og eins verður getið þar um allar hugsanlegar breytingar sem gerðar verða.

Reglubundið heilsufarseftirlit er framkvæmt af hjúkrunarfræðingi og eftir þörfum, trúnaðarlækni.[...]“

II.

Fyrir liggur sú afstaða Alcan á Íslandi hf. að því sé heimilt að vinna heilsufarsupplýsingar um starfsmenn sína. Í fyrsta lagi sé það samkvæmt ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000. Ákvæði 1. tölul. er um vinnslu samkvæmt samþykki hins skráða. Persónuvernd bendir á að það samþykki skal uppfylla skilyrði 7. tölul. 2. gr. laganna. Í öðru lagi telur fyrirtækið að sér sér þetta heimilt samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 9. gr. Sá liður lýtur að vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga sem ábyrgðaraðila ber, samkvæmt samningi aðila vinnumarkaðarins, skylda til að framkvæma.

Ákvæðið tekur mið af 2. mgr. 8. gr. tilskipunar 95/46/EB um vinnslu samkvæmt slíkum samningum og vinnulöggjöfnni. Persónuvernd bendir á að í því ljósi er ákvæðið talið ná til þess þegar vinnsla er nauðsynleg til að ábyrgðaraðili geti staðið við skuldbindingar sínar og nýtt sér tiltekin réttindi samkvæmt vinnulöggjöfnni, að því marki sem vinnslan er heimil samkvæmt innlendum lögum þar sem sett eru viðeigandi öryggisákvæði. Að öðru leyti en því sem vinnsla samrýmist þessu ákvæði verður hún ekki á því byggð.

Þá leiðbeinir Persónuvernd Alcan á Ísland hf. um að gera verður vinnslusamning, í samræmi við skilyrði ákvæðis 13. gr. laga nr. 77/2000, ef ætlunin er að Gagnageymslan ehf. starfi sem vinnsluaðili á ábyrgð og á vegum Alcan á Íslandi hf.

Loks er leiðbeint um að komi til þess að flytja persónuupplýsingar út fyrir EES svæðið þarf að líta til 29.-30. gr. laga nr. 77/2000. Í þeim felst m.a. að skilið er á milli flutnings persónuupplýsinga til EES-rikja og þeirra landa eða staða sem að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur samþykkt að veiti fullnægjandi vernd (29. gr.) og svo aftur landa sem ekki eru talin veita fullnægjandi vernd (30. gr.). Þau lönd sem að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur samþykkt - og Ísland í kjölfarið - eru birt í auglýsingu nr. 228/2010 um flutning persónuupplýsinga til annarra landa. Þeir staðir eða fyrirtæki sem samþykkt hafa verið eru á s.k. lista yfir öruggar hafnir (e. safe harbour list) hjá bandaríska viðskiptaráðuneytinu. Þann lista er að finna á vefslóðinni: <https://safeharbor.export.gov/list.aspx>

Ef fyrirtæki, sem flytja á persónuupplýsingar til er á hinum s.k. lista yfir öruggar hafnir, telst það hafa uppfyllt þær skuldbindingar sem koma fram í tilskipun 95/46/EB og lög nr. 77/2000 byggja á. Því fer um slíka vinnslu samkvæmt 29. gr. laga nr. 77/2000. Ef hins vegar er fyrirhugað að flytja persónuupplýsingar til lands eða staðar sem ekki veitir fullnægjandi vernd þarf eitthvert eitt af skilyrðum 1. mgr. 30. gr. laga nr. 77/2000 að vera fyrir hendi. Ef ekkert af þeim skilyrðum eru til staðar getur Persónuvernd heimilað flutninginn telji hún sérstök rök mæla með því, jafnvel þótt skilyrðum 1. mgr. sé ekki fullnægt. Leyfisveiting Persónuverndar í þessu sambandi er meðal annars háð því skilyrði að ábyrgðaraðili hafi lagt fram fullnægjandi tryggingar. Að þessu viðbættu verður öll vinnsla persónuupplýsinga ávallt að styðjast við heimild í 8. gr. laga nr. 77/2000 - og 9. gr. sömu laga ef um viðkvæmar persónuupplýsingar er að ræða.

Að öðru leyti telur Persónuvernd ekki vera efni til að aðhafast frekar að svo stöddu af tilefni tilkynningar nr. S5540/2012. Hún áréttar að engin efnisleg afstaða hefur verið tekin til lögmætis vinnslunnar. Berist henni kvörtun frá einstaklingi yfir skráningu persónuupplýsinga um sig verður það mál eftir atvikum tekið fyrir og úrskurðað í því í ljósi málsatvika, kröfugerðar og þeirra málsástæðna sem fram verða settar.

3.2.30. Flutningur persónuupplýsinga frá banka – mál nr. 2012/85

Persónuvernd veitti einstaklingi svör um lögmæti flutnings persónuupplýsinga um sig til Byrs hf., þ.e. við yfirtöku Byrs hf. á Byr sparisjóði, samkvæmt ákvörðun Fjármálaeftirlitsins er byggðist á s.k. neyðarlögum. Í svari stofnunarinnar kemur fram að yfirfærsla persónuupplýsinga við lögmæt eigendaskipti hafi ekki verið lögð að jöfnu við miðlun til þriðja aðila og þurfi því hafi ekki þurft að uppfylla sömu heimildarskilyrði samkvæmt persónuverndarlögum.

3.2.31. Flöggun á hjartagátt LSH – mál nr. 2012/175

Persónuvernd svaraði erindi LSH um heimild þess til að skrá upplýsingar um sjúklinga sem sýnt hafa af sér ofbeldishneigð gagnvart starfsfólki og/eða sjúklingum á Hjartagátt. Persónuvernd gerði ekki athugasemdir við fyrirhugaða vinnslu spítalans.

Svar Persónuverndar er svohljóðandi:

1.

Persónuvernd vísar til fyrri samskipta, nú síðast bréfs LSH, dags. 9. maí 2012, varðandi flöggun

viðsjárverðra einstaklinga sem leita til Hjartagáttar á LSH.

Í bréfi LSH, dags. 30. janúar 2012, kemur m.a. fram að stjórnendur Hjartagáttar á Landspítala við Hringbraut telji þörf á koma upp skráningu og flöggun einstaklinga, sem hafa sýnt af sér ofbeldishneigð gagnvart starfsfólki og/eða sjúklingum, með svipuðum hætti og gert hafi verið á bráðamóttöku í Fossvogi. Til þess standi heimild Persónuverndar, dags. 2. janúar 2003.

Með fylgdi bréf frá yfirlækni og deildarstjóra Hjartagáttar með nánari lýsingu á því hvernig standa mætti að vinnslunni. Þar segir m.a.: „Hjartagátt sækir um að fá aðild að skráningarkerfi Bráðamóttöku LSH þar sem skráðir eru með svokallaðri „flöggun“ þeir einstaklingar sem hafa við komu sýnt af sér ofbeldishneigð gagnvart starfsfólki og eftir atvikum öðrum sjúklingum sem til deildarinnar leita. Tilgangur þessa er að koma í veg fyrir ofbeldisverk á Hjartagátt, til verndar öðrum sjúklingum og starfsfólki deildarinnar. [...] Hjartagátt skuldbindur sig til að fylgja sama verklagi og gildir á Bráðamóttöku í Fossvogi og viðhafa sömu verklagsreglur og vinnuleiðbeiningar þar að lútandi. Ofbeldisatvik verða skráð í sjúkraskrá sjúklings og í rafrænt atvikaskráningakerfi sjúklings og atvikið verður tekið upp hjá matsnefnd, skipaðri af framkvæmdastjóra lyflækningasviðs, sem metur hvort tilefni er til að vara við eða „flagga“ einstaklingum sem hættulegum eða viðsjárverðum.[...]“

Hjartagátt opnaði sem bráðaþjónusta fyrir einstaklinga með einkenni frá hjarta 13. apríl 2010, en eftir samruna bráðadeilda LSH í Fossvogi varð hjartabráðaþjónustan (Hjartagáttin) eftir á Hringbraut. Hún er opin frá 08.00 á mánudagsmorgnum til kl. 20.00 á föstudögum, allan sólarhringinn og tekur á þeim tíma við öllum einstaklingum með bráðaeinkenni frá hjarta[...] færri starfsfólk vinnur á Hjartagáttinni þar sem starfsemi hennar er sérhæfð, en þangað geta samt (og hafa) leitað viðsjárverðir einstaklingar jafnvel í annarlegu ástandi. Starfsfólk og sjúklingar á Hjartagátt eru berskjaldaðir gagnvart ofbeldi og árásarhneigð af hálfu þeirra sem til deildarinnar leita, þar er færri starfsfólk á vakt og ekki er um fasta aðkomu lögreglumanna að ræða.“

Með bréfi dags. 24. apríl 2012 spurði Persónuvernd LSH hvort hann myndi haga verklagi á Hjartagátt við flöggun í samræmi við skilmála áður nefnds leyfis frá 2. janúar 2003, þ.e. að framangreindar upplýsingar yrðu eingöngu skráðar í umræddan gagnagrunn, en ekki sjúkraskrá viðkomandi einstaklings. Þá óskaði Persónuvernd eftir nánari upplýsingum um hvernig aðgangstakmörkunum að umræddum upplýsingum yrði háttáð.

Svarbréf Landspítala, dags. 9. maí 2012, barst Persónuvernd þann 11. maí s.á. Þar kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Ósk Landspítala er að verklagi á Hjartagátt við flöggun hættulegra/viðsjárverðra einstaklinga verði hagað í samræmi við áður nefnt leyfi, þ.e. að upplýsingar verði eingöngu skráðar í umræddan gagnagrunn, en ekki sjúkraskrá viðkomandi einstaklings. Þannig verði einn sameiginlegur gagnagrunnur nýttur til þessarar skráningar, bæði á bráðamóttöku í Fossvogi og Hjartagátt.“

Jafnframt áformar LSH að ákvörðunum um skráningu í þennan gagnagrunn og aðgangsstýringu verði hagað með sama hætti á báðum móttökunum. Þannig taki deildarstjóri, yfirlæknir og gæðastjóri ákvörðun um skráningu í gagnagrunninn með sama hætti og á sér stað á bráðamóttöku í Fossvogi.

Aðgangsstýringu er þannig háttáð að kennimynd gagnagrunnsins kemur upp undir flípanum starfsmaður í notendaviðmóti í Sögu, hjá þeim starfsmönnum sem hafa aðgang að grunninum. Einingin er þannig aðgangsstýrð og hafa 3 aðilar aðgang að núverandi grunni, deildarstjóri, yfirlæknir (sem er ábyrgðarmaður) og gæðastjóri á bráðamóttöku í Fossvogi. Eftir að skráning á Hjartagátt hefst er gert ráð fyrir að deildarstjóri, gæðastjóri og yfirlæknir á Hjartagátt og deildarstjóri, gæðastjóri og yfirlæknir á bráðamóttöku Fossvogi hafi aðgang að grunninum.

Ferlið við flöggun einstaklinga er eftirfarandi:

Deildarstjóri, gæðastjóri og yfirlæknir fjalla um atvik og farið er í gegnum áhættuþætti og forspárþætti frekara ofbeldis. Eftir umfjöllun taka þessir 3 aðilar ákvörðun um hvort að flöggun verði framkvæmd.

Ef ákveðið er að flagga einstaklingi hefur gæðastjóri það hlutverk að setja sjúklinginn inn í eininguna "flöggun" sem er sjálfstæður aðgangsstýrður gagnagrunnur.

Þegar sjúklingur er skráður inn í afgreiðslukerfi við komu, flettir afgreiðslukerfið upp í flöggunareiningunni. Sé viðkomandi sjúklingur með virka flöggun opnast gluggi með aðvörunartexta.

Flöggun fellur sjálfkrafa úr gildi eftir 4 ár.“

2.

Persónuvernd hefur fjallað um erindi Landspítala-Háskólasjúkrahús um að sjúklingar sem hafa sýnt af sér ofbeldishneigð gagnvart starfsfólki og/eða sjúklingum á Hjartagátt verði flaggaðir með svipuðum hætti og gert er á bráðamóttöku í Fossvogi. Af hálfu LSH hefur komið fram að tilgangur þessa yrði bæði að vernda eigið starfsfólk og aðra sjúklinga fyrir þeim sem hafa sýnt ofbeldisfulla hegðun á Hjartagátt.

Öll vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga verður að styðjast við eitthvert þeirra skilyrða sem talin eru upp í 1. mgr. 8. gr. og 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Í því tilviki sem hér um ræðir koma helst til skoðunar skilyrði 5. og 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. og 4. og 8. tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna. Slík vinnsla er heimil að uppfylltum skilyrðum þessara ákvæða. Hún er ekki leyfisskyld, sbr. ákvæði 4. gr. reglna nr. 712/2008 um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga, enda standi ekki til að neita mönnum um þjónustu heldur gera starfsfólki unnt að hafa varann á sér. Tekið skal fram að umræddar reglur höfðu ekki tekið gildi þegar leyfi Persónuverndar, fyrir flöggun viðsjárverðra einstaklinga á bráðamóttöku LSH, var gefið út þann 2. janúar 2003.

Samkvæmt framangreindu gerir Persónuvernd að svo stöddu ekki athugasemdir við umrædda vinnslu. Hún tekur þó fram að hún er úrskurðaraðili í ágreiningsmálum og berist henni kvörtun einstaklings í tengslum við flöggun á Hjartagátt, t.d. vegna öryggisbrests, mun hún eftir atvikum taka slíka kvörtun til efnislegrar og úrskurðar.

3.2.32. Öryggi í tengslum við vinnslu á HSU – mál nr. 2011/1309

Sjúklingur á heilbrigðisstofnun (HSU) kvartaði yfir meðferð sjúkraskráa. Í ljós kom að ekki var til skrifleg lýsing á öryggiskerfi Heilbrigðisstofnunar Suðurlands og atvikaskráning (loggun) hafði ekki verið með þeim hætti að unnt væri að veita sjúklingi fullnægjandi skýringu á uppflettingu í sjúkraskrá hans. Það var niðurstaða Persónuverndar að leggja fyrir HSU að yfirfara öryggiskerfi sitt. Lagt var fyrir HSU að yfirfara atvikaskráningu (loggun). Þá skyldi hún setja reglur um aðgangsstýringar, reglubundna endurnýjun aðgangsorða og innra eftirlit. Stofnunin skyldi afhenda Persónuvernd skriflega lýsingu á öryggiskerfi sínu fyrir 15. ágúst 2012.

3.2.33. Skýrsla um einelti – mál nr. 2011/1211

Persónuvernd tók ákvörðun varðandi skýrslu sem félagsráðgjafi gerði um meint einelti starfsmanns Akraneskaupstaðar í garð yfirmanns síns. Komst stofnunin að þeirri niðurstöðu að kaupstaðnum væri óheimilt að nota skýrsluna nema í þeim afmarkaða og yfirlýsta tilgangi sem var með gerð hennar í upphafi. Persónuvernd lagði fyrir kaupstaðinn að gera nauðsynlegar ráðstafanir svo að skýrslan verði ekki aðgengileg öðrum starfsmönnum en þess þurfa.

Í niðurstöðum ákvörðunarinnar segir m.a.:

2.

Um kröfu um eyðingu

Mál þetta varðar kröfu starfsmanns (kvartanda) um að eytt verði skýrslu í vörslu stjórnvalds, n.t.t. skýrslu um meint einelti hans í garð yfirmanns síns. Hann segir að meðal annars sé þar ranglega fullyrzt að hann hafi nýtt ýmis tækifæri til að grafa undan stjórnun og hæfi yfirmanns síns og notað til þess síendurtekna ótillhlýðilega háttsemi. Þá segi að heilsu yfirmannsins stafi hætta af stöðugu streituástandi vegna hegðunar starfsmannsins, hegðunin grafi auk þess undan heilbrigðum starfsanda [...] og valdi streitu meðal annarra starfsmanna [...].

Starfsmaðurinn telur að framangreint séu rangar og villandi upplýsingar og gerir kröfu um að af þeirri ástæðu verði skýrslunni eytt í samræmi við 1. mgr. 25. gr. laga nr. 77/2000. Samkvæmt þeirri grein ber ábyrgðaraðila skylda til að leiðrétta, eyða, bæta við eða stöðva notkun á röngum, villandi eða ófullkomnum persónuupplýsingum. Hann skal gera slíkar ráðstafanir að eigin frumkvæði.

Af hálfu Akraneskaupstaðar hefur þegar verið fallist á að færa til bókar athugasemd kvartanda um að hann telji skýrsluna byggjast á röngum, villandi og ófullkomnum upplýsingum. Í vissum tilvikum nægja slík úrræði ekki og getur þá þurft að grípa til frekari ráðstafana, jafnvel að eyða upplýsingum. Ákvæði annarra laga geta þó staðið slíkri eyðingu í vegi og þarf því að skoða hvort það eigi við í máli þessu.

Ábyrgðaraðili er stjórnvald og fellur undir lög um Þjóðskjalasafn Íslands nr. 66/1985. Í 2. mgr. 5. gr. þeirra segir að sveitarfélög og stofnanir þeirra skuli afhenda Þjóðskjalasafni skjöl sín, séu þau ekki aðilar að héraðsskjalasafni. Akraneskaupstaður á aðild að héraðsskjalasafni Akraneskaupstaðar, en um slík skjalasöfn gildir reglugerð nr. 283/1994. Í 8. gr. hennar segir að afhendingarskyldum aðilum sé almennt óheimilt að ónýta nokkurt skjal í skjalasöfnum sínum. Þeim getur þó verið það heimilt með leyfi Þjóðskjalasafnsins, en í máli þessu liggur hins vegar fyrir að Akraneskaupstaður vill ekki óska slíks leyfis. Meðan svo er verður að telja 7. gr. laga nr. 66/1985 standa í vegi fyrir eyðingu skýrslunnar þótt Þjóðskjalasafn gæti heimilað eyðingu hennar. Þegar af þeirri ástæðu verður af hálfu Persónuverndar ekki mælt fyrir um eyðingu skýrslunnar.

3.

Bann við notkun

Enda þótt ekki verði, í ljósi framangreinds, fallist á ósk kvartanda um eyðingu skýrslunnar getur Persónuvernd, samkvæmt 2. mgr. 25. gr. laga nr. 77/2000, bannað notkun hennar. Kemur þá til skoðunar hvort skilyrði séu til þess.

Umrædd skýrsla hefur að geyma matskenndar upplýsingar. Í henni er kvartandi borinn þungum sökum á grundvelli yfirlýsinga sem samstarfsmenn hans hafa látið falla í viðtölum við félagsráðgjafa. Almennt ræðst mat á því hvort um ófullkomnar upplýsingar sé að ræða af því samhengi sem þær birtast í. Þær geta talist ófullkomnar ef ekki hefur verið tekið tillit til þess að á hverju máli eru tvær hliðar og ekki verið gætt sjónarmiða hins skráða. Sama á við ef upplýsingar byggja á mati en eru þó settar fram eins og um hlutlægjar staðreyndir sé að ræða og þess látið ógetið að til séu upplýsingar sem gangi í berhöggi við þær.

Öll vinnsla persónuupplýsinga þarf að uppfylla meginreglur 7. gr. laga nr. 77/2000. Þar á meðal áreiðanleikaregluna, tilgangsregluna og regluna um vandaða vinnsluhætti. Ákvæði um þá fyrstu er í 4. tölul. 1. mgr. 7. gr. Samkvæmt henni skal þess ávallt gætt við vinnslu persónuupplýsinga að þær séu áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum. Þær skulu vera réttar og endurspeglar á hlutlægan hátt þann veruleika sem verið er að lýsa á þeim tíma sem vinnsla upplýsinganna miðast við.

Ákvæði um tilgangsregluna er í 2. tölul. 1. mgr. 7. gr. Samkvæmt henni má aðeins afla persónuupplýsinga í yfirlýstum, skýrum og málefnalegum tilgangi og ekki vinna þær frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi. Frekari vinnsla í sagnfræðilegum, tölfræðilegum eða vísindalegum tilgangi telst ekki ósamrýmanleg ef viðeigandi öryggis er gætt. Ábyrgðaraðili verður að ákveða tilganginn fyrirfram með skýrum hætti og ekki safna eða varðveita persónuupplýsingar

af þeirri ástæðu einni að þær geti hugsanlega nýst honum síðar meir.

Reglan um vandaða vinnsluhætti er í 1. tölulið 1. mgr. 7. gr. Samkvæmt henni skal vinnsla fara fram með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og vera í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga. Liður í skyldu ábyrgðaraðila til að tryggja slíka vinnsluhætti er að uppfylla kröfur um upplýsingaöryggi. Í því felast þrjú grundvallarþættir: (a) að persónuupplýsingum sé leynt gagnvart óviðkomandi, (b) að þær séu áreiðanlegar og (c) að þær séu aðgengilegar þeim sem nauðsynlega þurfa á þeim að halda.

Ákvæði um upplýsingaöryggi er í 11. gr. laga nr. 77/2000. Samkvæmt henni hvílir sú skylda á ábyrgðaraðila að gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar. Meðal annars skal verja þær gegn óleyfilegum aðgangi. Til frekari skýringar er bent á reglur nr. 299/2001 um öryggi við vinnslu persónuupplýsinga. Í 5. gr. þeirra er ákvæði um öryggisráðstafanir varðandi starfsmannamál og segir m.a. að í þeim tilgangi að fyrirbyggja og takmarka tjón af völdum mannlegra mistaka skuli ábyrgðaraðili grípa til þeirra öryggisráðstafana sem við eiga hverju sinni.

Til að tryggja að varðveisla þeirrar skýrslu sem mál þetta varðar samrýmist framangreindum reglum skal Akraneskaupstaður gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að koma í veg fyrir að hún berist til óviðkomandi. Með vísan til 1. tölul. 3. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000, er hér með lagt fyrir Akraneskaupstað að yfirfara tækni-, öryggis- og skipulagslegar ráðstafanir sínar með tilliti til þess. Þá hefur Persónuvernd, með vísan til 2. mgr. 25. og 1. mgr. 40. gr. laganna, tekið ákvörðun um bann við frekari notkun skýrslunnar í samræmi við eftirfarandi ákvörðunarorð.

3.2.34. Eftirlitsmyndavél í bifreið í fjölbýlishúsi – mál nr. 2011/1318

Persónuvernd felldi niður mál einstaklinga sem töldu nágretta sinn vakta bílageymslu fjölbýlishúss með eftirlitsmyndavél, staðsettri í bifreið. Ekki lá fyrir sönnun um tilvist vélarinnar. Í ljósi þess, og þar sem Persónuvernd hafði ekki frekari úrræði til að kanna staðreyndir málsins, var það fellt niður.

3.2.35. Ólögmæt afhending viðskiptamannsupplýsinga – mál nr. 2011/931

Persónuvernd úrskurðaði um lögmæti tiltekinnar afhendingar viðskiptamannsupplýsinga frá Landsbanka Íslands (SP-fjármögnun) til Vörslusvippinga. Afhendingin var ekki talin lögmæt enda hafði ekki verið gerður um hana vinnslusamningur með þeim hætti sem áskilinn er í persónuverndarlögum.

Í niðurstöðum úrskurðarins sagði m.a.:

„Um framangreint hefur Landsbankinn sagt að á milli hans og Vörslusvippinga-LMS ehf. hafi verið gerður samningur en að hann sé týndur. Í bréfi bankans, dags. 11. maí 2012, segir m.a.:

„Á milli bankans og Vörslusvippinga-LMS var gerður samningur um þjónustuna þegar til þjónustukaupana var stofnað fyrir fjölda ára. Samningurinn hefur hins vegar ekki fundist og þar að auki hafa stjórnendur bíla- og tækjafjármögnunarhluta í starfsemi bankans nýverið látið af störfum. Af þeim sökum hafa undirritaðir því ekki geta staðfest hvaða fyrirmæli Vörslusvippingar-LMS hafi verið gert að starfa eftir hvað varðar kynningar í samskiptum við skjólstæðinga. Þess ber þó að geta að samkvæmt forsvarsmanni Vörslusvippinga-LMS þá kynna starfsmenn [sig] sem fulltrúa félagsins og að þeir séu að vinna verk fyrir Landsbankann þegar þeir eiga samskipti við skjólstæðinga félagsins.“

Sem fyrr segir hvílir sönnunarbyrði um lögmæti vinnslu persónuupplýsinga á ábyrgðaraðila, hér Landsbankanum hf. Hann hefur hins vegar týnt þeim samningi sem hann kveðst hafa gert við Vörslusvippingar-LMS ehf. og getur þar með ekki sannað gerð vinnslusamnings samkvæmt 13. gr. laga nr. 77/2000, og þar með lögmæti afhendingar persónuupplýsinga um kvartanda til

Vörslusviptinga-LMS ehf. Þá liggur ekkert fyrir um að bankinn hafi, áður en hann afhenti Vörslusviptingum-LMS ehf. persónuupplýsingar um kvartanda, sannreynt að það félag gæti uppfyllt skyldur sínar að lögum. Verður afhending umræddra persónuupplýsinga því ekki talin hafa samrýmst ákvæðum laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.“

3.2.36. Markpóstur til fermingar barns – mál nr. 2012/499

Persónuvernd úrskurðaði í máli varðandi markpóst sem Íslandsbanki sendi fermingar barni og foreldrum þess, þótt þau væru bannmerkt í Þjóðskrá. Var niðurstaðan sú að með því hafi verið brotið gegn ákvæðum persónuverndarlaga.

3.2.37. Öryggi í tengslum við vinnslu á HSA – mál nr. 2012/193

Sjúklingur á heilbrigðisstofnun (HSA) kvartaði yfir aðgangi starfsmanns á stofnuninni að sjúkraskrá um sig og þagnarskyldubroti. Persónuvernd (PV) fjallaði ekki sérstaklega um trúnaðarbrot viðkomandi heilbrigðisstarfsmanns þar sem það félli undir landlækni. Í ákvörðun PV gagnvart HSA segir hins vegar að starfsmenn megi ekki nota þann aðgang, sem þeir hafa að sjúkraskrá, í þágu ágreiningsmála sem þeir eiga sjálfir í persónulega og ekki varða starfsemi stofnunarinnar. PV lagði fyrir ábyrgðaraðila (HSA) að yfirfara ráðstafanir sínar að því er varðar tækni, öryggi og skipulag vinnslu sjúkraskráa, til að tryggja að eftir þessu yrði farið eftirleidis. Til þess skyldi HSA m.a. fá skjalfestar þagnaryfirlýsingar starfsmanna, skilgreina með skýrum hætti hlutverk og skyldur hvers og eins þeirra og gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að þeim sé með reglubundnum hætti gerð grein fyrir afleiðingum þess að brjóta reglur um meðferð persónuupplýsinga.

3.2.38. Birting kennitalna í dómasafni á vefsíðu – mál nr. 2011/990

Persónuvernd fjallaði um birtingu kennitalna í rafrænu dómasafni á vefsíðu. Var niðurstaða hennar sú að umrædd birting kennitalna á vefsíðunni ætti sér ekki lagaheimild. Þá var ekki fallist á ósk um að Persónuvernd veitti heimild til hennar. Hins vegar var tilmælum beint til ábyrgðaraðila um að beita tæknilegum ráðstöfunum og koma í veg fyrir að í dómasafninu yrði unnt að leita uppi og samtengja upplýsingar um einstaka menn á grundvelli kennitalna þeirra.

Ákvörðun Persónuverndar er svohljóðandi:

I.

Þann 15. september barst Persónuvernd ábending A um birtingu dóma á vefsíðunni www.fonsjuris.is. Í ábendingunni sagði:

„www.fonsjuris.is er síða með öllum Hæstaréttardómum frá 1920. Hún er nú opin tímabundið öllum sem skrá sig og afar gott framtak. Hins vegar stuðar mig að ég get leitað eftir dómum með kennitölu aðila. Sem dæmi fann ég 15 ára dóm um staðfestingu gæsluvarðhalds yfir manni sem aldrei hefur brotið af sér síðan. Er þetta í lagi?“

Með bréfi, dags. 14. nóvember 2011, tilkynnti Persónuvernd Fons Juris ehf. um þessa ábendingu og óskaði skýringa. Í svarbréfi Fons Juris ehf. segir m.a.:

„Fons Juris ehf. hefur frá 15. september 2011 rekið rafrænt dómasafn hæstaréttardóma á vefsvæðinu www.fonsjuris.is í vefkerfinu Fons Juris. Dómasafnið inniheldur dóma Hæstaréttar frá stofnun réttarins árið 1920 til dagsins í dag. Dómar frá árunum 1920 til 1998 voru myndlesnir upp úr útgefnum dómabindum Hæstaréttar, en dómar frá og með árinu 1999 voru fengnir rafrænt frá Hæstarétti. Í vefkerfinu er mögulegt að leita eftir málnúmeri dóms, blaðsíðutali og árgangi dómabindis, uppkvaðningardegi dóms, atriðisorðum dóms, lagatívisunum í dómi sem og í meginmáli dóms. Dómar eru ekki persónugreindir með kennitölu í gagnagrunni. Því er ekki hægt að framkvæma flokkun eftir þeim í kerfi Fons Juris, þó að kennitölur kunni að koma fram í meginmáli dóms.

Vakin er athygli á því að leitarmöguleikum í öðrum vefkerfum á þessu sviði, s.s. í rafrænum dómasöfnum Hæstaréttar (www.haestirettur.is), héraðsdómstólanna (www.domstolar.is) og Creditinfo (www.creditinfo.is) svipar mjög til leitarmöguleikanna í vefkerfinu Fons Juris. Í öllum vefkerfum er t.a.m. mögulegt að leita í meginmáli dóms. Af því leiðir að mögulegt kann að vera að fá leitarniðurstöðu eftir kennitölu komi kennitalan á annað borð fram í tilteknum dómi.“

Með bréfi, dags. 10. janúar 2012, óskaði Persónuvernd frekari skýringa frá Fons Juris ehf. m.a. um það á hvaða heimild í 8. og 9. gr. laga nr. 77/2000 félagið teldi vinnsluna byggja. Þá var spurt um tilganginn.

Með tölvubréfi, dags. 24. janúar 2012, óskuðu forsvarsmenn Fons Juris ehf. eftir fundi með fulltrúum Persónuverndar. Hann var haldinn þann 31. janúar 2012. Fram kom að tilgangurinn sé að auðvelda starfandi lögfræðingum og laganemum aðgengi að lögfræðilegu efni en frekari upplýsingum muni verða bætt við gagnabankann síðar t.d. frá öðrum opinberum aðilum sem og höfundarvörðu efni. Bent var á að allar upplýsingar sem birtar væru í vefkerfinu væru orðrétt fengnar frá vefsíðum dómstóla hérlandis. Aðrir einkaaðilar á markaðnum veittu sambærilega þjónustu. Ómögulegt væri að hreinsa allar kennitölur, sem finna mætti í meginmáli dómanna, úr vefkerfinu. Þá veitti félagið bréfllegt svar, dags. 23. mars 2012. Þar segir m.a.:

„Fons Juris ehf. er nýtt og framsækið nýsköpunarfyrirtæki á sviði upplýsingatækni. Miðlunarkerfið Fons Juris (www.fonsjuris.is) er fyrsta kerfislausn félagsins. Miðlunarkerfið er leitanlegur gagnagrunnur heimilda á sviði lögfræði, en meginmarkmið kerfisins er að einfalda störf þeirra sem fást við lögfræðileg viðfangsefni. [...]

Í miðlunarkerfinu býðst nú endurgjaldslaus rafrænn aðgangur að öllum dómum Hæstaréttar Íslands, allt frá stofnun réttarins árið 1920 til dagsins í dag. [...]. Í miðlunarkerfinu er mögulegt að leita eftir málsnúmeri dóms, blaðsíðutali og árgangi dómabindis, uppkvaðningardegi dóms, atriðisorðum dóms, lagatilvísunum í dómi sem og í meginmáli dóms. [...]Í þessu sambandi ber að taka fram að leitarmöguleikunum í miðlunarkerfinu Fons Juris svipar mjög til þeirra leitarmöguleika sem finnast nú þegar í öðrum vefkerfum á þessu sviði s.s. í rafrænum dómasöfnum Hæstaréttar, héraðsdómstólanna og Creditinfo. Í öllum vefkerfunum er t.a.m. mögulegt að leita í meginmáli dóms. Af því leiðir að mögulegt kann að vera að fá leitarniðurstöðu eftir kennitölu komi kennitalan á annað borð fram í tilteknum dómi.

Ljóst má vera að gagnagrunnur á borð við þann, sem lýst er hér að ofan, myndi auðvelda og bæta stórkostlega aðgengi að hinum undirliggjandi heimildum og þannig jafnframt einfalda til muna störf þeirra sem fást við lögfræðileg viðfangsefni [...]. Á næstunni er stefnt að því að við Fons Juris bætist lögfræðilegar heimildar á borð við álit umboðsmanns Alþingis sem og aðrar heimildir á sviði stjórnsluréttar, s.s. stjórnvaldsákvarðanir og stjórnvaldsúrskurður ráðuneyta, ríkisstofnana og sjálfstæðra stjórnslu- og úrskurðarnefnda. [...].

Hafa ber í huga að þær heimildir, sem ætlunin er að birta í miðlunarkerfinu, eru nú þegar birtar, hvort sem er á vefsvæðum dómstólanna, vefsvæðum einstakra stjórnvalda, vefsvæði Alþingis eða vefsvæðum tímarita, í útgefnum dómasöfnum, lagasöfnum, skýrslum stjórnvalda, tímaritum, fræðiritum o.s.frv. Er ætlunin að birta þessar heimildir með nákvæmlega sama hætti í miðlunarkerfinu Fons Juris. Þá eru leitarmöguleikarnir í miðlunarkerfinu svipaðir, ef ekki þeir sömu, og finnast nú þegar í öðrum miðlunarkerfum á þessu sviði.

Þegar mat er lagt á grundvöll heimildar til vinnslu umræddra upplýsinga er mikilvægt að hafa í huga að sumar lögfræðilegu heimildirnar kunna að hafa að geyma almennar persónuupplýsingar, en aðrar kunna að hafa að geyma viðkvæmar persónuupplýsingar í skilningi laga nr. 77/2000. Þá kann að vera að enn aðrar heimildir hafi ekki að geyma nokkrar persónuupplýsingar í skilningi laganna. Að mati Fons Juris ehf. er þannig ekki hægt að fella allar heimildirnar, sem ætlunin er að birta í miðlunarkerfinu, í einn og sama flokkinn. Í ljósi þessa telur Fons Juris ehf. vinnslu

almennra persónuupplýsinga [...] byggjast á 5. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000, en vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga [...] byggjast á 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna. Undirstrika ber að megingtilgangur miðlunarkerfisins Fons Juris er að einfalda og auka öryggi í störfum lögfræðinga og laganema. Þar að auki gegnir miðlunarkerfið einnig ákveðnu varðveisluhlutverki, þar sem ætlunin er að geyma, vernda og varðveita lögfræðilegar heimildir á einum stað. Má því segja að miðlunarkerfið sé fyrst og fremst sett á laggirnar með almannahagsmunum í huga. Eðli málsins samkvæmt er vinnsla þeirra persónuupplýsinga, sem kunna að felast í upplýsingunum í miðlunarkerfinu, forsenda þess að ætlunarverkið takist. Þá tekur Fons Juris ehf. fram að líklegt þykir að viðkvæmar persónuupplýsingar í skilningi laga nr. 77/2000 felist að mestu leyti, eða jafnvel nær eingöngu, í þeim úrlausnum dómstóla, sem ætlunin er að birta í miðlunarkerfinu. Samkvæmt 2. mgr. 11. gr. laga nr. 15/1998 um dómstóla skulu dómar Hæstaréttar gefnir út, sbr. og 27. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Sá háttur hefur verið hafður á útgáfunni að dómar héraðsdóma eru birtir samhliða og í kjölfar dóma Hæstaréttar. Þá hefur umræddu ákvæði um útgáfu dóma Hæstaréttar undanfarin ár verið fylgt eftir í framkvæmd með birtingu dómanna á vefsíðu réttarins. Í lögum er sérstaklega gert ráð fyrir því að borgarar geti endurbirt dóma, sbr. 9. gr. höfundalaga nr. 73/1972. Af þessu leiðir að Hæstarétti ber að gera þær upplýsingar sem felast í hæstaréttardómum opinberar og er borgunum heimilt að endurbirta þær. Jafnframt er ljóst að upplýsingar hafa verið gerðar og verið aðgengilegar almenningi, sbr. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 77/2000, gegn gjaldi eða ókeypis, hjá Creditinfo og fyrirrennara þess frá árinu 1995 og hjá Hæstarétti frá árinu 1999. Á grundvelli þessa telur Fons Juris að heimild standi til vinnslu umræddra upplýsinga samkvæmt öðrum lögum en lögum nr. 77/2000.

Fallist Persónuvernd ekki á ofangreind sjónarmið er þess hér með farið á leit við stofnunina að hún veiti sérstaka heimild til vinnslunnar á grundvelli 3. mgr. 8. gr. og/eða 3. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000. Með vísun til alls framangreinds telur Fons Juris að brýnir almannahagsmunir eða hagsmunir einstaklinga, s.s. lögfræðinga og laganema, mæli með því að vinnslan fari fram í miðlunarkerfinu [...].“

II.

1.

Gildissvið o.fl.

Efnislegt gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nær til vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna. Vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Af athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. er fylgdu frumvarpi því er varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu.

Samkvæmt framansögðu telst birting Fons Juris ehf. á kennitölum manna í dómum á vefsíðu sinni vera vinnsla persónuupplýsinga, sem fellur undir ákvæði laga nr. 77/2000 og verkefnasvið Persónuverndar.

2.

Afmörkun máls

Erindi A er ekki kvörtun frá aðila máls. Hins vegar ákvað Persónuvernd, sbr. 2. mgr. 37. gr., að taka það upp sem frumkvæðismál. Upphafleg ábending A varðar birtingu viðkvæmra persónuupplýsinga, sbr. b-lið 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Svar þetta afmarkast þó ekki við slíkar upplýsingar. Þá er ekki gerður greinarmunur á því hvort um sé að ræða dóma Hæstaréttar eða héraðsdóma. Svarið afmarkast við birtingu á kennitölum manna í rafrænu dómasafni sem félagið veitir aðgang að á þeirri vefsíðu sem það heldur úti.

3.

Heimild til vinnslu,

ákvæði 1. mgr. 8. gr. og 1. mgr. 9. gr.

Öll vinnsla persónuupplýsinga verður að samrýmast einhverju af skilyrðum 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000. Þá verður vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga, s.s. um það hvort maður hafi verið grunaður, kærður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað, sbr. b-lið 8. tölul. 2. gr. sömu laga, að samrýmast einhverju af skilyrðum 1. mgr. 9. gr. laganna.

3.1.

Kveðið er á um heimildir til vinnslu almennra persónuupplýsinga í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000. Þurfa skilyrði hennar ávallt að vera uppfyllt. Í 5. tölul. er ákvæði um vinnslu sem sé nauðsynleg vegna verks sem unnið sé í þágu almannahagsmuna. Almennt verður að telja opinbera birtingu dóma þjóna almannahagsmunum í þessum skilningi og geta verið heimila, að lagaskilyrðum uppfylltum.

Eins og Fons Juris ehf. bendir réttilega á þarf hins vegar, þegar mat er lagt á grundvöll heimildar til vinnslu umræddra persónuupplýsinga, að hafa í huga að sumar þær heimildir sem ætlunin er að birta, á vef félagsins, hafa að geyma viðkvæmar persónuupplýsingar í skilningi laga nr. 77/2000. Þegar um slíkar persónuupplýsingar ræðir þarf ávallt að uppfylla eitthvert þeirra heimildarákvæða sem er að finna í 1. mgr. 9. gr. laganna. Að því er þau skilyrði varðar hefur Fons Juris ehf. vísað til 2. tölul. 1. mgr. 9. gr.

Ákvæði 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. á við þegar sérstök heimild stendur til vinnslu persónuupplýsinga. Að því er varðar netbirtingu dóma á vegum dómstóla þykir rétt að geta helstu lagaákvæða stuttlega. Um birtingu Hæstaréttar Íslands sjálfs á sínum dómum eru ákvæði í 11. gr. laga nr. 15/1998. Á grundvelli hennar hefur rétturinn sett reglur um útgáfu hæstaréttardóma. Þar eru ákvæði um nafnleynd í opinberum málum og jafnframt í einkamálum sem fjalla um viðkvæm persónuleg málefni. Í 1. gr. segir m.a. að dómar skuli gefnir út prentaðir og á netinu.

Í 16. og 17. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála segir að áður en afhent séu endurrit úr dómabók o.þ.h. skuli afmá úr þeim atriði sem eðlilegt sé að leynt fari með tilliti til almanna- eða einkahagsmuna. Hið sama eigi við ef dómar eða aðrar úrlausnir eru birtar opinberlega. Gert er ráð fyrir birtingu dóma á vefsíðum.

Um birtingu dóma í einkamálum er ákvæði í 14. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Samkvæmt ákvæðinu er dómara skylt, gegn greiðslu gjalds, að láta þeim, sem hefur lögvarinna hagsmuna að gæta, í té staðfest eftirrit af málsskjölum og úr þingbók eða dómabók. Áður skal þó, sé sérstök til, afmá úr þeim atriði sem eðlilegt er að leynt fari með tilliti til almanna- eða einkahagsmuna. Í 3. másl. 3. mgr. 115. gr. sömu laga segir að endurrit af dómi eða úrskurði skuli að öðru jöfnu vera til reiðu við uppkvaðningu hans en samkvæmt venju munu slík endurrit þó í raun vera aðgengileg öðrum en aðilum máls. Í lögnum er ekki vikið að birtingu dóma á netinu

Sem handhafi framkvæmdarvalds úrskurðar Persónuvernd ekki um það hvort handhafar dómssvaldsins hafi farið að lögum við birtingu dóma á netinu.

3.2

Framangreindar heimildir um birtingu dóma af hálfu dómstóla eiga ekki við um aðra og hafa þar af leiðandi ekki að geyma heimild fyrir Fons Juris ehf. til þeirrar kennitölubirtingar sem mál þetta lýtur að. Af hálfu félagsins hefur hins vegar verið vísað til athugasemda sem fylgdu frumvarpi því er varð að höfundalögum nr. 73/1972, þ.e. athugasemda við 9. gr. frumvarpsins. Í 9. gr. segir að lög, reglugerðir, fyrirmæli stjórnvalda, dómar og önnur áþekk gögn, sem gerð eru af opinberri hálfu, njóti ekki verndar eftir lögnum. Í þeim athugasemdum sem félagið vísar til segir:

„Í 8. gr. laga nr. 13 frá 1905 er mælt, að ýmis gögn, sem þar eru talin, megi „hver gefa út sem vill“. Þessi regla er hér látin haldast um nokkurn hluta þeirra gagna, sem getið er í nefndri 8. gr.,

og þau gerð að öllu leyti óháð höfundarétti. Er þar um að tefla ákvarðanir eða niðurstöður löggjafarvalds, framkvæmdavalds og dómsvalds, sem annaðhvort ber að birta eða ekki skal halda leyndum fyrir almenningi. Þykir rétt, bæði vegna hins opinbera og almennings, að greitt sé fyrir kynningu slíkra gagna. Tilgreining 9. gr. á gögnum er ekki tæmandi. T. d. mundu ákvæði hennar einnig taka til þingsályktana.“

Við mat á því hvort hér sé um að ræða heimild til vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga þarf m.a. að líta til þess sem segir í athugasemdum við 9. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 77/2000 um þá kröfu sem gera verður til skýrleika lagaheimildar til vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga. Framangreind ákvæði, og þær frumvarpsathugasemdir sem Fons Juris ehf. vísar til, uppfylla ekki þetta skilyrði og hafa ekki að geyma lagaheimild fyrir Fons Juris ehf. til slíkrar vinnslu.

Til frekari skýringar þykir mega nefna að umrædd lagaákvæði eru komin nokkuð til ára sinna og almennt verður, þegar metið er hvort lagaákvæði heimili tiltekna vinnslu persónuupplýsinga, að túlka þau í ljósi þeirrar upplýsingatækni sem til var þegar þau voru sett og löggjafinn gat haft í huga.

4.

Svar við ósk Fons Juris ehf. um sérstakt leyfi, samkvæmt 3. mgr. 9. Gr. laga nr. 77/2000

Í bréfi Fons Juris ehf., dags. 23. mars 2012, er þess óskað að Persónuvernd veiti félaginu sérstaka heimild til að birta kennitölurnar verði niðurstaða hennar sú að vinnslan uppfylli ekki eitthvert af skilyrðum 1 mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000.

Mat á því hvort lagaskilyrði til leyfisveitingar séu uppfyllt ræðst almennt af atvikum hvers máls, þeim hagsmunum sem vegast á og því í hvaða tilgangi vinnslan fer fram. Fons Juris ehf. segir tilgang sinn vera þann að einfalda og auka öryggi í störfum lögfræðinga og laganema. Þar að auki gegni hún varðveisluhlutverki, þar sem ætlunin sé að geyma, vernda og varðveita lögfræðilegar heimildir á einum stað.

Ákvæði um forsendur leyfisveitingar eru í 34. gr. laga nr. 77/2000. Það er í fyrsta lagi forsenda leyfisveitingar að vinnsla sé innan þeirra marka sem greinir í II. kafla laganna. Í því felst m.a. að hún verður að samrýmast meginreglum 7. gr. og 10. gr. Í lokamálslið 2. mgr. 34. gr. segir að Persónuvernd skuli meta hvort þeir hagsmunir sem mæla með vinnslunni vegi þyngra en hagsmunir hins skráða af því að hún fari ekki fram. Hér er skírskotað til svonefndrar hagsmunamatsreglu (7. tölul. 1. mgr. 8. gr.) en í henni felst að vinnsla skuli vera nauðsynleg til að ábyrgðaraðili, eða þriðji maður eða aðilar sem upplýsingum er miðlað til, geti gætt lögættra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða sem vernda ber samkvæmt lögum vegi þyngra. Samkvæmt 3. mgr. 9. gr. laganna er það einnig skilyrði, sé um viðkvæmar persónuupplýsingar að ræða, að Persónuvernd telji brýna almannahagsmuni mæla með vinnslu.

Að mati Persónuverndar liggur ekki fyrir að framangreind skilyrði séu uppfyllt að því er varðar birtingu Fons Juris ehf. á kennitölum manna í dómum á vefsíðu sinni, þ.e. í þeim tilgangi sem félagið hefur lýst yfir að búi vinnslunni að baki. Við þetta mat hefur Persónuvernd m.a. litið til þess að samkvæmt 10. gr. laga nr. 77/2000 er notkun kennitölu m.a. háð því skilyrði að hún sé ábyrgðaraðila nauðsynleg til að tryggja örugga persónugreiningu. Einnig hefur hún litið til tilgangsreglu 2. tölul. 1. mgr. 7. gr. og hlutfallsreglu 3. tölul. sömu greinar - en samkvæmt þeim þarf vinnsla persónuupplýsinga að vera í réttu hlutfalli við þann yfirlýsta tilgang sem að er stefnt og má ekki ganga lengra en þarf til þess.

Samkvæmt framanrituðu eru ekki lagaskilyrði til þess að Persónuvernd gefi félaginu sérstakt leyfi til umræddrar kennitöluvinnslu. Er því synjað umsókn félagsins þar að lútandi.

5.

Leiðsögn Persónuverndar

Með vísun til 5. tölul. 3. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000 er Fons Juris ehf. að lokum leiðbeint um að haga allri meðferð og birtingu persónuupplýsinga á vef sínum í samræmi við 7., 10. og 11. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Í því felst m.a. að gera skal ráðstafanir til að takmarka samkeyrslumöguleika viðkvæmra persónuupplýsinga og eyða kennitölum manna úr því safni sem verður aðgengilegt á síðunni eða beita tæknilegum ráðstöfunum til að koma í veg fyrir að þar verði unnt að leita uppi upplýsingar um einstaka menn á grundvelli kennitalna þeirra.

6.

Samandregin niðurstaða

Birting kennitalna í rafrænu dómasafni sem Fons Juris ehf. miðlar, á þeirri vefsíðu sem það heldur úti, styðst ekki við ákvæði 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000.

Synjað er umsókn félagsins um að Persónuvernd gefi því sérstakt leyfi til slíkrar birtingar.

Félaginu er leiðbeint um að beita tæknilegum ráðstöfunum til að tryggja lögmæti vinnslu, s.s. til koma í veg fyrir að í gagnasafninu verði unnt að leita uppi og samtengja upplýsingar um einstaka menn á grundvelli kennitalna þeirra.

3.2.39. Upplýsingar til Bandaríkjanna um dæmda hryðjuverkamenn – mál nr. 2012/49

Þann 30. mars veitti Persónuvernd, að beiðni innanríkisráðuneytis, álit um að Ísland og Bandaríkin skiptist á persónuupplýsingum um einstaklinga sem taldir séu geta tengst hryðjuverkum. Í álitinu er í fyrsta lagi bent á að hér yrði fyrst að tryggja að heimild stæði til þess að skrá slíkar persónuupplýsingar og til annarrar vinnslu á þeim. Að því er varði flutning þeirra til Bandaríkjanna yrði einnig að uppfylla sérstök skilyrði. Tryggja yrði öryggi þeirra hjá viðtakanda og virða tilgreindar þjóðréttarlegar skuldbindingar sem Íslands hefur þegar gengist undir. Flutningur upplýsinganna gæti stuðst við lagaheimild.

Álitið er svohljóðandi:

I.

Erindi ráðuneytisins

Persónuvernd vísar til þess sem fram kom á fundi yðar með stjórn Persónuverndar hinn 13. janúar sl. og til bréfs innanríkisráðuneytisins, dags. 13. janúar 2012, varðandi drög að tilteknu fyrirkomulagi Íslands og Bandaríkjanna í tengslum við vegabréfafrelsi milli landanna. Drögin fela í sér að Ísland og Bandaríkin veiti hvort öðru aðgang að upplýsingum um einstaklinga sem taldir eru tengjast hryðjuverkum, sbr. 1. gr. II. kafla. Í ljósi þess bera drögin yfirskriftina „Arrangement [...] for the Exchange of Terrorism Screening Information“. Þess er sérstaklega óskað í bréfi ráðuneytisins að Persónuvernd taki afstöðu til ákvæðis í drögunum um takmörkun á upplýsingarétti skráðra einstaklinga.

Skilgreint er í 1. gr. viðauka A við drögin hvaða einstaklingar séu af hálfu Bandaríkjanna taldir tengjast hryðjuverkum og því skráðir sem slíkir, þ.e. einstaklingar sem taldir eru geta ógnað flugöryggi, einstaklingar sem taldir eru hafa það á færi sínu að fremja hryðjuverk, einstaklingar sem vitað er eða grunur leikur á um að séu hryðjuverkamenn sem gefin hefur verið út handtökuskipun á, sem og einstaklingar sem vitað er eða sem grunur leikur á um að séu meðlimir hryðjuverkasamtaka eða með tengsl við hryðjuverkastarfsemi. Þá er í 2. gr. viðaukans gert ráð fyrir skilgreiningu á því hvaða einstaklingar séu skráðir af Íslands hálfu, en sú skilgreining hefur hins vegar ekki enn verið færð þar inn.

Í 2. mgr. 1. gr. II. kafla draganna er skilgreint hvaða upplýsingar skrásettar séu um einstaklinga að lágmarki, þ.e. fullt nafn og fæðingardagur, númer vegabréfs eða annars konar persónuskilríkja og núverandi eða fyrri ríkisborgararéttur. Gert er ráð fyrir að frekari upplýsingar, s.s. fingraför og ljósmyndir, geti verið skrásettar eftir því sem lög leyfa.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. draganna skal aðgangur að upplýsingum afmarkaður við „viðeigandi stofnanir“ (þýðing Persónuverndar á „Relevant Agency“). Ekki er skilgreint nákvæmlega hvað átt sé við með slíkum stofnunum, en samkvæmt 6. gr. I. kafla getur þar verið um að ræða hvaða leyniþjónustu-, löggæslu-, utanríkisþjónustu-, hernaðar- eða almannaöryggisstofnun sem er, auk annarra opinberra stofnana. Af 3. og 4. gr. viðauka A verður ráðið að aðgangur þessara stofnana verði rafrænn og milliliðalaus.

Í upphafi 2. gr. V. kafla kemur fram að aðgangur að upplýsingum innan viðeigandi stofnana eigi ekki að vera umfram það sem nauðsynlegt er. Þá er í b–d-lið sömu greinar að finna bann við því að upplýsingar, sem viðeigandi stofnun fær í hendur, séu sendar þriðju ríkjum, alþjóðasamtökum og einkaaðilum. Auk þess segir í a-lið að ekki megi nota upplýsingar við málsmeðferð hjá stjórnvöldum eða dómstólum eða á neinn þann hátt sem orðið geti til þess að þær birtist opinberlega.

Af d-lið umrædds ákvæðis V. kafla leiðir einnig að ekki má upplýsa viðkomandi einstakling um að upplýsingar um hann hafi verið skráðar, sbr. einnig 9. gr. viðauka A með drögnum. Þá bannar e-liður 2. gr. V. kafla að einstaklingi sé veitt vitneskja – af hvaða tagi sem er – um upplýsingar tengdar því hvort hann sé skráður eður ei. Frá þessu er aðeins ein undantekning, þ.e. að sá aðili að fyrirkomulagi á grundvelli draganna, sem upplýsingarnar stafa frá, samþykki að hinum skráða sé veitt slík vitneskja, sbr. upphaf ákvæðisins.

Tekið er fram í 2. gr. IX. kafla draganna að ekkert í þeim sé lagalega bindandi.

II.

Leiðbeinandi álit Persónuverndar, sbr. 5. tölul. 3. mgr. 37. gr. l. nr. 77/2000

Þess hefur verið óskað að Persónuvernd skoði ákvæði í drögnum um takmörkun á upplýsingarétti skráðra einstaklinga. Af því tilefni er tekið fram að vinnsla í þágu mála sem varða almannaöryggi, landvarnir, öryggi ríkisins, og starfsemi þess á sviði refsivörslu, fellur að nokkru leyti utan gildissviðs hinna almennu ákvæða laga nr. 77/2000. Það á m.a. við um ákvæði 18. og 19. gr. um upplýsingarétt hins skráða. Sá réttur er honum hins vegar tryggður í ýmsum sérreglum sem gilda á þessu sviði.

Um upplýsingaréttinn gilda m.a. sérákvæði reglugerðar nr. 322/2001 um meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu með áorðnum breytingum, sbr. rg. 926/2004, 362/2008 og 1137/2008. Einnig yrði að líta til Rammaákvörðunar nr. 2008/977/JHA um vinnslu persónuupplýsinga á sviði lögreglu- og dómsmálasamstarfs í sakamálum (Council Framework Decision 2008/977/JHA of 27 November 2008 on the protection of personal data processed in the framework of police and judicial cooperation in criminal matters). Samkvæmt 45. lið formálsorða er hún liður í þróun á Schengen regluverkinu og nær því til Íslands. Ákvæði um rétt hins skráða eru í 16. gr (Information for the data subject) og 17. gr. (Right of access).

Hins vegar þarf, áður en frekar er fjallað um rétt hins skráða til aðgangs að tilteknum skráðum persónuupplýsingum um sig, að liggja fyrir að þær megi skrá til að byrja með. Af því tilefni er bent á eftirfarandi:

a) Heimild þarf að standa til þess að skrá upplýsingarnar, sbr. 1. mgr. 8. og 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000.

Þau ákvæði 8. gr., sem hér geta einkum átt við, er að finna í 5.–7. tölul. 1. mgr. Þar kemur fram að vinna má með persónuupplýsingar sé það nauðsynlegt vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna, vegna beitingar opinbers valds eða til að gæta lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða vegi þyngra. Varðandi viðkvæmar persónuupplýsingar, sbr. b-lið 8. tölul., þarf einnig að fullnægja einhverju viðbótarskilyrða 1. mgr. 9. gr. Þegar stjórnvöld eiga í hlut þarf, í ljósi lögmætisreglu stjórnisýsluréttarins, almennt að standa lagaheimild til slíkrar vinnslu, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 9. gr.

b) Heimild þarf einnig að standa til þess að flytja upplýsingarnar til Bandaríkjanna, sbr. 30. gr. laga nr. 77/2000.

Að því er varðar miðlun upplýsinganna til Bandaríkjanna nægir ekki að uppfylla skilyrði 8. og 9. gr. laganna heldur þarf einnig að uppfylla viðbótarskilyrði 30. gr. laganna. Þar er mælt fyrir um bann við flutningi persónuupplýsinga til landa sem ekki veita slíkum upplýsingum fullnægjandi vernd, en Bandaríkin eru á meðal þeirra.

Í 30. gr. er gerð ráð fyrir undanþágum frá umræddu banni. Í þeim efnunum er í fyrsta lagi bent á að fyrirliggjandi drög eru ekki að samningi heldur „fyrirkomulagi“ (e. „arrangement“) sem ekki hefur neitt lagalegt gildi, sbr. fyrrnefnd ákvæði 2. gr. IX. kafla draganna. Kæmi hins vegar til samningsgerðar yrði engu að síður líta til framangreindrar Rammaákvörðunar nr. 2008/977/JHA. Í 13. gr. hennar kemur fram að annað hvort þarf lagaheimild að standa til slíks flutnings persónuupplýsinga eða liggja fyrir að viðtakandi veiti fullnægjandi persónuupplýsingavernd (the third State or receiving international body provides safeguards which are deemed adequate by the Member State concerned according to its national law).

Í framangreindu felst að áður en til flutnings gæti komið, yrði að hafa verið gengið úr skugga um að viðtakandi veiti upplýsingunum nægilega vernd. Það var t.d. gert áður en tekin var ákvörðun um flutning farþegaupplýsinga til Bandaríkjanna. Verði sú leið ekki farin gæti flutningur upplýsinganna stuðst við lagaheimild. Samkvæmt rammaákvörðuninni má því aðeins veita slíka heimild að hagsmunir hins skráða eða brýnir almannahagsmunir krefjist þess (legitimate specific interests of the data subject; or legitimate prevailing interests, especially important public interests). Lausleg athugun Persónuverndar hefur ekki leitt í ljós að slík lagaheimild hafi verið veitt á hinum Norðurlöndunum. Hins vegar má geta þess til fróðleiks að í Danmörku var, með lögum, dags. 25. júní 2010, um breytingu á lögum um erfðaeftnisgagnagrunna lögreglu o.fl. (d. Lov nr. 434 af 31. maj 2000 om Det Centrale Dna-profil-register), dómsmálaráðherra heimilað að gera tiltekna samninga um viss upplýsingaskipti við yfirvöld í ríkjum utan ESB.

Þann 4. maí svaraði Persónuvernd innanríkisráðuneytinu um lögmæti þess að flytja hédan persónuupplýsingar til Bandaríkjanna. Þetta yrði gert í þágu samninga um vegabréfsáritanafrelsi. Persónuvernd gerði ekki athugasemdir enda yrðu aðeins fluttar hédan upplýsingar um einstaklinga sem hefðu verið dæmdir fyrir hryðjuverkabrot. Afstaða Persónuverndar byggist á þeim forsendum að flutningur upplýsinganna muni þykja nauðsynlegur vegna almannahagsmuna og þess verði gætt að virða skilyrði þjóðréttarskuldbindingar Íslands, sbr. Rammaákvörðun nr. 2008/977/JHA.

1.

Persónuvernd vísar til fyrri samskipta við innanríkisráðuneytið um samningaviðræður við Bandaríkin um vegabréfsáritanafrelsi milli Íslands og Bandaríkjanna. Persónuvernd hefur þegar veitt almennar umsagnir, dags. 7. febrúar og 2. apríl 2012, og m.a. bent á að vinnslan yrði að samrýmast einhverri af kröfum 1. mgr. 8. og 1. mgr. 9. gr. Þá yrði flutningur upplýsinganna að uppfylla viðbótarskilyrði 30. gr. laga nr. 77/2000.

2.

Með tölvubréfi, dags. 30. apríl 2012, var Persónuvernd sent minnisblað ráðuneytisins varðandi framangreint. Þar kemur í fyrsta lagi fram að hédan yrðu einungis fluttar persónuupplýsingar um einstaklinga sem dæmdir hafi verið fyrir hryðjuverkabrot. Slík afmörkun hefur ekki komið fram áður.

Í minnisblaðinu kemur einnig fram að ráðuneytið telji að vinnslan geti samrýmst 5. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 (sé nauðsynleg vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna) og 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna (sérstök heimild standi til hennar samkvæmt öðrum lögum). Í þeim efnunum vísar ráðuneytið til 1. mgr. 5. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 og 4. tölul. 2. gr. reglugerðar nr.

322/2001 um meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu.

Þá segir að ráðuneytið telji flutning hinna viðkvæmu persónuupplýsinga til Bandaríkjanna geta stuðst við 7. tölul. 1. mgr. 30. gr. laga nr. 77/2000, um flutning sem sé nauðsynlegur vegna brýnna almannahagsmuna.

3.

Með vísan til framangreinds er það skilningur Persónuvernd að einungis verði miðlað upplýsingum um einstaklinga sem hafi verið dæmdir fyrir hryðjuverkabrot, sbr. ákvæði 100. gr. a-c í almennum hegningarlögum nr. 19/1940.

Sé það niðurstaða innanríkisráðuneytis að flutningur slíkra persónuupplýsinga til Bandarískra yfirvalda sé nauðsynlegur vegna brýnna almannahagsmuna, í skilningi 7. tölul. 1. mgr. 30. gr. laga nr. 77/2000, og hann sé heimill með hliðsjón af Rammaákvörðun nr. 2008/977/JHA, þá gerir Persónuvernd ekki frekari athugasemdir.

Hins vegar er minnt á að hún er úrskurðaraðili í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma um vinnslu persónuupplýsinga og tekur þar af leiðandi ekki tekið bindandi afstöðu til lögmætisins að svo stöddu, enda kynni hún þá að verða vanhæf síðar, s.s. við afgreiðslu kvörtunar einstaklings yfir vinnslunni.

3.2.40. Umbedin leiðrétting gerð á niðjatalsupplýsingum – mál nr. 2011/1301

K kvartaði yfir því að á vefsíðu væri þess ekki getið að M væri hennar fyrrverandi eiginmaður. Hér reyndi á reglur um leiðréttingarskyldu ábyrgðaraðila. Hann féllst á að gera breytinguna og var málið þá fellt niður.

3.2.41. Kvörtun yfir ómerktum markpósti – mál nr. 2011/746

Persónuvernd úrskurðaði um kvörtun yfir markpósti um barnamat. Kvartanda var sendur pósturinn vegna þess að hann átti sex mánaða gamalt barn. Persónuvernd taldi að viðkomandi fyrirtæki, sem var sérfræðifyrirtæki á sviði beinnar markaðssóknar, hafi ekki virt reglur um áritun á markpósti.

Í niðurstöðum úrskurðarins segir m.a.:

Um andmæli gegn vinnslu persónuupplýsinga í markaðssetningarstarfsemi gildir ákvæði 2. mgr. 28. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Eins og þar kemur fram hefur löggjafinn falið Þjóðskrá Íslands að halda skrá yfir þá sem ekki vilja að unnið sé með persónuupplýsingar um sig af aðilum sem stunda markaðssetningarstarfsemi. Hefur sú skrá verið kölluð bannskrá. Aðilar í markaðssetningarstarfsemi skulu gæta þess að bera eigin skrár saman við bannskrá til að koma í veg vinnslu persónuupplýsinga um einstaklinga sem eru henni mótfallnir. Ef hinn skráði er barn er það almennt hlutverk þess sem fer með forsjá þess að fara með andmælaréttinn. Óumdeilt er að hvorki barn kvartanda né hann sjálfur höfðu komið á framfæri slíkum andmælum. Verður því ekki séð að brotið hafi verið gegn framangreindu.

Auk þess sem hinn skráði á framangreindan möguleika á að andmæla öllum markpósti (með færslu á bannskrá) á hann einnig rétt á að koma andmælum aðeins á framfæri við viðkomandi útsendingaraðila - vilji hann losna undan skilaboðum frá honum. Til þess þarf hann að vita hver útsendingaraðilinn er og hvert hann geti snúið sér. Til samræmis segir m.a. í 4. mgr. 28. gr.:

Skylt er að nafn ábyrgðaraðila komi fram á áberandi stað á útsendum markpósti og hvert þeir sem andmæla því að fá slíkan markpóst og marksímtöl geti snúið sér. Viðtakandi markpósts á rétt á að fá vitneskju um hvaðan þær upplýsingar koma sem liggja úthringingu eða útsendingu til grundvallar.

Markaðsráð ehf. er aðili sem starfar í beinni markaðssókn, sbr. 2. mgr. 28. gr. Slíkum aðilum ber

að koma í veg fyrir að markpóstur verði sendur til þeirra sem ekki vilja fá hann. Í því tilviki sem hér um ræðir, kom nafn félagsins ekki fram og voru því ekki uppfyllt fyrirmáli 4. mgr. 28. gr. laga nr. 77/2000.

3.2.42. Varðveisla fjármálafyrirtækis á upplýsingum um viðskiptavin – mál nr. 2011/1268

Persónuvernd úrskurðaði í máli manns sem kvartaði yfir því að fjármálafyrirtæki hefði varðveitt upplýsingar um sig of lengi. Upplýsingarnar tengdust lánasamningi frá árinu 1995. Persónuvernd taldi fyrirtækinu hafa, í umrætt sinn, verið heimilt að varðveita upplýsingarnar.

Úrskurðurinn er svohljóðandi:

*I.
Málavextir og bréfaskipti
1.*

Þann 18. nóvember 2011 barst Persónuvernd kvörtun frá A (hér eftir nefndur kvartandi), vegna varðveislu Íslandsbanka (Ergo fjármögnunarþjónustu) á upplýsingum um lánasamning sinn við bankann frá árinu 1995. Í kvörtun hans segir m.a.: „Ég var að kaupa bifreið og bílasali hefur samband við Ergo, sem er dótturfyrirtæki Íslandsbanka, vegna bílaláns. Bílasalinn hefur svo samband við mig og telur upp þau gögn sem Ergo krefst vegna greiðslumats. Mér fannst gögnin frekar ítarleg og hafði samband við ráðgjafa Ergo. Þar fæ ég að vita að ástæðan fyrir gögnunum sem þau krefjast sé að einu upplýsingarnar sem til eru í tölvukerfinu hjá þeim sé að ég hafi verið með lánasamning hjá Íslandsbanka sem hafi farið í innheimtu. Ég kannaðist ekkert við þetta mál og ráðgjafinn leitaði í nokkra stund og komst síðan að því (eftir nokkrar rangar fullyrðingar) að um var að ræða tölvulán sem tekið var 1995 og greitt upp 1997.[...]

Ég kvartaði við ráðgjafa Ergo og hún sendi fyrirspurn til lögfræðideildar. Svarið frá þeim er eftirfarandi:

„Ekki verður talið að varðveislan brjóti í bága við 7. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga enda er varðveisla upplýsinga af þessu tagi nauðsynleg til að fyrirtækið geti gætt lögmætra hagsmuna sinna. Þannig telur Ergo sér vera heimilt að varðveita upplýsingar um viðskiptasögu sbr. 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga um persónuvernd.“

Mér finnst satt að segja lélegt að fá þetta framan í mig núna, 15 árum síðar. Mér finnst óeðlilegt að geyma upplýsingar svona lengi. Ráðgjafinn margendurtók það við mig að þetta hefði engin áhrif á viðkomandi umsókn, þetta væri bara í tölvunni.[...]

2.

Með bréfi, dags. 23. nóvember 2011, var Íslandsbanka, Ergo fjármögnunarþjónustu, boðið að koma á framfæri skýringum vegna kvörtunarinnar til samræmis við 10. og 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Í svarbréfi, dags. 6. desember 2011, segir m.a.:

„Í viðskiptum á milli aðila verður til reynsla, sem báðir aðilar horfa til við ákvörðun framtíðarviðskipta. Í lögum nr. 161/2002 er gert ráð fyrir að upplýsingar um viðskipti séu skráðar sbr. 17. gr., 19. gr., 20. gr. Ekki verður talið að varðveislan brjóti í bága við 7. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga enda er varðveisla upplýsinga af þessu tagi nauðsynleg til að fyrirtækið geti gætt lögmætra hagsmuna sinna. Þannig telur Ergo sér vera heimilt að varðveita upplýsingar um viðskiptasögu sbr. 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga um persónuvernd.“

Réttarþróun síðustu ára beinist æ meira í þá átt að auka áhættu aðila sem falla undir ákvæði laga [nr.] 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Dómstólar hafa lagt auknar skyldur á fjármálafyrirtæki um gaumgæfni við lánaákvæðanir, sem beinist að mati á greiðsluhæfi viðskiptavinarins og skjalafrágang. Til þess að fjármálafyrirtæki geti á vandaðan hátt lagt mat á beiðni viðskiptavinarins

og mat á getu hans til að efna skuldbindingar sínar er þeim nauðsynlegt að hafa aðgengi að upplýsingum sem skipta máli þar á meðal fyrri viðskiptasaga.“

Með bréfi, dags. 12. desember 2011, var kvartanda gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við framkomnar skýringar Íslandsbanka, Ergo fjármögnunarþjónustu. Svarfrestur var veittur til 28. desember 2011. Með bréfi, dags. 24. janúar 2012, ítrekaði Persónuvernd ósk sína um svör og nýr frestur veittur til 9. febrúar 2012. Í bréfinu áréttaði Persónuvernd við kvartanda að ef engin svör myndu berast stofnuninni, mætti vænta þess að úrskurðað yrði í máli hans á grundvelli fyrirliggjandi gagna. Engin svör bárust Persónuvernd frá kvartanda.

II.

Forsendur og niðurstaða

1.

Efnislegt gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, og þar með valdsvið Persónuverndar, nær til vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. og 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr.

Varðveisla Ergo fjármögnunarþjónustu Íslandsbanka á upplýsingum um viðskiptasögu kvartanda, n.t.t. um lánasamning hans við Íslandsbanka, er því vinnsla persónuupplýsinga í skilningi laganna og fellur því undir úrskurðarvald Persónuverndar.

2.

Forsendur og niðurstaða

Í máli þessu er ekki deilt um hvort skráning umræddra upplýsinga hafi verið lögmæt í upphafi heldur aðeins hvort varðveisla á þeim sé lögmæt. Sú varðveisla þarf, eins og öll vinnsla almennra persónuupplýsinga, að fullnægja einhverju skilyrðanna í 8. gr. laga nr. 77/2000.

Að auki verður, eins og ávallt þegar unnið er með persónuupplýsingar, að fara að öllum grunnkröfum 7. gr. laga nr. 77/2000, þ. á m. að persónuupplýsingar skuli unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og í samræmi við vandaða vinnsluhætti slíkra upplýsinga (1. tölul.); að persónuupplýsingar skuli fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.); að persónuupplýsingar skulu vera nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.); og að þær skuli vera áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum, en persónuupplýsingar, sem séu óáreiðanlegar eða ófullkomnar, miðað við tilgang vinnslu þeirra, skal afmá eða leiðrétta (4. tölul.).

Samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 er heimil vinnsla sem er nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila og í 7. tölul. sömu greinar segir að heimil sé sú vinnsla sem er nauðsynleg til að ábyrgðaraðili, eða þriðji maður eða aðilar sem upplýsingum er miðlað til, geti gætt lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða sem vernda ber samkvæmt lögum vegi þyngra. Í svarbréfi Íslandsbanka, Ergo fjármögnunarþjónustu, kemur fram að hann telur sér vera heimilt að varðveita upplýsingar um viðskiptasögu enda sé hún nauðsynleg til að hann geti gætt lögmætra hagsmuna sinna. Þá vísar bankinn til aukinna skyldna sem hvíli á fjármálafyrirtækjum samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Í 17. gr. þeirra er ákvæði um eftirlitskerfi með áhættu, í 17. gr. a er ákvæði um uppfærða skuldbindingaskrá um alla þá sem njóta lánaþyrirgreiðslu og í 17. gr. b. er ákvæði um skyldu lántaka til að veita upplýsingar.

Með vísun til framangreinds telur Persónuvernd að varðveisla umræddra upplýsinga samrýmist 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 og sé því ekki óheimil.

3.2.43. Heimild lýtalæknis til að upplýsa um konur með PIP-brjóstafyllingar – mál nr. 2012/185

Persónuvernd veitti Læknafélagi Íslands leiðbeinandi svar um heimildir tiltekins læknis til að segja landlækni hvaða konur hafa s.k. PIP-brjóstafyllingar. Tilefnið var ósk landlæknis um að fá slíkar persónuupplýsingar. Í svari sínu benti Persónuvernd m.a. á að rík þagnarskylda hvíli á læknum. Skyldan sé bundin í lög og henni verði ekki létt af þeim nema með lögum. Við slíkt yrði að gæta þeirra grundvallarréttinda sem allir njóta skv. 71. gr. stjórnarskrárinnar. Þau réttindi má ekki skerða slík nema brýna nauðsyn beri til vegna réttinda annarra. Þá er bent á að það er Lyfjastofnun sem hefur eftirlit með gæðum brjóstafyllinga, en ekki landlæknir.

Svar Persónuverndar er svohljóðandi:

Stjórn Persónuverndar hefur, á fundi sínum í dag, fjallað um mál nr. 2012/185 og fer hér á eftir svar hennar við fyrirspurn Læknafélags Íslands um hvort A, lýtalækni, sé heimilt að láta landlækni í té persónuupplýsingar um allar þær konur sem hafa fengið PIP-brjóstafyllingar hjá honum frá árinu 2000. Fól hann félaginu að koma fram fyrir sína hönd gagnvart Persónuvernd. Um er að ræða leiðbeinandi svar, veitt í samræmi við 5. tölul. 3. mgr. 37. laga nr. 77/2000.

I.

Upphaf máls og bréfaskipti

1.

Erindi Læknafélags Íslands

Með bréfum, dags. 17. janúar og 1. febrúar 2012, bárust Persónuvernd erindi frá Læknafélagi Íslands, fyrir hönd Félags lýtalækna, í kjölfar þess að þeim barst ósk landlæknis um að lýtalæknar upplýstu hann um hvaða konur hefðu brjóstafyllingar. Var óskað leiðbeininga Persónuverndar um hvað lýtalæknum sé heimilt eða skylt í þessu tilliti.

Erindi Læknafélagsins laut annars vegar að því hvort lýtalæknar mættu miðla persónuupplýsingum um allar konur með brjóstafyllingar. Persónuvernd veitti svar við því með bréfi, dags. 30. mars 2012 (mál nr. 2012/96). Hins vegar laut erindið að því hvort A væri heimilt að miðla persónuupplýsingum um þær konur sem hafi fengið ígræddar svokallaðar PIP-brjóstafyllingar. Tekur svar þetta til síðari spurningarinnar.

2.

Bréfaskipti

2.1

Sjónarmið Læknafélags Íslands

Læknafélag Íslands hefur, með bréfi, dags. 1. febrúar 2012, gert athugasemdir við ósk landlæknis um að fá persónuupplýsingar um konur með PIP-brjóstafyllingar. Verða þær athugasemdir reifaðar hér í stuttu máli.

Um tilurð málsins segir Læknafélagið: „Málavextir eru stuttlega þeir að nýverið kom í ljós að framleiðandi PIP-brjóstafyllinga, sem höfðu CE-merkingu, reyndist hafa framleitt svikna vöru, þ.e. framleiðsluferlið var ekki í samræmi við ferlið sem vottað var heldur notaði framleiðandinn stundum iðnaðarsílikon í brjóstafyllingarnar en ekki hreint sílikon. PIP-púðunum virðist hættera við að springa en öðrum brjóstafyllingarpúðum. A lýtalæknir er nánast eini lýtalæknirinn sem notað hefur þessa púða hér á landi. U.þ.b. 440 konur hafa gengist undir brjóstastækkunaraðgerð hjá honum á því tímabili sem um ræðir.

[...]

A lýtalæknir hefur sent bréf, dags. 20. janúar sl., til allra kvenna sem hann hefur gert brjóstastækkunaraðgerð á. Þá sendi hann í viku 4, 2012 þessum sömu konum dreifibréf, sem íslensk heilbrigðisyfirvöld hafa útbúið til að gera grein fyrir þeirri þjónustu, sem þeim stendur til boða vegna málsins.

Í bréfi því sem þetta mál varðar, þ.e. bréfi landlæknis dags. 27. janúar sl., óskar landlæknir eftir því að A afhendi honum persónugreinanlega lista með nöfnum allra kvenna sem gengist hafa undir aðgerð hjá A og fengið PIP púða. Fyrir liggur að A hefur unnið slíkan lista, sbr. hér á eftir. [...]

Ástæða þess að A leitar til LÍ vegna bréfs landlæknis er að hann efast um lagalegar heimildir landlæknis til að kalla eftir persónugreinanlegum lista yfir tilgreindan sjúklingahóp. Þá efast hann um heimild landlæknis til að fara sjálfur að fylgja því eftir að konurnar sem hér um ræðir mæti í skoðun hjá Krabbameinsfélaginu. Til viðbótar kemur að fjölmargar konur sem eru á þessum lista hafa óskað eftir því við A að hann afhendi ekki persónugreinanlegar upplýsingar um þær. Allt þetta setur A í vanda, sem verður að fá úrlausn Persónuverndar um.“

Um lagaheimildir segir Læknafélagið m.a.:

„Fyrir liggur að A þurfti að taka saman í skrá nöfn og heimilisföng, að því leyti sem þau fundust, þeirra kvenna sem gengist hafa undir brjóstastækkunaraðgerð hjá honum og fengið PIP-púða. LÍ telur að A hafi verið heimil gerð þeirrar skráar á grundvelli 4. tölul. 8. gr., sbr. 4. og 8. tölul. 9. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Hann þurfti vegna málsins að upplýsa konurnar um staðreyndir málsins, og síðan til að hafa milligöngu um að koma á framfæri við þær áformum stjórnvalda um lækni meðferð sem þeim stendur til boða. Hvorutveggja var til að vernda mikilvæga hagsmuni þeirra og vegna lækni meðferðar sem þeim stendur til boða. Þó A hafi útbúið þessa skrá í þessum tilgangi er ekki sjálfgefið að honum sé heimilt að afhenda landlækni skrána ekki síst í ljósi þess að A hefur þegar sent konunum bréf, eins og að framan er rakið. Lög nr. 41/2007 tilgreina með tæmandi hætti hvaða persónugreinanlegar skrár landlæknir má halda. Skrá yfir konur sem farið hafa í brjóstastækkunaraðgerðir, hvorki almennt, né eftir tegundum púða, er ekki þar á meðal.“

Um tilgang þeirrar vinnslu sem hér um ræðir segir Læknafélagið m.a.:

„Eins og áður er rakið er tilgangur landlæknis með því að krefjast listans sá að hann ætlar að fylgja því eftir hvort konur með PIP púða mæti í skoðun hjá Krabbameinsfélagi Íslands. Fyrir liggur að A er þegar búinn að senda konunum bréf heilbrigðisyfirvalda þar sem skilmerkilega er tilgreint hvernig þær eigi að snúa sér. Það hlýtur síðan að vera kvennanna sjálfra að ákveða hvað þær gera enda eru lög um réttindi sjúklinga nr. 74/1997 skýr um það atriði. Vandséð er hvernig það tengist eftirlitsheimildum landlæknis að lögum að hann skuli ætla að fylgja því eftir að konurnar sem um ræðir þiggi boð heilbrigðisyfirvalda um að fara í ómskoðunina. Það hlýtur að vera hverri konu sem hér um ræðir í sjálfsvald sett hvort hún þiggur þau meðferðartilboð sem stjórnvald hafa gert henni aðgengileg. LÍ telur það álitamál hvort landlækni sé heimilt að kalla eftir listanum í ljósi þess hvernig landlæknir segist ætla að nota hann.“

Um rétt kvenna, sem hafa fengið PIP-brjóstafyllingar frá árinu 2000, til að andmæla framangreindri miðlun persónuupplýsinga um sig, segir í bréfi Læknafélagsins:

„Eins og áður hefur komið fram hafa fjölmargar konur leitað til A og óskað eftir því að nöfn þeirra verði ekki á persónugreinanlegum lista til landlæknis. Það þarf því að taka sérstaka afstöðu til þessa atriðis, ekki síst ef það verður niðurstaða Persónuverndar að krafan um listann sé landlækni heimil og að ástæður hans fyrir því að vilja listann séu taldar réttlætanager. [...]"

2.2

Sjónarmið landlæknis

Með bréfi, dags. 7. febrúar 2012, óskaði Persónuvernd annars vegar eftir skýringum frá landlækni um hvaða lagaheimild hann teldi standa til þess að hann fengi upplýsingar um konurnar frá A. Hins vegar var spurt til hvers hann þyrfti að vita deili á þeim og hvað hann hygðist gera við upplýsingar um þær.

Sjónarmið landlæknis hafa verið sett fram með bréfum, dags. 10. febrúar og 28. mars 2012. Um

forsögu og tilurð hins s.k. PIP-máls segir þar:

„1. Forsaga hins s.k. PIP-máls á rætur að rekja til 2. apríl 2010 þegar AFSSAPS, frönsk eftirlitsyfirkvöld með lækningatækjum gáfu út „Global/European Medical Devices Competent Authority Report“. Þar kom fram að taka ætti s.k. CE-merkingu af framleiðslu PIP brjóstafyllinga sem uppfylltu þar með ekki evrópska gæðastaðla. Þessi ákvörðun byggði á rannsókn í kjölfar vísbendinga árið 2009 um fleiri frávik í PIP fyllingum en öðrum. Í kjölfarið var hætt að nota PIP brjóstapúða hér á landi eins og víðar. Þann 27. september 2010 var staðfest að flestir PIP-brjóstapúðar sem höfðu verið framleiddir eftir árið 2001 innihéldu sílikon sem ekki var í samræmi við vottað framleiðsluferli. Rannsóknir sýndu að það sílikon sem var notað (s.k. iðnaðarsílikon) hefði ekki eiturverkandi áhrif á vefi en að bólguviðbrögð væru með öðrum hætti en vegna annarra brjóstafyllinga. Nýlega hefur komið í ljós að ekki er hægt að tryggja að nokkur PIP-brjóstapúði uppfylli gæðastaðla, óháð framleiðsluári.

2. Heilbrigðisöryggisnefnd Evrópusambandsins um nýja og vaxandi heilsuvá fundaði um og eftir áramótin 2011/12 nokkrum sinnum um þetta mál. Gaf vísindanefnd hennar þann 2. febrúar 2012 út skýrslu um öryggi PIP-brjóstapúða, en þar kemur m.a. eftirfarandi fram:

a) Vísbendingar eru um að PIP-brjóstapúðar hafi hærri tíðni leka fyrstu árin eftir innsetningu en aðrir púðar. Einnig eru vísbendingar um að PIP-brjóstapúðar valdi frekar bólgu og aumum eitlum, fyrst og fremst í holhönd og það jafnvel án þess að leka. Fyrirliggjandi gögn eru aftur á móti ekki fullnægjandi enn sem komið er til að skera úr um það hvort þessir púðar séu skaðlegri en aðrir.“

Um lagaheimildir segir þar:

„Hinar sérstöku heimildir landlæknis, til að krefja lækninn um umræddar upplýsingar [...] og um skyldu hans til að afhenda þær, er að finna í lögum um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007, einkum í II. kafla laganna um eftirlit með heilbrigðisþjónustu. Í annarri löggjöf er nú alfarið vísað til laganna um landlækni um eftirlitsskyldu landlæknis og um miðlun upplýsinga úr sjúkraskrá. Í 18. gr. læknalaga nr. 53/1988 segir að læknir sé háður eftirliti landlæknis í samræmi við ákvæði laga um landlækni. Í 16. gr. læknalaga er m.a. vísað til laga um sjúkraskrár um skyldu læknis til að færa sjúkraskrár og um meðferð sjúkraskrárupplýsinga. Í 2. mgr. 16. gr. laga nr. 55/2009 um sjúkraskrár, segir að um miðlun upplýsinga úr sjúkraskrár vegna færslu heilbrigðisskráa og eftirlits landlæknis, þ. m. t. gæðaeftirlits, fari samkvæmt lögum um landlækni.

Meðal lögbundinna meginhlutverka landlæknis er að hafa eftirlit með heilbrigðisþjónustu og heilbrigðisstarfsmönnum, sbr. e-lið 1. mgr. 4. gr. laga um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007. Landlæknir hefur, skv. 1. mgr. 7. gr. sömu laga, heimild til að krefja heilbrigðisstarfsmenn, heilbrigðisstofnanir og aðra sem veita heilbrigðisþjónustu um upplýsingar og gögn sem hann telur nauðsynleg til að sinna eftirlitshlutverki sínu og er þeim skylt að verða við slíkri kröfu. Í 4. gr. reglugerðar nr. 786/2007 er með sama hætti mælt fyrir um skyldu heilbrigðisstarfsmanna til að afhenda landlækni upplýsingar og gögn. Sett er það skilyrði að um sé að ræða gögn sem landlæknir telur nauðsynleg til að sinna eftirlitshlutverki sínu. Þær upplýsingar sem landlæknir krefur A nú um eru honum nauðsynlegar til að sinna sínum eftirlitsskyldum og skilyrði laganna um skyldu læknisins til að afhenda upplýsingarnar eru því fyrir hendi. Skýr heimild í sérlögum skiptir máli við beitingu ákvæða laga nr. 77/2000, hvort sem lítið er til 8. og 9. gr. eða til 1. mgr. 28. gr.

[...]

Svo sem kunnugt er hafa stjórnvöld ákveðið að bjóða hinum skilgreinda hópi kvenna tiltekna þjónustu, sem þeim væri annars ekki kræf endurgjaldslaust. Velferðarráðuneytið gerði þann 23. janúar sl. sérstakan þjónustusamning við Krabbameinsfélag Íslands um skipulagða ómskoðun og upplýsingagjöf til þess hóps sem umrædd gögn A varða. Í samningi þessum er landlækni falið sérstakt eftirlitshlutverk við framkvæmd hans og samrýmist það hlutverki embættisins vel, enda

hefur landlæknir almennar eftirlitsskyldur með þessari heilbrigðisþjónustu í samræmi við fyrrnefnda 1. mgr. 7. gr., sbr. 2. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 41/2007.

Fyrir liggur að A hefur tekið saman lista um þær konur sem þjónustunni er ætlað að taka til. Eins og fram kemur í bréfi læknafélagsins tók hann að sér að hafa milligöngu um að koma á framfæri við konurnar upplýsingum stjórnvalda um þá lækni meðferð sem þeim stendur til boða. Í því fólst að senda bréf frá velferðarráðuneytinu til allra kvenna sem undirgengist hafa brjóstastækkunaraðgerð með PIP púðum hjá honum, frá 1. janúar 2000 til 31. desember 2011, þar sem þeim er boðið til skoðunar og ráðgjafar hjá Krabbameinsfélagi Íslands. Upplýsingarnar sem landlæknir krefur A um er listi með nöfnum og kennitölum kvennanna sem stjórnvöld eru að bjóða þessa þjónustu. Upplýsingarnar eru landlækni nauðsynlegar til að sinna hinu sérstaka eftirliti með framkvæmd samnings, sem ráðherra hefur falið honum, m.a. til að fylgjast með því hvort konurnar mæti í skoðun hjá Krabbameinsfélagi Íslands.“

Um tilgang og tilefni umræddrar miðlunar frá A, lýtalækni, segir þar:

„Embætti landlæknis er ekki ljóst hversu margar konur eru nú á nafnalista A eða ættu að vera þar, en í upplýsingum frá honum til ráðuneytisins hefur fjöldi þeirra verið á reiki. Þannig áætlaði A 2. janúar sl. að þetta væru 400 konur, 6. janúar sl. taldi hann þær vera 318 en 440 þann 9. janúar sl. Þann 24. janúar sl. staðfesti [...] af hálfu A að konurnar væru 393, þar af með 361 með heimili hér á landi, en við þá tölu var miðað þegar ráðuneytið afhenti bréf sín til framsendingar.

Því miður virðist nokkur misbrestur hafa orðið á framkvæmd þessa verks hjá A. Dæmi eru um að konur, sem hefðu átt að vera á útsendingarlista og hafa framvísað gögnum þar að lútandi, hafa sett sig í samband við stjórnvöld í tilefni af fréttáflutningi um þessi efni, en þessar konur hafa þá engin bréf fengið send fyrir milligöngu A. Í a.m.k. einu tilviki hefur kona fengið staðfest að hafa átt ósent bréf í [...] og hafi þar af leiðandi verið á listanum, en ekki fengið bréfið sent. Þá munu vera þess dæmi að konur hafi fengið bréf sem ekki hafa undirgengist aðgerð.

Embætti landlæknis er mikill vandi á höndum að greiða úr vanda þeirra kvenna sem leitað hafa til þess að undanfögnu, án þess að hafa umkrafðar upplýsingar frá A, en tilviljun kann að ráða því hvort konurnar hafa geymt gögn um hvers konar púða þær hafa og hvenær aðgerð var framkvæmd. Ljóst er að það er á ábyrgð stjórnvalda að jafnræðis sé gætt við framkvæmd þessa sértæka úrræðis sem þau hafa ákveðið að ráðast í og að þörf er á sérstöku eftirliti með þessu verkefni, eins og gert var ráð fyrir í samningi velferðarráðuneytisins og Krabbameinsfélags Íslands. Það er sérstaklega bagalegt, í ljósi þess hvernig til hefur tekist með útsendingu bréfanna, að embætti landlæknis þurfi enn að bíða eftir upplýsingum frá læknum sem honum ber skylda til að afhenda.

Auk þess að nýta upplýsingarnar til að greiða úr framangreindum álitafnum sem varða bréfasendingarnar sem A tók að sér, hefur landlæknir í hyggju að fylgjast með því hvernig konurnar sem hópur bregðast við boði stjórnvalda og nýta sér þjónustuna. Í því felst m.a. að mögulegt sé að ganga úr skugga um að ástæða þess að kona mætir ekki til skoðunar sé ákvörðun hennar um að þiggja ekki þjónustuna, en ekki mistök við bréfasendingu, misskilningur varðandi sjúkratryggingu eða annað. Frá því fyrst var óskað eftir upplýsingum um hópinn hafa stjórnvöld ákveðið að bjóða konunum, auk skoðunar hjá Krabbameinsfélaginu, upp á að púðar verði fjarlægðir án endurgjalds á Landspítalanum. Það er því fráleitt að stjórnvöld hafi við þær sérstöku aðstæður sem hér er lýst engar upplýsingar um hverjum þau eru að bjóða þjónustuna.

Í ljósi alls þess sem að framan greinir og brynna hagsmuna þeirra kvenna sem í hlut eiga beinir embætti landlæknis því til Persónuverndar að Læknafélagi Íslands og A verði gerð grein fyrir því hið allra fyrsta að A sé ekki einungis heimilt heldur og skylt að afhenda landlækni umbeðinn lista. Er í því sambandi vísað til 2. tl. 1. mgr. 9. gr., og 3. tl. 8. gr. laga nr. 77/2000 og 1. mgr. 7. gr. laga nr. 41/2007 um skyldu.“

2.3

Frekari sjónarmið LÍ

Með bréfi, dags. 17. febrúar 2012, veitti Persónuvernd Læknafélags Íslands kost á að koma á framfæri frekari athugasemdum við framkomin svör landlæknis, kysi félagið svo.

Frekari sjónarmið Læknafélagsins koma fram í bréfi, dags. 27. febrúar 2012. Þar kemur m.a. fram að Læknafélagið sé ekki sammála rökstuðningi landlæknis varðandi þau lagarök sem það telur sig hafa fyrir því að krefja A um umbeðnar upplýsingar. Þá vísar félagið til bréfs þess, dags. sama dag, þar sem fram kom að félagið teldi 7. gr. laga nr. 41/2007 ekki uppfylla þær kröfur sem 9. gr. laga nr. 77/2000 geri til skýrleika lagaheimilda til vinnslu persónuupplýsinga.

Um tilgang Landlæknis með umræddri upplýsingaöflun segir í bréfi Læknafélagsins:

„Landlæknir telur að þar sem velferðarráðherra hafi falið honum sérstakt eftirlit með framkvæmd heilbrigðisþjónustu til þeirra kvenna sem fengið hafa PIP-púða ígrædda þá veiti það honum sérstakar heimildir. LÍ fær ekki séð að það eftirlit sem velferðarráðherra hafi falið honum veiti honum einherjar sérstakar heimildir til að fá persónugreinanlegar upplýsingar um þennan hóp kvenna, nema með skýru samþykki þeirra eða lagastoð, sem óvefengjanleg sé.

[...]

Þó A hafi tekið saman lista með nöfnum þessara kvenna, sem LÍ telur að honum hafi verið heimilt, þá gefur það landlækni ekki sjálfstæða heimild til að kalla eftir listanum. Þá er útilokað að fallast á það að eftirlit landlæknis með þessu máli eigi að felast í því að fylgjast með hvort konurnar mæti í skoðun hjá Krabbameinsfélagi Íslands og þess vegna þurfi hann þennan lista.

Fyrir liggur að ítarlega hefur verið fjallað um þetta mál í fjölmiðlum, bæði hér á landi og erlendis. Þær konur sem gengist hafa undir brjóstastækkunaraðgerð hjá A frá árinu 2000 til ársins 2010 geta gengið útfrá því að þær hafi fengið PIP-púða. Þær vita hvaða úrræði heilbrigðisþjónustan býður þeim upp á. Þeim er á hinn bóginn í sjálfsvald sett hvort þær þiggi þau úrræði eða kjósi einfaldlega sjálfar að leita til lýtalækna með sín mál. Það kemur stjórnvöldum ekkert við hvora leiðina konur velja í þessu sambandi.

Fyrir liggur að ekki hefur tekist að senda öllum konunum bréf, m.a. vegna búsetu erlendis. Ætla verður að þær konur sem búsettar eru erlendis hafi fylgst með umræðunni um PIP-mál í því landi sem þær eru búsettar í og láti athuga sín mál með þeim hætti sem heilbrigðisyfirvöld í viðkomandi landi hafa ráðlagt.“

II.

Svar Persónuverndar

Eins og áður segir var erindi Læknafélags Íslands, fyrir hönd Félags lýtalækna, upphaflega tvíþætt. Það laut annars vegar að því hvort lýtalæknar mættu miðla persónuupplýsingum um allar konur sem hafa fengið brjóstafyllingar og hins vegar að því hvort A væri heimilt að miðla til landlæknis persónuupplýsingum um þær konur sem hafi fengið ígræddar svokallaðar PIP-fyllingar. Hér á eftir fer svar við síðari spurningunni.

1.

Öll vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga þarf að uppfylla eitthvert af skilyrðum 1. mgr. 8. gr. og 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000. Þá þarf við alla vinnslu persónuupplýsinga, að fara að grunnkröfum 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000. Þar er mælt fyrir um að þess skuli gætt við meðferð persónuupplýsinga að þær séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga (1. tölul.); að þær séu fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.); að þær séu nægilegar, viðeigandi og ekki umfram

það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.); að þær séu áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum, en persónuupplýsingar, sem séu óáreiðanlegar eða ófullkomnar, miðað við tilgang vinnslu þeirra, skuli afmá eða leiðrétta (4. tölul.); og að þær séu varðveittar í því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á hinu skráða lengur en þörf krefur miðað við tilgang vinnslu (5. tölul.).

2.

Að því er varðar skilyrði 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000 er, í því svari sem Persónuvernd veitti, hinn 30. mars 2012, um miðlun persónuupplýsinga frá lýtalæknum til landlæknis um allar konur með brjóstafyllingar, óháð tegund, bent á að rík þagnarskylda hvílir á læknum samkvæmt lögum. Til að létta þeirri þagnarskyldu af þeim þurfi skýra heimild, t.d. samþykki viðkomandi sjúklings samkvæmt 1. tölul. eða lagaheimild sbr. 2. tölul. Þá verði að gæta réttinda hins skráða, þ. á m. andmælaréttar hans. Það var niðurstaða Persónuverndar að ekki væri í gildandi lögum ákvæði er létti þessari þagnarskyldu af læknum gagnvart landlækni og heimilaði slíka miðlun. Þá var útskýrt að slíkt yrði ekki heimilað með lögum nema að uppfylltum skilyrðum 71. gr. stjórnarskrárinnar.

Að mati Persónuverndar á allt hið sama við um A og segir í framangreindu svari um heimildir lýtalækna almennt. Eins og þeir ber hann ábyrgð á þeim persónuupplýsingum sem hann hefur skráð og varðveitt um sína sjúklinga. Ber honum að tryggja öryggi upplýsinganna og virða trúnað um þær. Það er einnig á hans ábyrgð að gæta þess að miðla þeim ekki til þriðja aðila nema til þess standi ótvíræð heimild.

Hér á þannig hið sama við, þ. á m. það sem segir um 7. gr. laga nr. 41/2007 um landlækni og lýðheilsu og um 15. gr. læknalaga nr. 53/1988. Samkvæmt 2. mgr. 15. gr. má ekki víkja frá þagnarskyldunni nema lög bjóði eða rökstudd ástæða sé til vegna brýnnar nauðsynjar. Í athugasemdum við 15. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 53/1988 kemur fram að þar sem þagnarskyldan sé fyrst og fremst fyrir sjúklinginn sé lítið svo á að aðeins alvarleg takmarkatilfelli geti leyst lækni undan skyldunni, t.d. vegna rannsóknar alvarlegra brotamála. Þar segir einnig að þagnarskylda lækna geti fallið niður að hluta til eða algjörlega t.d. vegna vitnareglna í sambandi við málaferli, vegna alvarlegra smitsjúkdóma, vegna rannsóknar refsímála og þegar öryggi lands og lýðs er stefnt í hættu. Að mati Persónuverndar liggur ekkert fyrir um að þetta eigi við svo álykta megi að A sé heimilt að upplýsa landlækni um allar konur með umræddar brjóstafyllingar.

Hafa ber í huga að vernd persónuupplýsinga, og þá ekki síst heilsufarslegra, er nauðsynleg til þess að menn fái notið þeirra grundvallarréttinda sem varin eru með ákvæðum 71. gr. stjórnarskrárinnar. Í henni er fjallað um réttinn til friðhelgi einkalífs og verður hann ekki takmarkaður nema brýna nauðsyn beri til vegna réttinda annarra. Ákvæðið leggur m.a. þá skyldu á ríkið að veita þessum réttindum einstaklinganna vernd með ákvæðum refsilaga sem gera brot annarra einstaklinga á þeim refsiverð.

3.

Auk þess sem öll vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga þarf að uppfylla eitthvert af skilyrðum 1. mgr. 9. gr. þarf hún að samrýmast einhverju af skilyrðum 1. mgr. 8. gr. Í ljósi þess að landlæknir er stjórnvald, sem hlíta á lögmatísreglunni, þarf að líta til 3. og 6. tölul.

Þótt ekki sé til að dreifa ótvíræðu ákvæði, er beinlínis mæli fyrir um vinnslu persónuupplýsinga, getur hún átt sér stoð í 6. tölul. 1. mgr. 8. gr. Hann varðar vinnslu sem er nauðsynleg við beitingu opinbers valds sem ábyrgðaraðili, eða þriðji maður sem upplýsingum er miðlað til, fer með. Í þeim efnum skiptir máli hvaða eftirlitshlutverk stjórnvaldið hefur að lögum. Eftirlit með gæðum brjóstafyllinga er á hendi Lyfjastofnunar, en þær hafa verið taldar til lækningatækja. Í 10. gr. laga nr. 16/2001 um lækningatæki segir:

„Lyfjastofnun hefur eftirlit með öryggi lækningatækja. Með eftirliti er annars vegar átt við markaðseftirlit, þ.e. eftirlit með því að lækningatæki sem er markaðssett á Íslandi uppfylli

öryggiskröfur og kröfur um merkingar skv. 5. gr., og hins vegar eftirlit með því að viðhaldi lækningatækja sé sinnt og eftirlit með notkun lækningatækja. Lyfjastofnun er heimilt að fela öðrum aðilum tiltekna hluta þess eftirlits.

Eftirlitsaðilar geta óskað eftir nauðsynlegum upplýsingum vegna eftirlitsins, tekið sýni og gert þær athuganir og prófanir sem nauðsynlegar eru taldar í því skyni að forðast tjón af völdum lækningatækja. Framleiðendur, innflytjendur, seljendur, eigendur og notendur lækningatækja skulu veita þá aðstoð og upplýsingar er þörf krefur og óskað er eftir hverju sinni.“

Framangreint eftirlit var áður í höndum landlæknis en með lögum nr. 28/2011, um breytingu á lögum nr. 41/2007 um landlækni, með síðari breytingum, og um brottfall laga nr. 18/2003 um Lýðheilsustöð, var framangreindu ákvæði breytt og eftirlit fært til Lyfjastofnunar. Í almennum athugasemdum er fylgdu frumvarpi því er varð að framangreindum lögum nr. 28/2011 segir m.a. um tilvitnað eftirlit að markmið þess sé að koma í veg fyrir að sjúklingar verði fyrir tjóni og tryggja að framleiðsla, viðhald og notkun lækningatækja sé í samræmi við bestu fagþekkingu á hverjum tíma.

Af framangreindu er ljóst að eftirlit með öryggi lækningatækja fellur undir eftirlitshlutverk Lyfjastofnunar en ekki landlæknis. Því verður vinnsla landlæknis á persónuupplýsingum um allar konur sem fengið hafa PIP-brjóstafyllingar, til eftirlits með gæðum þeirra fyllinga, ekki byggð á ákvæði 6. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000. Þá liggur ekki fyrir að önnur skilyrði 1. mgr. séu uppfyllt.

4.

Auk þess sem öll vinnsla þarf að eiga sér stoð í 1. mgr. 8. og 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000 þarf hún að samrýmast meginreglum 7. gr. laganna og vera nauðsynleg.

Af hálfu landlæknis hefur komið fram að flestir PIP-brjóstapúðar, sem hafi verið framleiddir eftir árið 2001, hafi innihaldið sílikon sem ekki sé í samræmi við vottað framleiðsluferli. Rannsóknir sýni að það sílikon geti kallað fram bólguviðbrögð sem séu með öðrum hætti en vegna annarra brjóstafyllinga. Þá hefur landlæknir vitnað til nýlegrar skýrslu vísindanefndar Heilbrigðisöryggisnefndar Evrópusambandsins um að vísbendingar séu um að PIP-brjóstapúðar hafi hærri lekatíðni en aðrir púðar fyrstu árin eftir innsetningu. Ekki liggja fyrir gögn um að þessir púðar séu skaðlegri en aðrir.

Landlæknir hefur lýst því yfir að hann vilji fylgjast með því hvort konurnar mæti í skoðun hjá Krabbameinsfélagi Íslands. Þá vilji hann fylgjast með því hvernig þær sem hópur bregðist við boði stjórnvalda og nýti sér þjónustuna. Að mati Persónuverndar gefur framangreint ekki tilefni til að víkja til hliðar þeirri vernd sem þessar konur, eins og aðrir einstaklingar, njóta á grundvelli áður nefndra ákvæða í stjórnarskrá og settum lögum. Er og ljóst að þær geta, ef þær sjálfar vilja, leitað til landlæknis og lagt inn kvörtun eins og lög gera ráð fyrir, sbr. 12. gr. laga um landlækni nr. 41/2007. Verður því ekki séð að það varði líf og heilsu kvennanna að landlæknir nái til þeirra eða að miðun upplýsinga um þær til hans sé af öðrum ástæðum nauðsynleg. Eru því ekki uppfyllt skilyrði 3. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000.

5.

Tekið er fram að Persónuvernd hefur fullan skilning á mikilvægi þess að landlæknir fái þær upplýsingar sem hann þarf til að leggja faglegt mat á stöðu málsins, marka stefnu og stuðla að því að heilbrigðisþjónusta á þessu sviði sem öðrum byggist á góðri þekkingu og reynslu. Í þeim efnum má hafa hliðsjón af framkvæmd á hinum Norðurlöndunum. Liggur ekki fyrir að þær hafi verið óskað eftir persónugreinanlegum upplýsingum frá læknastofum og heilsugæslustöðvum, heldur hafa þvert á móti verið lögð áhersla á að þær yrðu það ekki.

Loks er bent á ákvæði 13. gr. laga nr. 41/2007, um eftirlit landlæknis með heilbrigðisstarfsmönnum, sem reynt getur á telji landlæknir að A hafi í störfum sínum ekki farið

að stjórnvaldsfyrirmælum um útsendingu bréfa til kvennanna, eða hafi á einhvern hátt ekki staðið rétt að henni. Samkvæmt því ákvæði hefur landlæknir eftirlit með störfum heilbrigðisstarfsmanna og fylgist með því að þeir fari að ákvæðum heilbrigðislöggjafar og ákvæðum annarra laga og stjórnvaldsfyrirmæla eftir því sem við á. Við það getur landlæknir beitt þeim úrræðum sem hann hefur að lögum, en í ákvæði 13. gr. felst hins vegar ekki sérstök heimild fyrir hann til afla viðkvæmra persónuupplýsinga um hóp sjúklinga.

Niðurstaða

Af þeim gögnum sem nú liggja fyrir verður ekki ráðið að umrædd miðlun viðkvæmra persónuupplýsinga uppfylli skilyrði 1. mgr. 8. og 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000. Þá verður ekki séð að það varði líf eða heilsu kvennanna að landlæknir nái til þeirra, eða að miðlun upplýsinga um þær til hans sé af öðrum ástæðum nauðsynleg, og þar með í samræmi við meginreglu 3. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000.

Það er því svar Persónuverndar að ekki liggi fyrir að A sé heimilt að verða við ósk landlæknis um að fá nöfn og kennitölur allra kvenna sem að hafa fengið ígræddar PIP-brjóstaþyllingar.

3.2.44. Birting viðkvæmra gagna frá lögreglu á vefsíðu – mál nr. 2011/1252

Persónuvernd barst athugasemd vegna viðtals við lögreglumann þar sem hann greindi frá viðkvæmum persónuupplýsingum, sem hann fékk aðgang að í starfi sínu. Persónuvernd gerði athugasemdir við lögreglu og beindi til hennar tilmælum um bætt meðferð trúnaðarupplýsinga.

Ábending Persónuverndar er svohljóðandi:

I.

Persónuvernd vísar til fyrri bréfaskipta í tengslum við þátt sem birtist á vef Morgunblaðsins hinn 27. október 2011. Í þættinum var fjallað um mál af tilefni tilkynningar til lögreglu um árás á starfsmann [...]. Í þættinum var rætt við rannsóknarlögreglumann í tæknideild Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu sem í viðtalinu sýndi ljósmyndir af áverkum starfsmannsins, þ. á m. myndir þar sem greina mátti andlit hans. Maðurinn var auk þess nafngreindur og tekið fram að í stað þess að um árás hafi verið að ræða kynni maðurinn að hafa veitt sér áverkana sjálfur.

Með bréfi, dags. 16. nóvember 2011, óskaði Persónuvernd skýringa Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Í bréfinu minnti Persónuvernd á bréfaskipti sem áður höfðu átt sér stað vegna birtingar upplýsinga af umræddu tagi, þ.e. við flutning erindis framangreinds rannsóknarlögreglumanns á Læknadögum árið 2010 [...] þar sem hann birti sambærilegar myndir. Bárust Persónuvernd þá skýringar frá lögreglu þess efnis að með bættu verklagi yrði komið í veg fyrir tilvik sem þetta. Í ljósi þess varð niðurstaða bréfaskiptanna sú að Persónuvernd taldi ekki ástæðu til að aðhafast frekar. Hins vegar mæltist stofnunin til þess að framvegis endurtækju sig ekki tilvik eins og það sem hér um ræðir, sbr. bréf stofnunarinnar til lögreglunnar, dags. 1. mars 2010.

Í áðurnefndu bréfi, dags. 16. nóvember 2011, minnti Persónuvernd á þagnarskyldu lögreglu samkvæmt 22. gr. lögreglulaga nr. 90/1996. Að auki áréttaði stofnunin þau sjónarmið sem fram höfðu komið í áðurnefndum bréfaskiptum, en þar minnti hún m.a. á ákvæði í lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga sem líta varð sérstaklega til. Nánar tiltekið var þar um að ræða ákvæði 11. gr. laganna um skyldu til að gæta upplýsingaöryggis, 12. gr. um skyldu til að viðhafa innra eftirlit og grunnreglu 1. tölul. 1. mgr. 7. gr. þar sem m.a. er mælt fyrir um að gætt skuli vandaðra vinnsluhátta við meðferð persónuupplýsinga.

Lögreglan svaraði með bréfi, dags. 2. desember 2011. Þar segir:

„Frá því að fyrrgreint erindi og afstaða Persónuverndar barst embættinu hefur allt verklag við kynningar verið endurskoðað í samræmi við athugasemdir Persónuverndar. Meðal annars hefur það fyrirkomulag verið tekið upp að farið er yfir allar kynningar til að tryggja að þar sé ekki að

finna persónugreinanleg gögn þar sem það á ekki við.

Hvað varðar þá umfjöllun sem vísað er til í bréfi Persónuverndar var kannað hjá þeim lögreglumanni sem í hlut átti hvernig staðið hafi verið að miðlun upplýsinga af hálfu lögreglu til umrædds miðils. Fyrir lá að lögreglu maðurinn nafngreindir manni ekki í viðtali en ljóst er að þær myndir sem þar eru birtar sem og nafn mannsins eru frá lögreglu komin til umrædds fjölmiðils. Lögreglunni var ekki kunnugt um áður en efnið var sett á netið að til staði að nafngreina manni eða birta umræddar myndir án þess að andlit hans yrði gert ógreinilegt. Í kjölfar erindis Persónuverndar til lögreglu voru gerðar breytingar á umræddri umfjöllun af hálfu fjölmiðilsins, nafngreining var tekin út auk þess sem andlit hans var gert ógreinilegt. Fyrri útgáfa af þættinum er því ekki lengur aðgengileg á vef umrædds vefmiðils. Það verklag er í gildi við umfjöllun fjölmiðla um störf lögreglu að óskað er eftir því að sjá það efni sem til stendur að birta, til þess m.a. að tryggja atriði sem snúa að friðhelgi einkalífs þeirra einstaklinga sem þar kunna að eiga í hluta. Fyrir mistök umrædds fjölmiðils var umrædd umfjöllun ekki send embættinu til skoðunar áður en hún var birt.“

II.

Mál þetta var rætt á fundi stjórnar Persónuverndar hinn 14. mars sl. Með vísan til 2. tölul. 3. mgr. 37. gr. var ákveðið að koma á framfæri ábendingu um að bætt yrði úr annmörkum.

Eins og rakið hefur verið hefur stofnunin áður mælt til þess að Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu gæti varúðar við meðferð slíkra gagna sem hér um ræðir. Þá hefur lögreglan lýst því yfir að með skerptu verklagi verði komið í veg fyrir að tilvik eins og það sem hér um ræðir endurtaki sig. Það hefur hins vegar ekki gengið eftir og lítur Persónuvernd því mál þetta alvarlegum augum.

Komið getur til refsíabýrgðar ef brotið er gegn lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 42. gr. laganna. Af 35. gr. lögregluglaga nr. 90/1996 verður ráðið að mál, þar sem reynt getur á slíkt, komi til kasta ríkissaksóknara. Með vísan til þess var ákveðið á framangreindum fundi að senda honum afrit af bréfi þessu.

3.2.45. Samkeyrsla þinglýsingaskráar og þjóðskrár – mál nr. 2011/1250

Persónuvernd svaraði fyrirspurn fjölmiðils varðandi samkeyrslu þinglýsingaskráar og þjóðskrár með það fyrir augum að fá upplýsingar um jarðir í eigu útlendinga hér á landi. Í svari Persónuverndar kemur fram að samkeyrsla á vegum Þjóðskrár Íslands (sem er stjórnvald) verði að eiga sér stoð í lögum en að vinnsla fjölmiðils í þágu fréttamennsku þurfi þess ekki.

Svarið er svohljóðandi:

I.

Persónuvernd vísar til bréfs Fréttablaðsins, dags. 11. nóvember 2011, varðandi fyrirhugaða samkeyrslu þinglýsingaskráar og þjóðskrár með það fyrir augum að fá upplýsingar um jarðir í eigu útlendinga hér á landi. Í bréfinu segir: „Fréttablaðið hefur í samráði við nemendur í fjölmiðlafræði við Háskóla Íslands safnað saman gögnum um jarðahald á Íslandi. Í samræðum við starfsmenn þjóðskrár kom fram að hægt væri að fá upplýsingar um jarðir í eigu útlendinga hér á landi. Til þess þyrfti hins vegar að samkeyra þinglýsingaskrá og þjóðskrá og til þess þyrfti leyfi Persónuverndar. Hér með er óskað eftir leyfi til þess.“

Markmiðið með upplýsingaöfluninni er að kortleggja hverjir séu stærstu landeigendur á Íslandi og um leið kortleggja að hve miklu leyti eignarhaldið er erlent. Ætlunin er að fjalla um málið í greinaflokki í Fréttablaðinu.“

Með bréfi til Fréttablaðsins, dags. 15. desember 2011, óskaði Persónuvernd þess að það upplýsti hvernig samkeyrslunni yrði háttáð, þ. á m. hver myndi hafa hana með höndum, og hvort niðurstöður hennar yrðu persónugreinanlegar eða einungis tölfræðilegar. Fréttablaðið svaraði

með bréfi, dags. 10. janúar 2012. Þar segir:

„Ætlunin er að svara því til hve margar jarðir á landinu eru í eigu útlendinga. Til þess þarf að samkeyra þinglýsingaskrá og Þjóðskrá svo hægt sé að fá upplýsingar um jarðir í eigu útlendinga og til þess þarf leyfi Persónuverndar. Best væri að slíkar upplýsingar væru greinanlegar eftir nafni, en ef ekki fæst leyfi til slíks þá eftir Þjóðerni. Fáist ekki heldur leyfi fyrir slíku þá er óskað eftir leyfi til samkeyrslu skrána svo hægt sé að finna út hve margar jarðir eru í eigu útlendinga, án persónugreinandi upplýsinga.

Best væri s.s. að fá persónugreinandi upplýsingar, en ef ekki fæst leyfi fyrir slíku þá yrði notast við tölfraeðilegar upplýsingar.

Upplýsingarnar verða notaðar í greinaflokknum þar sem reynt verður að varpa ljósi á eignarhald jarða á Íslandi. Eini tilgangurinn með beiðninni er að svara þeirri spurningu. Blaðamaðurinn A vinnur að greinaflokknum og myndi fara með upplýsingarnar. Fleiri þurfa ekki að sjá þær sé þess óskað.“

II.

Svar Persónuverndar

1.

Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkrar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu. Af þessu öllu er ljóst að mál þetta lýtur að vinnslu persónuupplýsinga sem fellur undir valdsvið Persónuverndar.

2.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 77/2000 er vinnsla, sem eingöngu fer fram í þágu fréttamennsku, undanþegin ýmsum ákvæðum laganna. Nánar tiltekið segir í 2. málsl. 5. gr.:

„Þegar persónuupplýsingar eru einvörðungu unnar í þágu fréttamennsku eða bókmenntalegrar eða listrænnar starfsemi gilda aðeins ákvæði 4. gr., 1. og 4. tölul. 7. gr., 11.–13. gr. og 24., 28., 42. og 43. gr. laganna.“

Vinnsla Fréttablaðsins á persónuupplýsingum vegna athugunar á því í hvaða mæli eignarhald á íslensku landi sé erlent fellur undir framangreinda þrengingu á gildissviði laga nr. 77/2000. Á meðal þeirra ákvæða, sem ekki gilda um slíka vinnslu, eru þau sem lúta að leyfisskyldu og tilkynningarskyldu, sbr. 31.–33. gr. laga nr. 77/2000. Fréttablaðið þarf því hvorki leyfi frá Persónuvernd né að senda tilkynningu á þar til gerðu formi, sbr. 2. mgr. 32. gr.

Þjóðskrá Íslands heldur utan um báðar þær skrár sem ráðgert er að samkeyra. Nánar tiltekið ber hún ábyrgð á færslu Þjóðskrár, sbr. lög nr. 54/1962 um Þjóðskrá og almannaskráningu, auk þess sem hún færir skrá yfir þinglýstar fasteignir, sbr. 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í þinglýsingalögum nr. 39/1978. Það fellur ekki undir lögbundið hlutverk Þjóðskrár að viðhafa vinnslu sem fellur undir 5. gr. laga nr. 77/2000.

Í því felst m.a. að vinnsla á vegum Þjóðskrár, sem fram fer til að verða við beiðni fjölmiðils um upplýsingar, þarf að samrýmast einhverri af kröfum 8. gr. laga nr. 77/2000 eins og vinnsla persónuupplýsinga almennt. Ef um er að ræða vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga þarf einnig

að vera fullnægt einhverju af viðbótarskilyrðum 9. gr., auk þess sem Þjóðskrá þarf þá leyfi Persónuverndar til samkeyrslu upplýsinga, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 712/2008 um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 33. gr. laga nr. 77/2000. Frá því eru þó vissar undantekningar, þ. á m. þegar byggt er á samþykki hinna skráðu, sbr. 2. mgr. 4. gr. fyrrnefndra reglna, en þær gætu ekki átt hér við.

Hér reynir á hvort upplýsingar um ríkisfang teljist viðkvæmar, þ.e. samkvæmt a-lið 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000 þar sem fram kemur að upplýsingar um m.a. uppruna séu viðkvæmar. Orðið „uppruni“ er notað sem þýðing á hugtakinu „ethnic origin“ í enskum texta persónuverndartilskipunarinnar nr. 95/46/EB sem liggur lögum nr. 77/2000 til grundvallar. Ekki verður talið að upplýsingar um ríkisborgararétt einar og sér falli undir það hugtak. Vinnsla á vegum Þjóðskrár þarf því hvorki að byggjast á leyfi frá Persónuvernd né heimild í 9. gr. laga nr. 77/2000. Hins vegar verður einhverri af kröfum 8. gr. laga nr. 77/2000 að vera fullnægt. Af þeim á hér við ákvæði 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. þess efnis að heimilt sé að vinna með persónuupplýsingar sé það nauðsynlegt til að gæta lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða vegi þyngra.

Persónuvernd telur því að Þjóðskrá Íslands sé heimilt að vinna með persónuupplýsingar eins og nauðsynlegt er til að Fréttablaðið fái í hendur gögn sem nýtast til athugunar á eignarhaldi á landi. Gæta verður þess að gögnin samrýmist 1. og 4. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000 sem, eins og fyrr greinir, gilda um vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer í þágu fréttamennsku, sbr. 2. málsl. 5. gr. laganna. Nánar tiltekið er í umræddum ákvæðum 1. mgr. 7. gr. mælt fyrir um (a) að þess skuli gætt við vinnslu persónuupplýsinga að þær séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga og (b) að slíkar upplýsingar skuli vera áreiðanlegar eða uppfærðar eftir þörfum; upplýsingar sem séu óáreiðanlegar eða ófullkomnar miðað við tilgang vinnslu þeirra skuli afmá eða leiðrétta.

Þjóðskrá ber ábyrgð á því að afhentar upplýsingar samrýmist framangreindum ákvæðum, sbr. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000. Við ákvörðun um afhendingu upplýsinga er eðlilegt að tekin sé afstaða til þeirra tillagna Fréttablaðsins að umfangi gagna og auðkenningu upplýsinga sem það rekur í bréfi sínu til Persónuverndar, dags. 10. janúar 2012.

Bent skal á að í framangreindu felst ekki að á Þjóðskrá hvíli skylda til afhendingar, enda er Persónuvernd ekki bær til að mæla fyrir um slíka skyldu. Þá skal bent á að ef Þjóðskrá ákveður að verða við ósk um afhendingu upplýsinga ber henni að senda Persónuvernd tilkynningu þar að lútandi þar sem vinnsluferlinu, þ. á m. samkeyrslu skráa, er lýst, sbr. 31. og 32. gr. laga nr. 77/2000, sbr. nánari ákvæði í reglum nr. 712/2008. Tilkynning skal færð á þar til gert eyðublað sem finna má á heimasíðu Persónuverndar og senda beint þaðan (www.personuvernd.is, undir hnappinum „Tilkynningar“).

Að lokum er beðist velvirðingar á þeirri töf sem orðið hefur á afgreiðslu málsins, en hún stafar af miklum önnum Persónuverndar.

3.2.46. Heimild lýtalækna til að miðla upplýsingum um allar konur sem fengið hafa brjóstafyllingar, óháð tegund fyllinga – mál nr. 2012/96

Persónuvernd veitti Læknafélaginu Íslands (LÍ) leiðbeinandi svar um heimildir lækna til að gefa landlækni upplýsingar um allar konur sem fengið hafa brjóstafyllingar (óháð tegund fyllingar) hér á landi frá árinu 2000. Tílefnið var ósk landlæknis um að fá persónuupplýsingar um allar konurnar. Í svari sínu bendir Persónuvernd á að rík þagnarskylda hvíli á læknum samkvæmt lögum. Til að létta þeirri þagnarskyldu af þeim þurfi skýra heimild, t.d. samþykki viðkomandi sjúklings, eða lagaheimild. Í gildandi lögum sé ekki að finna slíka heimild. Þá var bent á að slíkt verði ekki heimilað með lögum nema að uppfylltum skilyrðum 71. gr. stjórnarskrárinnar.

Svar Persónuverndar er svohljóðandi:

Stjórn Persónuverndar hefur fjallað um mál nr. 2012/96 og ákveðið að veita eftirfarandi svar við fyrirspurn Læknafélags Íslands um hvort læknum sé heimilt að láta landlækni í té persónugreinanlegar upplýsingar um allar þær konur sem hafa fengið brjóstafyllingar hjá þeim, frá árinu 2000. Um er að ræða leiðbeinandi svar, veitt í samræmi við 5. tölul. 3. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000.

I.

Upphaf máls og bréfaskipti

1.

Erindi Læknafélags Íslands

Með bréfum, dags. 17. janúar og 1. febrúar 2012, bárust Persónuvernd erindi frá Læknafélagi Íslands, fyrir hönd Félags lýtalækna, í kjölfar þess að þeim barst ósk landlækni um að þeir upplýstu hann um hvaða konur hafa fengið brjóstafyllingar hér á landi frá upphafi ársins 2000. Í bréfinu kemur fram að landlæknir óskar eftir persónuupplýsingum um allar konurnar á rafrænu formi.

Með framangreindum bréfum óskaði Læknafélag Íslands eftir leiðbeiningum frá Persónuvernd um hvað lýtalæknum sé heimilt eða skylt í þessu tilliti. Erindi Læknafélagsins er tvískipt. Annars vegar snýr það að því hvort að lýtalæknum sé heimilt, samkvæmt lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, að miðla persónugreinanlegum upplýsingum um allar konur sem hafi fengið brjóstafyllingar á tilteknu tímabili til landlækni, og hvort landlækni sé heimilt að varðveita slíkar upplýsingar í skrá hjá sér um óákveðinn tíma. Hins vegar lýtur erindi Læknafélags Íslands að því hvort einum tilteknum lýtalækni sé heimilt að miðla persónuupplýsingum um þær konur sem hafi fengið brjóstafyllingar á tilteknu tímabili og fengið ígrædda svokallaðar PIP-fyllingar en í kjölfar rannsóknar í Frakklandi hafi komið í ljós að franskt fyrirtæki (PIP) hafi notað iðnaðarsílikon en ekki hreint sílikon í fyllingar sínar og sýnt hafi verið fram á sérstaka hættu á að þær geti rofnað.

Að svo stöddu afmarkast umfjöllunarefni Persónuverndar aðeins við fyrra atriðið, þ.e. það hvort lýtalæknum sé heimilt að upplýsa landlækni um allar þær konur sem fengið hafa brjóstafyllingar frá árinu 2000, óháð því hvaða tegund fyllingar þær hafi fengið.

2.

Bréfaskipti

2.1

Sjónarmið landlækni

Með bréfum, dags. 1. og 7. febrúar 2012, óskaði Persónuvernd annars vegar eftir skýringum frá landlækni um hvaða upplýsingar það væru sem hann vildi fá og í hvaða tilgangi. Hins vegar óskaði stofnunin eftir upplýsingum um hvaða heimild, samkvæmt lögum nr. 77/2000, hann teldi eiga við.

Sjónarmið landlækni hafa verið sett fram með bréfum, dags. 7. og 14. febrúar 2012. Um tilgang og tilefni umræddrar miðlunar frá lýtalæknum segir þar:

„Landlækni ber að hafa reglubundið eftirlit með því að heilbrigðisþjónusta sem veitt sé hér á landi uppfylli faglegar kröfur og ákvæði heilbrigðislöggjafar á hverjum tíma, skv. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 41/2007. Svo sem fram kemur í fyrrnefndu bréfi embættisins frá 5. janúar sl. er þróun mála að því er varðar PIP-brjóstafyllingar tilefni þess að kallað er eftir upplýsingum frá öllum lýtalæknum um hvaða konur hafa gengist undir ígræðslu á brjóstafyllingum hér á landi frá upphafi árs 2000. [...]

Ákveðið var að kalla eftir upplýsingum um allar konur sem hafa fengið brjóstafyllingar, óháð tegund, til þess að leggja mat á hvort lekatíðni eða aðrir fylgikvillar reynist vera meiri hjá þeim

konum sem fengu PIP-brjóstafyllingar en þeim konum sem fengu fyllingar frá öðrum framleiðendum. Landlæknir telur brýnt að fá góða yfirsýn yfir allar þessar aðgerðir á liðnum árum, fjölda þeirra, þróun aðgerðatíðni, aldursamsetningu hópsins o.s.frv. Þessar athuganir gætu hugsanlega leitt í ljós ástæður til þess að einnig þurfi að hafa samband við konur sem fengið hafa aðrar tegundir brjóstafyllinga.“

Varðandi það, hvaða upplýsingum hann hafi óskað eftir, segir landlæknir:

„Óskað [er] eftir upplýsingum um hvaða konur (kennitölur) hafi undirgengist ákveðnar aðgerðir (tiltekin aðgerðanúmer skv. stöðluðu flokkunarkerfi), hvaða sjúkdómsgreiningar þessar konur höfðu fengið (skv. stöðluðu flokkunarkerfi), vöruheiti fylliefnis og rekjanleikanúmer. Óskað er eftir gögnum frá upphafi árs 2000 til dagsins í dag.“

Um ástæðu þess að landlæknir vill vita deili á konunum segir hann:

„Til dæmis kann að vera að konur hafi fengið ígrædda brjóstapúða hjá einum lýtalækni og annar læknir numið þá í burtu. Þetta sé eingöngu hægt að sjá út frá persónuauðkennum. Þá kunni þróun mála að gera það að verkum að nauðsynlegt reynist að ná til fleiri kvenna en þeirra sem fengu PIP-brjóstafyllingar. Loks kann að skapast þörf fyrir nánari skoðun á fylgikvillum sem konur verða fyrir vegna brjóstafyllinga, t.d. með samkeyrslu við gögn úr öðrum heilbrigðisskrám. Ef til slíkrar vinnslu kemur verður hún að sjálfsögðu ávallt tilkynnt til Persónuverndar. Persónugreinanlegar upplýsingar frá öllum lýtalæknum eru því nauðsynlegar til að geta lagt mat á þann vanda sem er til skoðunar og hefur þjóðhagslega þýðingu eins og sú staða sem upp er komin varðandi PIP brjóstafyllingarnar ber vitni um.“

Hvað varðar öryggi við miðlun framangreindra persónuupplýsinga segir landlæknir:

„Að skila beri trúnaðargögnum með rafrænum hætti um gagnaskilahnapp sem er sérstök vefsíða þar sem gagnasendingin er varin með svokölluðum SSL-veflykli. Upplýsingarnar eru síðan fluttar inn á öruggt og aðgangsstýrt net hjá embætti landlæknis. Þar eru upplýsingar sannreyndar og samræmdar og þær síðan lesnar inn í aðgangsstýrt gagnasafn þar sem persónuauðkenni eru dulkóðuð. Gagnavinnsla fer fram á dulkóðuðu gagnasafni og persónuauðkenni verða ekki afkóðuð nema ef til þess komi að hafa þurfi samband við konurnar. Þessi upplýsingavinnsla fellur undir þau verkferli hjá embættinu sem fjalla um meðhöndlun viðkvæmra persónuupplýsinga og eru sett í samræmi við upplýsingaöryggisstefnu embættisins.“

Um varðveislutíma umræddra persónuupplýsinga hjá sér segir landlæknir:

„Það gagnasafn sem hér um ræðir verði tímabundið og því komið á vegna þessa sérstaka eftirlits. Þegar þessu verkefni er lokið er gert ráð fyrir að gagnasafninu verði eytt. Ekki er þó unnt að segja fyrir á þessu stigi hvenær hægt verði að eyða gagnasafninu.“

Landlæknir vísar fyrst og fremst til 7. gr. laga nr. 41/2007 um landlækni og lýðheilsu, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. og 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Um það segir nánar í bréfi hans:

„Landlækni er heimilt að krefja heilbrigðisstarfsmenn, heilbrigðisstofnanir og aðra sem veita heilbrigðisþjónustu um upplýsingar og gögn sem hann telur nauðsynleg til að sinna eftirlitshlutverki sínu og er þeim skylt að verða við slíkri kröfu skv. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 41/2007, sbr. og 4. gr. reglugerðar 786/2007. Landlæknir hefur því vissulega ríkar heimildir til að kalla eftir viðkvæmum persónuupplýsingum frá læknum og beitir hann þeim heimildum af varúð, með vísan til málefnalegra sjónarmiða og aðeins þegar þörf krefur. [...]

Embættið tekur undir það með Persónuvernd að þær upplýsingar sem hér um ræðir, eins og

aðrar upplýsingar um heilsuhagi, teljast til viðkvæmra persónuupplýsinga og verður vinnsla þeirra því að styðjast bæði við heimild í 8. og 9. gr. laga nr. 77/2000. Að því er varðar söfnun umbeðinna upplýsinga til sendingar skal litið til þess að lýtalæknar eru ábyrgðaraðilar upplýsinganna sem um ræðir og vinnsla þeirra er vissulega „nauðsynleg vegna læknismeðferðar eða vegna venjubundinnar stjórnslu á sviði heilbrigðisþjónustu, enda sé hún framkvæmd af starfsmanni heilbrigðisþjónustu sem bundinn er þagnarskyldu“, sbr. 8. tl. 1. mgr. 9. gr. laganna, en jafnframt er uppfyllt a.m.k. skilyrði 3. tl. 1. mgr. 8. gr. um að vinnslan sé nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila.

Þá lítur embætti landlæknis svo á að miðlun upplýsinganna til embættisins sé vinnsla sem sérstök heimild í öðrum lögum stendur til, sbr. 2. tl. 1. mgr. 9. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. og 3. tl. 1. mgr. 8. gr. sömu laga. Í báðum tilvikum má færa fram rök fyrir því að vinnslan uppfylli jafnframt skilyrði 5. og 6. tl. 1. mgr. 8. gr. laganna.

Hinar sérstöku lagaheimildir til þessarar vinnslu er sem fyrir segir að finna í lögum um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007, einkum II. kafla laganna um eftirlit með heilbrigðisþjónustu. Varðandi eftirlitsskyldu landlæknis og miðlun upplýsinga úr sjúkraskrá er í annarri löggjöf vísað til laganna um landlækni, svo sem í 18. gr. læknalaga nr. 53/1988 þar sem segir að læknir sé háður eftirliti landlæknis í samræmi við ákvæði laga um landlækni. Í 16. gr. læknalaga nr. 53/1988 er vísað til laga um sjúkraskrár og laga um réttindi sjúklinga um skyldu læknis til að færa sjúkraskrár og um meðferð sjúkraskrárupplýsinga, en í 2. mgr. 16. gr. laga nr. 55/2009 um sjúkraskrár segir að um miðlun upplýsinga úr sjúkraskrá vegna færslu heilbrigðisskráa og eftirlits landlæknis, þ.m.t. gæðaftirlits, fari samkvæmt lögum um landlækni.“

Vegna spurningar Persónuverndar um virðingu við andmælarétt hins skráða segir landlæknir eftirfarandi í bréfi sínu, dags. 14. febrúar 2012:

„Þá skal það áréttað að auk skýrrar lagaheimildar í 7. gr. laga nr. 41/2007, er sérstök lagaheimild til miðlunar upplýsinga til heilbrigðisyfirvalda úr sjúkraskrá, m.a. vegna eftirlits landlæknis, þ.m.t. gæðaftirlits, í 2. mgr. 16. gr. laga um sjúkraskrár nr. 55/2009. Svo skýrar lagaskyldur til afhendingar upplýsinga verða að ganga frammar heimildum hins skráða til að andmæla sem taka beri tillit til, á grundvelli 1. mgr. 28. gr. laga nr. 77/2000.“

2.2

Sjónarmið Læknafélags Íslands

Læknafélag Íslands hefur, með bréfi dags. 27. febrúar 2012, gert athugasemdir við ósk landlæknis um persónuupplýsingar um allar konur sem hafa fengið brjóstafyllingar, óháð tegund. Verða þær athugasemdir reifaðar hér í stuttu máli.

Um lagaheimildir segir Læknafélagið m.a.:

„Af svari landlæknis er ráðið að embættið telur 7. gr. gr. laga nr. 41/2007 veita sér víðtækar heimildir til að kalla eftir persónugreinanlegum gögnum um sjúklinga. Hér að framan hefur verið vísað til skýringa með 2. tölul. 9. gr. laga nr. 77/2000 um skýringar löggjafans á því hvaða kröfu verði að gera til lagastofna, sem ákvæðið heimilar að byggt sé á varðandi vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga.

Það er mat LÍ að 7. gr. laga nr. 41/2007 fullnægi ekki þeim skilyrðum sem gera verði til lagaákvæðis, sem réttur sé byggður á til víðtækra krafna um viðkvæmar persónuupplýsingar. Í skýringum með 7. gr. í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 41/2007 er hvergi vikið að því að upplýsingarnar, sem landlæknir getur kallað eftir, geti verið á persónugreinanlegu formi.

Af svari landlæknis [...] kemur að embættið sé ekki að krefjast umræddra upplýsinga á [grundvelli] 8. gr. laga nr. 41/2007. Þá kemur fram að það sé ekki tilgangur landlæknis að halda skrá um allar konur sem gengist hafa undir brjóstastækkunaraðgerð. Krafan byggir á 7. gr. laganna. Landlæknir

virðist því fallast á að 8. gr. laga nr. 41/2007 veiti honum ekki heimild til að halda þá skrá sem fyrirhugað er að útbúa. En svo virðist sem landlæknir telji að 7. gr. laganna heimili að gera persónugreinanlega skrá vegna eftirlitshlutverks embættisins. Þá áréttar embættið í bréfinu frá 14. febrúar sl. að lýtalæknum sé ekki einungis heimilt heldur skylt að afhenda embættinu umbeðnar upplýsingar og byggir þá kröfu sína á 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. og 3. tölul. 8. gr. laga nr. 77/2000, sbr. 7. gr. laga nr. 41/2007.“

Um tilgang þeirrar vinnslu sem hér um ræðir segir Læknafélagið m.a.:

„LÍ telur að áform landlæknis með þessa skrá sem hann vill taka saman með persónugreinanlegum upplýsingum um allar konur, sem gengist hafa undir brjóstastækkunaraðgerð frá 2000 til dagsins í dag beri miklu meira keim af lýðheilsufræðilegri rannsókn en eftirliti samkvæmt 7. gr. laga nr. 41/2007. LÍ getur fallist á að það geti vissulega verið áhugavert að fá góða yfirsýn yfir allar brjóstastækkunaraðgerðir, fjölda þeirra, þróun aðgerðatíðni, aldurssamsetningu hópsins o.s.frv. en ekkert þessa hefur með að gera þau álitamál sem risu upp vegna aðgerða með PIP-brjóstafyllingar. Framleiðandi PIP-fyllinganna framleiddi þær með öðrum hætti en honum var heimilt. Ekkert bendir til að aðrar brjóstafyllingar en PIP-brjóstafyllingar hafi verið framleiddar með svikum. Þegar af þeirri ástæðu telur LÍ að áform landlæknis hvað þetta varðar séu komin út fyrir öll þau mörk sem hægt er að fella undir eðlilegt eftirlit með heilbrigðisþjónustu, sbr. 7. gr. laga nr. 41/2007.“

Hvað varðar það atriði að landlæknir krefjist persónugreinanlegra upplýsinga segir í bréfi Læknafélagsins:

„Í þessu sambandi telur LÍ mikilvægt að minna á hvað segir um persónugreinanlegar og ópersónugreinanlegar upplýsingar í skýringum með 8. gr. í frumvarpi því er varð að lögum nr. 41/2007.

„... Samkvæmt frumvarpinu skal landlæknir, í samræmi við reglugerð sem ráðherra setur, skipuleggja og halda skrár á landsvísu um heilsufar, sjúkdóma, slys, lyfjaávisanir, fæðingar og starfsemi og árangur heilbrigðisþjónustunnar í þeim tilgangi að afla þekkingar um heilsufar og heilbrigðisþjónustu, hafa eftirlit með þjónustunni og tryggja gæði hennar, meta árangur þjónustunnar, gera áætlanir um gæðapróun í heilbrigðisþjónustu og til nota í vísindarannsóknnum. Þá er í ákvæðinu jafnframt mælt fyrir um að landlæknir skuli í samráði við ráðuneytið vinna upplýsingar úr heilbrigðisskrám til notkunar við áætlanagerð, stefnumótun og önnur verkefni ráðuneytisins og gefa út heilbrigðisskýrslur. Er meginreglan sú að upplýsingar í skráum landlæknis skuli vera ópersónugreinanlegar nema samþykki hinna skráðu standi til annars. Á þetta við um allar skrár sem landlæknir heldur aðrar en þær sem taldar eru upp í 2. mgr. ákvæðisins. Reynsla undanfarinna ára og áratuga hefur leitt í ljós að heilbrigðisskrár á landsvísu hafa ómetanlegt gildi fyrir heilbrigðisyfirvöld til að meta hvaða þættir hafa áhrif á heilsu og til að gera langtímaáætlanir fyrir heilbrigðisþjónustuna. Í sumum tilvikum er talin rík þörf á að halda slíkar skrár á persónugreinanlegu formi. Slíkar persónugreinanlegar heilbrigðisskrár eru þegar haldnar hér á landi á einstökum sviðum, svo sem krabbameinsskrá, vistunarskrá sjúkrahúsa, skrá um notkun lyfja og dánarmeinaskrá, sem haldin er af Hagstofunni samkvæmt ákvæðum 6. mgr. 10. gr. laga um dánarvottorð, krufningar o.fl. Með hliðsjón af persónuverndarsjónarmiðum er nauðsynlegt að afmarka með skýrum hætti í lögum þær heimildir sem heilbrigðisyfirvöld hafa til að halda slíkar skrár. Í samræmi við þetta eru í 2. mgr. 8. gr. tilgreindar sérstaklega þær heilbrigðisskrár sem landlækni er heimilt að halda með persónuauðkennum einstaklinga án þeirra samþykkis. Upptalning skráanna í ákvæðinu er tæmandi og verða því ekki teknar upp nýjar heilbrigðisskrár með persónugreinanlegum upplýsingum nema Alþingi samþykki lagabreytingu þar um.“ (Leturbreytingar LÍ).“

LÍ fær ekki ekki betur séð en að hér sé með skýrum hætti tilgreint að jafnvel þótt túlka megi 7. gr. laga nr. 41/2007 með þeim hætti að hún heimili landlækni að taka saman skrár þá megi slík skrá ekki vera persónugreinanleg nema að samþykki hinna skráðu standi til annars, sbr. orðalagið hér að framan: „...Á þetta við um allar skrár sem landlæknir heldur aðrar en þær sem taldar eru upp í 2. mgr. ákvæðisins“. Þá telur LÍ það geti ekki verið að jafn almennt orðalag og felst í 7. gr. laganna geti talist veita lagaheimild fyrir persónugreinanlegum skráum, ekki síst þegar er borið saman við hversu tvímælaust fjallað er um takmarkanir á heimildum landlækni til að halda persónugreinanlegar skrár skv. 8. gr. laga nr. 41/2007.

Að öllu þessu virtu getur LÍ ekki fallist á að 7. gr. laga nr. 41/2007 heimili embætti landlækni að útbúa persónugreinanlega skrá yfir allar konur sem gengist hafa undir brjóstastækkunaraðgerð frá 1. september 2007 til þessa dags. Af því leiðir að LÍ telur að lagastoð sú sem 2. tölul. 9. gr. laga nr. 77/2000 krefst varðandi vinnslu skráa með viðkvæmar persónuupplýsingar sé ekki til að dreifa í 7. gr. laga nr. 41/2007. Skilyrðum 2. tölul. 9. gr. sbr. 3. tölul. 8. gr. laga nr. 77/2000 er því ekki fullnægt varðandi vinnslu skráar landlækni um allar konur sem gengist hafa undir brjóstastækkunaraðgerð, hvorki frá 1. janúar 2000 né frá 1. september 2007.“

Um rétt kvenna, sem hafa fengið brjóstafyllingar frá árinu 2000, til að andmæla framangreindri miðlun persónuupplýsinga um sig segir í bréfi Læknafélagsins:

„Hvorugt bréfa landlækni tekur á þessu álitamáli en þó segir í bréfi embættisins frá 14. febrúar sl. að svo skýrar lagaheimildir til afhendingar upplýsinga sem felst í 7. gr. laga nr. 41/2007 verði að ganga framur heimildum hins skráða til að andmæla, sbr. 1. mgr. 28. gr. laga nr. 77/2000. Í þessu sambandi virðist embættið telja að í 2. mgr. 16. gr. laga nr. 55/2009 um sjúkraskrár felst viðbótarheimild í þessu samhengi. Í 2. mgr. 16. gr. laga nr. 55/2009 segir einvörðungu að um miðlun upplýsinga úr sjúkraskráum vegna færslu heilbrigðisskráa og eftirlits landlækni, þ.m.t. gæðaftirlits, fari samkvæmt lögum um landlækni. Í ákvæðinu felst því engin sjálfstæð heimild til handa landlækni til aðgangs að sjúkraskráum vegna eftirlits. Ákvæði 1. mgr. 28. gr. kom inn í lögum með 8. gr. laga nr. 90/2001. Um breytinguna segir svo í skýringum með 6. gr. frumvarpsins, sem varð að 8. gr. laga nr. 90/2001:

„Í greininni er lagt til að 28. gr. laga nr. 77/2000 verði breytt þannig að lögtekið verði ákvæði 14. gr. tilskipunarinnar um andmælarétt hins skráða. Er því til samræmis við framangreint ákvæði tilskipunarinnar lagt til það nýmæli að í 1. mgr. 28. gr. laganna komi fram að hinum skráða sé heimilt að andmæla vinnslu upplýsinga um sjálfan sig hafi hann til þess lögum og knýjandi ástæður vegna sérstakra aðstæðna sinna, nema kveðið sé á um annað í öðrum lögum. Eigi andmælin rétt á sér er ábyrgðaraðila óheimil frekari vinnsla umræddra upplýsinga.“

Af skýringunni sýnist ráðið að til að andmæla þurfi ekki að afla þá verði skýr lagaákvæði að liggja til annars. Hér að framan hefur sú lagaóvissa sem uppi er í þessu máli verið rakin. Þegar af þeirri ástæðu telur LÍ eðlilegt og sanngjarnt að afla samþykkis þeirra kvenna sem hér um ræðir fyrir þeirri vinnslu sem landlæknir telur nauðsynlega, fallist Persónuvernd á sjónarmið landlækni varðandi nauðsyn þess að koma upp persónugreinanlegri skrá um allar konur sem gengist hafa undir brjóstastækkunaraðgerð frá 1. janúar 2000 til þessa dags.“

II.

Svar Persónuverndar

1.

Afmörkun umfjöllunarefnis

Erindi Læknafélags Íslands lýtur að tvennu. Annars vegar heimild lýtalækna til að miðla til landlækni persónuupplýsingum um allar konur sem fengið hafa brjóstafyllingar, allt frá árinu 2000. Hins vegar að heimild eins tiltekins lýtalækni til að miðla persónuupplýsingum um konur sem fengið hafa brjóstafyllingar og fengu svokallaða PIP-sílíkonfyllingar.

Eins og áður segir afmarkast umfjöllunarefni Persónuverndar að svo stöddu við fyrra atriðið. Hér á eftir fer því svar hennar við þeirri spurningu hvort lýtalæknum sé heimilt að segja landlækni deili á öllum þeim konum sem fengið hafa brjóstafyllingar frá árinu 2000, óháð því hvaða tegund púða þær hafa fengið.

2.

Ábyrgðaraðili

Áður en litið er til heimildarákvæða þarf að afmarka hver ber ábyrgð á umræddum upplýsingum. Í 4. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000 er að finna skilgreiningu á hugtakinu ábyrgðaraðili. Þar segir að ábyrgðaraðili sé sá sem ákveður tilgang vinnslu persónuupplýsinga, þann búnað sem notaður er, aðferð við vinnsluna og aðra ráðstöfun upplýsinganna. Hugtakið á sér fyrirmynd í d-lið 2. gr. tilskipunar 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga. Átt er við þann aðila sem tekur daglegar ákvarðanir um meðferð upplýsinganna og ber ábyrgð á lögmæti þeirra ákvarðana.

Hvorki verður af erindi Læknafélagsins, svörum landlæknis né öðrum fyrirliggjandi gögnum annað ráðið en að lýtalæknar beri ábyrgð á þeim persónuupplýsingum sem þeir hafa skráð og varðveitt um sína sjúklinga. Það er því þeirra hlutverk að tryggja öryggi upplýsinganna, virða trúnað um þær og gæta þess að miðla þeim ekki til þriðja aðila nema hafa til þess ótvíræða heimild.

3.

Þagnarskylda lækna

Við mat á því hvort lækni sé heimilt að láta þriðja aðila í té persónuupplýsingar um sína sjúklinga þarf að hafa í huga að samkvæmt 15. gr. læknalaga nr. 53/1988 ber honum að gæta fyllstu þagnarmælsku og hindra það að óviðkomandi fái upplýsingar um sjúkdóma og önnur einkamál, er hann kann að komast að sem læknir. Ákvæðið hljóðar svo:

15. gr. Lækni ber að gæta fyllstu þagnarmælsku og hindra það að óviðkomandi fái upplýsingar um sjúkdóma og önnur einkamál er hann kann að komast að sem læknir.

Þetta gildir ekki þjóði lög annað eða sé rökstudd ástæða til þess að rjúfa þagnarskyldu vegna brýnnar nauðsynjar.

Samþykki sjúklings, sem orðinn er 16 ára, leysir lækni undan þagnarskyldu. Að öðrum kosti þarf samþykki forráðamanns.

Læknir verður ekki leiddur fram sem vitni í einkamálum gegn vilja sjúklings nema ætla megi að úrslit málsins velti á vitnisburði hans eða málið sé mikilvægt fyrir málsaðila eða þjóðfélagið, hvort tveggja að mati dómara. Í slíkum tilvikum ber lækni að skýra frá öllu sem hann veit og telur að hugsanlega geti haft áhrif á málið. Slíkur vitnisburður skal fara fram fyrir luktum dyrum.

Læknir getur þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar veitt öðrum heilbrigðisstéttum upplýsingar sé um að ræða rannsóknir og meðferð sjúklings.

Sama þagnarskylda gildir fyrir aðrar heilbrigðisstéttir og aðra sem vinna með lækni.

Þagnarskylda fellur ekki niður við lát sjúklings. Mæli ríkar ástæður með því getur læknir látið í té upplýsingar með hliðsjón af vilja hins látna og hagsmunum viðkomandi. Sé læknir í vafa getur hann borið málið undir landlækni.

Í athugasemdum við 15. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 53/1988 kemur fram að þar sem þagnarskyldan sé fyrst og fremst fyrir sjálfan sjúklinginn sé litið svo á að alvarleg takmarkatilfelli geti leyst lækni undan skyldunni, t.d. sé um að ræða rannsókn alvarlegra brotamála. Þar segir einnig að þagnarskylda lækna geti fallið niður að hluta til eða algjörlega t.d. vegna vitnareglna í sambandi við málaferli, vegna alvarlegra smitsjúkdóma, vegna rannsóknar refsímála og þegar

öryggi lands og lýðs er stefnt í hættu. Að mati Persónuverndar liggur ekki fyrir að þessum skilyrðum sé fullnægt.

Sú ríka trúnaðar- og þagnarskylda sem hvílir á læknum er tilkomin bæði til að samband lækna og sjúklinga geti verið náíð og heilsuvernd og lækningar skilað sem mestum árangri - og vegna almennra mannréttindaákvæða, þ. á m. ákvæða um friðhelgi einkalífs. Vernd persónuupplýsinga, og þá ekki síst heilsufarslegra, er nauðsynleg til þess að menn fái notið þeirra réttinda. Þau eru varin með ákvæðum 71. gr. stjórnarskrárinnar. Í henni kemur þó fram að með sérstakri lagaheimild megi takmarka friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra. Slík heimild þarf að vera skýr og ótvíræð. Kemur því næst til skoðunar hvort henni sé til að dreifa.

4.

Er lagaheimild til að miðla umræddum persónuupplýsingum?

4.1.

7. gr. laga nr. 41/2007 um landlækni og lýðheilsu

Af hálfu landlæknis hefur því verið haldið fram að lagaheimild sé til staðar og að hana sé að finna í 7. gr. laga nr. 41/2007 um landlækni og lýðheilsu. Því geti miðlun upplýsinga til hans um allar konur sem fengið hafi brjóstafyllingar hér á landi frá árinu 2000 samrýmst 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000. Ákvæði 7. gr. laga nr. 41/2007 varðar reglubundið eftirlit landlæknis og hljóðar svo:

7. gr. Eftirlit með heilbrigðisþjónustu.

Landlæknir skal hafa reglubundið eftirlit með því að heilbrigðisþjónusta sem veitt er hér á landi uppfylli faglegar kröfur og ákvæði heilbrigðislöggjafar á hverjum tíma. Landlæknir hefur heimild til að krefja heilbrigðisstarfsmenn, heilbrigðisstofnanir og aðra sem veita heilbrigðisþjónustu um upplýsingar og gögn sem hann telur nauðsynleg til að sinna eftirlitshlutverki sínu og er þeim skylt að verða við slíkri kröfu. Landlæknir skal eiga greiðan aðgang að heilbrigðisstofnunum og starfsstofum heilbrigðisstarfsmanna til eftirlits samkvæmt lögum þessum.

Telji landlæknir að heilbrigðisþjónusta uppfylli ekki faglegar kröfur skv. 6. gr. eða önnur skilyrði í heilbrigðislöggjöf skal hann beina tilmælum um úrbætur til rekstraraðila. Verði rekstraraðili ekki við slíkum tilmælum ber landlækni að skýra ráðherra frá málinu og gera tillögur um hvað gera skuli. Getur ráðherra þá tekið ákvörðun um að stöðva rekstur tímabundið, þar til bætt hefur verið úr annmörkum, eða stöðva rekstur að fullu.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd eftirlits af hálfu landlæknis.

Í frumvarpsathugasemdum með framangreindu ákvæði segir:

Í ákvæðinu er kveðið á um eftirlit landlæknis með heilbrigðisþjónustu. Kemur fram að landlæknir skuli hafa reglulegt eftirlit með því að heilbrigðisþjónusta sem veitt er hér á landi uppfylli faglegar kröfur og ákvæði í heilbrigðislöggjöf á hverjum tíma. Er landlækni veitt heimild til að krefja veitendur heilbrigðisþjónustu um upplýsingar og gögn sem hann telur nauðsynleg til að sinna eftirlitshlutverki sínu. Í sama tilgangi skal landlæknir eiga greiðan aðgang að heilbrigðisstofnunum og starfsstofum heilbrigðisstarfsmanna til eftirlits samkvæmt lögum þessum.

Þá er í ákvæðinu mælt fyrir um viðbrögð landlæknis verði hann var við að heilbrigðisþjónusta uppfylli ekki faglegar kröfur eða sé ekki í samræmi við ákvæði heilbrigðislöggjafar. Ber honum þá að beina tilmælum um úrbætur til rekstraraðila. Verði rekstraraðili ekki við tilmælum landlæknis, eftir atvikum innan þess frest sem landlæknir kann að setja, ber landlækni að skýra ráðherra frá málinu og gera tillögur um hvað gera skuli. Getur ráðherra í framhaldi af slíku erindi landlæknis og að lokinni meðferð málsins af sinni hálfu ákveðið að stöðva rekstur heilbrigðisþjónustu tímabundið, þar til bætt hefur verið úr annmörkunum, eða að stöðva rekstur að fullu. Er

ákvæðinu að þessu leyti ætlað að styrkja stöðu landlæknis sem eftirlitsaðila með rekstri heilbrigðisþjónustu og tryggja honum og ráðherra virk úrræði í því sambandi. Sambærilegt ákvæði er jafnframt í 25. gr. frumvarps til laga um heilbrigðisþjónustu. Auk framangreindra úrræða sem heimilt er að beita gagnvart rekstraraðila geta sömu atvik leitt til þess að landlæknir og ráðherra beiti úrræðum III. kafla gagnvart einstökum heilbrigðisstarfsmönnum.

Í 3. mgr. er ráðherra veitt heimild til að setja nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd eftirlits af hálfu landlæknis.

Samkvæmt framangreindu ákvæði 7. gr. laga nr. 41/2007 hvílir á landlækni eftirlitsskylda með heilbrigðisþjónustu. Hann getur krafid heilbrigðisstarfsmenn, heilbrigðisstofnanir og aðra sem veita heilbrigðisþjónustu, um upplýsingar og gögn sem hann telur vera nauðsynleg til að sinna sínu reglubundna eftirliti. Ákvæðið leggur hins vegar ekki á hann skyldu til að fylgjast með þeim konum sem fá brjóstafyllingar hér á landi né veitir það honum heimild til að færa á skrá upplýsingar um nöfn þeirra allra, kennitölur eða önnur tiltekin persónuauðkenni án þeirra samþykkis. Heimildir landlæknis til að halda slíkar skrár eru tæmandi taldar í 8. gr. laga nr. 41/2007. Þar er sérstaklega tekið fram að upplýsingar í öðrum skráum landlæknis skuli vera ópersónugreinanlegar, nema fyrir liggi samþykki hinna skráðu.

Af framansögðu verður því ekki ráðið að þau ákvæði sem landlæknir vísar til hafi að geyma lagaheimild, í skilningi 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000, fyrir lýtalækna til að greina landlækni frá kennitölum eða öðrum persónuauðkennum allra þeirra kvenna sem fengið hafa brjóstafyllingar hér á landi frá árinu 2000.

4.2.

16. gr. laga nr. 55/2009 um sjúkraskrár og 9. gr. laga nr. 41/2007

Landlæknir hefur einnig tilgreint 16. gr. laga um sjúkraskrár nr. 55/2009. Sú grein fjallar hins vegar aðeins um aðgang heilbrigðisyfirvalda sem lögum samkvæmt fá til umfjöllunar kvörtun eða kæru sjúklings eða umboðsmanns hans vegna meðferðar. Segir að þau yfirvöld eigi þá rétt til aðgangs að sjúkraskrá viðkomandi með sama hætti og sjúklingur sjálfur. Í 2. mgr. er sérregla um miðlun upplýsinga úr sjúkraskráum vegna færslu heilbrigðisskráa og eftirlits landlæknis, þ.m.t. gæðaeftirlits, og segir að þar um fari að lögum um landlækni. Því hefur 16. gr. sjúkraskrárlaganna heldur ekki að geyma heimild fyrir lýtalækna til að greina landlækni frá nöfnum eða öðrum persónuauðkennum allra umræddra kvenna.

Auk framangreinds má nefna þá heimild sem er að finna í 9. gr. laga nr. 41/2007 til skráningar óvæntra atvika. Þar er gert ráð fyrir því að heilbrigðisstofnanir, sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn og aðrir sem veita heilbrigðisþjónustu skuli halda skrá um óvænt atvik í þeim tilgangi að finna skýringar á þeim og leita leiða til að tryggja að þau endurtaki sig ekki. Með óvæntu atviki er átt við óhappatívik, mistök, vanrækslu eða önnur atvik sem valdið hafa sjúklingi tjóni eða hefðu getað valdið sjúklingi tjóni. Ákvæðið hefur að geyma heimild til að bregðast við einstökum afmörkuðum atvikum en hefur ekki að geyma heimild fyrir landlækni til að fylgjast með öllum þeim konum sem fá ígræddar brjóstafyllingar hér á landi.

5.

Sjónarmið um gerð rannsóknar

Af hálfu landlæknis hefur ekki komið skýrt fram til hvers hann vill fá að vita deili á öllum þeim konum sem fengið hafi brjóstafyllingar, óháð tegund, eða hvað hann ætli að gera við þær upplýsingar. Hvorki hefur hann sagst sjálfur ætla að veita konunum sérstök úrræði né þjónustu. Hann hefur aðeins nefnt að þróun mála kunni að gera það að verkum síðar að ná þurfi til kvenna sem ekki hafa PIP-brjóstafyllingar. Þá kunni að skapast þörf fyrir skoðun á fylgikvillum sem konur verða fyrir vegna brjóstafyllinga, t.d. með samkeyrslu við gögn úr öðrum heilbrigðisskrám. Hann hefur einnig nefnt að þær kunni að hafa fengið ígrædda brjóstapúða hjá einum lýtalækni en

annar læknir numið þá í burtu.

Af tilefni þessa þykir rétt að taka fram, að komi til þess að landlæknir vilji fá svör við slíkum spurningum, má auðveldlega fá þau með framkvæmd vísindarannsóknar, með hefðbundnum hætti, eins og lög gera ráð fyrir. Um það er bent á 9. tölul. 1. mgr. 9. gr. og 33. gr. laga nr. 77/2000 og 3. mgr. 15. gr. laga nr. 74/1997 um réttindi sjúklunga. Þyrfti þá að uppfylla skilyrði reglna um framkvæmd slíkra rannsókna og virða ákvæði laga nr. 77/2000. Meðal annars yrði að viðhafa öryggisráðstafanir, virða lögmælt réttindi sjúklunga og andmælarétt manna samkvæmt 1. mgr. 28. gr. laganna.

Niðurstæða

Hver lýtalæknir er ábyrgðaraðili þeirra persónuupplýsinga sem hann hefur skráð og varðveitt um þær konur sem hann hefur grætt í brjóstafyllingar. Á honum hvílir rík þagnarskylda. Það er á hans ábyrgð að gæta þess að þeim upplýsingum verði ekki miðlað til annarra nema skýr heimild standi til þess. Slík heimild getur verið samþykki hlutaðeigandi sjúklings en verður ekki heimiluð með lögum nema að uppfylltum skilyrðum 71. gr. stjórnarskrárinnar.

Það er því svar Persónuverndar að hvorki verði ráðið af fyrirliggjandi gögnum, þeim sjónarmiðum sem landlæknir hefur sett fram, né gildandi lögum, að lýtalæknar megi miðla til landlæknis persónuupplýsingum um allar þær konur sem hafi fengið brjóstafyllingar hér á landi frá árinu 2000 til dagsins í dag.

3.2.47. Birting nafns á heimasíðu héraðsdómstóla – mál nr. 2011/1339

Vísað var frá kvörtun manns yfir því að nafn hans kemur fram í dómi sem birtur er á vefsíðu sem rekin er á ábyrgð dómstólaráðs og héraðsdómstólanna. Um er að ræða dóm í sakamáli. Í ákvörðun Persónuverndar segir að þótt í ýmsu tilliti megi líta á dómstólaráð sem stjórnvald, er fari með almenn stjórnsluverkefni, starfi það einnig í umboði dómara og af lögum leiði að þeir taki ákvarðanir um birtingu dóma á vefsíðum. Það var því niðurstaða Persónuverndar að það félli utan hennar valdheimilda að úrskurða um lögmæti ákvörðunar dómara varðandi netbirtingu dóms.

Tilkynning Persónuverndar um niðurfellingu málsins er svohljóðandi:

1.

Tildrög máls

Þann 2. desember 2011 barst Persónuvernd kvörtun vegna birtingar á nafni yðar í dómi sem birtur var á heimasíðunni www.domstolar.is. Samkvæmt upplýsingum á framangreindri heimasíðu er hún rekin á ábyrgð dómstólaráðs og héraðsdómstólanna. Í kvörtuninni segir m.a.:

„Undirritaður er að kvarta yfir nafnabirtingu á domstolar.is. Ég er mjög ósáttur við að dómstólar taki það upp hjá sjálfum sér að birta dóma og að í birtingu þessara dóma séu nafnabirtingar þ.e.a.s. að nöfn brotamanna komi þar fram.

Ástæða þess að ég er ósáttur við þessa nafnabirtingu er sú að ég tel að þetta hjálpi ekki mönnum sem hafa afplánað sína dóma við að koma aftur út í samfélagið. Þetta hefur skemmandi áhrif á aðlögun manna að samfélaginu að nýju. Það er eins og það sé verið að dæma mann upp á nýtt því að í hvert skipti sem maður sækir um vinnu eða leitar að húsnæði svo eitthvað sé nefnt þá þarf fólk lítið annað að gera en að fletta naf[n]inu upp á netinu og þá birtist dómurinn. Finnst eðlilegra að þessar upplýsingar séu eingöngu aðgengilegar í gegnum beiðni um sakavottorð. [...]“

Þá óskuðuð þér þess að svör stofnunarinnar yrðu send B, félagsráðgjafa hjá Fangelsismálastofnun ríkisins, þar sem þér væruð óstaðsettur í hús um þessar mundir.

2.

Bréfaskipti

Með bréfi, dags. 3. janúar 2012, var dómstólaráði boðið að koma á framfæri skýringum vegna kvörtunarinnar til samræmis við 10. og 13. gr. stjórnssýslulaga nr. 37/1993. Var svarfrestur veittur til 13. janúar s.á. Með bréfi, dags. 9. janúar 2012, óskaði dómstólaráð eftir fresti til 20. janúar s.á. til að svara bréfi stofnunarinnar. Persónuvernd féllst á umbeðinn frest með tölvubréfi dags. 10. janúar s.á. Svarbréf dómstólaráðs, dags. 20. janúar 2012, barst stofnuninni þann 26. s.m. Þar segir m.a.:

„Dómstólaráð hefur birt dóma á heimasíðu héraðsdómstólanna frá því í apríl mánuði 2005 og fylgdi þá í kjölfar Hæstaréttar sem hafði þá birt dóma sína á heimasíðu dómstólsins í nokkurn tíma. Dómstólaráð setti sér strax í upphafi reglur um birtingu dómanna og tóku þær gildi 8. apríl 2005. Reglurnar byggðu á sömu grunnviðmiðum og Hæstiréttur m.a. varðandi nafnleynd. Núgildandi reglur um birtingu héraðsdóma tóku gildi 1. janúar 2011, sbr. tilkynningu dómstólaráðs þar að lútandi nr. 4/2010. Skv. 3. gr. reglnanna um nafnleynd, er nafn ákærða ekki birt ef hann er sýknaður eða birting á nafni hans getur talist andstæð hagsmunum brotþola. Ef ákært er fyrir brot á XXII. kafla almennra hegningarlaga (kynferðisbrot) skal gæta nafnleyndar um brotþola og aðra sem geta persónugreint hann. Þá skal og gæta nafnleyndar í sakamálum þar sem dómfelldir eru yngri en 18 ára. Að öðru leyti eru ekki takmarkanir á nafnbirtingu ef dómsúrlausnir eru birtar á annað borð, sbr. 2. gr. reglna um birtingu héraðsdóma um þá málaflokka sem dómsúrlausnir verða ekki birtar í.“

Með bréfi, dags. 31. janúar 2012, var yður gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við framkomnar skýringar dómstólaráðs. Svarbréf B, félagsráðgjafa hjá Fangelismálastofnun ríkisins, fyrir yðar hönd, barst með tölvubréfi þann 7. febrúar 2012. Þar segir m.a.:

„Hann veltir fyrir sér hvort Dómstólaráði sé heimilt að birta dómanna með nafni á heimasíðu héraðsdómstólanna án þess að viðkomandi hafi verið upplýstur um það fyrirfram. Hann segir sig ekki hafa verið dæmdan til að vera settur inn á heimasíðuna. Að ekkert hafi komið fram í gögnum málsins sem gaf til kynna að dómurinn hans yrði settur á heimasíðu dómstólanna. Dómarinn hafi ekki dæmt þannig í málinu að það ætti að birta dóminn og að á engum tímamarki hafi honum verið tilkynnt um þessa aðgerð.“

Einnig veltum við því fyrir okkur hvort að Dómstólaráð hafi heimild til þess að taka þessa ákvörðun og setja sér reglur um að svona viðkvæm persónuleg mál séu sett á veraldarvefinn. Þegar menn eru dæmdir af dómstóli fyrir afbrot sín þá kemur skýrt fram hver refsingin er og eins og staðan er í dag þá er ekkert sem segir að þessir dómar eigi að vera birtir fyrir almenningi á heimasíðu dómstólanna. Við veltum einnig fyrir okkur hvort að Persónuvernd hafi tekið málið til umfjöllunar áður en Dómstólaráð tók þessa ákvörðun.“

II.

Niðurstaða

1.

Lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga, sem og um handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna.

Með hugtakinu „persónuupplýsingar“ er átt við sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Með hugtakinu „vinnsla“ er átt við sérhverja aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000.

Af framangreindu er ljóst að birting nafna í dómsniðurstöðum á heimasíðunni www.domstolar.is, sem rekin er á ábyrgð dómstólaráðs og héraðsdómstólanna, fellur undir gildissvið laga nr. 77/2000.

2.

Svo að vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga sé heimil verður ávallt að vera fullnægt einhverju skilyrðanna í 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Til viðkvæmra persónuupplýsinga teljast m.a. upplýsingar um hvort einstaklingur hafi verið grunaður, kærður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað. Fyrir liggur í máli þessu að birt var á heimasíðunni www.domstolar.is dómsniðurstaða í sakamáli þar sem kvartandi var nafngreindur, en hann var hinn ákærði. Með vísan til framangreinds er ljóst að umræddar upplýsingar falla undir b-lið 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Af þeirri ástæðu er nauðsynlegt að uppfyllt hafi verið eitthvert af skilyrðum 1. mgr. 9. gr. laganna. Sá töluliður sem hér kemur til álita er fyrst og fremst 2. tölul. 9. gr. laganna, þ.e. að vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga sé heimil standi til hennar sérstök heimild samkvæmt öðrum lögum.

Um birtingu héraðsdóma er fjallað í 16. og 17. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála og í 2. mgr. 14. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Í 3. mgr. 16. gr. laga um sakamál er mælt fyrir um að ef dómur er birtur skuli, ef sérstök ástæða er til, afmá úr honum atriði sem eðlilegt er að fari leynt með tilliti til almanna- eða einkahagsmuna. Þar segir:

Dómara er enn fremur skylt gegn greiðslu gjalds að láta öðrum þeim, sem þess óskar, í té staðfest endurrit úr dómabók og af úrskurðum og ákvörðunum sem færðar hafa verið í þingbók. Áður en þau endurrit eru afhent skal, ef sérstök ástæða er til, afmá úr þeim atriði sem eðlilegt er að leynt fari með tilliti til almanna- eða einkahagsmuna, þar á meðal atriði úr endurritum af úrskurðum og ákvörðunum ef það hefði í för með sér hættu á sakarspjöllum að þau kæmst til vitundar almennings. Hið sama á við ef dómar eða aðrar úrlausnir eru birtar opinberlega, svo sem á vefsíðum.

Í f-lið 17. gr. segir að dómstólaráð, sem hefur með höndum ýmsa umsýslu vegna héraðsdómstóla, setji nánari reglur um birtingu dóma, t.d. á vefsíðum. Í slíkum reglum skuli m.a. mælt fyrir um hvaða upplýsingar skuli ekki birtar.

Dómstólaráð hefur sett reglur um birtingu héraðsdóma á heimasíðu héraðsdómstólanna, sem fram koma í tilkynningu ráðsins nr. 4/2010. Í 1. gr. þeirra segir að dómar skuli birtir á sameiginlegri vefsíðu dómstólanna með þeim undantekningum og takmörkunum sem kveðið sé á um í reglunum. Í 3. gr. þeirra er ákvæði um hvenær gæta skuli nafnleyndar við birtingu dóma í saka- og einkamálum. Þar segir:

„Ef ákærði er sýknaður í máli eða birting á nafni hans getur talist andstæð hagsmunum brotþola skal nafnleyndar gætt um ákærða. Ef ákært er fyrir brot á XXII. kafla almennra hegningarlaga (kynferðisbrot) skal gæta nafnleyndar um brotþola og aðra sem geta persónugreint hann. Skal þess þá jafnframt gætt að má út úr dómi aðrar upplýsingar sem gera kleift að persónugreina viðkomandi, svo sem heimilisföng og staðanöfn.“

Gæta skal nafnleyndar í sakamáli gagnvart vitni þegar fjallað er um viðkvæm persónuleg málefni þess sem eðlilegt er að leynt fari.

Gæta skal nafnleyndar í sakamálum þar sem dómfelldu eru yngri en 18 ára.

Gæta skal nafnleyndar í einkamálum sem fjalla um mjög viðkvæm persónuleg málefni, svo sem málum um forsjá barna og aðra hagsmuni þeirra, um lögræðissviptingu og nauðungarvistun, um erfðir, um slit hjúskapar og óvígðrar sambúðar, svo og í málum þar sem fjallað er um viðkvæmar heilsufarsupplýsingar.“

Í 4. gr. reglnanna er fjallað um hvaða atriði skuli afmá úr dómsúrlausnum. Þar segir að afmá skuli úr dómum og úrskurðum atriði sem eðlilegt er að fari leynt með tilliti til almanna- eða einkahagsmuna í samræmi við ákvæði 2. mgr. 14. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og 3. mgr. 16. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

3.

Af framangreindu má ráða að lagaheimild stendur til birtingar dóma í sakamálum á Netinu. Hefur löggjafinn falið dómstólaráði að útfæra nánar og setja reglur um birtingu dóma og hefur það verið gert með framangreindum reglum. Í reglunum er talið upp hvenær skuli gæta nafnleyndar við birtingu dóma í sakamálum. Ekki verður séð að þau ákvæði eigi við í því máli sem hér er til skoðunar. Þá kemur fram í framangreindum reglum að í ákveðnum tilvikum skuli afmá atriði, sem eðlilegt er að leynt fari með tilliti til almanna- og einkahagsmuna. Hins vegar verður ekki annað ráðið af framangreindum ákvæðum en að það sé hlutverk dómara í hverju máli að taka ákvarðanir um opinbera birtingu dóma eða annarra úrlausna svo sem á vefsíðum.

Með vísan til ákvæða stjórnarskrár um þrískiptingu ríkisvalds eru því rík takmörk sett að hvaða marki Persónuvernd getur, sem handhafi framkvæmdarvalds, hlutast til um mál sem eru á forræði annarra sjálfstæðra handhafa ríkisvaldsins, Alþingis og dómstóla. Samspil dómstólanna og dómstólaráðs er flókið. Þótt í ýmsu tilliti megi líta á ráðið sem stjórnvald, er fari með almenn stjórnsýsluverkefni, starfar það einnig í umboði dómaranna og af lögum leiðir að þeir taka ákvarðanir um birtingu dóma á vefsíðum.

4.

Að framangreindu virtu er það niðurstaða Persónuverndar að það falli utan sinna valdheimilda að fjalla efnislega um ákvarðanir sem teknar eru af hálfu dómstólaráðs eða dómara í málum á borð við það sem kvörtun yðar beinist að. Eru því ekki lagaskilyrði til þess að hún leggi úrskurð á það atriði hvort heimilt hafi verið að birta nafn yðar í þeim dómi sem birtur var á heimasíðunni www.domstolar.is. Verður þar af leiðandi að vísa málinu frá.

3.2.48. Skráning kennitölu við gjaldeyrisviðskipti – mál nr. 2011/198

Seðlabankinn óskaði þess að Persónuvernd endurskoðaði afstöðu sína varðandi skráningu kennitalna einstaklinga við gjaldeyrisviðskipti undir 1000 evrum. Persónuvernd veitti almennt svar. Þar var bent á ríkur vafi leiki á um hvort lagaheimild standi til þeirrar víðtæku kennitöluskráningar sem Seðlabankinn telur þurfa að fara fram í viðskiptabönkunum, þ.e. í þágu eftirlits með gjaldeyrishöftum.

Svarið er svohljóðandi:

1.

Seðlabanki Íslands hefur farið þess á leit við Persónuvernd að hún endurskoði þær niðurstöður sínar sem fram komi í ákvörðununum hennar í máli nr. 2011/198. Málið var rætt á fundi stjórnar Persónuverndar með fulltrúum bankans hinn 14. febrúar 2012. Var málið falið forstjóra, sbr. i-lið 2. gr. reglna nr. 231/2012.

Seðlabankinn vísar til og byggir ósk sína á 2. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þar kemur fram að Persónuvernd geti úrskurðað í ágreiningsmálum, hvort sem íslensk lög eða lög annars ríkis gilda um vinnsluna. Þá geti hún a) fjallað um einstök mál að eigin frumkvæði eða b) samkvæmt erindi þess sem telur að ekki hafi verið unnið með persónuupplýsingar um sig í samræmi við lög nr. 77/2000 og reglur sem settar eru samkvæmt þeim eða einstökum fyrirmælum.

Ekki liggur fyrir ákvörðun Persónuverndar um að taka málið upp sem frumkvæðismál skv. 2. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000. Þá liggur heldur ekki fyrir erindi manns sem telur að ekki hafi verið unnið með persónuupplýsingar um sig í samræmi við lög. Eru því ekki forsendur til þess að afgreiða málið í samræmi við 2. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000. Þá eru ekki uppfyllt skilyrði 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 til endurupptöku. Því verður veitt almennt svar með ábendingum um helstu sjónarmið í ljósi laga nr. 77/2000.

2.

Í erindi Seðlabanka Íslands er í fyrsta lagi getið úrskurðar stjórnar Persónuverndar í máli nr. 2011/198, dags. 22. júní 2011. Það er úrskurður í máli manns sem taldi ekki hafa verið unnið með persónuupplýsingar um sig í samræmi við lög. Tildrög þess voru að hann hafði ekki getað skipt 60 evrum í útibúi Arion-banka nema kennitala hans yrði skráð. Arion-banki sýndi ekki fram á nokkra skráningarheimild og var honum, á grundvelli þeirra forsendna sem þá lágu fyrir, ekki talið hafa verið heimilt að skrá kennitölu kvartanda í umrætt sinn. Var lagt fyrir bankann að stöðva alla slíka skráningu fyrir 1. ágúst 2011.

Í öðru lagi er í bréfi bankans getið ákvörðunar Persónuverndar, dags. 17. janúar sl. Með henni var umræddur frestur framlengdur til 10. febrúar 2012 og Arion-banka gert aðvart um að hefði hann ekki upplýst stofnunina um breytt verklag fyrir þann tíma gætu þvingunarúrreði, samkvæmt 41. gr. laga nr. 77/2000, komið til framkvæmda. Með bréfi, dags. 7. febrúar 2012, tilkynnti Arion-banki Persónuvernd um breytt verklag og lét hún málið þá niður falla.

3.

Í bréfi Seðlabankans, dags. 10. febrúar 2012, kemur fram að hann telur að viðskiptabankar eigi að skrá kennitölur þeirra viðskiptamanna, sem eiga gjaldeyrisviðskipti við bankana, þótt ekki sé um að ræða tilvik sem falli undir 4. gr. laga nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Um það segir m.a. í bréfinu:

„...er það afstaða Seðlabanka Íslands að skráning kennitölu þeirra sem eiga gjaldeyrisviðskipti milligönguaðila um gjaldeyrisviðskipti sé nauðsynleg svo að Seðlabankinn geti sinnt hlutverki sínu samkvæmt lögum um gjaldeyrisráðgjafi og lögum um Seðlabanka Íslands. Rétt er að taka fram að sú könnun sem fer fram á grundvelli 4. gr. laga nr. 64/2006 um peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, er ekki fullnægjandi til að Seðlabanki Íslands geti sinnt framangreindu hlutverki sínu.“

Seðlabankinn telur vera nauðsynlegt að viðskiptabankar framkvæmi umrædda skráningu í ljósi lögboðins hlutverks bankans. Er vísað til 14. og 17. gr. laga nr. 87/1992 um gjaldeyrisráðgjafi og 3., 4., 29. og 31. gr. laga nr. 36/1986 um Seðlabanka Íslands. Þá er tekið fram að á grundvelli 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1992 um gjaldeyrisráðgjafi hafi verið settar reglur nr. 13/1995 um upplýsingaskyldu vegna gjaldeyrisviðskipta og fjármagnshreyfinga á milli landa. Á grundvelli 2. gr. þeirra hafi verið gefin út handbók Seðlabanka Íslands um gjaldeyrisráðgjafi og gjaldeyrisviðskipti. Í henni séu taldar upp þær upplýsingar sem milligönguaðilum beri að skrá í s.k. GV-kerfi Seðlabanka Íslands. Af henni megi ráða að skrá eigi kennitölur einstaklinga sem kaupir innlendan og erlendan gjaldeyri án tillits til fjárhæðartakmörkunar.

Með tölvubréfi þann 16. febrúar 2012 óskaði Persónuvernd skýringa. Þar segir m.a.:

„Í reglunum sjálfum segir að þær séu settar með heimild í þágildandi 11. gr. laga nr. 87/1992. Hún hefur nú verið felld brott. Efnislega sambærilegt ákvæði er nú að finna í 14. gr. laganna. Hins vegar segir í bréfi Sí frá 10. febrúar 2012 að reglurnar séu settar á grundvelli 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1992. Er því nokkuð óljóst hvaða lagaheimild liggja reglunum til grundvallar og væri gott að fá frekari skýringar á þessu atriði áður en Persónuvernd lýkur umfjöllun sinni.“

Svar Seðlabankans barst með tölvubréfi þann 17. febrúar 2012. Þar segir m.a.:

„Samkvæmt 10. gr. reglna nr. 13/1995 um upplýsingaskyldu vegna gjaldeyrisviðskipta og fjármagnshreyfinga milli landa, eru reglurnar settar af Seðlabanka Íslands samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 87/1992 um gjaldeyrisráðgjafi. Með 2. gr. laga nr. 128/1999 um breyting á lögum um gjaldeyrisráðgjafi var þremur nýjum lagagreinum bætt við lög um gjaldeyrisráðgjafi nr. 87/1992 og varð 11. gr. því að 14. gr. laganna. Ákvæðið hefur því ekki verið felld brott. Í dag sækja reglur nr. 13/1995 hvort tveggja stöð í 2. mgr. 8. gr. og 14. gr. laga um gjaldeyrisráðgjafi.“

Ákvæði 14. gr. laga um gjaldeyrismál er víðtækara en ákvæði 2. mgr. 8. gr. sömu laga og veitir Seðlabankanum heimild til þess að kalla eftir öllum þeim upplýsingum um gjaldeyrisviðskipti sem bankinn kann að óska eftir til að hann geti sinnt nauðsynlegu eftirliti. Er ákvæði 14. gr. ekki bundið við upplýsingagjöf frá milligönguaðilum um gjaldeyrisviðskipti eins og 2. mgr. 8. gr. laganna.

Að mati Seðlabanka Íslands hafa ákvæði 2. mgr. 8. gr. og 14. gr. laga nr. 87/1992 um gjaldeyrismál því hvort tveggja að geyma fullnægjandi heimild fyrir reglum nr. 13/1995 og þeim stjórnvaldsfyrirmælum sem felast í leiðbeiningum til milligönguaðila um skráningu í upplýsingakerfi Seðlabanka Íslands um gjaldeyrisviðskipti.“

Bankinn hefur einnig vísað til lagaraka sem eru í bréfi hans, dags. 7. desember 2010, en það var sent Persónuvernd vegna máls nr. 2010/610. Í því er bent á heimild bankans til setningar reglna sem takmarka eða stöðva tímabundið tiltekna flokka fjármagnshreyfinga og gjaldeyrisviðskipti sem þeim tengjast, sbr. þágildandi ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 87/1992 um gjaldeyrismál, sbr. lög nr. 134/2008. Ákvæði um slíkar takmarkanir á fjármagnshreyfingum og gjaldeyrisviðskiptum, sem hér um ræðir, hafa nú verið færð inn í texta laganna sjálfra, sbr. 13. gr. n til 13. gr. o í lögnum, sbr. lög nr. 127/2011.

Með vísan til þess að lagðar hafi verið á takmarkanir samkvæmt framangreindu segir í umræddu bréfi Seðlabankans.

„Samkvæmt 1. mgr. 17. gr. laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, sbr. 4. gr. laga nr. 134/2008, skal Seðlabankinn fylgjast með að starfsemi aðila sé í samræmi við löginn.

Á Seðlabanka Íslands hvílir því sú skylda að hafa eftirlit með lögum og reglum um gjaldeyrismál og hefur bankinn heimild til að leggja á stjórnvaldssektir vegna tiltekinna brota, sbr. 1. mgr. 15. gr. a í lögum nr. 87/1992. Auk þessa hefur bankinn heimild til að ljúka málum með sátt, með samþykki málsaðila, enda sé ekki um að ræða meiriháttar mál, sbr. 15. gr. b.

Til þess að Seðlabanki Íslands geti sinnt nauðsynlegu eftirliti segir í 14. gr. laga nr. 87/1992 að skylt sé að veita Seðlabankanum allar þær upplýsingar um gjaldeyrisviðskipti sem hann kann að óska eftir. Auk þess segir í 15. gr. e að í tengslum við rannsókn mála sé Seðlabanka Íslands heimilt að krefja einstaklinga og lögaðila um allar upplýsingar og gögn sem hann telur nauðsynleg. Skiptir ekki máli í því sambandi hvort upplýsingarnar varða þann aðila sem beiðninni er beint til eða þau skipti annarra aðila við hann er hann getur veitt upplýsingar um og varða athuganir og eftirlit Seðlabankans. Jafnframt segir í 15. gr. f að í tengslum við athuganir tiltekinna mála sé Seðlabanka heimilt að afla upplýsinga og gagna frá öðrum stjórnvöldum óháð þagnarskyldu þeirra.

Með hliðsjón af lögboðnu hlutverki Seðlabanka Íslands sem er að hafa eftirlit með því að starfsemi aðila sé í samræmi við lög um gjaldeyrismál og reglur settar á grundvelli þeirra, auk þess hlutverks bankans að rannsaka hugsanleg brot og eftir atvikum að leggja á stjórnvaldssektir, gera sátt eða vísa málum til lögreglu, er það mat Seðlabankans að vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga sé nauðsynleg til að bankinn geti sinnt framangreindu hlutverki sínu.“

Hinn 2. mars 2012 sendi Persónuvernd fyrirspurn til Seðlabankans um hvort umrædd handbók hafi verið birt. Í svari bankans, dags. 5. s.m., segir að kaflar úr henni hafi verið birtir á heimasíðu Seðlabankans, undir flípanum Hagtölur, eyðublöð og leiðbeiningar, og þar sé skjölin að finna neðst undir fyrirsögninni Gjaldyrisviðskipti.

Svar Persónuverndar

1.

Persónuvernd hefur þegar tekið efnislega afstöðu til skráningar kennitölu við gjaldeyrisviðskipti, sbr. úrskurð hennar í máli Persónuverndar nr. 2011/198, dags. 22. júní 2011. Hann byggðist á

þeim sjónarmiðum sem þá lágu fyrir og var niðurstaðan sú að umrædd vinnsla yrði ekki studd við ákvæði 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000. Þá liggur fyrir afstaða Persónuverndar varðandi heimildir Seðlabanka Íslands til að afla frá viðskiptabönkunum þeirra persónuupplýsinga sem þeim er heimilt að skrá. Afstaðan kemur fram í ákvörðun stofnunarinnar, dags. 3. mars 2011, í máli Persónuverndar nr. 2011/610. Hér á eftir fer hins vegar almennt svar sem tekur mið af þeim rökum sem Seðlabankinn hefur nú vísað til.

2.

Það er afstaða Seðlabanka Íslands að viðskiptabönkunum sé ávallt og óháð fjárhæð viðskipta skylt að skrá kennitölur þeirra einstaklinga sem eiga gjaldeyrisviðskipti við þá. Hann telur að slík skráning samrýmist a) 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 um vinnslu sem er nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila, b) 5. tölul. um vinnslu sem er nauðsynleg vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna og c) 6. tölul. um vinnslu sem er nauðsynleg við beitingu opinbers valds sem ábyrgðaraðili, eða þriðji maður sem upplýsingum er miðlað til, fer með.

Bankinn hefur bent á að gert sé ráð fyrir kennitöluskráningu í handbók hans um gjaldeyrismál og gjaldeyrisviðskipti. Þar sé m.a. fjallað um skráningu í gjaldeyrisviðskiptaupplýsingakerfi – svokallað GV-kerfi. Þar komi fram að milligönguaðilar um gjaldeyrisviðskipti, og aðrir þeir sem hafi takmarkað leyfi til gjaldeyrisviðskipta, skuli skrá sín gjaldeyrisviðskipti og senda til Reiknistofu bankanna. Hún sjái síðan um að framsenda þessar upplýsingar til tölvudeildar Seðlabanka Íslands. Þeir sem ekki séu aðilar að RB sendi upplýsingar um gjaldeyrisviðskipti beint til Seðlabanka Íslands á tölvutæku formi í samræmi við nánari fyrirmæli Seðlabanka Íslands.

Í handbókinni er lýsing á tölvuskráningu gjaldeyrisviðskipta banka og annarra aðila sem leyfi hafa til milligöngu um gjaldeyrisviðskipti og verslunar með erlendan gjaldeyri. Þar kemur fram að meðal þess sem skal skrá eru upplýsingar um banka, kennitölu, hvort um sé að ræða kaup eða sölu og á hvaða formi viðskipti eiga sér stað (seðlar, ferðatékkar, millifærslur o.s.frv.) Er gert ráð fyrir að við gjaldeyrisviðskipti sé kennitala innlends aðila skráð en ef hann er erlendur, og kennitala er ekki fyrir hendi, á aðeins að skrá tölurnar 11111-1119.

Handbókin er gefin út á grundvelli 1. mgr. 2. gr. reglna nr. 13/1995 um upplýsingaskyldu vegna gjaldeyrisviðskipta og fjármagnshreyfinga milli landa. Þar segir:

„Þeir aðilar sem heimild hafa til milligöngu um gjaldeyrisviðskipti og verslunar með erlendan gjaldeyri skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1992, skulu fullnægja kröfum Seðlabankans um skráningu gjaldeyrisviðskipta. Flokka skal viðskiptin eftir eðli þeirra í samræmi við flokkunarlykla Seðlabankans og sundurliða þau í tölvutæku formi, sbr. handbók Seðlabanka Íslands um gjaldeyrismál og gjaldeyrisviðskipti, og koma þeim upplýsingum til Seðlabankans.“

Samkvæmt 7. gr. reglnanna eru þær settar samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 87/1992 um gjaldeyrismál, sbr. og 10. gr. reglugerðar nr. 679/1994 um gjaldeyrismál. Með 2. gr. laga nr. 128/1999, um breyting á lögum um gjaldeyrismál, var lögnum breytt. Féll 11. gr. brott en svipað ákvæði er í 14. gr. laganna. Ákvæði 11. gr. laga nr. 87/1992 var svohljóðandi:

„Skylt er að veita Seðlabankanum allar þær upplýsingar um gjaldeyrisviðskipti sem hann kann að óska eftir til að hann geti sinnt nauðsynlegu eftirliti og hagskýrslugerð, sbr. ákvæði laga um Seðlabanka Íslands. Bankanum er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd gjaldeyrisviðskipta, svo sem um skráningar- og tilkynningarskyldu vegna reikninga innlendra aðila í erlendum innlánsstofnunum, framlagningu gagna, almenna upplýsingagjöf og gerð eyðublaða.“

Í 14. gr. laga nr. 87/1992 um gjaldeyrismál segir nú:

„Skylt er að veita Seðlabankanum allar þær upplýsingar um gjaldeyrisviðskipti sem hann kann að óska eftir til að hann geti sinnt nauðsynlegu eftirliti, að viðlögðum dagsektum skv. 15. gr. h. Að

sama skapi ber að veita bankanum allar nauðsynlegar upplýsingar til hagskýrslugerðar, sbr. ákvæði laga um Seðlabanka Íslands. Bankanum er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd gjaldeyrisviðskipta, svo sem um skráningar- og tilkynningarskyldu vegna reikninga innlendra aðila í erlendum innlánsstofnunum, framlagningu gagna, almenna upplýsingagjöf og gerð eyðublaða.“

Í athugasemdum sem fylgdu ákvæði 11. gr. þess frumvarps, sem varð að lögum nr. 87/1992, sagði:

„Í þessari grein er kveðið á um skyldu til að veita upplýsingar um gjaldeyrisviðskipti. Lagt er til að ákvæði þar að lútandi verði afdráttarlaust. Jafnframt er ákvæði þess efnis að Seðlabankinn geti sett nánari reglur um framkvæmd gjaldeyrisviðskipta, svo sem um skráningar- og tilkynningarskyldu vegna reikninga í eigu innlendra aðila í erlendum innlánsstofnunum, framlagningu gagna, almenna upplýsingagjöf og gerð eyðublaða.

Í flestum tilvikum mun upplýsingaskyldunni verða fullnægt með þeim hætti að viðskiptavinur fyllir út eyðublað í banka eða sparisjóði með lágmarksupplýsingum rétt eins og gildir um fjölmörg svið innlendra viðskipta. Upplýsingar um heildargjaldeyrisviðskipti dagsins samkvæmt helstu flokkum ganga síðan til Seðlabankans. Í öðrum tilvikum verður gerð sú krafa að tilkynna verður einstök viðskipti. Á þetta sérstaklega við um opnun bankareikninga erlendis og notkun þeirra. Er talið eðlilegt að lögfesta ekki framkvæmdaratriði af þessu tagi heldur fela Seðlabankanum að setja reglur þar að lútandi.“

3.

Öll vinnsla persónuupplýsinga þarf að uppfylla skilyrði laga nr. 77/2000. Ábyrgðaraðili þarf að tryggja að heimild standi til þeirrar vinnslu sem fram fer á hans vegum. Hún þarf bæði að eiga sér stöð í einhverju af ákvæðum 1. mgr. 8. gr., og eftir atvikum 1. mgr. 9. gr., og að samrýmast meginreglum 7. gr.

Framangreint á við um alla vinnsluþætti. Það nægir því t.d. ekki að skráning upplýsinga samrýmist lögum nr. 77/2000 heldur þarf miðlun þeirra einnig að gera það, varðveisla þeirra o.s.frv. Þannig dugar einum ábyrgðaraðila t.d. skammt að mega safna persónuupplýsingum frá öðrum aðilum ef þeir hafa ekki heimildir til að skrá þær eða varðveita. Þá verður, ef stjórnvöld eiga hlut að máli, að gæta lögmætisreglunnar. Samkvæmt henni er þeim skorinn sá stakkur sem lögin setja þeim, m.a. að því er varðar heimildir þeirra til að gefa einkaaðilum fyrirmæli um skráningu persónuupplýsinga.

3.1.

Seðlabankinn hefur í fyrsta lagi vísað til ákvæðis 5. tölulíðar 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000. Þar segir að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil sé hún nauðsynleg vegna verks sem unnið sé í þágu almannahagsmuna. Ákvæðið tekur mið af e-lið 7. gr. tilskipunar nr. 95/46/EB og hefur m.a. verið talið taka til tölfraeðivinnslu í þágu hagstjórnar ríkisins.

Ekki hefur verið sýnt fram á það af hálfu Seðlabankans að viðskiptabönkunum hafi verið falið verk í þessum skilningi. Þá ber að nefna að við beitingu umrædds ákvæðis tilskipunarinnar hefur verið talið að sýna beri hóf í vinnslu, hvorki safna né varðveita nafngreindar upplýsingar að nauðsynjalausu og gæta þess að mismuna mönnum ekki við skráningu persónuupplýsinga eftir því í hvaða Evrópulandi þeir búa. Til nánari skýringar má benda á dóm Evrópudómstólsins, frá 16. desember 2008 (mál C-524/06).

3.2.

Seðlabankinn hefur í öðru lagi vísað til 6. tölulíðar 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 um vinnslu almennra persónuupplýsinga sem sé nauðsynleg við beitingu opinbers valds. Á grundvelli þessa ákvæðis er stjórnvöldum heimilt að vinna með almennar persónuupplýsingar við framkvæmd starfa sem lögum samkvæmt heyra undir þau. Það getur tengst töku stjórnvaldsákvörðunar eða annarri lögmæltri stjórnsýslu. Ákvæðið á við um vinnslu vegna lagaskyldu sem hvílir á stjórnvaldi

og það skarast við 3. tölul. 1. mgr. 8. gr.

Ákvæðið á einnig við um miðlun persónuupplýsinga sem er nauðsynleg við beitingu opinbers valds sem þriðji maður, sem upplýsingum er miðlað til, fer með. Líta má á Seðlabankann sem þriðja mann í þessum skilningi og getur miðlun upplýsinga til hans samrýmt þessu ákvæði. Hins vegar verður ekki staðhæft að ákvæðið geti eitt og sér falið í sér sjálfstæða heimild fyrir viðskiptabankana til að skrá alltaf kennitölur einstaklinga sem eiga við þá gjaldeyrisviðskipti. Til þess þurfa þeir sjálfir að hafa sérstaka vinnsluheimild - s.s. samþykki, fyrirmæli í lögum eða í settum reglum sem eiga sér lagastoð.

3.3.

Seðlabankinn hefur í þriðja lagi vísað til þess að umrædd kennitöluskráning sé í samræmi við ákvæði 3. tölulíðar 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000. Þar segir að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil sé hún nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila.

3.3.1.

Persónuvernd hefur farið yfir þau laga- og reglugerðarákvæði sem bankinn hefur bent á, því til staðfestingar að lagaskylda til umræddrar kennitöluskráningar hvíli á viðskiptabönkunum.

Samkvæmt orðalagi sínu eiga þau ákvæði fyrst og fremst við um samskipti Seðlabankans við viðskiptabankana og um skyldu þeirra til að miðla upplýsingum til Seðlabankans til að hann geti sinnt nauðsynlegu eftirliti og hagskýrslugerð. Þar er Seðlabankanum veitt heimild til að setja nánari reglur um framkvæmd gjaldeyrisviðskipta, svo sem um skráningar- og tilkynningarskyldu vegna reikninga innlendra aðila í erlendum innlánsstofnunum, framlagningu gagna, almenna upplýsingagjöf og gerð eyðublaða.

Af tilgreindum lagaákvæðum verður ekki ráðið að löggjafinn hafi lagt á viðskiptabankana skyldu til að skrá alltaf kennitölur þeirra sem eiga við þá gjaldeyrisviðskipti. Hins vegar kemur vilji löggjafans í þeim efnum fram í lögum nr. 64/2006, um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka um hvenær og hvernig gera beri svonefnda áreiðanleikakönnun á viðskiptamanni, sbr. II. kafla laganna. Hún felst m.a. í því að gengið sé vandlega úr skugga um hver viðskiptamaður sé og hefur skráning kennitölu verið álitinn þáttur í því. Í lögnum er að finna viðmiðunarmörk um fjárhæðir, en m.a. er skylt að gera áreiðanleikakönnun þegar um ræðir einstök viðskipti að fjárhæð 15.000 evrur eða meira og þegar um ræðir gjaldeyrisviðskipti að fjárhæð 1.000 evrur eða meira miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni, hvort sem viðskiptin fari fram í einni færslu eða fleirum sem virðast tengjast hver annarri.

Í handbók sem Seðlabankinn hefur gefið út á grundvelli 1. mgr. 2. gr. reglna nr. 13/1995, er reyndar mælt fyrir um slíka skráningu en ekki liggur fyrir að hún hafi verið birt í samræmi við lög nr. 15/2005 um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, né eldri lög nr. 64/1943 um birtingu laga og stjórnvaldserinda. Það hvort telja megi efnisatriði handbókarinnar hafa að geyma lagaskyldu er hvíli á ábyrgðaraðilum (þ.e. viðskiptabönkunum), í skilningi 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000, ræðst af því hvort þau teljist hafa að geyma bindandi stjórnvaldsfyrirmæli sem eigi sér viðhlítandi stoð í lögum. Verði niðurstaðan sú að svo sé geta skilyrði 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 talist uppfyllt. Það er hlutverk dómstóla að leysa úr ágreiningsefnum um lögmæti reglugerða og annarra stjórnvaldsfyrirmæla.

3.3.2.

Seðlabankinn hefur einnig vísað til ákvæða um takmörkun eða tímabundna stöðvun tiltekinna flokka fjármagnshreyfinga og gjaldeyrisviðskipta sem þeim tengjast, sbr. nú 13. gr. n til 13. gr. o í lögum nr. 87/1992, sbr. lög nr. 127/2011. Seðlabankinn hefur lýst því mati sínu að í kjölfar hruns þriggja stærstu viðskiptabanka landsins haustið 2008, og fyrirséðs samdráttar, stóraukins fjárlagahalla og mikillar aukningar opinberra skulda, hafi verið óhjákvæmilegt að beita tímabundnum gjaldeyrishöftum. Að mati bankans hafi enn ekki skapast þær aðstæður að rými sé

til þess að aflétta umræddum gjaldeyrishöftum að fullu, en núgildandi lög um gjaldeyrismál geri ráð fyrir heimild til slíkra takmarkana til ársloka 2013. Til að gjaldeyrishöft nái markmiðum sínum telur bankinn vera mikilvægt að umræddar upplýsingar séu skráðar í GV-kerfið.

Persónuvernd gerir ekki athugasemdir við framangreint mat Seðlabanka Íslands. Það fellur ekki undir hennar valdsvið.

4.

Við alla vinnslu persónuupplýsinga ber að virða þær meginreglur sem eru í 7. gr. laganna. Aðeins skal vinna með nægilegar og viðeigandi persónuupplýsingar og ekki meiri en nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar. Með öðrum orðum þarf, enda þótt eitthvert af skilyrðum 1. mgr. 8. gr. sé uppfyllt, ávallt að virða reglur 7. gr. Ein þeirra er svonefnd hlutfallsregla. Hún kemur fram í 3. tölul. 1. mgr. 7. gr. Af henni leiðir m.a. að söfnun og skráning persónuupplýsinga þarf að vera í réttu hlutfalli við þann málefnalega og lögmæta tilgang sem að er stefnt. Til þess yrði, við ákvörðun um slíka skráningu, að meta og afmarka við hvaða fjárhæðir ætti að miða og hve miklar persónuupplýsingar ætti að skrá.

5.

Í 20. gr. laga nr. 77/2000 er fjallað um fræðsluskyldu ábyrgðaraðila þegar hann aflar persónuupplýsinga beint frá hinum skráða sjálfum og í 21. gr. er ákvæði um fræðsluskyldu þess sem aflar persónuupplýsinga frá öðrum en hinum skráða. Í daglegu tali eru 20. og 21. gr. oft einu nafni kallaðar fræðsluskyldureglur. Markmið þeirra er að tryggja að hinn skráði geti á upplýstan hátt tekið afstöðu til vinnslu persónuupplýsinga um sig og eftir atvikum nýtt sér þau réttindi sem löggin veita honum, s.s. til að fá rangar upplýsingar leiðréttar. Samkvæmt 4. mgr. 21. gr. gildir fræðsluskyldan ekki ef lagaheimild stendur til skráningar eða miðlunar upplýsinganna.

6.

Í 10. gr. laga nr. 77/2000 er afmarkað hvenær heimilt er að nota kennitölu og hvenær ekki. Þar kemur fram að hún er heimil eigi hún sér málefnalegan tilgang og sé nauðsynleg til að tryggja örugga persónugreiningu. Ákvæðið er 8. gr. til fyllingar, sem þýðir að bæði þarf að uppfylla eitthvert af heimildarákvæðum 1. mgr. 8. gr. og hlíta 10. gr. laganna. Almennt þurfa viðskiptabankar því að hafa sérstaka heimild samkvæmt 8. gr. til að skrá kennitölur en einnig að virða viðbótarskilyrði 10. gr. laganna.

7.

Samkvæmt framanrituðu leikur ríkur vafi á um að 3., 5. eða 6. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 geti að óbreyttu borið uppi lögmæti þeirrar viðtæku kennitöluskráningar sem Seðlabankinn telur vera nauðsynlega í þágu eftirlits með gjaldeyrishöftum.

Með lögum hefur Seðlabankanum verið falið ríkt eftirlitshlutverk með framkvæmd gjaldeyrisviðskipta hér á landi. Þótt á það megi fallast að þeim mun minni upplýsingar, sem skráðar séu um gjaldeyrisviðskipti einstaklinga í viðskiptabönkunum, þeim mun torveldara verði honum að rækja þetta eftirlitshlutverk sitt, verður að skýra ákvæði laga nr. 77/2000 með hliðsjón af markmiðsákvæði 1. gr. Þar segir m.a. að markmið þeirra sé að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs. Friðhelgi einkalífs er varin í 71. gr. stjórnarskrárinnar, en af 2. mgr. hennar leiðir m.a. að ekki má takmarka friðhelgina nema með sérstakri lagaheimild og ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra. Í þeim laga- eða reglugerðarákvæðum sem Seðlabankinn vísar til er ekki mælt fyrir um skyldu fjármálastofnana til umræddrar kennitöluskráningar.

Minnt er á að enda þótt heimild, í skilningi 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000, teljist standa til vinnslu almennra persónuupplýsinga þarf einnig að gæta annarra ákvæða laganna, þ. á m. 7. og 21. gr. Að öðrum kosti telst ekki vera um að ræða lögmæta vinnslu persónuupplýsinga.

Í almennu svari eins og þessu verður ekki með bindandi hætti skorið úr um lögmæti umræddrar

kennitöluskráningar. Berist Persónuvernd kvörtun frá einstaklingi yfir tiltekinni skráningu persónuupplýsinga um sig verður það mál eftir atvikum tekið fyrir og úrskurðað í því í ljósi málsatvika, kröfugerðar og þeirra málsástæðna sem fram yrðu settar.

3.2.49. Skráning í rekstrarsöguskrá – mál nr. 2011/947

Persónuvernd hefur úrskurðað í máli manns varðandi skráningu persónuupplýsinga hjá Creditinfo-Lánstrausti. Um var að ræða upplýsingar um stjórnarsetu hans í félögum sem orðið höfðu gjaldþrota. Persónuvernd taldi að skráningin hefði verið heimil samkvæmt b-lið 7. tölul. 2. gr. starfsleyfis Creditinfo-Lánstrausts til skráningar upplýsinga um einstaklinga.

Í niðurstöðum úrskurðarins segir m.a.:

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 246/2001, sbr. 45. gr. laga nr. 77/2000, sbr. einnig 4. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 712/2008 um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 33. gr. laganna, er söfnun og skráning upplýsinga um fjárhagsmálefni einstaklinga, í því skyni að miðla þeim til annarra, óheimil án starfsleyfis Persónuverndar.

Creditinfo Lánstraust hf. hefur haft með höndum vinnslu persónuupplýsinga á grundvelli slíkra leyfa, sbr. nú leyfi, dags. 10. maí 2011 (mál nr. 2010/1029). Í 2. gr. leyfisins er talið upp hvaða upplýsingar handhafi slíks leyfis, þ.e. svonefnd fjárhagsupplýsingastofa, megi skrá, en sú upptalning byggist á 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 246/2001 þar sem segir að fjárhagsupplýsingastofu sé einungis heimilt að vinna með upplýsingar sem eðli sínu samkvæmt hafa afgerandi þýðingu við mat á fjárhag og lánstrausti hins skráða.

Við útgáfu leyfa hefur verið byggt á því að tiltekin skráning á einstaklingum sem staðið hafa að félögum, sem orðið hafa gjaldþrota, samrýmist framangreindu. Í 7. tölul. b-liðar 2. gr. áður nefnds starfsleyfis er því mælt fyrir um heimild til að skrá upplýsingar frá hlutafélagaskrá um stofnendur, stjórnarmenn og framkvæmdastjóra hlutafélaga og einkahlutafélaga sem staðið hafa að a.m.k. tveimur slíkum félögum sem orðið hafa gjaldþrota á síðustu fjórum árunum fyrir skráningu. Í samræmi við 3. mgr. 2. gr. og 3. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar skulu upplýsingar ekki varðveittar lengur en sem því nemur í skrá sem notuð er til miðlunar, sbr. 5. mgr. 5. gr. leyfisins.

Eins og kvartandi hefur vakið athygli á er í lögum að finna ákvæði um m.a. hversu lengur tími líður frá gjaldþroti félags þar til forsvarsmáður í því má taka við trúnaðarstörfum í nýju félagi, sem og það hvort forsvarsmáður félags beri persónulega ábyrgð á skuldbindingum þess. Í þessum ákvæðum er hins vegar ekki að finna fyrirmæli þess efnis að upplýsingar um stjórnarsetu í gjaldþrota félagi geti ekki haft vægi við lánshæfismat.

Fyrir liggur að kvartandi sat í stjórn veggja félaga sem urðu gjaldþrota, sem og að innan við fjögur ár eru liðin frá gjaldþrotinu. Með vísan til þess er niðurstaða Persónuverndar sú að Creditinfo Lánstrausti sé umrædd skráning heimil.

3.2.49. Miðlun í þágu markaðssetningar – mál nr. 2011/930

Persónuvernd úrskurðaði í máli konu sem kvartaði yfir því að Gagnaveita Reykjavíkur hefði miðlað persónuupplýsingum um sig til annarra fyrirtækja. Var miðlun Gagnaveitu Reykjavíkur á persónuupplýsingum um A, til Vodafone og Hringiðunnar, í þágu markaðssetningar af þeirra hálfu, úrskurðuð ólögmat.

Úrskurðurinn er svohljóðandi:

I.
Grundvöllur máls
Málavextir og bréfaskipti
1.

Þann 30. ágúst 2011 barst Persónuvernd kvörtun A (hér eftir nefnd kvartandi) yfir því að Gagnaveita Reykjavíkur (hér eftir GR) hefði miðlað persónuupplýsingum um sig til þriðju aðila. Um er að ræða miðlun í þágu markaðssetningar af hálfu Vodafone og Hringiðunnar ehf. Í kvörtuninni segir m.a.: „Forsaga málsins er að GR óumbeðin ákveður að leggja ljósleiðara í húsið sem ég bý í. Ég hef ekki sett mig inn í það enda var þetta óumbeðinn gjörningur sem ég hafði takmarkaðan áhuga á. Ég fæ í kjölfarið senda tilkynningu frá GR um að nú sé lagningu lokið ásamt upplýsingum um hvert ég geti leitað til að nýta leiðarann ef ég vil gera það (t.d. til Vodafone og fleiri aðila). En í kjölfarið ákveður GR að deila þessum upplýsingum með a.m.k. Vodafone og Hringiðunni ehf. að lagningu hans sé lokið og ég sé því mögulegur kaupandi sem get nýtt mér tiltekna þjónustu. Í kjölfarið herja þessir aðilar [...] á mig til að bjóða mér þjónustu sína þann 16. desember 2010. Hringiðan ehf. gerir það með þeim hætti sem er ólöglegur, eða með því að senda SMS og hefur Póst- og fjarskiptastofnun úrskurðað um það nýlega.

Ég hef ekki verið í samskiptum eða viðskiptum við GR eða Hringiðuna ehf. áður en þetta gerist né hef ég veitt þeim leyfi til að deila upplýsingum um mig á milli sín. [...]. Ég tel óeðlilegt og ólöglegt að Gagnaveita Reykjavíkur deili upplýsingum um hvaða búnaði ég bý yfir sem þeir einir ásamt mér hafa upplýsingar um og gæti mögulega nýtt með öðrum aðilum til að þeir geti herjað á mig. Ég hef ekki gefið leyfi fyrir slíku. Ég fékk fullnægjandi upplýsingar frá GR um hvert ég gæti leitað, ef ég svo kysir, til að nýta þjónustuna.

Einnig tel ég óeðlilegt og ólöglegt að nýting upplýsinga um mögulega notendur sem eitt fyrirtæki býr yfir verði hluti af viðskiptasamningum milli fyrirtækja án þess að skýrt umboð notenda liggi fyrir. Ég tel að það sem Gagnaveita Reykjavíkur hefur gert með þessum gjörningi, að deila upplýsingum um mig og líklegast þúsundum annarra, sé ólögleg og hér hafi þeir farið fram með afar slæmu fordæmi sem ég óska að Persónuvernd taki til álitá“

2.

Með bréfi, dags. 2. september 2011, tilkynnti Persónuvernd Gagnaveitu Reykjavíkur um kvörtunina og veitti henni kost á að tjá sig til samræmis við ákvæði 13. og 14. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Svarfrestur var veittur til 15. september 2011. Með tölvubréfi, dags. 14. september 2011, óskaði Gagnaveita Reykjavíkur eftir fresti til 30. september 2011 til að koma á framfæri andmælum sínum. Var sá frestur veittur.

Svarbréf Gagnaveitu Reykjavíkur, dags. 26. september 2011, barst stofnuninni þann 30. s.m. Þar segir m.a.:

„[...] Í erindinu kemur fram að forsaga málsins sé að Gagnaveita Reykjavíkur hafi „óumbeðin“ ákveðið að leggja ljósleiðara í húsið sem A býr í. Vegna þessa telur Gagnaveita Reykjavíkur rétt að gera grein fyrir ferli við tengingu ljósleiðara almennt og í viðkomandi fasteign.

Áður en ljósleiðari er lagður í hús þarf að liggja fyrir samþykki húseiganda eða umráðamanns húsnæðis. Þegar um fjöleignarhús er að ræða er það oftast formaður húsfélags sem kemur fram fyrir þess hönd og heimilar ljósleiðaratengingu hússins. Viðkomandi staðfestir með undirritun sinni að hann hafi umboð meðeigenda eða húsfélags til að heimila eða hafna lagningu ljósleiðara og inntaksstað hans. Eins og sést af meðfylgjandi eyðublaði var það B sem heimilaði tengingu ljósleiðara vegna X og staðfesti að hann hefði umboð til þess fyrir hönd meðeigenda sinna eða húsfélags.

Kvartandi telur „óeðlilegt og ólöglegt að Gagnaveita Reykjavíkur deili upplýsingum um hvaða búnaði [kvartandi] býr yfir sem þeir einir ásamt mér hafa upplýsinga um og gæti mögulega nýtt með öðrum aðilum til að þeir geti herjað á mig. Ég hef ekki gefið leyfi fyrir slíku [...]“. Gagnaveita Reykjavíkur starfar í samræmi við lög um fjarskipti nr. 81/2003. Ákvæði IX. kafla þeirra laga um vernd persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífs varða að mati Gagnaveitu Reykjavíkur ekki upplýsingar um tengingar einstakra fasteigna við dreifikerfi, s.s. ljósleiðara. Fyrirtækið telur því að

heimilt sé að veita þjónustufyrirtækjum upplýsingar um tengdar fasteignir enda sé þess gætt að öllum þjónustufyrirtækjum, sem þess óska, séu veittar sambærilegar upplýsingar. Þjónustufyrirtækjum beri hins vegar að gæta þess að virða ákvæði 3. mgr. 46. gr. laga nr. 81/2003 og stunda ekki beina markaðssetningu gagnvart þeim sem óska ekki eftir að taka á móti þeim.“

Með bréfi, dags. 19. október 2011, var svarbréf Gagnaveitu Reykjavíkur borið undir kvartanda og henni boðið að koma á framfæri athugasemdum við það.

Með tölvubrési, dags. 26. október 2011, kom kvartandi á framfæri athugasemdum. Þar segir m.a.:

„[...] Ég er ekki auðkennd í bannskrá Þjóðskrár Íslands þannig að almenna reglan er að það má hafa samband við mig. Það sem ég geri athugasemdir við í kvörtun þeirri sem ég sendi Persónuvernd 25. ágúst 2011 er að Gagnaveita Reykjavíkur hefur veitt og miðlað upplýsingum um mig til a.m.k. tveggja óskyldra aðila (Vodafone og Hringiðunnar ehf.). Ég tel óeðlilegt að fyrirtæki sem ég er ekki í viðskiptum við né hef veitt leyfi til að deila upplýsingum um mig (GR) ákvæði að það geti miðlað þriðja aðila/aðilum (sem ég hef ekki veitt leyfi til að afla upplýsinga um mig) upplýsingar um hvaða búnaði húsnæði, sem ég bý í og á, býr yfir. Ég tel það ganga á skjön við lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000. [...].

Í svari Gagnaveitu Reykjavíkur kemur fram að ljósleiðari hafi verið lagður í húsið sem ég bý í með samþykki formanns húsfélagsins í X. Í því samþykki gefur formaður húsfélagsins Gagnaveitu Reykjavíkur ekki leyfi fyrir því að upplýsingum um húsfélagið sé deilt með öðrum aðilum - hvorki kemur fram að hann leyfi Gagnaveitur Reykjavíkur að upplýsa aðra aðila um að húsfélagið eða húsnæðið búi yfir þessum tengingum/búnaði eða einstakir íbúar. Ef slíkt samþykki frá formanni myndi liggja fyrir fyrir hönd einstakra íbúa og eigenda, sem það gerir ekki, þá gæti formaður húsfélagsins í húsinu sem bý í ekki gefið leyfi fyrir mína hönd um að deila upplýsingum um þann búnað sem ég get nýtt mér.

Hvernig sem á það er litið þá er Gagnaveita Reykjavíkur að deila persónugreinanlegum upplýsingum án leyfis, hvort sem það er nafn mitt, auðkenni minnar fasteignar og heimilis, eða nafn húsfélagsins. Geta má að þeir aðilar sem höfðu samband til að selja þá þjónustu sem hægt væri að tengja þeim búnaði sem Gagnaveita Reykjavíkur hafði komið fyrir höfðu samband við mig símleiðis og með SMS skilaboðum, ekki var haft samband við húsfélagið eða fasteignina í X. Ekki var herjað á húsfélagið eða fasteignina að kaupa þjónustu, heldur þeirra sem eiga fasteignina og búa þar. Málflutningur Gagnaveitu Reykjavíkur á því að sjónarmið um persónuvernd, hvort sem um ræðir lög um fjarskipti nr. 81/2003 eða lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000, eigi ekki við þar sem um fasteign sé að ræða fellur því um sjálfan sig.“

Með bréfi, dags. 21. nóvember 2011, óskaði Persónuvernd frekari skýringa frá Gagnaveitu Reykjavíkur um það hvaða persónuupplýsingum um kvartanda hún hefði miðlað. Svarbréf barst með tölvubrési þann 5. desember 2011. Þar segir m.a.:

„Gagnaveita Reykjavíkur miðlar upplýsingum um fasteignir, sem óskað hafa eftir tengingu við ljósleiðaranet fyrirtækisins, til fjarskiptafyrirtækja sem selja þjónustu sína um það net. Þessar upplýsingar eru opinberar og finnast m.a. í gagnagrunni Fasteignamatsins og eru aðgengilegar í gegnum www.skra.is. Í tilfelli kvörtunaraðila:

- Fastanúmer fasteignar: [...]
- Heimilisfang: [...]
- Póstnúmer: [...]
- Kennitala eiganda: [...]

- Íbúðanúmer: [...]“

Með bréfi, dags. 6. janúar 2012, óskaði Persónuvernd enn skýringa frá Gagnaveitu Reykjavíkur, m.a. um það hvaða heimild hún hefði talið vera fyrir hendi. Í svarbréfi Gagnaveitu Reykjavíkur, dags. 27. janúar 2012, segir m.a.:

„1. Viðkomandi upplýsingar er hægt að nálgast á opinberum vefsvæðum, s.s. fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands. Það er því mat Gagnaveitunnar að ekki sé um viðkvæmar upplýsingar að ræða.

2. Gagnaveita Reykjavíkur tengir heimili við ljósleiðaranet sitt að undangenginni ósk eiganda um að heimilið sé tengt. Gagnaveitan lítur svo á að um opinberar upplýsingar sé að ræða. Það sé því á ábyrgð viðkomandi einstaklinga að sjá til þess að vera bannmerktir í þjóðskrá. Þess ber að geta að kvartandi var ekki skráð sem bannmerktur í þjóðskrá þegar upplýsingum var miðlað um hana til þjónustuveitna.

3. Dreifing slíkra upplýsinga er Gagnaveitunni nauðsynleg til þess að gera þjónustuveitum kleift að vita hvaða heimili geta tengst ljósleiðaranetinu og slík starfsemi fer ekki gegn samþykktum Gagnaveitunnar.

4. Gagnaveita Reykjavíkur kannar ekki sérstaklega hvort íbúar séu bannmerktir í þjóðskrá áður en markaðsstarf er hafið. Gagnaveitan mun gera breytingar á vinnslu gagna sem tryggja það að hér eftir sé ekki miðlað upplýsingum um bannmerкта einstaklinga.

Gagnaveitan ítrekar að kvartandi var ekki bannmerktur í þjóðskrá. Því hefðu þær breytingar á vinnulagi, sem Gagnaveitan mun ráðast í, ekki komið í veg fyrir að þjónustuveitur hefðu haft samband og reynt að selja henni þjónustu um ljósleiðaranet fyrirtækisins.“

Af tilefni framangreinds kannaði Persónuvernd, með tölvubrési, dags. 13. febrúar 2012, hjá Þjóðskrár Íslands hvort um væri að ræða upplýsingar á opinberu vefsvæði. Í svarbréfi Þjóðskrár Íslands, dags. 13. febrúar 2012, segir að svo sé ekki. Þar segir m.a.:

„Í opnum og gjaldfrjálsum aðgangi á heimasíðu stofnunarinnar er hægt að fá grunnupplýsingar um fasteignir, m.a. fastanúmer, heiti eigna og íbúðanúmer (merking).

Ekki er hægt að fá upplýsingar um póstnúmer né upplýsingar um eigendur þ.m.t. kennitölu þeirra.

Í sérstökum áskriftaraðgangi að fasteignaskrá hafa notendur aðgang að ítarlegri upplýsingum um fasteignir þ.m.t. um eigendur fasteigna ásamt kennitölu. Eingöngu er hægt að leita eftir landnúmeri, fastanúmeri eða heiti fasteignar. Greitt er fyrir slíkan aðgang og þurfa notendur að samþykkja skilmála sem fram koma á eyðublaði Z-851 sem finna má hér:

<http://skra.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=7169>

Upplýsingar um póstnúmer koma ekki fram í fasteignaskrá.“

II.

Forsendur og niðurstaða

1.

Efnislegt gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, og þar með valdsvið Persónuverndar, nær til vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. og 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna.

Gagnaveita Reykjavíkur hefur vísað til þess að hún veiti upplýsingar um „fasteignir, sem óskað hafa eftir tengingu við ljósleiðaranet fyrirtækisins.“ Af því tilefni þarf að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða persónuupplýsingar í skilningi laga nr. 77/2000. Samkvæmt 1. tölul. 2. gr. laganna eru persónuupplýsingar sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi. Þá liggur

fyrir að miðlað var upplýsingum um kennitölu kvartanda og heimilisfang. Var því um að ræða persónuupplýsingar sem falla undir verndarsvið laganna.

2.

Vinnsla persónuupplýsinga er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Af athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu. Af framangreindu er ljóst að miðlun persónuupplýsinga um kvartanda frá Gagnaveitu Reykjavíkur til Vodafone og Hringiðunnar er vinnsla persónuupplýsinga í skilningi laga nr. 77/2000 sem þarf að samrýmast ákvæðum þeirra. Samkvæmt framansögðu fellur úrlausn ágreiningsmáls þessa undir úrskurðarvald Persónuverndar, sbr. 2. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000.

Tekið er fram að úrlausnarefni máls þessa afmarkast við vinnslu persónuupplýsinga í þágu markaðssetningar. Persónuvernd fjallar ekki um notkun fjarskiptatækni við markaðssetningu. Í máli þessu reynir því hvorki á ákvæði fjarskiptalaga né laga um húsgöngu- og fjarsölusamninga varðandi óumbeðin fjarskipti, en eftirlit með þeim ákvæðum fellur ekki undir Persónuvernd heldur undir Póst- og fjarskiptastofnun og Neytendastofu.

3.

Öll vinnsla almennra persónuupplýsinga þarf að samrýmast heimildarákvæðum laga nr. 77/2000. Um miðlun persónuupplýsinga í markaðssetningarstarfsemi gildir ákvæði 28. gr. laganna. Af 5. mgr. hennar leiðir að almenna reglan er sú að ábyrgðaraðilar mega, að tilteknum skilyrðum uppfylltum, afhenda féлага-, starfsmanna- eða viðskiptamannaskrár til nota í tengslum við markaðssetningu.

Kemur þá til skoðunar hvort hér hafi verið um að ræða viðskiptamannaskrá í þessum skilningi.

Taka ber að taka fram að ekki er um að ræða persónuupplýsingar sem opin og gjaldfrjáls aðgangur er að. Þvert á móti er um að ræða upplýsingar sem GR hefur samið við Þjóðskrá Íslands um að fá aðgang að gegn því að gangast undir tiltekna skilmála. Meðal þeirra er sá skilmáli að nota upplýsingarnar aðeins í reglubundinni starfsemi sinni og miðla þeim ekki til óviðkomandi aðila. Má ætla að þennan skilmála hafi GR brotið og mun Persónuvernd vekja athygli Þjóðskrá á því. Það kemur þó ekki í veg fyrir að líta megi á þá skrá sem GR miðlaði sem viðskiptamannaskrá.

Hér skiptir máli að kvartandi er eigandi íbúðar í fjöleignarhúsinu nr. Z við X og er meðlimur í húsfélagi þess í samræmi við lög um fjöleignarhús nr. 26/1994. Í máli þessu liggur fyrir ósk félagsins um að fá lagðan ljósleiðara í húsið, sem var undirrituð af B fyrir hönd eigenda, hinn 10. febrúar 2010. Samkvæmt því, og með hliðsjón af ákvæðum fjöleignahúsalaga um ákvarðanatöku húsfélaga, telst B hafa haft umboð kvartanda til að stofna til umræddra viðskipta við GR. Telst kvartandi því vera viðskiptamaður GR og þar með telst hafa verið um að ræða miðun á viðskiptamannaskrá í skilningi 5. mgr. 28. gr. laga nr. 77/2000.

4.

Heimildin samkvæmt 5. mgr. 28. gr. laga nr. 77/2000, til að miðla viðskiptamannaskrá í þágu markaðssetningar, er hins vegar bundin vissum skilyrðum. Þau skilyrði eru að:

1. ekki teljist hafa verið um afhendingu viðkvæmra persónuupplýsinga að ræða,
2. hinum skráðu hafi, áður en afhending fór fram, verið gefinn kostur á að andmæla því, hverjum fyrir sitt leyti, að upplýsingar um sig birtust á hinni afhentu skrá,

3. slíkt fari ekki gegn reglum eða samþykktum viðkomandi félags,

4. ábyrgðaraðili hafi kannað hvort einhver hinna skráðu hafi komið andmælum gegn markaðssetningu á framfæri við Þjóðskrá og eytt upplýsingum um viðkomandi áður en hann lét skrána af hendi.

Öll framangreind skilyrði þurfa að hafa verið uppfyllt. Óumdeilt er að Gagnaveita Reykjavíkur gætti ekki skilyrðis 2. tölul., um að gefa kvartanda færi á því, áður en skránni var miðlað til þriðju aðila í þágu markaðssetningar, að andmæla því fyrir sitt leyti að upplýsingar um sig birtust á hinni afhentu skrá. Þegar af þeirri ástæðu er ljóst að miðlunin samrýmdist ekki ákvæði 5. mgr. 28. gr. laganna. GR hefur ekki bent á að hún hafi haft nokkra aðra heimild til að miðla umræddum persónuupplýsingum til þriðja aðila.

Með vísun til framangreinds, og að því virtu að ætla verður að GR hafi brotið samning sinn við Þjóðskrá Íslands, er ljóst að miðlun hennar til þriðju aðila á umræddum persónuupplýsingum um kvartanda var ólögmat.

3.2.50. Miðlun upplýsinga um upphaf og lok afplánunar kynferðisafbrotamanna – mál nr. 2011/1337

Fangelsismálastofnun óskaði leiðsagnar Persónuverndar varðandi heimildir sínar til að miðla upplýsingum um upphaf og lok afplánunar fanga til barnaverndaryfirvalda. Persónuvernd veitti leiðsögn, sbr. 5. tölul. 3. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000.

Stofnunin vék fyrst að upplýsingum um *lok* afplánunar, sem eiga samkvæmt settum reglum að vera á sakaskrá og Barnaverndarstofa á að hafa aðgang að (225. gr. sakamálalaga nr. 88/2008, sbr. g-lið 5. gr. reglugerðar nr. 680/2009 um sakaskrá ríkisins).

Síðan fjallaði hún um upplýsingar um *upphaf* afplánunar. Í leiðsögn hennar segir m.a.: Hvað varðar upplýsingar um upphaf afplánunar er sambærilegum sérákvæðum ekki til að dreifa. Þegar svo er koma hin almennu ákvæði 1. mgr. 8. og 1. mgr. 9. gr laga nr. 77/2000 til skoðunar. Að mati Persónuverndar má telja að Barnaverndarstofu geti verið nauðsynlegt, til að geta rækt lögboðið hlutverk sitt, að fá upplýsingar um upphaf afplánunar þeirra sem gerst hafa brotlegir við XXII. kafla hegningarlaga. Má telja að slíkt geta verið í samræmi við 7. gr. laga nr. 77/2000 að upplýsingar skuli vera unnar í málefnalegum tilgangi.“

3.2.51. Öflun sakavottorðs starfsmanna barnaverndaryfirvalda, heimila og stofnana – mál nr. 2011/1174

Huggarður óskaði þess að Persónuvernd tjáði sig um lögmati þess að Barnaverndarstofa fengi upplýsingar úr sakaskrá um starfsmenn barnaverndaryfirvalda, heimila og stofnana. Persónuvernd fór annars vegar yfir reglur um öflun sakavottorða við ráðningu nýrra starfsmanna og hins vegar um þá sem þegar væru starfandi. Að því er hið fyrra varðaði benti hún á 36. gr. barnaverndarlaga um öflun sakavottorðs *við ráðningu* í störf hjá barnaverndaryfirvöldum, heimilum og stofnunum. Aðra heimild þyrfti fyrir öflun sakavottorða um hina.

3.2.52. Annmarkar á öryggi við innskráningu á heimasíðu – mál nr. 2011/969

Persónuvernd lagði fyrir Orlofssjóð Bandalags háskólamanna að gera breytingar á vefsíðu sinni og viðhafa tæknilegar öryggisráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar félagsmanna gegn óleyfilegum aðgangi.

Fyrirmæli Persónuverndar voru svohljóðandi:

1.

Persónuvernd bárust ábendingar um annmarka á vinnslu persónuupplýsinga á orlofsvef BHM.

Athugun Persónuverndar á orlofsvefnum leiddi í ljós að með því einu að vita kennitölu manns var unnt að komast að persónuupplýsingum um hann. Aðeins þurfti að slá inn kennitölu og eitthvert netfang. Gildir þá einu hvort um raunverulegt netfang sé að ræða eða ekki. Þannig mátti t.d. sjá upplýsingar um punktastöðu félagsmanns og um leigu hans á sumarhúsum.

Með bréfi, dags. 4. október 2011, óskaði Persónuvernd eftir því að Orlofssjóður Bandalags háskólamanna (hér eftir Orlofssjóður BHM) gæfi skýringar á þessu fyrirkomulagi. Í bréfi hennar var annars vegar vísað til 10. gr. og hins vegar 11.-13. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Með bréfi, dags. 30. nóvember 2011, óskaði Orlofssjóður BHM eftir upplýsingum um hvað væri að þessu fyrirkomulagi og hver væru lágmarksskilyrði til að Persónuvernd teldi aðgengi að heimasíðu orlofssjóðsins viðunandi.

2.

Samkvæmt lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga er það ábyrgðaraðili vinnslu persónuupplýsinga sem ákveður tilgang hennar, þann búnað sem notaður er, aðferð við vinnsluna og aðra ráðstöfun upplýsinganna. Í þessu tilviki er það Orlofssjóður BHM.

Það er því á ábyrgð sjóðsins sjálfs að finna, ákveða og gera nauðsynlegar öryggisráðstafanir til tryggja að vinnsla persónuupplýsinga fari fram með lögmeðum hætti. Bent er á að til þess þarf að uppfylla 10. gr. laga nr. 77/2000 um skilyrði fyrir notkun á kennitölum. Einnig þarf að uppfylla ákvæði 11. gr. laga nr. 77/2000, um ráðstafanir til að koma í veg fyrir óleyfilegan aðgang og að persónuupplýsingar berist ekki óviðkomandi. Til þess að tryggja öryggi eru margar leiðir færar. Til að mynda má hafa aðgang háðan því að notuð séu lykilorð, en þau má t.d. senda í heimabanka.

Nú er svo búið um hnútana á vefsvæði Orlofssjóðs BHM að óviðkomandi aðilar geta þar með einföldum hætti séð persónuupplýsingar um einstaka félagsmenn og stöðu þeirra hjá sjóðinum, þ.e. með því einu að slá inn kennitölu viðkomandi og eitthvert netfang. Það fyrirkomulag samræmist hvorki 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000 um vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga né 11. gr. laga nr. 77/2000 um upplýsingaöryggi. Er vinnslan því ólögmeð.

Með vísun til 1. tölul. 3. mgr. 37. gr. og 40. gr. laga nr. 77/2000 er hér með lagt fyrir Orlofssjóð BHM að gera breytingar á vefsíðu sinni og viðhafa tæknilegar öryggisráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar félagsmanna gegn óleyfilegum aðgangi. Skal það gert eigi síðar en 1. mars 2012. Senda skal Persónuvernd tilkynningu um úrbætur þegar er þær hafa verið gerðar

3.2.53. Opinber birting á fjárhagsupplýsingum – mál nr. 2011/1269

Persónuvernd svaraði fyrirspurn Íbúahreyfingarinnar í Mosfellsbæ um hvort birting á fjárhagsupplýsingum lögaðila falli undir gildissvið persónuverndarlaga. Í svari stofnunarinnar kemur m.a. fram að í ákveðnum tilvikum geti upplýsingar um lögaðila verið það nátengdar tilteknum einstaklingi að á þær skuli líta sem persónuupplýsingar.

Svarið er svohljóðandi:

1.

Þann 18. nóvember 2011 barst Persónuvernd fyrirspurn Íbúahreyfingarinnar í Mosfellsbæ í tengslum við opinbera birtingu upplýsinga um afskriftir Mosfellsbæjar á skuldum lögaðila. Mun hreyfingin hafa birt upplýsingarnar í dreifibréfi sínu til íbúa Mosfellsbæjar í september sl.

Íbúahreyfingin óskar álit Persónuverndar á gildissviði laga nr. 77/2000, með tilliti til upplýsinga um afskriftir á lögboðnum gjöldum lögaðila og hvort birting á slíkum upplýsingum falli undir þau lög. Í bréfi hreyfingarinnar segir m.a.:

„...Til að gera langa sögu stutta var meirihluti bæjarstjórnar ósáttur við birtingu upplýsinganna og pantaði lögfræðialit sem barst þann 18. október. Í beiðni bæjarstjórnar um álitid er m.a. beðið um álit með tilliti til „laga sem kveða á um vernd persónuupplýsinga“ þrátt fyrir að Íbúahreyfingin telji sig alls ekki hafa birt neinar persónuupplýsingar. [...] Í álitinu, sem fylgir í viðhengi, er komist svo að þeirri niðurstöðu m.a. að brotið hafi verið gegn persónuverndarlögum með birtingunni. [...] Höfundar álitsins telja sem sagt að Íbúahreyfingin hafi, í fyrsta lagi gerst brotleg við 3. mgr. 6. gr., 7. gr. og 2. gr. laganna með því að birta upplýsingarnar og einnig er bent á brot á eftirfarandi greinum persónuverndarlaga: [...]

Heimilt er þeim að kvarta til Persónuverndar sem telur að ekki hafi verið unnið með persónuupplýsingar hans í samræmi við pvl., sbr. 2. mgr. 37. gr. laganna.

Sveitarstjórn Mosfellsbæjar yrði ekki heimilt að kvarta til Persónuverndar í þessu máli, enda hefur hún ekki lögvarða hagsmuni af úrlausn málsins.

Ákveði einhver þeirra lögaðila sem birtar voru upplýsingar um að kvarta til Persónuverndar getur ábyrgðaraðili þurft að bæta þeim sem misgert var við það fjárhagslega tjón sem hann hefur orðið fyrir af þeim völdum, sbr. 43. gr. pvl. Umræddur ábyrgðaraðili gæti einnig þurft að lúta fésektum eða fangelsi allt að þremur árum, sbr. 1. mgr. 42. gr. laganna.

Við viljum því biðja um álit Persónuverndar á gildissviði laganna hvað varðar upplýsingar um afskriftir á lögboðnum gjöldum lögaðila til sveitarfélags og hvort að birting á slíkum upplýsingum falli undir persónuverndarlög.“

2.

Lög nr. 77/2000 gilda um meðferð persónuupplýsinga. Þau gilda óháð því hver er ábyrgðaraðili vinnslu og eiga jafnt við um vinnslu af hálfu einkaaðila og opinberra aðila. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 77/2000 gilda þau um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga og einnig um handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem er eða á að verða hluti af skrá.

Með hugtakinu persónuupplýsingar er átt við persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna. Þau taka að takmörkuðu leyti til upplýsinga um lögaðila. Þó nær 45. gr. til þeirra en þar segir að með reglugerð skuli mælt fyrir um heimild til söfnunar og skráningar upplýsinga sem varða fjárhagsmálefni og lánstraust fyrirtækja, svo og annarra lögaðila, í því skyni að miðla til annarra upplýsingum um það efni. Heimild til slíkrar starfsemi er bundin leyfi Persónuverndar. Slík reglugerð hefur verið sett og er hún nr. 246/2001.

Hugtakið persónuupplýsingar er túlkað með hliðsjón af a-lið 2. gr. tilskipunar 95/46/EB en þar er talað um „information relating to [...] a natural person“. Því hefur hugtakið persónuupplýsingar ekki verið skilið svo að það taki aðeins til upplýsinga sem beinlínis eru um tiltekinn mann heldur nægi að þær tengist honum. Í álit nr. 4/2007 um hugtakið persónuupplýsingar, frá ráðgjafarhópi um túlkun tilskipunarinnar, samkvæmt 29. gr. hennar, segir m.a.:

„Information about legal persons may also be considered as "relating to" natural persons on their own merits, in accordance with the criteria set out in this document. This may be the case where the name of the legal person derives from that of a natural person. Another case may be that of corporate e-mail, which is normally used by a certain employee, or that of information about a small business (legally speaking an "object" rather than a legal person), which may describe the behaviour of its owner. In all these cases, where the criteria of "content", "purpose" or "result" allow the information on the legal person or on the business to be considered as "relating" to a natural person, it should be considered as personal data, and the data protection rules should apply.“

Í ákveðnum tilvikum geta upplýsingar um lögaðila þannig verið það nátengdar tilteknum

einstaklingi að á þær skuli líta sem persónuupplýsingar. Það getur t.d. átt við þegar um ræðir lítið fyrirtæki og upplýsingar um það eru svo nátengdar eigandanum að í raun eru þær um hann. Af því leiðir að svara ber spurningu Íbúahreyfingarinnar svo að upplýsingar um afskriftir á lögboðnum gjöldum lögaðila - og birting á slíkum upplýsingum - getur fallið undir lög nr. 77/2000.

Með ósk Íbúahreyfingarinnar fylgdi listi yfir hlutaðeigandi lögaðila. Tekið er fram að Persónuvernd hefur ekki tekið efnislega afstöðu til þess hvort þar hafi í einhverju tilviki verið um persónuupplýsingar að ræða. Hún hefur aðeins veitt almennt svar samkvæmt 6. tölul. 3. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000 en ekki hefur verið tekin efnisleg ákvörðun eða úrlausn. Til þess gæti komið bærst Persónuvernd kvörtun frá „hinum skráða“ í skilningi 1. tölul. 2. gr. laganna.

3.2.54. Dagektir vegna kennitöluskráningar – mál nr. 2011/198

Persónuvernd lagði fyrir Arion banka að breyta verklagi sínu við skráningu kennitalna við gjaldeyrisviðskipti.

Fyrirmælin eru svohljóðandi:

1.

Hinn 22. júní 2011 kvað stjórn Persónuverndar upp úrskurð í máli nr. 2011/198. Í honum er, m.a. með vísun til laga nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, komist að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið heimild til að skrá kennitölu viðskiptavinar við sölu á 60 evrum. Var lagt fyrir bankann að stöðva slíka vinnslu. Í úrskurðinum segir m.a.:

„Í 40. gr. laga nr. 77/2000 kemur fram að Persónuvernd getur mælt fyrir um stöðvun vinnslu persónuupplýsinga, þar á meðal söfnunar, skráningar eða miðlunar, mælt fyrir um að persónuupplýsingar verði afmáðar eða skráð eytt, í heild eða að hluta, bannað frekari notkun upplýsinga eða lagt fyrir ábyrgðaraðila að viðhafa ráðstafanir sem tryggja lögmæti vinnslunnar. Þá segir í 1. mgr. 41. gr. að sé ekki farið að fyrirmælum Persónuverndar skv. 10., 25., 26. eða 40. gr. geti hún ákveðið að leggja dagektir á þann sem fyrirmælin beinast að þar til úr hefur verið bætt að hennar mati. Sektir geta numið allt að 100.000 kr. fyrir hvern dag sem líður eða byrjar að líða án þess að fyrirmælum Persónuverndar sé fylgt.

Í 42. gr. laganna kemur fram að brot á ákvæðum þeirra og reglugerða settra samkvæmt þeim varða fésektum eða fangelsi allt að þremur árum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum. Sama refsing liggur við ef ekki er farið að fyrirmælum Persónuverndar. Ef brot er framið í starfsemi lögaðila má gera lögaðilanum fésekt skv. II. kafla A almennra hegningarlaga.

Með vísun til framangreinds hefur Persónuvernd ákveðið að leggja fyrir Arion banka hf. að láta þegar af þeirri vinnslu með persónuupplýsingar sem að samkvæmt framangreindu fer í bága við lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Skal bankinn eigi síðar en 1. ágúst nk. hafa tilkynnt Persónuvernd um með hvaða hætti hann hyggst gera það.“

Arion banki hefur ekki farið að framangreindum úrskurði.

2.

Persónuvernd hefur nú mótttekið bréf Arion banka, dags. 2. nóvember 2011. Þar segir m.a.:

„[...]Arion andmælir ekki því mati Persónuverndar, að núverandi verklag bankans byggi á því að hinn skráði verði að andmæla vinnslu. Þá tekur Arion banki undir það mat Persónuverndar að ef ekki er fyrir hendi lagaheimild sem kveður á um vinnslu persónuupplýsinga, verði slík vinnsla að byggja á skýru og ótvíræðu samþykki hins skráða.

Arion banki getur þó ekki hjá því komist að lýsa yfir áhyggjum sínum á þeirri þróun mála sem er að eiga sér stað í eftirliti með peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, vegna úrskurða

Persónuverndar.

Það er enn sem fyrr mat bankans að bæði 3. og 5. tölul. 8. gr. persónuverndarlaga gildi um umrædda vinnslu, og að umrædd vinnsla þurfi því ekki að byggja á skýru og ótvíræðu samþykki hins skráða.

Tilgangur laga nr. 64/2006 er að standa vörð um brýna almannahagsmuni, þ.e. leitast við að koma í veg fyrir peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Ef ekki er unnt að rekja slóð fjármuna, torveldar það hugsanlegar rannsóknir yfirvalda og eykur hættuna á því að íslensk fjármálaráðgjafi verði misnotuð, með augljósi áhættu. Þetta hefur í för með sér að auðveldara er að koma undan illa fengnu fé (s.s. vegna fíkniefnaviðskipta eða skattsvika) og jafnvel að fjármagna hryðjuverkastarfsemi, með mögulega ógnvænlegum afleiðingum.

Með lögum er fjármálafyrirtækjum falið það hlutverk að framkvæma áreiðanleikakönnun í einstökum viðskiptum sem nema að jafnvirði EUR 1.000, ef um gjaldeyrisviðskipti er að ræða, en EUR 15.000 í öðrum viðskiptum. Athugið að áreiðanleikakönnun er meira en að óska eftir kennitölu. Í henni felst m.a. að fylla út ákveðinn spurningarlista, og framvísa skilríkjum sem síðan eru skönnuð til varðveislu.

Í lögnum er enn fremur lögð sú skylda á fjármálafyrirtæki að framkvæma slíka könnun, ef um er að ræða fleiri færslur sem virðast tengjast hver annarri og ná samtals fyrrnefndum fjárhæðarmörkum. Í framkvæmd hefur þetta ákvæði verið túlkað á þann hátt að nauðsynlegt er að geta rakið sérhver viðskipti, svo hægt sé að fylgjast með hvort um fleiri tengdar færslur sé að ræða, sem leiða til þess að bankanum er skylt að framkvæma áreiðanleikakönnun. Það er öðrum kosti illmögulegt að fylgjast með tengdum færslum, enda gæti viðskiptavinur hæglega átt viðskipti með kr. 2 milljónir í hverju útibúi af fætur öðru án þess að nokkrar viðvörðunarbjóllur færu af stað.

Í úrskurði Persónuverndar er að finna túlkun á lögum nr. 64/2006, þar sem Persónuvernd virðist líta svo á að „smávægileg“ viðskipti geti vart tengst slíkri starfsemi. Er Arion banka skipað að gæta „meðalhófs“ og leitast ekki við að tryggja rekjanleika í slíkum tilvikum. Á sama tíma gerir Persónuvernd þó ekki athugasemd við að fjármálastofnanir viðhafi nauðsynlegar ráðstafanir til að girða fyrir peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Rekjanleiki sérhverra viðskipta er að mati Arion banka nauðsynleg varúðarráðstöfun til að fyrirbyggja hættu á peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Í yfirgnæfandi meirihluta tilvika er í raun um ónauðsynlegt eftirlit að ræða, þar sem hverfandi líkur eru á að viðskiptin tengist slíkri starfsemi, en vinnsla persónuupplýsinga hjá heiðarlegum viðskiptavinum er þó sá fórnarkostnaður sem fylgir slíku eftirliti. Vinnsla þessara upplýsinga snýst eingöngu um að greina grunsamlegar fjármagnshreyfingar, og eru ekki notaðar í nokkrum öðrum tilgangi.

Arion banki furðar sig á þeim úrskurði Persónuverndar, að þeir eftirlitshagsmunir sem um ræðir vegi ekki þyngra en persónulegir hagsmunir hins skráða. Ríkir almannahagsmunir réttlæta slíkan fórnarkostnað. Úrskurður Persónuverndar, er til þess fallinn að verja aðila frá því að bankanum sé unnt að viðhafa öflugt eftirlit, á kostnað þessara almannahagsmuna. Sá eini hópur sem í raun nýtur góðs af slíkri vörn, er einmitt sá hópur sem ráðstöfunum er beint gegn.

Sú réttaróvissa sem hefur skapast af úrskurði Persónuverndar, setur fjármálafyrirtæki á milli steins og sleggju. Valið stendur á milli þess að draga úr mikilvægu eftirliti skv. lögum nr. 64/2006, eða brjóta gegn úrskurði Persónuverndar. Arion banki hefur með breyttu verklagi reynt að fara bil beggja, en afraksturinn er sennilega sá að bankinn uppfyllir í raun hvorugt.

Arion banki vill vitaskuld hlíta lögum, sem og úrskurðum Persónuverndar. Bankinn óskar því eftir álit Persónuverndar á því hvort það myndi uppfylla kröfur stofnunarinnar ef hætt væri með öllu að óska eftir kennitölu í viðskiptum undir kr. 100.000 (sem þýðir jafnframt að ekki er

mögulegt að leiðrétta hugsanleg mistök í slíkum viðskiptum), en krefjast kennitölu í öllum öðrum viðskiptum.

Ef slíkt fyrirkomulag er ekki fullnægjandi að mati Persónuverndar, fer bankinn fram á leiðbeiningar frá Persónuvernd, um hvernig bankinn geti gætt meðalhófs, en þó tryggt að unnt sé að tengja saman fleiri færslur til að uppfylla lagaskyldu bankans um framkvæmd áreiðanleikakannana. “

Af tilefni framangreinds vill Persónuvernd minna á að fyrir liggur skýr afstaða löggjafans til þess hvenær heimilt er að framkvæma áreiðanleikakönnun á viðskiptamönnum, m.a. vegna gjaldeyriskaupa. Engin réttaróvissa er í þeim efnunum. Einungis löggjafinn sjálfur getur breytt lögum og er það hvorki á valdi Arion banka né einstakra stjórnvalda að breyta þeim. Sú leið sem Arion banki leggur til í bréfi sínu, dags. 2. nóvember 2011, er ekki í samræmi við ákvæði 4. gr. laga nr. 64/2006, um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Þegar af þeirri ástæðu getur stofnunin ekki fallist á þá framkvæmd sem þar er lýst. Telji Arion banki að ekki hafi verið farin skynsamleg leið við umrædda lagasetningu eða gerð alþjóðlegra regna, sem nái ekki tilgangi sínum, eins og þær hafa verið innleiddar með framangreindum lögum nr. 64/2006, leiðbeinir Persónuvernd bankanum um að fara sömu leið og almennt er viðhöfð í þeim efnunum. Meðan löggin gilda ber hins vegar að virða þau.

3.

Þar sem ekki hefur verið farið að úrskurði Persónuverndar, dags. 22. júní 2011, í máli nr. 2011/198, er til skoðunar að beita því þvingunarúrræði sem hún hefur samkvæmt 41. gr. laga nr. 77/2000. Þar segir:

Ef ekki er farið að fyrirmælum Persónuverndar skv. 10., 25., 26. eða 40. gr. getur hún ákveðið að leggja dagsektir á þann sem fyrirmælin beinast að þar til úr hefur verið bætt að mati Persónuverndar. Sektir geta numið allt að 100.000 kr. fyrir hvern dag sem líður eða byrjar að líða án þess að fyrirmælum Persónuverndar sé fylgt.

Ef ákvörðun Persónuverndar um dagsektir er skotið til dómstóla byrja dagsektir ekki að falla á fyrir en dómur er endanlegur. Dagsektir renna í ríkissjóð og má án undangengins dóms gera aðför til fullnustu þeirra.

Persónuvernd ítrekar hér með fyrri sjónarmið sín er fram koma í úrskurði stofnunarinnar frá 22. júní 2011. Ítrekar stofnunin jafnframt að Arion banki breyti því verklagi sem bankinn viðhefur, að því er varðar skráningu kennitölu við gjaldeyrisviðskipti, ef fjárhæð þeirra er undir 1000 evrum, á þann hátt að það samrýmist gildandi lögum og úrskurði Persónuverndar frá 22. júní 2011. Er Arion banka á ný veittur frestur til að gera úrbætur. Er sá frestur veittur til 10. febrúar 2012. Hafi Arion banki ekki upplýst stofnunina um breytt verklag fyrir þann tíma mun þvingunarúrræði samkvæmt 41. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, koma til framkvæmda.

3.2.55. Synjað ósk um samkeyrslu við lyfjagagnagrunn – mál nr. 2011/895

Persónuvernd synjaði umsókn um leyfi til að samkeyra persónuupplýsingar, sem til urðu við gerð rannsókna, við lyfjagagnagrunn landlæknis. Ekki lá fyrir að heimilt hafi verið að varðveita upplýsingarnar og því var ekki talið unnt að heimila slíka notkun þeirra.

Í niðurstöðum ákvörðunarinnar segir m.a.:

Mál þetta varðar samkeyrslu tveggja skráa sem hafa að geyma viðkvæmar persónuupplýsingar.

Annars vegar er um að ræða lyfjagagnagrunn landlæknis, en hann hefur að geyma miðlægar skrár í skilningi 4. gr. regna nr. 712/2008. Þar segir að samkeyrsla skráar sem hefur að geyma viðkvæmar persónuupplýsingar við aðra skrá, hvort sem sú hefur að geyma almennar eða

viðkvæmar persónuupplýsingar, sé háð leyfi Persónuverndar. Hún er það þó ekki ef skrá er einvörðungu samkeyrð við upplýsingar úr þjóðskrá um nafn, kennitölu, fyrirtækjanúmer, heimilisfang, aðsetur og póstnúmer, eða ef samkeyrðar eru skrár sama ábyrgðaraðila, þó að undanskildum miðlægum skráum sem innihalda viðkvæmar persónuupplýsingar. Af þessu leiðir að hyggist landlæknir samkeyra lyfjagagnagrunn við aðrar skrár þarf hann að fá til þess leyfi Persónuverndar.

Hins vegar er um að ræða persónuupplýsingar sem til urðu við gerð rannsóknar á mataræði barnshafandi kvenna á Íslandi og útkomu meðgöngu. Vinnsla persónuupplýsinga vegna þeirrar rannsóknar var heimiluð með leyfi Tölvunefndar hinn 4. nóvember 1998. Það leyfi var veitt á grundvelli umsóknar sem sagði að upplýsingum yrði eytt sex mánuðum eftir fæðingu barns. Óumdeilt er að það var ekki gert. Liggur því ekki fyrir að heimild hafi staðið til að varðveita upplýsingarnar.

Af þeirri ástæðu hefur Landlæknisembættið, með bréfi dags. 22. september 2011, gert Persónuvernd grein fyrir því að það telji sér, sem ábyrgðaraðila lyfjagagnagrunns og framkvæmdaraðila samkeyrslunnar, ekki fært að fallast á að gera hana. Þegar af þeirri ástæðu eru ekki forsendur til að gefa út leyfi til slíkrar vinnslu.

3.2.56. Rafræn vöktun hjá Tollstjóra – mál nr. 2011/1033

Persónuvernd veitti umsögn um uppsetningu öryggismyndavéla utan á húsnæði Tollstjóra í Tryggvagötu. Var Tollstjóra leiðbeint um helstu reglur sem nauðsynlegt er að virða þegar notast er við eftirlitsmyndavélar á almannafæri. Var einkum hugað að vélum við innganga í svonefnt Kolaport.

Í svarinu segir m.a.:

Hvergi er í lögum gert ráð fyrir því að Tollstjóri vakti með rafrænum hætti ferðir fólks sem fer um almannafæri. Á honum hvílir ekkert það lögboðið hlutverk er geri honum slíka vöktun heimila eða nauðsynlega. Hins vegar getur honum verið heimilt að hafa myndavélar utan á húsnæði embættis að því marki sem það samrýmist 7. tölulíð 1. mgr. 8. gr. og 1. tölul. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000. Sú vöktun þarf, eins og önnur, að samrýmast 7. gr. laganna.

Til þess þarf m.a. að takmarka sjónarhorn eftirlitsmyndavéla þannig að það beinist að húsinu sjálfu en ekki verði um að ræða vöktun fólks á almannafæri. Í þeim tilfellum þar sem ekki verður hjá því komist að svæði, sem liggja í almannafæri, komi í mynd, svo sem við innganginn að Kolaportinu, þarf að viðhafa sérstakar ráðstafanir til að tryggja sjónarmið um meðalhóf. Til að gæta þess hyggst Tollstjóri slökkva á eftirlitsmyndavélunum á þeim tíma sem Kolaportið er opið.

Virða skal ákvæði 2. og 3. tölul. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000. Þar segir m.a. að efni sem til verði við vöktun megi ekki afhenda öðrum eða vinna frekar nema með samþykki þess sem upptaka er af eða samkvæmt ákvörðun Persónuverndar. Heimilt er þó að afhenda lögreglu efni með upplýsingum um slys eða refsiverðan verknað en þá skal þess gætt að eyða öllum öðrum eintökum af efninu.

Því efni sem safnast við vöktun, sem fram fer með eftirlitsmyndavélum, skal eyða þegar ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita það, nema sérstök heimild Persónuverndar skv. 3. mgr. standi til frekari varðveislu. Varðandi varðveislutíma má hafa hliðsjón af leiðbeiningum sem Evrópski persónuverndarfulltrúinn (EDPS) hefur gefið út, en þær ná til stjórnsýslu og stofnana Evrópusambandsins. Leiðbeiningarnar eru frá 17. mars 2010 og eru á vefsíðu hans.

Loks er minnt á skyldu Tollstjóra samkvæmt 24. gr. laga nr. 77/2000 til að gera aðvart um eftirlitsmyndavélar. Samkvæmt henni skal, þegar rafræn vöktun fer fram á vinnustað eða á almannafæri, gera glögglega viðvart um vöktunina og hver sé ábyrgðaraðili. Það má gera með því að setja upp merki eða setja vel sýnileg skilti utan á hús embættisins.

3.2.57. Skoðun á tölvupósti fyrrverandi starfsmanna – mál nr. 2011/327

Persónuvernd úrskurðaði í máli einstaklings varðandi skoðun vinnuveitanda á tölvupósti fyrrverandi starfsmanns. Taldi Persónuvernd að vinnuveitandanum hefði verið heimilt að skoða tölvupóstinn í þeim tilgangi að kanna hvort ólögmatir viðskiptahættir hafi átt sér stað. Þá var lagt fyrir ábyrgðaraðila að setja sér starfsreglur um meðferð tölvupósts við starfslok eða veita starfsfólki með öðrum hætti fræðslu til samræmis við ákvæði reglna um rafræna vöktun.

Í niðurstöðum úrskurðarins segir m.a.:

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að hér hafi verið um að ræða tilviksbundna skoðun á tölvupósti sem fram hafi farið í skýrum og málefnalegum tilgangi, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 7. gr. Kvartanda var hins vegar ekki gefinn kostur á að vera viðstödd þegar tölvupósthólf hennar var opnað og tölvuskeyti til hennar skoðað. Kemur því til skoðunar hvort uppfyllt hafi verið skilyrði ákvæðisins um sanngirni.

Við mat á því þarf að líta til 9. gr. reglna nr. 837/2006, um rafræna vöktun og meðferð upplýsinga sem verða til við rafræna vöktun. Þar segir að tilvikabundin skoðun vinnuveitanda á tölvupósti starfsmanns sé heimil ef uppfyllt eru ákvæði 7., 8., og eftir atvikum, 9. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Í 3. mgr. 9. gr. sömu reglna segir þó að þegar tölvupósts- eða netnotkun sé skoðuð skuli þess gætt að gera starfsmanni fyrst grein fyrir því og veita honum færi á að vera viðstaddur slíka skoðun. Þetta eigi ekki við sé þess enginn kostur s.s. vegna alvarlegra veikinda starfsmanns. Geti starfsmaður ekki verið viðstaddur skoðunina sjálfur segir að vinnuveitandi skuli veita honum færi á að tilnefna annan mann í sinn stað. Þá segir í 4. mgr. 9. gr. sömu reglna að við starfslok skuli starfsmanni gefinn kostur á að eyða eða taka afrit af þeim tölvupósti sem ekki tengist starfsemi vinnuveitandans.

Í því tilviki sem hér er til skoðunar var kvartanda gert að skila tölvu, ásamt öllum tölvugögnum sem tengst hefðu starfi hennar fyrir D ehf., samkvæmt samkomulagi, dags. 7. júní 2010. Er það mat Persónuverndar að kvartandi hafi með því verið gefinn á kostur á að eyða einkapósti sínum þegar hún lauk störfum hjá fyrirtækinu. Því hafi D ehf. ekki verið nauðsynlegt að bjóða henni að vera viðstödd þegar tölvupóstur hennar var skoðaður, enda hafi D ehf. mátt gera ráð fyrir að öllum einkapósti hefði þá verið eytt af hennar hálfu.

Er það mat Persónuverndar, að virtum öllum atvikum máls þessa, að ekki verði af þeirri ástæðu ályktað að um ósanngjarna vinnslu að ræða. Í ljósi alls sem að framan er rakið er það niðurstaða Persónuverndar, sbr. 2. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000, að umrædd skoðun á tölvupósti kvartanda hafi samrýmst 1. mgr. 7. gr. og 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000.

Á ábyrgðaraðila hvílir hins vegar sjálfstæð fræðsluskylda samkvæmt 20. og 21. gr. laganna. Af 10. gr. reglna nr. 837/2006 leiðir að fræðslu sem tengist skoðun tölvupósti má veita á formi reglna sem settar eru og kynntar á viðkomandi vinnustað. Fyrir liggur að ábyrgðaraðili, D ehf. hefur ekki sett slíkar reglur. Í samræmi við 1. tölul. 3. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000 leggur Persónuvernd fyrir hann að gera það eða veita með öðrum hætti fræðslu um meðferð tölvupósts til samræmis við 9. og 10. gr. reglna nr. 837/2006. Þá er, með vísun til 40. gr. laganna, lagt fyrir D ehf. að stöðva frekari skoðun á skeytum í pósthólfum starfsmanna, þar til það hefur verið gert.

3.2.58. Áframsending verkbeiðnar – mál nr. 2011/492

Persónuvernd úrskurðaði í máli einstaklings varðandi það að tölvupóstur sem honum var sendur í vinnunni hafi verið lesinn af samstarfsmönnum hans. Nánar tiltekið var um að ræða rafrænt senda verkbeiðni. Í vettvangsskoðun Persónuverndar kom ekkert fram sem benti til þess að umrædd verkbeiðni hefði misfarist vegna ákvarðana fyrirtækisins eða af ástæðum sem rekja mætti til mistaka hans eða vanrækslu. Þá taldi sérfróður tæknimaður stofnunarinnar að kerfisvilla væri líkleg skýring og fyrirtækinu yrði ekki kennt um hana. Var niðurstaða Persónuverndar sú að

umrætt fyrirtæki hefði ekki brotið gegn ákvæðum laga um persónuvernd með þeim afleiðingum að verkbeidnir misfórust í póstkerfi fyrirtækisins.

3.2.59. Birting úrskurðar síðanefndar – mál nr. 2011/1005

Persónuvernd úrskurðaði í máli manns, sem kvartaði yfir því að tiltekinn úrskurður var birtur í Læknablaðinu og á vefsíðu. Persónuvernd taldi að síðanefndinni hefði verið óheimilt að birta úrskurðinn með þeim hætti sem gert var.

Í niðurstöðum úrskurðarins og úrskurðarorði segir m.a.:

Nafn kvartanda var ekki birt í umræddum úrskurði, né heldur kennitala, heimilisfang eða önnur persónuauðkenni. Hins vegar kemur fram í úrskurðinum að [...]. Þegar allar þessar upplýsingar koma saman verður að ætla að margir, sem eitthvað þekkja til kvartanda, hafi getað getið sér til um hver hann væri. Af því leiðir jafnframt að þeir fengu vitneskju um ýmis atriði úr sjúkrasögu hans, [...]

Af öllu framangreindu leiðir að birting síðanefndar Læknafélags Íslands á umræddum úrskurði felur í sér birtingu persónugreinanlegra upplýsinga um kvartanda. Hér er því um að ræða vinnslu persónuupplýsinga sem fellur undir lög nr. 77/2000 og þar með valdsvið Persónuverndar.

2.

Lögmæti vinnslu

Upplýsingar um heilsuhagi eru viðkvæmar, sbr. c-lið 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Þá er sérstaklega tekið fram í 2. gr. laga nr. 55/2009 að sjúkraskrár hafa að geyma viðkvæmar persónuupplýsingar og að sjúkraskrár eru trúnaðarmál. Svo að vinna megi með viðkvæmar persónuupplýsingar þarf ávallt að vera fullnægt einhverju skilyrðanna í 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000.

Við mat á því hvort umrædd vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga um kvartanda, á vegum síðanefndar Læknafélags Íslands, hafi átt sér stoð í 1. mgr. 9. gr. er fyrst að líta til 5. tölulíðar um vinnslu sem er framkvæmd af samtökum sem hafa stéttarfélagleg markmið eða af öðrum samtökum sem ekki starfa í hagnaðarskyni, svo sem menningar-, líknar-, félagsmála- eða hugsjónasamtökum. Ákvæðið á hins vegar aðeins við um vinnslu sem tekur til félagsmanna þeirra eða einstaklinga sem samkvæmt markmiðum samtakanna eru, eða hafa verið, í reglubundnum tengslum við þau. Það á ekki við í þessu tilviki og verður vinnslan því ekki talin lögmæt með vísun í 5. tölul. 1. mgr. 9. gr.

Í öðru lagi er í 6. tölul. það ákvæði að heimil sé vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga hafi hinn skráði sjálfur gert þær opinberar. Síðanefnd Læknafélags Íslands segir að A hafi sjálfur kosið að stíga fram í fjölmiðlum strax eftir að umfjöllun um hann hófst, og hafi verið í viðtölum við fjölmiðla um þetta sama mál síðan. Af því tilefni er til þess að líta að heimildarákvæði 6. tölul. miðast við ákveðið tímamark, og gildir ekki nema upplýsingarnar hafi þegar verið gerðar opinberar af hinum skráða á þeim tíma þegar vinnsla samkvæmt ákvæðinu hefst, hér vinnsla síðanefndarinnar. Á ákvæði 6. tölul. þar af leiðandi ekki við.

Í þriðja lagi segir í 7. tölul. að heimil sé vinnsla sem sé nauðsynleg til að krafa verði afmörkuð, sett fram eða varin vegna dómsmáls eða annarra slíkra laganauðsynja. Þetta ákvæði hefur ekki verið skilið svo að það eigi aðeins við um mál sem rekin eru fyrir dómstólum, heldur getur það t.d. einnig átt við þegar mál eru til meðferðar fyrir stjórnvaldi, gerðardómi eða síðanefnd. Öll vinnsla þarf hins vegar að samrýmast meginreglum 7. gr., þ. á m. reglu 1. tölul. Haga þarf henni með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga. Í máli þessu liggur fyrir að kvartandi var ekki aðili að ágreiningsmáli um hvort Y læknir hefði viðhaft tiltekin ummæli um X. Hann hafði aðeins stöðu einhvers konar vitnis um atvik málsins. Verður ekki séð að nauðsynlegt hafi verið eða sanngjarnt að fjalla um hann í

úrskurðinum og birta um hann upplýsingar með þeim hætti sem gert var. Með vísun til framangreinds verður ekki litið svo á að vinnslan hafi verið heimil með vísun til 7. tölul. 1. mgr. 9. gr.

Úrskurðurinn birtist bæði í Læknablaðinu og á vef þess. Persónuvernd mælir ekki fyrir um eyðingu efnis í prentuðum, útgefnum tímaritum. Hvað varðar birtingu upplýsinga á vef Læknablaðsins, getur Persónuvernd hins vegar beitt ákvæði 1. mgr. 40. gr. laga nr. 77/2000. Nú liggur fyrir að úr umræddum úrskurði hefur þegar verið eytt upplýsingum um [...] kvartanda. Þar standa hins vegar áfram aðrar, persónugreinanlegar upplýsingar um sjúkrasögu hans og [...]. Hér með er lagt fyrir síðanefnd Læknafélags Íslands að eyða þessum upplýsingum úr vefútgáfu úrskurðarins á heimasíðu Læknablaðsins. Eigi síðar en hinn 27. janúar nk. skal Persónuvernd hafa borist bréfleg staðfesting síðanefndar á því að upplýsingunum hafi verið eytt.

Úrskurðarorð:

Síðanefnd Læknafélags Íslands var óheimilt að birta persónugreinanlegar upplýsingar úr sjúkraskrá A, auk fullyrðingar um [...], í Læknablaðinu, sem og á heimasíðu þess. Nefndin skal eyða persónugreinanlegum upplýsingum um sjúkrasögu kvartanda úr vefútgáfu úrskurðarins og skal staðfesting um að það hafi verið gert berast Persónuvernd eigi síðan en hinn 27. janúar nk.

3.2.60. Eyðing upplýsinga úr Eurodac-gagnagrunni – mál nr. 2011/1346

Persónuvernd lagði fyrir ríkislögreglustjóra og Útlendingastofnun að móta verklag sem tryggir að fari verði að fyrirmælum reglugerðar um eyðingu upplýsinga sem færðar eru í s.k. Eurodac-gagnagrunn. Upplýsingum í grunninum, sem varðveittar eru án heimildar, skal eytt. Um er að ræða fingraför hælisleitenda, ólöglegra innflytjenda og þeirra sem handteknir eru í tengslum við ólöglega för yfir ytri landamæri Schengen en hafa fengið dvalarleyfi eða ríkisborgararétt.

Fyrirmælin eru svohljóðandi:

1.

Persónuvernd vísar til fyrri samskipta við ríkislögreglustjóra og Útlendingastofnun varðandi eyðingu upplýsinga úr Eurodac-gagnagrunninum sem hefur að geyma upplýsingar um fingraför hælisleitenda, ólöglegra innflytjenda og þeirra sem handteknir eru í tengslum við ólöglega för yfir landamæri Schengen-svæðisins, þ.e. svonefnd ytri landamæri, og er ekki vísað frá. Nánar tiltekið lúta samskiptin að eyðingu upplýsinga þegar umsækjandi um hæli öðlast ríkisborgararétt í einhverju af þeim ríkjum sem aðgang hafa að Eurodac, sem og þegar sá sem handtekinn er í tengslum við ólögmeta för yfir ytri landamæri er farinn af yferráðasvæði umræddra ríkja eða hefur hlotið ríkisborgararétt í einhverju þeirra.

Umrædd samskipti áttu sér stað vegna könnunar sem lögð var fyrir af persónuverndaryfirvöldum í öllum þeim ríkjum sem notast við gagnagrunninn. Yfirumsjón með framkvæmd könnunarinnar var í höndum Evrópska persónuverndarfulltrúans (European Data Protection Supervisor (EDPS)). Upplýsinga var aflað hér á landi með símtölum við starfsmenn Ríkislögreglustjóra og Útlendingastofnunar hinn 30. nóvember 2011 sem sama dag fengu einnig sendan spurningalista með tölvubréfi. Aftur var haft samband símleíðis við framangreindar stofnanir hinn 6. desember s.á., auk þess sem þá var aflað upplýsinga um tiltekið atriði frá innanríkisráðuneytinu. Útlendingastofnun sendi auk þess skrifleg svör við spurningalistanum þennan dag. Persónuvernd sendi niðurstöður úr könnuninni til EDPS hinn 7. desember 2011.

Niðurstöður könnunarinnar hér á landi voru þær að upplýsingum hefði ekki verið eytt þrátt fyrir fyrirmæli þar að lútandi sem rakin eru í II. kafla hér á eftir. Eins og þar kemur fram er ástæða þess m.a. sú að skort hefur á miðlun upplýsinga frá Útlendingastofnun til Ríkislögreglustjóra um þau atvik sem leiða eiga til eyðingar.

Með bréfi til Útlendingastofnunar og Ríkislögreglustjóra, dags. 5. janúar 2011, vísaði

Persónuvernd til framangreindra niðurstaðna og veitti kost á athugasemdum fyrir 13. s.m. Svör hafa ekki borist.

2.

Vakin er athygli á því að eyðingu upplýsinga, sem skráðar eru í Eurodac-gagnagrunninn, hefur áður borið á góma, þ.e. vegna úttektar á tilteknum þáttum í vinnslu upplýsinga í gagnagrunninum sem fram fór árið 2007 (mál nr. 2007/140). Í 3. tölul. í niðurlagskafla í niðurstöðu úttektarinnar segir:

„Eskilegt er að ríkislögreglustjóraembættið og Útlendingastofnun komi sér upp skýru verklagi um samskipti sín á milli sem tryggja að þegar upplýsingar liggja fyrir um að hælisleitandi hafi hlotið ríkisborgararétt eða að útlendingur sem handtekinn hefur verið í tengslum við ólöglega för yfir ytri landamæri hafi fengið dvalarleyfi, farið af yfirráðasvæði aðildarríkjanna eða fengið ríkisborgararétt í einhverju aðildarríkjanna, verði óskað eftir eyðingu upplýsinga um þá úr Eurodac.“

Í kjölfar úttektarinnar kannaði Persónuvernd hvernig brugðist hefði verið við niðurstöðum hennar. Í tengslum við þá athugun (mál nr. 2007/848 og nr. 2008/466) barst Persónuvernd tölvubréf frá Ríkislögreglustjóra, þ.e. hinn 5. mars 2008, en þar segir m.a.:

„Eins og fram kemur í umsögn persónuverndar berast RLS ekki upplýsingar um hverjir fá ríkisborgararétt í aðildarlöndum Evrópusambandsins eða Noregi. Auðvelt ætti að vera að verða við tilmælunum varðandi þá sem fá ríkisborgararétt eða tilskilin leyfi hér á landi. Lagt er til að útlendingastofnun tilkynni alþjóðadeild RLS um slík leyfi og óski jafnframt eftir að gögnum um viðkomandi sé eytt úr Eurodac. Farið verður yfir þetta á mánaðarlegum samráðsfundum.“

Með bréfi, dags. 24. september 2008, greindi Persónuvernd frá því að með þessu verklagi yrði farið að tilmælum stofnunarinnar um að séð yrði til þess að upplýsingum yrði eytt úr Eurodac-gagnagrunninum í samræmi framangreind ákvæði reglugerðar nr. 53/2003.

II.

Niðurstaða

1.

Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkrar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu.

Reglugerð nr. 53/2003 um útlendinga, sem hefur að geyma ákvæði um eyðingu upplýsinga úr Eurodac-gagnagrunninum, er sett með stoð í lögum nr. 96/2002 um útlendinga. Í 55. gr. þeirra laga er að finna ákvæði um vinnslu persónuupplýsinga við framkvæmd laganna. Segir þar m.a. að um slíka vinnslu fari eftir lögum nr. 77/2000.

Af þessu öllu er ljóst að mál þetta lýtur að vinnslu persónuupplýsinga sem fellur undir valdsvið Persónuverndar.

2.

Um Eurodac-gagnagrunninn er fjallið í 68. gr. reglugerðar nr. 53/2003, sbr. 4. og 5. mgr. 29. gr. og 58. gr. laga nr. 96/2002. Ákvæði reglugerðarinnar um gagnagrunninn byggjast á reglugerð

Ráðs Evrópubandalagsins nr. 2000/2725/EB um stofnun Eurodac til að bera saman fingraför í því skyni að stuðla að skilvirkri beitingu Dyflinnarsamningsins frá 15. júní 1990, sbr. samning frá 19. janúar 2001 milli Evrópubandalagsins, Íslands og Noregs um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram í samningsríki.

Samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 2000/2725/EB skulu upplýsingar í Eurodac fingrafaragagnagrunninum eyðast út sjálfkrafa þegar tíu ár eru liðin frá töku fingrafara. Í ákveðnum tilvikum skal þó upplýsingum eytt fyrr, sbr. 7. og 10. gr. sbr. einnig 6.–8. mgr. 68. gr. reglugerðar nr. 53/2003, en þar segir:

„Ríkislögreglustjóra ber að senda miðeiningu Eurodac tilmæli um að læsa upplýsingum um umsækjanda um hæli sem hefur verið skráður samkvæmt upplýsingum frá ríkislögreglustjóra ef sá maður er viðurkenndur flóttamaður og hefur fengið að koma sem flóttamaður inn í aðildarríki. Ríkislögreglustjóra ber að senda Eurodac upplýsingar, sem honum kunna að berast áður en tíu ár eru liðin frá skráningu, um að hælisumsækjandi, sem skráður er samkvæmt upplýsingum frá Íslandi, hafi fengið ríkisborgararétt í einhverju aðildarríkjana.

Ríkislögreglustjóri skal, ef hann hefur sent Eurodac upplýsingar til skráningar um þann sem handtekinn hefur verið í tengslum við ólöglega för yfir ytri landamæri, tilkynna Eurodac ef hann verður þess var áður en tvö ár eru liðin frá skráningu að útlendingurinn:

- hefur fengið dvalarleyfi
- er farinn af yfirráðasvæði aðildarríkjana eða
- hefur fengið ríkisborgararétt í einhverju aðildarríkjana.

Ríkislögreglustjóri getur sett verklagsreglur um meðferð fingrafaraupplýsinga og samskipti lögreglu, Útlendingastofnunar og alþjóðaskrifstofu ríkislögreglustjóra vegna Eurodac-gagnagrunnsins.“

Eins og fyrr greinir leiddi umrædd könnun í ljós að ekki hefur verið farið að framangreindum fyrirmælum um eyðingu upplýsinga. Þá verður ráðið af svörum við könnuninni að Ríkislögreglustjóri hafi ekki nýtt sér framangreinda heimild til setningar verklagsreglna.

Samkvæmt 40. gr. laga nr. 77/2000 getur Persónuvernd m.a. mælt fyrir um að persónuupplýsingar skuli afmáðar og að gripið skuli til ráðstafana sem tryggja lögmæti vinnslu. Með vísan til þess og alls framangreinds hefur stofnunin ákveðið að leggja fyrir Ríkislögreglustjóra og Útlendingastofnun að koma á verklagi sem tryggir að farið sé að umræddum fyrirmælum, sem og að eyða upplýsingum í Eurodac-gagnagrunninum sem varðveittar eru án heimildar. Lýsingu á verklagi skal senda eigi síðar en 17. febrúar 2012. Fyrir sama tíma skal og gefa upp tímasetningu fyrir eyðingu upplýsinga þannig að Persónuvernd geti haft fulltrúa sinn viðstaddan.

Fyrirmæli:

Fyrir 17. febrúar 2012 skulu Ríkislögreglustjóri og Útlendingastofnun hafa mótað verklag sem tryggir að farið verði að fyrirmælum 6. og 7. mgr. 68. gr. reglugerðar nr. 53/2003 um eyðingu upplýsinga sem færðar eru í Eurodac. Upplýsingum, sem varðveittar eru án heimildar, skal eytt. Tímasetning eyðingar skal gefin upp fyrir framangreindan dag og Persónuvernd gert aðvart svo að hún geti sent fulltrúa sinn til að vera viðstaddur eyðinguna.

3.2.61. Miðlun vegna manntals – mál nr. 2011/1365

Persónuvernd veitti umsögn um heimild Fangelsismálastofnunar til að miðla upplýsingum um fangelsisvist einstaklinga vegna töku manntals hjá Hagstofu Íslands. Það var niðurstaða Persónuverndar að Hagstofa Íslands hefði lagaheimild til að krefja Fangelsismálastofnun um

persónuupplýsingar sem nauðsynlegar væru vegna manntals. Hins vegar hvíldi á báðum aðilum skylda til að tryggja öryggi upplýsinganna með fullnægjandi hætti.

Umsögnin er svohljóðandi:

1.

Persónuvernd vísar til bréfs Fangelsismálastofnunar ríkisins, dags. 14. desember 2011. Þar segir:

„Fangelsismálastofnun hefur borist bréf Hagstofu Íslands, dags. 5. desember 2011, þar sem óskað er upplýsinga um langtímadvöl einstaklinga á vegum Fangelsismálastofnunar vegna töku manntals í árslok 2012. Óskað er eftir upplýsingum um nafn, kennitölu og heimilisfang viðkomandi dvalarstaðar. Í bréfinu kemur m.a. fram að manntalið muni fylgja evrópskum reglum og að farið verði með allar upplýsingar sem Hagstofan fær sem trúnaðargögn og að engar persónugreinanlegar upplýsingar verði birtar, né upplýsingar sem hægt er að rekja til einstaklinga. Þá kemur fram að manntalsskrár verði varðveittar til frambúðar eins og venja er en verði ekki gerðar aðgengilegar fyrir almenning fyrir en 1. janúar 2092 að óbreyttum lögum.

Fangelsismálastofnun óskar eftir umsögn Persónuverndar vegna framkominnar beiðni Hagstofu Íslands.“

2.

Með bréfi Fangelsismálastofnunar til Persónuverndar fylgdi afrit af bréfi Hagstofu Íslands til Fangelsismálastofnunar, dags. 5. desember 2011. Þar segir:

„Hagstofan undirbýr nú töku manntals í árslok 2011. Manntalið mun fylgja evrópskum reglum, sbr. Reglugerð (EB) Evrópuþingsins og ráðsins nr. 763/2008, sem hefur verið tekin upp í EES samninginn með samþykkt Sameiginlegu EES nefndarinnar nr. 54/2009 frá 24. apríl 2009. Manntalið verður að langmestu leyti unnið upp úr skrám á vegum stjórnvalda.

Til þess að tölur um búsetu á Íslandi verði sem sambærilegastar erlendum tölum mun Hagstofan telja fólk til heimilis þar sem það býr að staðaldri, fremur en þar sem það er skráð til lögheimilis. „Að staðaldri“ þýðir m.a. búseta þar sem viðkomandi hefur búið í a.m.k. 12 mánuði á manntalsdegi (31. desember 2011) eða gert er ráð fyrir að hann búi þar í a.m.k. 12 mánuði.

Ofangreind skilgreining á við um skjólstaðinga Fangelsismálastofnunar þann 31. desember 2011 sem setið hafa í fangelsi, í varðhaldi eða dvalist á öðrum stofnunum undir umsjón Fangelsismálastofnunar allt árið 2011 eða lengur, eða gert er ráð fyrir að muni dveljast þar í a.m.k. 12 mánuði frá upphafi vistunar. Ef vistun fer fram á fleiri en einum stað, t.d. á fangelsi og á áfangaheimili, skal telja samanlagðan tíma. Dvöl á sjúkrahúsi í 12 mánuði eða lengur telst ekki með.

Hagstofan óskar einungis eftir upplýsingum um heimilisfang viðkomandi dvalarstaðar, kennitölu og nafn skjólstaðings sem dvalartímaskilyrði eiga við um.

Farið verður með allar upplýsingar sem Hagstofan fær sem trúnaðargögn. Engar persónugreinanlegar upplýsingar verða birtar, né upplýsingar sem hægt er að rekja til einstaklinga. Gert er ráð fyrir að manntalsskrár verði varðveittar til frambúðar eins og venja er, en verði ekki gerðar aðgengilegar fyrir almenning fyrir en 1. janúar 2092 að óbreyttum lögum.

Í samræmi við lög nr. 163/2007, sbr. greinar nr. 5 og 6, óskar Hagstofan hér með eftir ofangreindum upplýsingum frá Fangelsismálastofnun. Hagstofan fer vinsamlegast fram á það að þessi gögn séu afhent eigi síðar en 20. janúar 2012.“

II.

Forsendur og niðurstaða

1.

Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkrar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu. Af þessu öllu er ljóst að mál þetta lýtur að vinnslu persónuupplýsinga sem fellur undir lögin og verkefnasvið Persónuverndar.

2.

Svo að heimilt sé að vinna með persónuupplýsingar þarf ávallt að vera fullnægt einhverju skilyrðanna í 8. gr. laga nr. 77/2000. Við mat á því hvort svo sé ber að líta til 5. gr. laga nr. 163/2007 um Hagstofu Íslands. Þar segir:

„Hagstofunni er heimilt að krefja stjórnvöld, stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga í atvinnurekstri um gögn og upplýsingar sem hún þarfnast til hagskýrslugerðar sinnar samkvæmt lögum þessum og er þeim skylt að veita henni upplýsingarnar á því formi sem hún óskar eftir eða um semst og innan þeirra tímamarka sem hún ákveður. Hagstofan skal jafnan upplýsa í hvaða tilgangi gagna er aflað, hvernig úrvinnslu verði háttað, gögn varðveitt og niðurstöður birtar.“

Þegar skylt er að afhenda Hagstofunni gögn samkvæmt framangreindu ákvæði verður að líta til 2. og 5. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000. Það eru ákvæði um vinnslu samkvæmt lagaskyldu og vinnslu sem nauðsynleg er vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna.

Hér er um viðkvæmar persónuupplýsingar að ræða, sbr. b-lið 8. tölul. 2. gr. laganna, en þegar svo er þarf að auki að vera fullnægt einhverju skilyrðanna í 9. gr. sömu laga. Í fyrsta lagi ber að líta til 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000 og 5. gr. laga nr. 163/2007. Í öðru lagi er í 9. tölul. 1. mgr. 9. gr. ákvæði um vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga sem er heimil sé hún nauðsynleg vegna tölfræði- eða vísindarannsóknna, enda sé persónuvernd tryggð með tilteknum ráðstöfunum eftir því sem við á. Þetta ákvæði hefur m.a. verið talið ná til vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga í þágu tölfræðilegra útdráttu vegna opinberra hagskýrslna – en gæta þarf þess þá að viðhafa viðeigandi öryggisráðstafanir.

Í ljósi framangreinds telur Persónuvernd Hagstofuna hafa heimild til að krefja Fangelsismálastofnun um upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna umrædds manntals. Í því felst jafnframt að ekki eru, eins og á stendur, gerðar athugasemdir við að Fangelsismálastofnun afhendi, á grundvelli sömu ákvæða, Hagstofu umræddar upplýsingar, þ.e. um nafn, kennitölu og heimilisfang þeirra sem hinn 31. desember 2011 höfðu dvalið samfleytt 12 mánuði í fangelsum eða á öðrum stofnunum undir umsjón Fangelsismálastofnunar. Á báðum aðilum, Hagstofu og Fangelsismálastofnun, hvílir skylda til að tryggja öryggi upplýsinganna með fullnægjandi hætti.

3.2.62. Undirritun á kvittun við gjaldeyriskaup – mál nr. 2011/846

Persónuvernd úrskurðaði í máli manns varðandi heimild fjármálafyrirtækis til að krefjast undirskriftar á kvittun við gjaldeyriskaup. Af hálfu fyrirtækisins kom fram að ekki væri hægt að leita í kvittunum eftir nafni eða kennitölu. Persónuvernd taldi að fjármálafyrirtækið hefði af því lögmæta hagsmuni að gera kröfu um undirritun á kvittun við gjaldeyriskaup og því væri hún heimil, að teknu tilliti til þeirrar aðferðar sem viðhöfð var.

Í niðurstöðum úrskurðarins segir m.a.:

Ábyrgðaraðili hefur vísað til þess að ekki sé um vinnslu persónuupplýsinga að ræða en að mati

kvartanda er undirskrift persónugreinanleg. Af því tilefni þarf í fyrsta lagi að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða persónuupplýsingar í skilningi laga nr. 77/2000. Hugtakið persónuupplýsingar er skilgreint í 1. tölul. 2. gr. laganna sem sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi. Orðið sérhverjar vísar til þess að hugtakið eigi að skýrast rúmt. Með hliðsjón af 26. lið formálsorða tilskipunar 95/46/EB verður þó aðeins tekið mið af þeim aðferðum sem eðlilegt er að hugsa sér að ábyrgðaraðili, eða annar aðili, beiti til að rekja upplýsingar til hins skráða og má ekki vera mjög ósennilegt eða langsótt að til þess geti komið. Af bréfi Arion banka má ráða að upplýsingar á kvittunum kunni að verða tengdar við hinn skráða rísi ágreiningur um umrædd viðskipti. Er því er ekki ósennilegt að slíkar upplýsingar verði raktar til tiltekinna einstaklinga og teljast þær því til persónuupplýsinga sem falla undir gildissvið laga nr. 77/2000.

Í öðru lagi þarf að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða vinnslu sem falli undir gildissvið laga nr. 77/2000. Hugtakið „vinnsla“ er í lögnum skilgreint svo: „Sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn“, sbr. 2. tölul. 1. gr. laganna. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laganna gilda þau um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga. Til að vinnsla teljist rafræn er nóg að einhver þáttur hennar sé rafræn. Í máli þessu er óumdeilt að umræddar kvittanir eru prentaðar út úr rafrænu afgreiðslukerfi bankans þótt viðskiptavinir skrifi á þær eigin hendi. Samkvæmt því er gerð þeirra að hluta til rafræn og fellur vinnslan því undir lög nr. 77/2000.

Af framangreindu er ljóst að um er að ræða vinnslu persónuupplýsinga sem fellur undir gildissvið laga nr. 77/2000 og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 37. gr. laganna.

2.

Svo að vinna megi með persónuupplýsingar þarf ávallt að vera fullnægt einhverju af skilyrðum 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Í 7. tölul. þeirrar greinar er ákvæði um vinnslu sem er nauðsynleg til að ábyrgðaraðili, eða þriðji maður, eða aðili sem upplýsingum er miðlað til, geti gætt lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða, sem vernda ber lögum samkvæmt, vegi þyngra.

Af hálfu bankans hefur verið bent á að kvittanir séu nauðsynlegar til leysa úr ágreiningsmálum um tiltekin viðskipti og að án slíkra kvittana sé ómögulegt að sýna fram á að viðskipti hafi átt sér stað yfir höfuð. Auk þess geti bankinn þurft að skoða kvittanir komi upp skekkja í sjóðum bankans, til þess að rekja orsök skekkjunnar. Að mati Persónuverndar telst hér vera um að ræða lögmæta hagsmuni í skilningi ákvæðis 7. töluliðar. Hins vegar er það skilyrði að grundvallarréttindi og frelsi hins skráða vegi ekki þyngra en þessir hagsmunir. Við mat á því hvort svo sé þarf að líta til þess með hvaða aðferð vinnsla persónuupplýsinganna fer fram hjá ábyrgðaraðila, Arion banka. Hann hefur lýst því svo að hann varðveiti allar kvittanir en flokki þær ekki eftir persónuauðkennum sem vísi til hinna skráðu - heldur aðeins eftir tímasetningum og útibúum. Því sé t.d. ekki hægt að finna tilteknar kvittanir með því að leita eftir nafni eða kennitölu.

Með allt framangreint í huga er það mat Persónuverndar að umrædd vinnsla geti grundvallast á 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000. Þá telst tilgangur vinnslunnar vera málefnalegur og að öðru leyti í samræmi við 1. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000. Verður því ekki á það fallist að vinnslan fari í bága við ákvæði laga nr. 77/2000.

4. Erlent samstarf

4.1. Samstarf norræna persónuverndarstofnana

Vinnustofur norræns vinnuhóps um tölvuský, á vegum norrænu ráðherranefndarinnar, voru haldnar í Kaupmannahöfn, Danmörku, dagana 20.-21. ágúst 2012, og Stokkhólmi, Svíþjóð, þann 3. desember 2012. Fundina sótti f.h. Persónuverndar Helga Grethe Kjartansdóttir, lögfræðingur. Tílefni þeirra var norræn skýrsla um tölvuský í opinberum rekstri sem unnin var fyrir Norrænu ráðherranefndina og gefin var út í janúar 2012. Skýrslan gerði ráð fyrir að fulltrúar Norðurlandanna kæmu saman til þess að fara yfir gildandi reglur um notkun tölvuskýja í opinberum rekstri og mörkuðu sér sameiginlega stefnu í þessum málum, en verklok voru áætluð í maí 2013.

Umræðu- og samráðsfundur um nýja reglugerð var haldinn í Stokkhólmi, Svíþjóð, dagana 15.-16. nóvember 2012. Fundinn sótti forstjóri.

Sameiginlegur norrænn fundur lögfræðinga, tæknisérfræðinga og forstjóra Persónuverndarstofnanna, var haldinn í Osló 21. og 22. maí. Fundinn sótti forstjóri ásamt Helgu Grethe Kjartansdóttur og Vigdísi Evu Líndal.

Umræðu- og samráðsfundur um nýja reglugerð var haldinn í Stokkhólmi, Svíþjóð, dagana 15. og 16. nóvember 2012. Fundinn sótti forstjóri.

Persónuverndarráðstefna var haldin á Persónuverndardeginum þann 27. janúar í Kaupmannahöfn, Danmörku. Fundinn sótti forstjóri.

4.2. Samstarf evrópskra persónuverndarstofnana

24. fundur starfsmanna evrópskra persónuverndarstofnana var haldinn í Búdapest 3.–4. september 2012. Hann var ekki sóttur.

Vorfundur forstjóra evrópskra persónuverndarstofnana var haldinn í Lúxemborg 2.–4. maí 2012. Hann var ekki sóttur.

Haldnir voru tveir fundir í Brussel, þ.e. 24. maí og 21. nóvember 2012, á vegum Evrópska persónuverndarfulltrúans (EDPS) um Eurodac-fingrafaragagnagrunninn, en hann hefur að geyma fingraför tiltekinna útlendinga, þ. á m. hælisleitenda, og er notaður við landamæraeftirlit í Evrópuríkjum. Þórður Sveinsson sótti fundina.

Sameiginlega Schengen-eftirlitsstofnunin (JSA), sem hefur eftirlit með meðferð persónuupplýsinga í Schengen-upplýsingakerfinu, hélt fjóra fundi í Brussel á árinu, þ.e. 15. mars, 14. júní, 4. október og 11. desember 2012. Fundirnir voru ekki sóttir.

Vinnuhópur um lögreglumál (WPPJ), sem komið var á fót á vöráðstefnu forstjóra evrópskra persónuverndarstofnana á Kýpur 10.–11. maí 2007, hafði það hlutverk að fjalla um meðferð persónuupplýsinga í samvinnu í dóms- og löggæslumálum. Nánar tiltekið átti hann að fjalla um þau mál sem féllu utan þeirra eftirlitsstofnana sem þegar voru til staðar, s.s. EDPS varðandi Eurodac-fingrafaragagnagrunninn og JSA. Hann hélt einn fundi í Brussel á árinu, þ.e. 16. mars, en var lagður niður á framangreindum vörfundum forstjóra evrópskra persónuverndarstofnana í Lúxemborg 2.–4. maí. Jafnframt var ákveðið að hlutverki hans yrði sinnt á vettvangi vinnuhóps samkvæmt 29. gr. tilskipunar 95/46/EB.

4.3. Alþjóðlegt samstarf

34. alþjóðaráðstefna forstjóra persónuverndarstofnana var haldin 25. og 26. nóvember 2012 í

Úrúgvæ. Ráðstefnan var ekki sótt.

4.4. Samstarf á vettvangi Evrópuráðsins

Ráðgefandi nefnd Evrópuráðsins um gagnavernd (T-PD) hélt sinn 29. fund í Strassborg 27.-30. nóvember. Fundinn sótti f.h. Persónuverndar Teitur Skúlason. Meðal annars var rætt um skilgreininguna á viðkvæmum persónuupplýsingum og hvort mat á því hvaða upplýsingar séu viðkvæmar geti verið mismunandi milli einstakra þjóða. Þá var rætt um Internet 2.0 þar sem meiri áhersla muni verða lögð á efni sem notendur skapa efni sitt sjálfir og hvaða áhrif slík þróun muni hafa á vinnslu persónuupplýsinga á netinu.

4.5. Starf vinnuhóps samkvæmt 29. gr. tilskipunar 95/46/EB

Hér er um að ræða ráðgefandi vinnuhóp sem starfar samkvæmt 29. gr. tilskipunar 95/46/EB um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálst flæði slíkra upplýsinga, en íslensk löggjöf verður að samrýmast þessari tilskipun.

Vinnuhópurinn, sem heldur fundi sína í Brussel, er skipaður fulltrúum eftirlitsyfirvalda í aðildarríkjum ESB, sem og áheyrnarfulltrúum frá öðrum þeim löndum sem fara að reglum tilskipunarinnar, þ. á m. Íslandi.

Á árinu 2012 voru haldnir 5 fundir: 84. fundur var haldinn 1. og 2. febrúar, 85. fundur var haldinn 22. og 23. mars, 86. fundur var haldinn 6. og 7. júní, 87. fundur var haldinn 25. og 26. september og 88. fundur var haldinn 5. og 6. desember. Forstjóri mætti á 86., 87. og 88. fund. Aðrir voru ekki sóttir.

Vinnuhópurinn tekur mál upp að frumkvæði formanns, eftirlitsyfirvalda í aðildarríkjum Evrópusambandsins eða framkvæmdastjórnar þess. Á fundunum eru samþykkt, með einföldum meirihluta atkvæða, álit og tilmæli um þau efni sem þar eru rædd. Þau eru send framkvæmdastjórninni, sem tekur síðan bindandi ákvarðanir, m.a. um til hvaða landa utan EES-svæðisins senda megi persónuupplýsingar, og ráðgjafarnefnd hennar um málefni tengd vinnslu persónuupplýsinga. Ákvæði um þá nefnd eru í 31. gr. tilskipunar 95/46/EB. Hún er skipuð fulltrúum aðildarríkja ESB.

Helstu skjöl, sem vinnuhópurinn samþykkti á árinu 2012, eru eftirtalin:

- Álit nr. 08/2012 sem gefur frekari upplýsingar um endurbótaumræður um persónuvernd, skjal WP 199. „Opinion 08/2012 providing further input on the data protection reform discussions.“
- Álit nr. 07/2012 um öryggi persónuverndar í Furstadæminu Mónakó., skjal nr. WP 198. „Opinion 07/2012 on the level of protection of personal data in the Principality of Monaco.“
- Álit nr. 05/2012 um tölvuský, skjal nr. WP 196. „Opinion 05/2012 on Cloud Computing.“
- Vinnuskjal 02/2012 með töflu varðandi bindandi fyrirtækjareglur fyrir gagnavinnsluáðila, skjal nr. WP 195. „Working Document 02/2012 setting up a table with the elements and principles to be found in Processor Binding Corporate Rules.“
- Tilmæli 1/2012 um staðlað umsóknareyðublað fyrir viðurkenningu samkvæmt bindandi fyrirtækjareglum fyrir flutning á persónuupplýsingum fyrir gagnavinnslu, skjal nr. WP 195a. „Recommendation 1/2012 on the Standard Application form for Approval of Binding Corporate Rules for the Transfer of Personal Data for Processing Activities.“
- Álit nr. 04/2012 um samþykkt fyrir undanþágur tengdar vefkökum.

- Álit nr. 03/2012 um þróun í lífkennatækni, skjal nr. WP 193. „Opinion 03/2012 on developments in biometric technologies.“
- Álit nr. 02/2012 um andlitsgreiningu á vef- og farsímakerfum, skjal nr. WP 191. „Opinion 02/2012 on facial recognition in online and mobile services.“
- Álit nr. 01/2012 um tillögur um umbótaáætlun varðandi gagnavernd, skjal nr. WP 191. „Opinion 02/2012 on the data protection reform proposals.“

Vinnuskjal 01/2012 um epSOS (European Person Smart Open Services), skjal nr. WP189.

5. Ýmislegt fréttæmt af erlendum vettvangi

5.1. Evrópski persónuverndardagurinn 2012

Haldið var upp á Persónuverndardaginn í sjötta sinn þann 28. janúar 2012. Dagurinn er haldinn hátíðlegur þar sem Evrópuráðssamningur um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga var gerður þennan dag árið 1981. Markmiðið með Persónuverndardeginum er að vekja athygli almennings á réttinum til persónuverndar og friðhelgi einkalífs.

Í tilefni dagsins sótti forstjóri Persónuverndar ráðstefnu hjá dönsku persónuverndarstofnuninni. Nánar er fjallað um ráðstefnuna á vefslóðinni <http://databeskyttelsesdagen.dk/>.

Þá gaf Persónuvernd einnig út leiðbeiningar um hvernig stjórna skuli friðhelgisstillingum á samfélagsvefsíðunni Facebook. Leiðbeiningarnar er að finna á vefslóðinni <http://www.personuvernd.is/efst-a-baugi/ymislegt-frettnaemt/2012/nr/1404>.

Enn fremur kom framkvæmdastjórn ESB á fót nýrri heimasíðu; <http://ec.europa.eu/justice/data-protection/minisite/>, í tilefni af því að gerð voru opinber drög að nýrri persónuverndartilskipun og -reglugerð. Á síðunni er að finna ýmsan fróðleik um drögin ásamt almennum fróðleik um persónuvernd.

Einnig liggja fyrir niðurstöður evrópskrar könnunar um viðhorf fólk til persónuverndar og skyldra málefna. Þar kemur m.a. fram að einungis 20% telja sig hafa stjórn á upplýsingum um sig á samskiptavefsíðum og um 30% telja sig hafa stjórn á persónuupplýsingum sem tengjast viðskiptum á netinu. Niðurstöðurnar er að finna á heimasíðu framkvæmdastjórnar ESB.

Meðal þess sem gert hefur verið af tilefni þessa dags var hádegisverðarfundur Deloitte á Íslandi um gagnaöryggi. Á fundinum voru tvö erindi varðandi hvernig einstaklingar geti tryggt eigið öryggi á netinu. Þar þar hæst notkun flókinna lykilorða og um leið forðast að nota sama lykilorð fyrir mismunandi síður. Þá kom fram að mikilvægt væri að skipta reglulega um lykilorð. Með notkun slíkra lykilorða megi verulega minnka hættuna á að misfarið verði með þínar upplýsingar.

Þá kom fram að brýnt væri að einstaklingar væru gagnrýnir í hugsun þegar kæmi að því að ýta á tengla, myndbönd, forritum frá þriðja aðila o.fl., sem viðkomandi þekkir ekki. Meginhugsunin væri í rauninni sú að ekki eigi að ýta á tengla sem að virðast vafasamir eða lofa vinningum og slíku. Með því að beita gagnrýnni hugsun væri oftast komist hjá því að tölvuóværu (e. malware) komist í tölvu.

5.2. Persónuvernd í Noregi sektar Háskólann í Bergen

Norska persónuverndarstofnunin (Datatilsynet) sektaði Háskólann í Bergen um 250.000 norskar krónur vegna óheimillar vinnslu með viðkvæmar persónuupplýsingar um þrettán þúsund einstaklinga. Háskólinn notaðist við upplýsingar um einstaklingana í rannsókn án þeirra samþykkis og án þess að sækja um tilskilin leyfi til stofnunarinnar.

Ákvörðun Datatilsynet um Háskólann í Bergen er að finna á þessari vefslóð:

<https://www.datatilsynet.no/Nyheter/2012/Universitetet-i-Bergen-ilagt-overtredelsesgebyr-pa-250-000-/>

5.3. Norræn mál um notkun Microsoft Office 365 og Google Apps

Á árinu tóku persónuverndarstofnanir í Danmörku og Noregi (Datatilsynet) m.a. til meðferðar nokkur mál um notkun tölvuskýjaþjónustu hjá hinu opinbera. Í málunum er rík áhersla lögð á gerð vinnslusamninga við tölvuskýjaveitendur sem uppfylli skilyrði laga um persónuvernd og

meðferð persónuupplýsinga, þar á meðal um gerð áhættumats.

5.3.1. Notkun IT-háskóla Kaupmannahafnar á Microsoft Office 365

Datatilsynet í Danmörku gaf út álit um notkun IT-háskólans í Kaupmannahöfn á tölvuskýjaþjónustu Microsoft, þ.e. Office 365. Í málinu hafði Datatilsynet m.a. óskað svara frá Microsoft við ítarlegum spurningum um vinnslu og meðhöndlun persónuupplýsinga í Microsoft Office 365, og gefið til kynna þær kröfur sem ábyrgðaraðili vinnslu verður að uppfylla þegar nota skal tölvuskýjaþjónustu á borð við Office 365.

Datatilsynet taldi að það væri á ábyrgð háskólans að sjá til þess að notkunin væri í samræmi við dönsk lög, m.a. með því að gera fullnægjandi vinnslusamning við Microsoft, í samræmi við ákvæði persónuverndarlaga, og reglna um öryggi persónuupplýsinga hjá hinu opinbera, sem og að framkvæma áhættumat. Þá var sérstök áhersla lögð á það að það félli í hlut háskólans, sem ábyrgðaraðila gagnanna, að tryggja að óviðkomandi þriðji aðili fengi ekki aðgang að þeim.

Niðurstaða málsins var sú að Datatilsynet gerði ekki athugasemdir við notkun háskólans á Office 365, að því gefnu að meðferð háskólans á persónuupplýsingum, við notkun á Office 365, væri í samræmi við samninginn.

5.3.2. Notkun tveggja sveitarfélaga í Noregi á Google Apps og Microsoft Office 365

Datatilsynet í Noregi birti niðurstöður sínar í tveimur stefnumarkandi málum varðandi notkun tveggja sveitarfélaga á tölvuskýjaþjónustu, n.t.t. Google Apps og Microsoft Office 365. Niðurstaða stofnunarinnar var sú að sveitarfélagi væri heimilt að nota Google Apps, en öðru sveitarfélagi voru veittar leiðbeiningar varðandi notkun þess á Microsoft Office 365.

Hin norska Datatilsynet gerði í hvorugu málinu athugasemdir við notkun sveitarfélaganna á tölvuskýjaþjónustu, en í báðum málunum lá fyrir áhættumat og vinnslusamningur við veitendur tölvuskýjaþjónustunnar, í samræmi við norsk lög.

5.4. Markverður dómur hjá Evrópudómstólum um netsíur

Evrópudómstóllinn komst þann 16. febrúar 2012 að þeirri niðurstöðu, í máli belgísku höfundarréttarsamtakanna (SABAM) gegn belgíska samskiptavefnum Netlog (mál C-260/10), að uppsetning á vefsíu gangi gegn ákvæðum Evrópusambandsins. Belgísku höfundarréttarsamtökin gerðu þá kröfu að samskiptavefurinn setti upp síu (e. *filter*) sem kæmi í veg fyrir að notendur samskiptavefsins skiptust á efni sem hugsanlega bryti gegn höfundarrétti rétthafa. Evrópudómstóllinn taldi að hér væri ekki gætt meðalhófs þar sem að uppsetning slíkrar síu væri of víðtæk þar sem hún tæki til alls efnis notenda samskiptavefsins. Ef engin afmörkun ætti sér stað fæli slík sía í sér umtalsverða vinnslu persónuupplýsinga, þar sem skima þyrfti öll persónusnið (e. *user profiles*) til að athuga hvort efni þeirra bryti gegn höfundarrétti. Evrópudómstóllinn taldi að finna þyrfti aðra vægari og betri afmarkaða lausn sem stuðli að jafnvægi á milli höfundarréttar rétthafa og friðhelgi einkalífs notenda samskiptavefsins.

5.5. Norska persónuverndarstofnunin sektar Google

Norska persónuverndarstofnunin sektaði Google um 250.000 NOK vegna brots á persónuverndarlögum. Þá var lagt fyrir fyrirtækið að eyða persónuupplýsingum og tæknilegum upplýsingum sem safnað var án vitundar hinna skráðu í gegnum WiFi-kerfi notenda. Aflaði Google upplýsinganna með s.k. Google-bílum en þeir hafa það hlutverk að mynda umhverfi sitt og þannig búa til t.d. Google Street View.

Í fréttatilkynningu frá norsku persónuverndarstofnuninni, Datatilsynet, kom fram að stofnunin telji þetta vera alvarlegt brot á þarlendum persónuverndarlögum. Upphaf málsins má rekja til þess að árið 2010 var Datatilsynet upplýst um að bílar Google hefðu safnað umræddum upplýsingum í tengslum við gerð Google Street View í Noregi. Upplýsingarnar sem um ræðir geta m.a.

innihaldið nöfn, lykilorð og brot úr tölvupóstum.

Datatilsynet krafðist þess þá að umræddum upplýsingum yrði eytt af hálfu Google og fékk staðfestingu frá fyrirtækinu þess efnis. Í júlí sl. komst stofnunin hins vegar að því að gögnunum hefði ekki verið eytt. Í niðurstöðu Datatilsynet kemur fram að Google skorti lagalegan grundvöll fyrir því að hafa þessar upplýsingar undir höndum, enda sé ekki aflað samþykkis frá einstaklingum, upplýsingarnar eru geymdar lengur en nauðsynlegt er og þeim var ekki eytt eins og Datatilsynet hafði kveðið á um.

5.6 Nýjar reglur um persónuvernd í burðarliðnum

Framkvæmdastjórn ESB lagði fram drög að nýjum reglum um persónuvernd í þeim tilgangi að mæta aukinni internetvæðingu í heiminum. Íslensk lög um meðferð persónuupplýsinga byggja á tilskipun 95/46/EB en sú tilskipun komin nokkuð til ára sinna. Fyrirliggjandi tillögum framkvæmdastjórnarinnar er m.a. ætlað að efla sjálfsákvörðunarrétt hins skráða um hvaða persónuupplýsingar um hann er unnið með og lækka kostnað fyrirtækja í tengslum við meðferð persónuupplýsinga með því að einfalda regluverkið. Tillögurnar gera annars vegar ráð fyrir að sett verði reglugerð um meðferð persónuupplýsinga, í þeim tilgangi að samræma reglur allra aðildarríkja innan EES og draga úr misræmi í framkvæmd. Hins vegar er gert ráð fyrir að sett verði tilskipun um meðferð persónuupplýsinga í lögreglumálum og við framkvæmd viðurlaga.

Fréttasíða framkvæmdastjórnarinnar um fyrirhugaðar breytingar er á vefslóðinni: http://ec.europa.eu/justice/newsroom/data-protection/news/120125_en.htm.

5.7 Alþjóðlegi netöryggisdagurinn 2012

Alþjóðlegi netöryggisdagurinn var haldinn hátíðlegur í níunda sinn 7. febrúar 2012. Þemað þetta árið var „Tengjum kynslóðir“ og munu yfir 60 þjóðir hafa staðið fyrir skipulagðri dagskrá þennan dag þar sem til umfjöllunar voru ýmis verkefni þar sem tæknin tengir kynslóðir saman. Nánari upplýsingar um netöryggisdaginn er að finna á heimasíðu SAFTI, saft.is og saferinternetday.org.

5.8. Úttekt hjá Facebook

Írsku persónuverndarstofnunin gerði úttekt á meðferð persónuupplýsinga hjá samfélagsmiðlinum Facebook. Tilfnið var m.a. umfjöllun Alríkisráðs viðskiptamála í Bandaríkjunum (e. Federal Trade Commission). Þar kom fram að Facebook hefði brotið á persónuvernd notenda.

Í kjölfar írsku úttektarinnar var Facebook gert að bæta fræðslu til notenda sinna og gera vissar breytingar hjá sér. Þær eru m.a. að:

- Hafa betri stjórn á hvaða persónuupplýsingum er miðlað til þriðju aðila.
- Veita notendum betri fræðslu um hvaða vitneskju Facebook hefur í raun og veru um þá.
- Leggja meiri áherslu á eyðingu upplýsinga – án ónauðsynlegra tafa.
- Veita notendum betri fræðslu um notkun persónuupplýsinga í markaðssetningartilgangi.

Gefa notendum meiri möguleika á að stjórna merkingum á myndum og andlitsgreiningu (e. tagging).

6. Lög og reglur

6.1. Lög nr. 77/2000

Hér að neðan eru lög nr. 77/2000 birt eins og þau voru í árslok 2012:

I. kafli.

Markmið, skilgreiningar og gildissvið.

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs og að tryggja áreiðanleika og gæði slíkra upplýsinga og frjálst flæði þeirra á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins.

Sérstök stofnun, Persónuvernd, annast eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglna sem settar verða samkvæmt þeim, sbr. nánar ákvæði 36. gr.

2. gr.

Skilgreiningar.

Merking orða og hugtaka í lögum þessum er sem hér segir:

1. *Persónuupplýsingar*: Sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi.
2. *Vinnsla*: Sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn.
3. *Skerá*: Sérhvert skipulagsbundið safn persónuupplýsinga þar sem finna má upplýsingar um einstaka menn.
4. *Ábyrgðaraðili*: Sá aðili sem ákveður tilgang vinnslu persónuupplýsinga, þann búnað sem notaður er, aðferð við vinnsluna og aðra ráðstöfun upplýsinganna.
5. *Vinnsluaðili*: Sá sem vinnur persónuupplýsingar á vegum ábyrgðaraðila.
6. *Rafræn vöktun*: Vöktun sem er viðvarandi eða endurtekin reglulega og felur í sér eftirlit með einstaklingum með fjarstýrðum eða sjálfvirkum búnaði, og fer fram á almannafæri eða á svæði sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði. Hugtakið tekur til:
 - a. vöktunar sem leiðir, á að leiða eða getur leitt til vinnslu persónuupplýsinga, og
 - b. sjónvarpsvöktunar sem fer fram með notkun sjónvarpsmyndavéla, vefmyndavéla eða annars samsvarandi búnaðar, án þess að fram fari söfnun myndefnis eða aðrar aðgerðir sem jafngilda vinnslu persónuupplýsinga.]¹⁾
7. *Samþykki*: Sérstök, ótvíræð yfirlýsing sem einstaklingur gefur af fúsum og frjálsum vilja um að hann sé samþykkur vinnslu tiltekinna upplýsinga um sig og að honum sé kunnugt um tilgang hennar, hvernig hún fari fram, hvernig persónuvernd verði tryggð, um að honum sé heimilt að afturkalla samþykki sitt o.s.frv.
8. *Viðkvæmar persónuupplýsingar*:
 - a. Upplýsingar um uppruna, litarhátt, kynþátt, stjórnmalaskoðanir, svo og trúar- eða aðrar lífsskoðanir.
 - b. Upplýsingar um hvort maður hafi verið grunaður, kærður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknad.
 - c. Upplýsingar um heilsuhagi, þar á meðal um erfðaeiginleika, lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun.
 - d. Upplýsingar um kynlíf manna og kynhegðan.

- e. Upplýsingar um stéttarfélagsaðild.
9. *Sértæk ákvörðun:* Ákvörðun sem afmarkar rétt og/eða skyldur eins eða fleiri tilgreindra einstaklinga.

¹⁾ Lög 46/2003, 1. gr.

3. gr.

Efnislegt gildissvið.

Lögin gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga. Lögin gilda einnig um handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá.

Ákvæði 16., 18.–21., 24., 26., 31. og 32. gr. laganna gilda ekki um vinnslu persónuupplýsinga sem varða almannaoöryggi, landvarnir, öryggi ríkisins og starfsemi ríkisins á sviði refsivörslu. Lögin gilda ekki um meðferð einstaklings á persónuupplýsingum sem eingöngu varða einkahagi hans eða eru einvörðungu ætlaðar til persónulegra nota.

4. gr.

[Rafræn vöktun.

Rafræn vöktun er ávallt háð því skilyrði að hún fari fram í málefnalegum tilgangi. Rafræn vöktun svæðis þar sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði er jafnframt háð því skilyrði að hennar sé sérstök þörf vegna eðlis þeirrar starfsemi sem þar fer fram.

Vinnsla persónuupplýsinga sem á sér stað í tengslum við rafræna vöktun skal uppfylla ákvæði laga þessara.

Um sjónvarpsvöktun fer, auk ákvæðis 1. mgr., samkvæmt ákvæðum 7., 24., 40. og 41. gr. laganna, svo og eftir því sem við á ákvæðum 31., 32. og 38. gr. laganna.]¹⁾

¹⁾ L. 46/2003, 2. gr.

5. gr.

Tengsl við tjáningarfrelsi.

Að því marki sem það er nauðsynlegt til að samræma sjónarmið um rétt til einkalífs annars vegar og tjáningarfrelsis hins vegar má víkja frá ákvæðum laganna í þágu fjölmiðlunar, lista eða bókmennta.

Þegar persónuupplýsingar eru einvörðungu unnar í þágu fréttamennsku eða bókmenntalegrar eða listrænnar starfsemi gilda aðeins ákvæði 4. gr., 1. og 4. tölul. 7. gr., 11.–13. gr. og 24., 28., 42. og 43. gr. laganna.

6. gr.

Landfræðilegt gildissvið.

[Lögin gilda um vinnslu persónuupplýsinga á vegum ábyrgðaraðila sem hefur staðfestu hér á landi, enda fari vinnsla persónuupplýsinganna fram á Evrópska efnahagssvæðinu, [í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu]¹⁾ eða í landi eða á stöðum sem Persónuvernd auglýsir í Stjórnartíðindum.²⁾

Lögin gilda einnig um vinnslu persónuupplýsinga þótt ábyrgðaraðili hafi hvorki staðfestu í ríki á Evrópska efnahagssvæðinu né í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu ef hann notar tæki og búnað sem er hér á landi.¹⁾

Lögin gilda einnig um vinnslu upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust lögaðila, sbr. 45. gr. laganna, enda þótt ábyrgðaraðili hafi ekki staðfestu hér á landi, ef hann notar tæki og búnað sem er hér á landi.

Ákvæði 2. og 3. mgr. gilda ekki ef umræddur tækjabúnaður er einungis notaður til að flytja persónuupplýsingar um Ísland.

Þegar svo hagar til sem greinir í 2. og 3. mgr. skal ábyrgðaraðili tilnefna fulltrúa sinn sem hefur staðfestu hér á landi og gilda þá ákvæði laganna varðandi ábyrgðaraðila um þann fulltrúa eftir því sem við á.³⁾

¹⁾ L. 72/2003, 5. gr. ²⁾ Augl. 228/2010. ³⁾ L. 90/2001, 1. gr.

II. kafli.

Almennar reglur um vinnslu persónuupplýsinga.

7. gr.

[Meginreglur um gæði gagna og vinnslu.]¹⁾

Við meðferð persónuupplýsinga skal allra eftirfarandi þátta gætt:

1. að þær séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga;
2. að þær séu fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi, en frekari vinnsla í sagnfræðilegum, tölfræðilegum eða vísindalegum tilgangi telst ekki ósamrýmanleg að því tilskildu að viðeigandi öryggis sé gætt;
3. að þær séu nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar;
4. að þær séu áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum, persónuupplýsingar sem eru óáreiðanlegar eða ófullkomnar, miðað við tilgang vinnslu þeirra, skal afmá eða leiðrétta;
5. að þær séu varðveittar í því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á skráða aðila lengur en þörf krefur miðað við tilgang vinnslu.

Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á því að vinnsla persónuupplýsinga uppfylli ávallt ákvæði 1. mgr.¹⁾

²⁾ L. 90/2001, 2. gr.

8. gr.

[Almennar reglur um heimildir fyrir vinnslu persónuupplýsinga.]

Vinnsla persónuupplýsinga er því aðeins heimil að einhverjir eftirfarandi þátta séu fyrir hendi:

1. hinn skráði hafi ótvírætt samþykkt vinnsluna eða veitt samþykki skv. 7. tölul. 2. gr.¹⁾
2. vinnslan sé nauðsynleg til að efna samning sem hinn skráði er aðili að eða til að gera ráðstafanir að beiðni hins skráða áður en samningur er gerður;
3. vinnslan sé nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila;
4. vinnslan sé nauðsynleg til að vernda brýna hagsmuni hins skráða;
5. vinnslan sé nauðsynleg vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna;
6. vinnslan sé nauðsynleg við beitingu opinbers valds sem ábyrgðaraðili, eða þriðji maður sem upplýsingum er miðlað til, fer með;
7. vinnslan sé nauðsynleg til að ábyrgðaraðili, eða þriðji maður eða aðilar sem upplýsingum er miðlað til, geti gætt lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða sem vernda ber samkvæmt lögum vegi þyngra.

...²⁾

Persónuvernd getur heimilað vinnslu persónuupplýsinga í öðrum tilvikum en greinir í 1. og 2. mgr. ef sýnt þykir að brýnir almannahagsmunir eða hagsmunir einstaklinga, þar með taldir hagsmunir hins skráða, krefjist þess. Skal þá ótvírætt að þörfin fyrir vinnsluna vegi þyngra en tillitið til þess að hún fari ekki fram. Getur Persónuvernd bundið slík leyfi þeim skilyrðum sem

hún metur nauðsynleg hverju sinni til að tryggja hagsmuni hins skráða.¹⁾

¹⁾ L. 90/2001, 3. gr. ²⁾ L. 46/2003, 3. gr.

9. gr.

[Sérstök skilyrði fyrir vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga.]¹⁾

[Vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga er óheimil nema uppfyllt sé eitthvert af skilyrðum 1. mgr. 8. gr. og enn fremur eitthvert af eftirfarandi skilyrðum:]¹⁾

1. hinn skráði samþykki vinnsluna;
2. sérstök heimild standi til vinnslunnar samkvæmt öðrum lögum;
3. ábyrgðaraðila beri skylda til vinnslunnar samkvæmt samningi aðila vinnumarkaðarins;
4. vinnslan sé nauðsynleg til að verja verulega hagsmuni hins skráða eða annars aðila sem ekki er sjálfur fær um að gefa samþykki sitt skv. 1. tölul.;
5. vinnslan sé framkvæmd af samtökum sem hafa stéttarfélagsleg markmið eða af öðrum samtökum sem ekki starfa í hagnaðarskyni, svo sem menningar-, líknar-, félagsmála- eða hugsjónasamtökum, enda sé vinnslan liður í lögmætri starfsemi samtakanna og taki aðeins til félagsmanna þeirra eða einstaklinga sem samkvæmt markmiðum samtakanna eru, eða hafa verið, í reglubundnum tengslum við þau; slíkum persónuupplýsingum má þó ekki miðla áfram án samþykkis hins skráða;
6. vinnslan taki einungis til upplýsinga sem hinn skráði hefur sjálfur gert opinberar;
7. vinnslan sé nauðsynleg til að krafa verði afmörkuð, sett fram eða varin vegna dómsmáls eða annarra slíkra laganauðsynja;
8. vinnslan sé nauðsynleg vegna læknismeðferðar eða vegna venjubundinnar stjórnýslu á sviði heilbrigðisþjónustu, enda sé hún framkvæmd af starfsmanni heilbrigðisþjónustunnar sem bundinn er þagnarskyldu;
9. vinnslan sé nauðsynleg vegna tölfræði- eða vísindarannsóknna, enda sé persónuvernd tryggð með tilteknum ráðstöfunum eftir því sem við á.

[Þrátt fyrir að skilyrði 1. mgr. séu ekki uppfyllt er heimilt, í tengslum við framkvæmd rafrænnar vöktunar, að safna efni sem verður til við vöktunina, svo sem hljóð- og myndefni, með viðkvæmum persónuupplýsingum ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

1. að vöktunin sé nauðsynleg og fari fram í öryggis- og eignavörsluskyni;
2. að það efni sem til verður við vöktunina verði ekki afhent öðrum eða unnið frekar nema með samþykki þess sem upptaka er af eða samkvæmt ákvörðun Persónuverndar; heimilt er þó að afhenda lögreglu efni með upplýsingum um slys eða refsiverðan verknað en þá skal þess gætt að eyða öllum öðrum eintökum af efninu;
3. að því efni sem safnast við vöktunina verði eytt þegar ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita það, nema sérstök heimild Persónuverndar skv. 3. mgr. standi til frekari varðveislu.²⁾

Persónuvernd getur heimilað vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga í öðrum tilvikum en greinir í [1. og 2. mgr.]²⁾ telji hún brýna almannahagsmuni mæla með því. Persónuvernd bindur slíka heimild þeim skilyrðum sem hún telur nauðsynleg hverju sinni til að tryggja hagsmuni hinna skráðu.

Persónuvernd setur, að fenginni umsögn vísindasiðanefndar, reglur³⁾ um hvernig velja má og nálgast fólk til þátttöku í vísindarannsóknnum og hvaða fræðslu skuli veita því áður en samþykki þess er óskað.

Persónuvernd leysir úr ágreiningi um hvort persónuupplýsingar skuli teljast viðkvæmar eða ekki.

¹⁾ L. 90/2001, 4. gr. ²⁾ L. 81/2002, 1. gr. ³⁾ Rgl. 170/2001, sbr. rgl. 853/2010.

10. gr.

Notkun kennitölu.

Notkun kennitölu er heimil eigi hún sér málefnalegan tilgang og sé nauðsynleg til að tryggja örugga persónugreiningu. Persónuvernd getur bannað eða fyrirskipað notkun kennitölu.

11. gr.

[Ábættumat, öryggi og gæði persónuupplýsinga.

Ábyrgðaraðili skal gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar gegn ólöglegri eyðileggingu, gegn því að þær glattist eða breytist fyrir slysi og gegn óleyfilegum aðgangi.

Beita skal ráðstöfunum sem tryggja nægilegt öryggi miðað við áhættu af vinnslunni og eðli þeirra gagna sem verja á, með hliðsjón af nýjustu tækni og kostnaði við framkvæmd þeirra.

Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á því að áhættumat og öryggisráðstafanir við vinnslu persónuupplýsinga séu í samræmi við lög, reglur¹⁾ og fyrirmæli Persónuverndar um hvernig tryggja skuli öryggi upplýsinga, þ.m.t. þá staðla sem hún ákveður að skuli fylgt.

Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á því að áhættumat sé endurskoðað reglulega og öryggisráðstafanir endurbættar að því marki sem þörf krefur til að uppfylla ákvæði þessarar greinar.

Ábyrgðaraðili skal skrá með hvaða hætti hann mótar öryggisstefnu, gerir áhættumat og ákveður öryggisráðstafanir. Skal Persónuvernd hafa aðgang að upplýsingum um framangreind atriði hvenær sem hún óskar.]²⁾

¹⁾ Rgl. 299/2001. ²⁾ L. 90/2001, 5. gr.

12. gr.

Innra eftirlit.

[Ábyrgðaraðili skal viðhafa innra eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga til að ganga úr skugga um að unnið sé í samræmi við gildandi lög og reglur og þær öryggisráðstafanir sem ákveðnar hafa verið.

Innra eftirlit skal viðhaft með reglubundnum hætti. Tíðni eftirlitsins og umfang þess skal ákveðið með hliðsjón af áhættunni sem er samfara vinnslunni, eðli þeirra gagna sem unnið er með, þeirri tækni sem notuð er til að tryggja öryggi upplýsinganna og kostnaði af framkvæmd eftirlitsins. Það skal þó eigi fara fram sjaldnar en árlega.

Ábyrgðaraðili skal sjá til þess að gerð sé skýrsla um hverja aðgerð sem er liður í innra eftirliti. Í slíkri skýrslu skal lýsa niðurstöðu hvers þáttar eftirlitsins. Skýrslur um innra eftirlit skal varðveita tryggilega. Persónuvernd hefur rétt til að aðgangs að þeim hvenær sem er.

Persónuvernd getur sett frekari fyrirmæli¹⁾ um framkvæmd innra eftirlits og veitt undanþágu frá því að slíkt innra eftirlit skuli viðhaft eða takmarkað til hvaða þátta í vinnslunni það skuli taka.]²⁾

¹⁾ Rgl. 299/2001. ²⁾ L. 90/2001, 6. gr.

13. gr.

[Trúnaðarskylda vinnsluaðila við meðferð persónuupplýsinga.

Ábyrgðaraðila er heimilt að semja við tiltekinn aðila um að annast, í heild eða að hluta, þá vinnslu persónuupplýsinga sem hann ber ábyrgð á samkvæmt ákvæðum laga þessara. Slíkt er þó háð því skilyrði að ábyrgðaraðili hafi áður sannreynt að umræddur vinnsluadili geti framkvæmt viðeigandi

öryggisráðstafanir og viðhaft innra eftirlit skv. 12. gr. laga þessara.

Samningur skv. 1. mgr. skal vera skriflegur og a.m.k. í tveimur eintökum. Þar skal m.a. koma fram að vinnsluaðila sé einungis heimilt að starfa í samræmi við fyrirmæli ábyrgðaraðila og að ákvæði laga þessara um skyldur ábyrgðaraðila gildi einnig um þá vinnslu sem vinnsluaðili annast. Ábyrgðaraðili og vinnsluaðili skulu hvor varðveita sitt eintak af samningnum.

Hverjum þeim er starfar í umboði ábyrgðaraðila eða vinnsluaðila, að vinnsluaðila sjálfum meðtöldum, og hefur aðgang að persónuupplýsingum, er aðeins heimilt að vinna með persónuupplýsingar í samræmi við fyrirmæli ábyrgðaraðila nema lög mæli fyrir á annan veg.

Hafi vinnsluaðili staðfestu í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu en ábyrgðaraðili, sbr. 1. mgr. 6. gr., skal jafnframt mælt svo fyrir í samningi að lög og reglur þess ríkis þar sem vinnsluaðili hefur staðfestu gildi um öryggisráðstafanir við vinnslu persónuupplýsinga. Getur Persónuvernd t.d. í auglýsingu¹⁾ í Stjórnartíðindum áskilið að slíkur samningur innihaldi stöðluð ákvæði sem séu í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins. Sama á við þegar ábyrgðaraðili hefur staðfestu í ríki á Evrópska efnahagssvæðinu en vinnsluaðili ekki fari vinnslan fram í landi eða á stöðum sem upp eru taldir í auglýsingu sem Persónuvernd gefur út.]²⁾

[Ákvæði 4. mgr. gilda einnig þegar vinnsluaðili á staðfestu í öðru aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu en ábyrgðaraðili, sbr. 1. mgr. 6. gr., og þegar ábyrgðaraðili hefur staðfestu í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu en vinnsluaðili ekki.]⁴⁾

¹⁾ Augl. 228/2010. ²⁾ L. 90/2001, 7. gr. ³⁾ L. 72/2003, 6. gr.

14. gr.

Frestur til að fullnægja skyldum.

Ábyrgðaraðili skal afgreiða erindi samkvæmt ákvæðum 16., 18., 22., 25., 26., 27. og 28. gr. svo fljótt sem verða má og eigi síðar en innan eins mánaðar frá móttöku þess.

Ef sérstakar ástæður valda því að ómögulegt er fyrir ábyrgðaraðila að afgreiða erindi innan eins mánaðar er honum heimilt að gera það síðar. Þegar svo hagar til skal ábyrgðaraðili innan mánaðarfrestsins gefa hlutaðeigandi skriflegar skýringar á ástæðum tafarinnar og hvenær svars sé að vænta.

15. gr.

Greiðsla kostnaðar.

Verða skal við erindi samkvæmt ákvæðum 16., 18., 22., 25., 26., 27. og 28. gr. án þess að taka fyrir það sérstakt gjald. Þó má, ef um er að ræða mikinn kostnað, svo sem vegna ljósritunar skjala, taka greiðslu fyrir samkvæmt gjaldskrá sem ákveðin er af [ráðherra]¹⁾ með reglugerð.

¹⁾ L. 162/2010, 164. gr.

III. kafli.

Upplýsingaréttur og upplýsingaskylda. Fræðslu- og viðvörðunarskylda. Réttur til rökstuðnings.

16. gr.

Réttur til almennrar vitneskju um vinnslu persónuupplýsinga.

Ábyrgðaraðila er skylt að veita hverjum sem þess óskar almenna vitneskju um þá vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer á hans vegum.

Þeim sem þess óskar skal enn fremur, að því er varðar tiltekna tegund vinnslu, veitt vitneskja um

eftirtalin atriði:

1. nafn og heimilisfang ábyrgðaraðila og eftir atvikum fulltrúa hans skv. 6. gr.;
2. hver ber daglega ábyrgð á því að fullnægt sé skyldum ábyrgðaraðila samkvæmt lögum þessum;
3. tilgang vinnslunnar;
4. skilgreiningu og aðra lýsingu á þeim tegundum persónuupplýsinga sem unnið er með;
5. hvaðan upplýsingar koma;
6. viðtakendur upplýsinga, þar á meðal um hvort ætlunin sé að flytja upplýsingar úr landi og þá til hverra.

Kröfu skv. 1. mgr. skal beint til ábyrgðaraðila, eða fulltrúa hans skv. 6. gr., og má krefjast skriflegrar greinargerðar um þau atriði sem óskað er vitneskju um.

17. gr.

Opinber skrá um veittar heimildir og móttæknar tilkynningar.

Persónuvernd skal halda skrá yfir alla vinnslu sem henni er tilkynnt um í samræmi við 31. gr. og þá vinnslu sem hún heimilar skv. 33. gr. Þar skulu að lágmarki koma fram þau atriði sem talin eru í 2. mgr. 16. gr.

Skráin skal vera aðgengileg almenningi með þeirri aðferð sem Persónuvernd ákveður.

18. gr.

Upplýsingaréttur hins skráða.

Hinn skráði á rétt á að fá frá ábyrgðaraðila vitneskju um:

1. hvaða upplýsingar um hann er eða hefur verið unnið með;
2. tilgang vinnslunnar;
3. hver fær, hefur fengið eða mun fá upplýsingar um hann;
4. hvaðan upplýsingarnar koma;
5. hvaða öryggisráðstafanir eru viðhafðar við vinnslu, enda skerði það ekki öryggi vinnslunnar.

Kröfu um vitneskju skv. 1. mgr. skal beina til ábyrgðaraðila eða fulltrúa hans skv. 6. gr. Veita skal vitneskju skriflega sé þess óskað.

19. gr.

Takmarkanir á upplýsingarétti hins skráða.

Réttur hins skráða til að fá vitneskju skv. 18. gr. nær ekki til upplýsinga sem einvörðungu eru notaðar til tölfræðivinnslu eða vísindarannsóknna, enda geti vinnsla þeirra ekki haft bein áhrif á hagsmuni hans.

Ákvæði 18. gr. eiga ekki við ef réttur hins skráða samkvæmt því ákvæði þykir eiga að víkja að nokkru eða öllu fyrir hagsmunum annarra eða hans eigin. Skal þá m.a. tekið tillit til heilsu hins skráða og hagsmuna venslamanna hans. Þó má samkvæmt beiðni veita umboðsmanni hins skráða vitneskjuna, enda mæli engar sérstakar ástæður gegn því.

Réttur hins skráða til að fá vitneskju samkvæmt ákvæðum 18. gr. nær ekki til upplýsinga sem eru undanþegnar aðgangi samkvæmt upplýsinga- eða stjórnsýslulögum. Þegar um er að ræða gögn í vörslu annarra ábyrgðaraðila en stjórnvalda ná ákvæði 18. gr. ekki til vitneskju um efni vinnuskjala eða annarra sambærilegra gagna sem unnin eru af ábyrgðaraðila sjálfum eða aðilum á hans vegum, t.d. sérstökum ráðgjöfum eða sérfræðingum.

Þótt gögn séu undanþegin upplýsingarétti hins skráða skv. 3. mgr. getur hann óskað greinargerðar

um efnislegt innihald þeirra, útdráttar eða annars konar samantektar nema hann geti kynnt sér staðreyndir málsins með öðrum hætti.

Dragi veiting vitneskju um tilteknar upplýsingar úr möguleikum á að leiða til lykta mál sem er til meðferðar má fresta veitingu upplýsinganna þar til lokið er undirbúningi málsmeðferðar.

Persónuvernd getur sett skilmála um beitingu upplýsingaréttar hins skráða í reglum sem ráðherra staðfestir.

20. gr.

Fræðsluskylda þegar persónuupplýsinga er aflað hjá hinum skráða.

Þegar ábyrgðaraðili aflar persónuupplýsinga hjá hinum skráða sjálfum skal hann upplýsa hinn skráða um eftirtalin atriði:

1. nafn og heimilisfang ábyrgðaraðila og eftir atvikum fulltrúa hans skv. 6. gr.,
2. tilgang vinnslunnar,
3. aðrar upplýsingar, að því marki sem þær eru nauðsynlegar, með hliðsjón af þeim sérstöku aðstæðum sem ríkja við vinnslu upplýsinganna, svo að hinn skráði geti gætt hagsmuna sinna, svo sem upplýsingar um:
 - a. viðtakendur eða flokka viðtakenda upplýsinganna,
 - b. hvort honum sé skylt eða valfrjálst að veita umbeðnar upplýsingar og hvaða afleiðingar það kunni að hafa veiti hann þær ekki,
 - c. ákvæði laganna um upplýsingarétt hins skráða, svo og rétt hins skráða til leiðréttingar og eyðingar rangra eða villandi persónuupplýsinga um hann.

Ákvæði 1. mgr. gilda ekki hafi hinn skráði þegar fengið vitneskju um þau atriði sem fram koma í 1.–3. tölul. 1. mgr.]¹⁾

¹⁾ L. 81/2002, 2. gr.

21. gr.

[Skylda til að láta hinn skráða vita um vinnslu persónuupplýsinga þegar þeirra er aflað hjá öðrum en honum sjálfum.

Þegar ábyrgðaraðili aflar persónuupplýsinga frá öðrum en hinum skráða skal hann samtímis láta hinn skráða vita af því og greina honum frá þeim atriðum sem talin eru í 3. mgr. Sé ætlun ábyrgðaraðila hins vegar að miðla upplýsingunum innan hæfilegra tímamarka frá öflun þeirra má hann þó fresta því þar til hann miðlar upplýsingunum í fyrsta sinn.

Þrátt fyrir 2. másl. 1. mgr. skal ábyrgðaraðili sem annast miðlun upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust láta hinn skráða vita 14 dögum áður en slíkum upplýsingum er miðlað í fyrsta sinn.

Í tilkynningu til hins skráða skal veita upplýsingar um:

1. nafn og heimilisfang ábyrgðaraðila og eftir atvikum fulltrúa hans skv. 6. gr.,
2. tilgang vinnslunnar,
3. aðrar upplýsingar, að því marki sem þær eru nauðsynlegar, með hliðsjón af þeim sérstöku aðstæðum sem ríkja við vinnslu upplýsinganna, svo að hinn skráði geti gætt hagsmuna sinna, svo sem upplýsingar um:
 - a. tegundir eða flokka þeirra upplýsinga sem unnið er með,
 - b. hvaðan upplýsingarnar koma,
 - c. viðtakendur eða flokka viðtakenda upplýsinganna,
 - d. ákvæði laganna um upplýsingarétt hins skráða, svo og rétt hins skráða til leiðréttingar og eyðingar rangra eða villandi persónuupplýsinga um hann.

Ákvæði 1. mgr. gilda ekki ef:

1. óframkvæmanlegt er að láta hinn skráða vita eða það leggur þyngri byrðar á ábyrgðaraðila en með sanngirni má krefjast,
2. ætla má að hinum skráða sé þegar kunnugt um vinnsluna,
3. lagaheimild stendur til skráningar eða miðlunar upplýsinganna eða
4. hagsmunir hins skráða af því að fá vitneskju um upplýsingarnar þykja eiga að víkja fyrir veigamiklum almannahagsmunum eða einkahagsmunum, þ.m.t. hagsmunum hans sjálfs.]¹⁾

¹⁾ L. 81/2002, 3. gr.

22. gr.

Rökstuðningur sértækra ákvarðana sem byggjast á sjálfvirkeri upplýsingavinnslu.

Ef fyrir liggur sértæk ákvörðun sem að öllu leyti er byggð á rafrænni vinnslu persónuupplýsinga getur sá sem ákvörðunin beinist að krafist rökstuðnings fyrir niðurstöðunni. Í rökstuðningi skal ábyrgðaraðili gera grein fyrir þeim reglum sem hin rafræna vinnsla byggist á og liggja ákvörðuninni til grundvallar.

23. gr.

Viðvaranir um notkun persónusniða.

Þegar persónusnið sem skilgreinir tiltekið hátterni, smekk, hæfileika eða þarfir er lagt til grundvallar:

1. við sértæka ákvörðun skv. 9. tölul. 2. gr. eða
2. við að nálgast hinn skráða, velja úrtak, markhóp o.s.frv., getur Persónuvernd, þegar henni berst tilkynning um slíka vinnslu, ákveðið að ábyrgðaraðili geri hinum skráða viðvart og greini frá því hver sé ábyrgðaraðili vinnslunnar, hvaða upplýsingar hann noti og hvaðan þær komi.

Við ákvörðun skv. 1. mgr. skal Persónuvernd m.a. líta til þess hvort viðvörðun er að hennar mati óframkvæmanleg eða leggi þyngri byrðar á ábyrgðaraðila en með sanngirni má krefjast.

24. gr.

Viðvaranir um rafræna vöktun.

Þegar rafræn vöktun fer fram á vinnustað eða á almannaferi skal með merki eða á annan áberandi hátt gera glögglega viðvart um þá vöktun og hver sé ábyrgðaraðili.

IV. kafli.

Leiðrétting, eyðing, lokun o.fl.

25. gr.

Leiðrétting og eyðing rangra og villandi persónuupplýsinga.

Ef skráðar hafa verið persónuupplýsingar sem eru rangar, villandi eða ófullkomnar, eða persónuupplýsingar hafa verið skráðar án tilskilinnar heimildar, skal ábyrgðaraðili sjá til þess að upplýsingarnar verði leiðréttar, þeim eytt eða við þær aukið ef umræddur annmarki getur haft áhrif á hagsmuni hins skráða. Hafi slíkum upplýsingum verið miðlað eða þær notaðar ber ábyrgðaraðila, eftir því sem honum er frekast unnt, að hindra að það hafi áhrif á hagsmuni hins skráða.

Ef eyðing eða breyting þeirra upplýsinga sem um ræðir í 1. mgr. er óheimil samkvæmt ákvæðum annarra laga getur Persónuvernd bannað notkun upplýsinganna.

26. gr.

Eyðing og bann við notkun persónuupplýsinga sem hvorki eru rangar né villandi.

Þegar ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita persónuupplýsingar skal ábyrgðaraðili eyða þeim. Málefnaleg ástæða til varðveislu upplýsinga getur m.a. byggst á fyrirmælum í lögum eða á því að ábyrgðaraðili vinni enn með upplýsingarnar í samræmi við upphaflegan tilgang með söfnun þeirra.

Ef ákvæði annarra laga standa því ekki í vegi getur skráður aðili engu síður krafist þess að upplýsingum um hann skv. 1. mgr. sé eytt eða notkun þeirra bönnuð ef slíkt telst réttlátanlegt út frá heildstæðu hagsmunamati. Við slíkt hagsmunamat skal taka tillit til hagsmuna annarra, almennra persónuverndarhagsmuna, almannahagsmuna og þeirra aðgerða sem þörf er á til að verða við kröfunni.

Persónuvernd getur, bæði í einstökum tilvikum eða með setningu almennra reglna, bannað notkun slíkra upplýsinga eða mælt fyrir um eyðingu þeirra.

27. gr.

Réttur til að fá ákvörðun sem byggist á handvirkeri vinnslu upplýsinga.

Ef fyrir liggur sértæk ákvörðun í skilningi 9. tölul. 2. gr., sem að öllu leyti hefur byggst á sjálfvirkri vinnslu persónuupplýsinga, getur sá sem ákvörðun beinist að, eða mál varðar beinlínis með öðrum hætti, krafist þess að fá ákvörðunina handunna, enda sé um að ræða ákvörðun sem varðar persónulega hagi eða eiginleika hans og hefur verulega þýðingu fyrir hann.

Réttur skv. 1. mgr. er ekki til staðar ef beitt er viðhlítandi ráðstöfunum til að gæta persónuverndarhagsmuna viðkomandi og um er að ræða ákvörðun sem byggist á fyrirmælum laga eða tengist gerð eða efndum sammings.

28. gr.

[[Um andmælarétt hins skráða og um bannskrá [Þjóðskrár Íslands].¹⁾]²⁾

Hinum skráða er heimilt að andmæla vinnslu upplýsinga um sjálfan sig ef hann hefur til þess lögmætar og knýjandi ástæður vegna sérstakra aðstæðna sinna nema kveðið sé á um annað í öðrum lögum. Eigi andmælin rétt á sér er ábyrgðaraðila óheimil frekari vinnsla umræddra upplýsinga.

[[Þjóðskrá Íslands]¹⁾ skal halda skrá yfir þá sem andmæla því að nöfn þeirra séu notuð í markaðssetningarstarfsemi. [Ráðherra]³⁾ setur, í samráði við Persónuvernd, nánari reglur⁴⁾ um gerð og notkun slíkrar skrár og hvaða upplýsingar skuli koma þar fram.²⁾ Ábyrgðaraðilar sem starfa í beinni markaðssókn og þeir sem nota skrá með nöfnum, heimilisföngum, netföngum, símanúmerum og þess háttar eða miðla þeim til þriðja aðila í tengslum við slíka starfsemi skulu, áður en slík skrá er notuð í slíkum tilgangi, bera hana saman við skrá [Þjóðskrár Íslands]¹⁾ til að koma í veg fyrir að markpóstur verði sendur eða hringt verði til einstaklinga sem hafa andmælt slíku. Persónuvernd getur heimilað undanþágu frá þessari skyldu í sérstökum tilvikum.

Öll notkun bannskrár skv. 2. mgr. er óheimil í öðrum tilgangi en þar er lýst.

Skylt er að nafn ábyrgðaraðila komi fram á áberandi stað á útsendum markpósti og hvert þeir sem andmæla því að fá slíkan markpóst og marksímtöl geti snúið sér. Viðtakandi markpósts á rétt á að fá vitneskju um hvaðan þær upplýsingar koma sem liggja úthringingu eða útsendingu til grundvallar. Þetta gildir ekki um markaðssetningu ábyrgðaraðila á eigin vöru og þjónustu sem notar eigin viðskiptamannskrár, enda beri útsent efni með sér hvaðan það kemur. [Ef markpóstur er sendur með rafrænum hætti er skylt að fram komi á ótvíræðan hátt um leið og hann er mótttekinn að um slíkan póst sé að ræða.]⁵⁾

Ábyrgðaraðila er heimilt að afhenda félag-, starfsmanna- eða viðskiptamannaskrár til nota í tengslum við markaðssetningarstarfsemi. Þetta á þó aðeins við ef:

1. ekki telst vera um afhendingu viðkvæmra persónuupplýsinga að ræða,
2. hinum skráðu hefur, áður en afhending fer fram, verið gefinn kostur á að andmæla því, hverjum fyrir sitt leyti, að upplýsingar um viðkomandi birtist á hinni afhentu skrá,
3. slíkt fer ekki gegn reglum eða samþykktum viðkomandi félags,
4. ábyrgðaraðili kannar hvort einhver hinna skráðu hefur komið andmælum á framfæri við [Þjóðskrá Íslands],¹⁾ sbr. 2. mgr., og eyðir upplýsingum um viðkomandi áður en hann lætur skrána af hendi.

Ákvæði 5. mgr. gildir ekki ef afhending félag-, starfsmanna- eða viðskiptamannaskrár til nota við dreifingu markpósts byggist á samþykki hins skráða, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 8. gr.

[Ákvæði 1.–5. mgr. gilda, eftir því sem við á, einnig um markaðs-, neyslu- og skoðanakannanir. Persónuvernd er heimilt að undanþiggja vísindarannsóknir og hliðstæðar rannsóknir slíkum takmörkunum, enda þyki ljóst að slíkt geti skert til muna áreiðanleika niðurstöðu rannsóknarinnar.]⁶⁾

¹⁾ L. 77/2010, 5. gr. ²⁾ L. 50/2006, 23. gr. ³⁾ L. 162/2010, 164. gr. ⁴⁾ Rgl. 36/2005. ⁵⁾ L. 30/2002, 23. gr. ⁶⁾ 90/2001, 8. gr.

V. kafli.

Flutningur persónuupplýsinga úr landi.

29. gr.

Flutningur persónuupplýsinga til ríkis sem veitir fullnægjandi persónuupplýsingavernd.

Heimill er flutningur persónuupplýsinga til annars ríkis ef lög þess veita persónuupplýsingum fullnægjandi vernd.

Ríki sem framfylgir tilskipun Evrópusambandsins 95/46/ESB um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálst flæði slíkra upplýsinga telst fullnægja skilyrðum 1. mgr. [Sama á við um lönd eða staði sem Persónuvernd auglýsir¹⁾ í Stjórnartíðindum að virtum ákvörðunum framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins.]²⁾

Við mat á því hvort ríki sem ekki framfylgir tilskipun 95/46/ESB fullnægi skilyrðum 1. mgr. skal m.a. líta til reglna viðkomandi ríkis um meðferð persónuupplýsinga, reglna um góða viðskiptahætti og þeirra öryggisráðstafana sem viðhafðar eru hjá viðtakanda. Þá skal taka mið af því hvort viðkomandi ríki hafi fullgilt samning Evrópuráðsins nr. 108 frá 28. janúar 1981, um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga.

¹⁾ Rgl. 1100/2008, sbr. rgl. 424/2010. Augl. 228/2010. ²⁾ L. 90/2001, 9. gr.

30. gr.

Flutningur persónuupplýsinga til ríkis sem ekki veitir fullnægjandi persónuupplýsingavernd.

Óheimill er flutningur persónuupplýsinga til ríkis sem ekki veitir fullnægjandi persónuupplýsingavernd nema:

1. hinn skráði hafi samþykkt flutninginn, eða
2. slíkt sé nauðsynlegt til efnda á þjóðréttarskuldbindingum eða vegna aðildar Íslands að alþjóðastofnun, eða
3. heimild standi til slíks flutnings í öðrum lögum, eða
4. afhendingin sé nauðsynleg til að gera eða efna samning milli hins skráða og ábyrgðaraðila, eða

5. flutningurinn sé nauðsynlegur til að gera eða efna samning í þágu hins skráða, eða
6. afhendingin sé nauðsynleg til að verja verulega hagsmuni hins skráða,
7. [ef miðlun er nauðsynleg eða fyrirskipuð samkvæmt lögum vegna þess að brýnir almannahagsmunir krefjast þess eða til að unnt sé að stofna, hafa uppi eða verja réttarkröfur, eða
8. um sé að ræða upplýsingar sem almennur aðgangur er að].¹⁾

Persónuvernd getur heimilað flutning upplýsinga til ríkis er greinir í 1. mgr. telji hún sérstök rök mæla með því, jafnvel þótt skilyrðum ákvæðisins sé ekki fullnægt. Í slíku tilviki skal m.a. taka tillit til eðlis upplýsinganna, fyrirhugaðs tilgangs vinnslunnar og hve lengi hún varir. [Persónuvernd getur heimilað miðlun persónuupplýsinga til þriðju landa þótt þau hafi ekki verið talin veita friðhelgi borgaranna nægilega einkalífsvernd. Slíkt er háð því að ábyrgðaraðili hafi, að mati stofnunarinnar, veitt nægilegar tryggingar fyrir slíku. Getur stofnunin t.d. áskilið að ábyrgðaraðili hafi gert við viðtökuaðila skriflegan samning sem hafi að geyma tiltekin stöðluð samningsákvæði í samræmi við ákvörðun sem Persónuvernd hefur auglýst í Stjórnartíðindum, að teknu tilliti til ákvarðana framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins, sbr. 2. mgr. 29. gr. laga þessara. Að öðru leyti getur Persónuvernd sett nánari fyrirmæli²⁾ um flutning persónuupplýsinga úr landi.]¹⁾

¹⁾ L. 90/2001, 10. gr. ²⁾ Rgl. 712/2008, sbr. rgl. 927/2009 og rgl. 423/2010. Rgl. 1100/2008, sbr. rgl. 424/2010.

VI. kafli.

Tilkynningarskylda, leyfisskylda o.fl.

31. gr.

Tilkynningarskylda.

Sérhver ábyrgðaraðili sem beitir rafrænni tækni við vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 8. gr. og 1. mgr. 9. gr., skal á þar til gerðu formi tilkynna Persónuvernd um vinnsluna tímanlega áður en hún hefst. Tilkynna skal allar breytingar sem verða frá því sem greinir í upphaflegri tilkynningu.

Tilkynningarskyldan á ekki við ef einungis er unnið með upplýsingar sem gerðar hafa verið og eru aðgengilegar almenningi.

Persónuvernd getur ákveðið¹⁾ að vissar tegundir vinnslu almennra upplýsinga skuli vera undanþegnar tilkynningarskyldu eða að um þær gildi einfaldari tilkynningarskylda. Persónuvernd getur jafnframt ákveðið¹⁾ að vissar tegundir vinnslu skuli vera leyfisskyldar. Um vinnslu sem undanþegin er tilkynningarskyldu getur Persónuvernd sett fyrirmæli, þar á meðal um þau atriði sem talin eru í 2. mgr. 35. gr. Persónuvernd getur einnig mælt fyrir um ráðstafanir til að draga úr óhagræði sem slík vinnsla persónuupplýsinga kann að hafa í för með sér fyrir hinn skráða.

¹⁾ Rgl. 712/2008, sbr. rgl. 927/2009 og rgl. 423/2010.

32. gr.

Efni tilkynninga.

Í tilkynningu til Persónuverndar skv. 31. gr. skal tilgreina eftirfarandi atriði:

1. nafn og heimilisfang ábyrgðaraðila og eftir atvikum fulltrúa hans, sbr. 6. gr.;
2. hver ber daglega ábyrgð á að uppfylla skyldur ábyrgðaraðila;
3. tilgang vinnslunnar;
4. skilgreiningu og aðra lýsingu á þeim tegundum upplýsinga sem notaðar verða við vinnslu;
5. hvert upplýsingarnar eru sóttar;
6. þá heimild sem stendur til söfnunar upplýsinganna;
7. hverjum upplýsingarnar verða afhentar;
8. hvort ráðgert sé að flytja persónuupplýsingarnar úr landi;

9. hvort ráðgert sé að birta upplýsingarnar á netinu;
10. hvaða öryggisráðstafanir verða viðhafðar í vinnslunni;
11. hvort og hvenær persónuupplýsingum eða persónuauðkennum verði eytt;
12. hvernig uppfyllt séu fyrirmæli 20. og 21. gr.]¹⁾

Persónuvernd getur sett nánari fyrirmæli²⁾ um form og efni tilkynninga og um framkvæmd tilkynningarskyldunnar að öðru leyti.

Ábyrgðaraðili skal sjá til þess að Persónuvernd hafi á hverjum tíma undir höndum réttar upplýsingar um vinnsluna. Þegar liðin eru þrjú ár frá því að tilkynning var send Persónuvernd skal senda henni nýja tilkynningu með uppfærðum upplýsingum nema henni hafi áður verið tilkynnt um breytta vinnslu. Persónuvernd getur mælt fyrir um ráðstafanir til að tryggja gæði og áreiðanleika tilkynninga og ákveðið mismunandi tilkynningarfræst eftir tegund og eðli vinnslu.³⁾

¹⁾ L. 81/2002, 4. gr. ²⁾ Rgl. 712/2008, sbr. rgl. 927/2009 og rgl. 423/2010. ³⁾ Rgl. 1100/2008, sbr. rgl. 424/2010.

33. gr. Leyfisskyld vinnsla.

Sé um að ræða vinnslu almennra eða viðkvæmra persónuupplýsinga sem getur falið í sér sérstaka hættu á að farið verði í bága við réttindi og frelsi skráðra aðila getur Persónuvernd ákveðið¹⁾ að vinnslan megi ekki hefjast fyrr en hún hefur verið athuguð af stofnuninni og samþykkt með útgáfu sérstakrar heimildar. Persónuvernd getur ákveðið²⁾ að slík leyfisskylda falli brott þegar settar hafa verið almennar reglur og öryggisstaðlar sem fylgja skuli við slíka vinnslu.

¹⁾ Rgl. 712/2008, sbr. rgl. 927/2009 og rgl. 423/2010. ²⁾ Rgl. 170/2001, sbr. rgl. 157/2003 og rgl. 853/2010. Rgl. 1100/2008, sbr. rgl. 424/2010.

34. gr. Forsendur leyfisveitingar o.fl.

Ábyrgðaraðila má aðeins veita leyfi skv. 33. gr., eða einstakar aðrar heimildir samkvæmt lögum þessum, ef líklegt er að hann geti fullnægt skyldum sínum samkvæmt lögnum eða fyrirmælum Persónuverndar.

Við afgreiðslu mála er tengjast vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga skal Persónuvernd, innan þeirra marka sem greinir í II. kafla laganna, meta hvort vinnslan geti valdið hinum skráða slíku óhagræði að ekki verði úr því bætt með forsvaranlegum hætti með skilyrðum sem sett eru skv. 35. gr. Ef slíkt óhagræði getur orðið skal Persónuvernd meta hvort hagsmunir sem mæla með vinnslunni vegi þyngra en hagsmunir hins skráða.

35. gr. Skilmálar Persónuverndar um vinnslu persónuupplýsinga.

Þegar ábyrgðaraðila er veitt leyfi skv. 33. gr. skal Persónuvernd binda það skilyrðum, svo sem um dulkóðun persónuauðkenna og öðrum sem hún metur nauðsynleg hverju sinni, til að draga úr eða koma í veg fyrir hugsanlegt óhagræði hins skráða af vinnslunni. Sama gildir eftir því sem við á þegar Persónuvernd berst tilkynning um vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga sem fellur undir 1. mgr. 9. gr.

Við mat á því hvaða skilyrði skal setja fyrir vinnslu skal Persónuvernd m.a. athuga:

1. hvort tryggt sé að hinn skráði geti nýtt réttindi sín samkvæmt lögnum, þar á meðal til að hætta þátttöku í verkefni, og eftir atvikum fá eytt skráðum persónuupplýsingum, til að fá fræðslu um réttindi sín og beitingu þeirra;
2. hvort persónuupplýsingar verði nægjanlega öruggar, áreiðanlegar og uppfærðar í samræmi

- við tilgang vinnslunnar skv. 7. gr.;
3. hvort með persónuupplýsingarnar verði farið af þeirri varúð sem reglur um þagnarskyldu og tilgangur vinnslunnar krefst;
 4. hvort skipulagt hafi verið hvernig hinum skráða verði veittar upplýsingar og leiðbeiningar, innan þeirra marka sem sanngjarnt er að ætlast til miðað við umfang vinnslunnar og aðrar öryggisráðstafanir sem viðhafðar eru;
 5. hvort stofnað hafi verið til öryggisráðstafana sem séu eðlilegar miðað við tilgang vinnslunnar.

Persónuvernd getur ákveðið að ábyrgðaraðili og vinnsluadili, svo og starfsmenn á vegum þeirra, skuli undirrita yfirlýsingu um að þeir lofi að gæta þagnarskyldu um viðkvæmar persónuupplýsingar sem þeir fá vitneskju um við vinnslu þeirra. Ábyrgðaraðili eða fulltrúi hans skal votta rétta undirskrift starfsmanns og dagsetningu slíkrar yfirlýsingar og koma til Persónuverndar innan tilskilins frests. Brot á slíkri þagnarskyldu varðar refsingu skv. 136. gr. almennra hegningarlaga. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Persónuvernd getur afgreitt erindi er lýtur að vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga með skilyrði um að sérstakur tilsjónarmaður verði skipaður til að hafa eftirlit fyrir hönd Persónuverndar með því að vinnsla sé í samræmi við lög og að ábyrgðaraðili greiði allan kostnað sem af því hlýst.

VII. kafli.

Eftirlit og viðurlög.

36. gr.

Skipulag Persónuverndar og stjórnábyrgð.

Persónuvernd er sjálfstæð stofnun með sérstaka stjórn og heyrir stjórnarfarslega undir [innanríkisráðherra].¹⁾

Persónuvernd er sjálfstæð í störfum sínum og verður ákvörðunum hennar samkvæmt lögum þessum ekki skotið til annarra stjórnvalda.

Ráðherra skipar fimm menn í stjórn Persónuverndar og jafnmarga til vara til fjögurra ára í senn. Formann og varaformann stjórnarinnar skipar ráðherra án tilnefningar og skulu þeir vera lögfræðingar og fullnægja hæfisskilyrðum héraðsdómara. Hæstiréttur tilnefnir einn stjórnarmann og Skýrslutæknifélag Íslands annan og skal hann vera sérfróður á sviði tölvu- og tæknimála. Varamenn skulu fullnægja sömu skilyrðum og aðalmenn.

Ráðherra ákveður laun stjórnarmanna.

Þegar stjórnarmenn eru ekki sammála ræður meiri hluti niðurstöðu máls. Ef atkvæði eru jöfn ræður atkvæði formanns.

Ráðherra skipar forstjóra Persónuverndar til fimm ára í senn að fenginni tillögu stjórnar.

Forstjóri situr fundi stjórnar með málfrelsi og tillögurétti.

Forstjóri Persónuverndar annast daglega stjórn og ræður annað starfsfólk Persónuverndar.

Forstjóri ber ábyrgð á fjárreiðum og starfsmannahaldi Persónuverndar. Stjórn Persónuverndar ákveður að öðru leyti skiptingu starfa á milli stjórnar og starfsmanna hennar.

¹⁾ L. 162/2010, 164. gr.

37. gr.

Verkefni Persónuverndar.

Persónuvernd annast eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim.

Persónuvernd úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma um vinnslu persónuupplýsinga [á Íslandi, hvort sem íslensk lög eða lög annars ríkis gilda um vinnsluna].¹⁾

Persónuvernd getur fjallað um einstök mál að eigin frumkvæði eða samkvæmt erindi þess sem telur að ekki hafi verið unnið með persónuupplýsingar um hann í samræmi við lög þessi og reglur sem settar eru samkvæmt þeim eða einstökum fyrirmælum.

Verkefni Persónuverndar eru m.a. eftirfarandi:

1. að afgreiða leyfisumsóknir, taka við tilkynningum og mæla, eftir því sem þurfa þykir, fyrir um ráðstafanir að því er varðar tækni, öryggi og skipulag vinnslunnar þannig að hún verði í samræmi við ákvæði laganna,²⁾
2. að hafa eftirlit með því að farið sé að lögum og öðrum reglum um vinnslu persónuupplýsinga og að bætt sé úr annmörkum og mistökum,
3. að fylgjast með almennri þróun á sviði persónuupplýsingaverndar á innlendum og erlendum vettvangi og hafa yfirsýn yfir og kynna helstu álitæfni sem tengjast vinnslu persónuupplýsinga,
4. að skilgreina og afmarka hvar persónuvernd er hætta búin og veita ráð um leiðir til lausnar,
5. að leiðbeina þeim sem ráðgera að vinna með persónuupplýsingar, eða þróa kerfi fyrir slíka vinnslu, um persónuvernd, þar á meðal með því að aðstoða við gerð starfs- og siðareglna fyrir einstaka hópa og starfsstéttir,³⁾
6. að tjá sig, samkvæmt beiðni eða að eigin frumkvæði, um álitæfni varðandi meðferð persónuupplýsinga og veita umsagnir við setningu laga og annarra reglna sem þýðingu hafa fyrir persónuvernd,
7. að birta árlega skýrslu um starfsemi sína.

Persónuvernd getur ákveðið að ábyrgðaraðili skuli greiða þann kostnað sem hlýst af eftirliti með því að hann fullnægi skilyrðum laga þessara og reglna sem settar eru samkvæmt þeim eða einstökum fyrirmælum. Persónuvernd getur einnig ákveðið að ábyrgðaraðili greiði kostnað við úttekt á starfsemi við undirbúning útgáfu vinnsluleyfis og annarrar afgreiðslu.

Persónuvernd setur reglur⁴⁾ um rafræna vöktun og vinnslu efnis sem verður til við vöktunina, svo sem hljóð- og myndefnis, þar á meðal um öryggi, varðveislu og notkun þess. Þá getur hún gefið fyrirmæli um rétt þess sem myndaður hefur verið til að skoða myndir sem teknar hafa verið af honum. Persónuvernd setur jafnframt reglur og gefur fyrirmæli um eyðingu efnis sem til verður við framkvæmd rafrænnar vöktunar, ákveður varðveisluaðferð og varðveislutíma og heimilar afhendingu þess í öðrum tilvikum en þeim sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 9. gr.⁵⁾

¹⁾ L. 90/2001, 11. gr. ²⁾ Rgl. 340/2003. ³⁾ Augl. 1001/2001. ⁴⁾ Rgl. 837/2006, sbr. rgl. 394/2008. ⁵⁾ L. 81/2002, 5. gr.

38. gr.

Aðgangur Persónuverndar að upplýsingum o.fl.

Persónuvernd getur krafðið ábyrgðaraðila, vinnsluaðila og þá sem starfa á þeirra vegum um allar þær upplýsingar og skriflegar skýringar sem henni eru nauðsynlegar til þess að rækja hlutverk sitt, þar á meðal þær upplýsingar sem hún þarf til að geta metið hvort tiltekin starfsemi eða vinnsla falli undir ákvæði laganna. Einnig getur Persónuvernd kvatt ábyrgðaraðila, vinnsluaðila og þá sem starfa á þeirra vegum á sinn fund til að veita munnlegar upplýsingar og skýringar varðandi ákveðna vinnslu persónuupplýsinga.

Persónuvernd hefur í eftirlitsstörfum sínum án dómsúrskurðar aðgang að húsnaði þar sem vinnsla persónuupplýsinga fer fram eða gögn eru varðveitt, þar á meðal stöðum þar sem varðveittar eru skrár, myndir, sbr. 4. gr., persónuupplýsingar sem lúta rafrænni vinnslu, og tæki til

slíkrar vinnslu. Persónuvernd getur framkvæmt hverja þá prófun eða eftirlitsaðgerð sem hún telur nauðsynlega og krafist nauðsynlegrar aðstoðar starfsfólks á slíkum vettvangi til að framkvæma prófun eða eftirlit. Persónuvernd getur óskað liðveislu lögreglu ef einhver leitast við að hindra hana í eftirlitsstörfum sínum.

Réttur Persónuverndar til að krefjast upplýsinga eða aðgangs að starfsstöðvum og tækjabúnaði verður ekki takmarkaður með vísun til reglna um þagnarskyldu.

39. gr.

Undanþágur frá þagnarskyldu.

Ákvæði um þagnarskyldu standa því ekki í vegi að Persónuvernd veiti persónuverndarstofnunum erlendis upplýsingar þegar slíkt er nauðsynlegt til að hún eða hin erlenda persónuverndarstofnun geti ákveðið eða framkvæmt aðgerðir til að tryggja persónuvernd.

40. gr.

Stöðvun vinnslu o.fl.

Persónuvernd getur mælt fyrir um stöðvun vinnslu persónuupplýsinga, þar á meðal söfnunar, skráningar eða miðlunar, mælt fyrir um að persónuupplýsingar verði afmáðar eða skráðar eytt, í heild eða að hluta, bannað frekari notkun upplýsinga eða lagt fyrir ábyrgðaraðila að viðhafa ráðstafanir sem tryggja lögmæti vinnslunnar. Við mat á því hvort og þá hvaða úrræðum skuli beitt skal Persónuvernd m.a. taka tillit til þeirra atriða sem greinir í 2. mgr. 35. gr.

Komi í ljós að fram fer vinnsla persónuupplýsinga sem brýtur í bága við ákvæði laga þessara eða reglur settar samkvæmt þeim er Persónuvernd heimilt að fela lögreglustjóra að stöðva til bráðabirgða starfsemi viðkomandi og innsigla starfsstöð hans þegar í stað.

Sinni aðili ekki fyrirmælum Persónuverndar skv. 1. mgr. getur hún afturkallað leyfi sem hún hefur veitt samkvæmt ákvæðum laga þessara þar til úr hefur verið bætt að hennar mati.

41. gr.

Dagsektir.

Ef ekki er farið að fyrirmælum Persónuverndar skv. 10., 25., 26. eða 40. gr. getur hún ákveðið að leggja dagsektir á þann sem fyrirmælin beinast að þar til úr hefur verið bætt að mati Persónuverndar. Sektir geta numið allt að 100.000 kr. fyrir hvern dag sem liður eða byrjar að líða án þess að fyrirmælum Persónuverndar sé fylgt.

Ef ákvörðun Persónuverndar um dagsektir er skotið til dómstóla byrja dagsektir ekki að falla á fyrir en dómur er endanlegur. Dagsektir renna í ríkissjóð og má án undangengins dóms gera aðför til fullnustu þeirra.

42. gr.

Refsingar.

Brot á ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim varða fésektum eða fangelsi allt að þremur árum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum. Sama refsing liggur við ef ekki er farið að fyrirmælum Persónuverndar.

Nú er brot framið í starfsemi lögaðila og má þá gera lögaðilanum fésekt skv. II. kafla A almennra hegningarlaga.

43. gr.

Batur.

Hafi ábyrgðaraðili eða vinnsluaðili unnið með persónuupplýsingar í andstöðu við ákvæði laga

þessara, reglna eða fyrirmæla Persónuverndar skal ábyrgðaraðili bæta hinum skráða það fjárhagslega tjón sem hann hefur orðið fyrir af þeim völdum. Ábyrgðaraðila verður þó ekki gert að bæta tjón sem hann sannar að hvorki verður rakið til mistaka né vanrækslu af hans hálfu eða vinnsluaðila.

VIII. kafli. Lagatengsl, gildistaka o.fl.

44. gr.

Tengsl við ákvæði annarra laga.

Lögin gilda um vinnslu og meðferð persónuupplýsinga sem fram fer samkvæmt öðrum lögum nema þau lög tilgreini annað sérstaklega.

Lög þessi takmarka ekki þann rétt til aðgangs að gögnum sem mælt er fyrir um í upplýsingalögum og stjórnábyrgðarlögum.

45. gr.

Reglugerðir um einstaka flokka starfsemi.

Með reglugerð má mæla fyrir um meðferð persónuupplýsinga í tiltekinni starfsemi og hjá einstökum starfsstéttum.

Í reglugerð¹⁾ skal mælt fyrir um heimild til söfnunar og skráningar upplýsinga sem varða fjárhagsmálefni og lánstraust fyrirtækja, svo og annarra lögaðila, í því skyni að miðla til annarra upplýsingum um það efni. Heimild til slíkrar starfsemi skal bundin leyfi Persónuverndar og um hana gilda eftirfarandi ákvæði laganna: 11. gr. um öryggi og gæði upplýsinga, 12. gr. um innra eftirlit, 13. gr. um meðferð vinnsluaðila á upplýsingum, 18. gr. um upplýsingarétt hins skráða, 21. gr. um viðvörðunarskyldu þegar upplýsingum er safnað frá öðrum en hinum skráða, 25. gr. um leiðréttingu og eyðingu rangra og villandi upplýsinga, 26. gr. um eyðingu og bann við notkun upplýsinga sem hvorki eru rangar né villandi, 33. gr. um leyfisskylda vinnslu, 34. gr. um forsendur leyfisveitingar, 35. gr. um skilmála, 38. gr. um aðgang Persónuverndar að upplýsingum o.fl., 40. gr. um stöðvun vinnslu o.fl., 41. gr. um dagsektir, 42. gr. um refsingar og 43. gr. um bætur.

Að fenginni umsögn Persónuverndar skal ráðherra í reglugerð²⁾ mæla nánar fyrir um eftirlit Persónuverndar með rafrænni vinnslu persónuupplýsinga hjá lögreglu. Þar skal m.a. mælt fyrir um skyldu lögreglu til að tilkynna Persónuvernd um rafrænt unnar skrár sem hún heldur og efni slíkra tilkynninga. Þá skal mælt fyrir um í hvaða tilvikum og með hvaða hætti hinn skráði á rétt til aðgangs að persónuupplýsingum sem skráðar hafa verið um hann hjá lögreglu, svo og heimild lögreglu til miðlunar upplýsinga í öðrum tilvikum. Loks skal mælt fyrir um öryggi persónuupplýsinga og innra eftirlit lögreglu með því að vinnslu persónuupplýsinga sé hagað í samræmi við lög, svo og um tímalengd á varðveislu skráðra upplýsinga.

Þá skal í reglugerð kveða nánar á um starfsemi þeirra sem nota nafnalista, vinna nafnárítanir, þar á meðal við markaðssetningarstarfsemi, og við gerð markaðs- og skoðanakannana.

¹⁾ Rg. 246/2001. ²⁾ Rg. 322/2001, sbr. 926/2004, 362/2008 og 1137/2008.

46. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2001.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þegar er lög þessi hafa verið birt skal ráðherra skipa stjórn og auglýsa embætti forstjóra Persónuverndar laust til umsóknar. Eftir að forstjóri hefur verið skipaður ræður hann eftir

þörfum annað starfsfólk til að annast undirbúning að gildistöku laganna og sinna stjórnarsýslu skv. 2. mgr.

Þrátt fyrir 1. mgr. 46. gr. skal Persónuvernd þegar er stjórn hennar hefur verið skipuð taka að sér eftirlit með því að meðferð persónuupplýsinga í Schengen-upplýsingakerfinu á Íslandi sé í samræmi við lög nr. 16/2000, um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi.

Sérhver ábyrgðaraðili sem beitir rafrænni tækni við vinnslu persónuupplýsinga við gildistöku laganna skal á þar til gerðu eyðublaði tilkynna Persónuvernd um vinnsluna í samræmi við ákvæði 31. og 32. gr. innan sex mánaða frá gildistöku þeirra.

Leyfi sem tölvunefnd hefur gefið út skulu halda gildi, enda fari þau ekki í bága við lög þessi.

6.2. Breyting á auglýsingu um flutning persónuupplýsinga til annarra landa

Þann 17. janúar 2012 var auglýsing nr. 228/2010 breytt, með auglýsingu nr. 108/2012, á þann veg að Færeyjum, Andorra og Ísrael var bætt í hóp svonefndra „örugggra þriðju ríkja“. Eftir þá breytingu er auglýsingin, um flutning persónuupplýsinga til annarra landa, svohljóðandi:

1. gr.

Flutningur persónuupplýsinga úr landi. Fullnægjandi vernd.

Lög eftirtalinna ríkja teljast veita persónuupplýsingum fullnægjandi vernd í skilningi 29. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og er því heimilt að flytja persónuupplýsingar til þeirra, að fullnægðum skilyrðum laganna:

- a. Aðildarríki EES og EFTA,
- b. Sviss,
- c. Kanada,
- d. Argentína,
- e. Guernsey,
- f. Mön,
- g. Jersey,
- h. [Færeyjar,**
- i. Andorra,**
- j. Ísrael.1)**
- k. Úrúgvæ]2)**

1)Auglýsing nr. 108/2012

2)Auglýsing nr. 419/2013

2. gr.

Öruggar hafnir.

Heimilt er að flytja persónuupplýsingar til aðila í Bandaríkjunum sem fara að reglum, útgefnum af viðskiptaráðuneyti Bandaríkjanna, um örugga höfn fyrir friðhelgi einkalífsins, sbr. ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2000/520/EB frá 26. júlí 2000 (Stjtíð. EB L 215, 25.8.2000, bls. 7. (Ákvörðun nr. 108/00. (EES-viðbætur nr. 8/47, 15.2.2001). Gildistaka: 1.12.2000)).

3. gr.

Staðlaðir samningsskilmálar.

Við veitingu leyfis til flutnings persónuupplýsinga til lands, sem ekki veitir fullnægjandi persónuupplýsingavernd, sbr. 2. mgr. 30. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, getur Persónuvernd m.a. gert að skilyrði:

1. Að ábyrgðaraðili hér á landi geri skriflegan samning við erlendan viðtakanda í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB nr. 2001/497/EB frá 15. júní 2001 um föst samningsákvæði vegna flutnings persónuupplýsinga til þriðju landa samkvæmt tilskipun 95/46/EB frá (Stjtið. EB L 181, 4.7.2001, bls. 19), eins og hún var leiðrétt með Stjtið. EB L 253, 21.9.2001, bls. 34, og eins og henni var breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2004/915/EB frá 27. desember 2004 (Stjtið. EB L 385, 29.12.2004, bls. 74. (Ákvörðun nr. 9/2006. (EES-viðbætur 17/10, 30.3.2006). Gildistaka: 28.1.2006)).
2. Að ábyrgðaraðili hér á landi geri skriflegan samning við erlendan viðtakanda í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB nr. 2010/87/EB frá 5. febrúar 2010 um stöðluð samningsákvæði vegna flutnings persónuupplýsinga til vinnsluaðila með staðfestu í þriðju löndum samkvæmt tilskipun 95/46/EB.

4. gr.

Gildistaka o.fl.

Auglýsing þessi er gefin út með stöð í 1. mgr. 6. gr., 4. mgr. 13. gr. og 2. mgr. 29. gr. og 2. mgr. 30. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. lög nr. 90/2001. Samhliða birtingu hennar fellur úr gildi fyrri auglýsing um sama efni nr. 638/2005, eins og henni var breytt með auglýsingu nr. 1041/2006 og 425/2009.

6.3. Reglur um skiptingu starfa á milli stjórnar og starfsmanna stofnunarinnar

Þann 14. febrúar 2012 setti stjórn Persónuverndar svohljóðandi reglur, nr. 231/2012:

1. gr.

Verkaskipting stjórnar og forstjóra.

Forstjóri Persónuverndar annast daglega stjórn stofnunarinnar, ræður annað starfsfólk og ber ábyrgð á fjárreiðum hennar og starfsmannahaldi.

Stjórn Persónuverndar tekur ákvarðanir sem tengjast meðferð mála og starfsemi stofnunarinnar og bornar eru undir hana til samþykktar eða synjunar samkvæmt reglum þessum.

2. gr.

Skipting starfa milli stjórnar og skrifstofu.

Eftirfarandi verkefni eru á hendi skrifstofu Persónuverndar undir yfirumsjón forstjóra:

1. Almennit eftirlit með framkvæmd laga um persónuvernd og meðferð persónu-upplýsinga.
2. Svör við almennum fyrirspurnum.
3. Afgreiðsla leyfisumsókna, móttaka tilkynninga og fyrirmæli um ráðstafanir, sbr. 1. tölul. 3. mgr. 37. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.
4. Að veita leiðbeiningar til þeirra sem ráðgera að vinna með persónuupplýsingar sbr. 5. tölul. 3. mgr. 37. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónu-upplýsinga.
5. Ákvörðun eða tilmæli um úrbætur í tilefni af ábendingu eða frumkvæðisathugun.
6. Ákvörðun um að fella niður mál.
7. Ákvörðun um greiðslu kostnaðar sem hlýst af eftirliti þar á meðal kostnaður við úttekt á starfsemi, sbr. 4. mgr. 37. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónu-upplýsinga.
8. Alþjóðleg samskipti.
9. Önnur mál sem stjórn felur forstjóra að ganga frá.

Eftirfarandi ákvarðanir og afgreiðslur mála skulu bornar undir stjórn Persónuverndar til samþykktar eða synjunar.

1. Úrskurðir í ágreiningsmálum um vinnslu persónuupplýsinga sem falla undir gildis-svið laganna, sbr. 2. mgr. 37. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónu-upplýsinga.
2. Umsagnir um setningu laga og annarra reglna þar sem reynir á álitaefni um vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 6. tölul. 3. mgr. 37. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.
3. Ákvörðun um að beita dagsektum samkvæmt 41. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.
4. Ákvörðun um að kæra brot á ákvæðum laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og reglum settum samkvæmt þeim til lögreglu.
5. Reglur sem settar eru á grundvelli laga um persónuvernd og meðferð persónu-upplýsinga og breytingar á þeim.
6. Forstjóri getur ákveðið að leggja fyrir stjórn önnur mál sem eru stefnumarkandi um túlkun á ákvæðum laga um persónuvernd eða um málefni sem er mikilvægt af öðrum ástæðum.

3. gr.

Rekstraráætlun og eftirlit með rekstri.

Stjórnin fylgist með rekstri stofnunarinnar. Forstjóri kynnir fyrir stjórn rekstraráætlun stofnunarinnar fyrir næsta rekstrarár og annast samskipti við ráðuneyti og fjárveitinga-vald vegna fjárveitinga til stofnunarinnar.

Forstjóri leggur ársskýrslu stofnunarinnar fyrir undanliðið ár fyrir stjórn til samþykktar.

4. gr.

Hæfi stjórnarmanna.

Þegar stjórnarmaður telst vanhæfur samkvæmt 3. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, skal varamaður taka sæti hans, hafi hann verið boðaður á fund af þessum ástæðum. Tekur viðkomandi stjórnarmaður þá ekki þátt í undirbúningi, meðferð eða ákvörðun í hinu tiltekna máli og tekur varamaður sæti í hans stað.

Stjórnarmenn skulu í hvívetna gæta að hæfi sínu við umfjöllun einstakra mála. Stjórnarmenn skulu tilkynna skrifstofu eins fljótt og unnt er fyrir fund ef þeir telja sig vanhæfa til að taka þátt í ákvörðun um einstök mál sem eru á dagskrá. Séu stjórnarmenn í vafa um hvort þeir séu vanhæfir skulu þeir láta forstjóra eða formann stjórnar vita af viðkomandi tengslum svo unnt sé að meta hæfi viðkomandi. Telji forstjóri eða formaður stjórnar að stjórnarmaður sé vanhæfur til þess að taka þátt í umfjöllun máls er þeim heimilt að krefjast þess að hann víki sæti áður en efni málsins er kynnt.

Nú er forstjóri vanhæfur til meðferðar máls og skal þá stjórn ákveða hvernig með skuli fara.

Um hæfi stjórnarmanns fer að öðru leyti eftir stjórnsýslulögum.

5. gr.

Stjórnarfundir.

Stjórnarfundir skulu haldnir að jafnaði mánaðarlega nema forföll eða sumarleyfi hamli. Varamönnum er heimilt að sitja fundi stjórnar. Komist aðalmenn ekki á fund skulu þeir tilkynna skrifstofu Persónuverndar það eins fljótt og unnt er. Skrifstofa annast þá boðun varamanna.

Formaður stjórnar undirbýr mál fyrir fundi í samráði við skrifstofu og stýrir fundum.

Forstjóri situr fundi stjórnar með málfrelsi og tillögurétt.

Stjórn er bær til þess að taka ákvarðanir ef þrír stjórnarmenn sitja fund eða varamenn í forföllum þeirra. Séu stjórnarmenn ekki sammála ræður atkvæði meirihluta stjórnar. Ef atkvæði falla jafnt

ræður atkvæði formanns. Nú þolir ákvörðun ekki bið og ráðrúm gefst ekki til að boða til fundar og er þá heimilt að óska staðfestingar meiri hluta stjórnar utan fundar. Til að ákvörðun stjórnar teljist samþykkt þurfa a.m.k. þrír stjórnarmenn að samþykkja hana.

Fundargögn skal að jafnaði senda til stjórnarmanna a.m.k. fimm dögum fyrir stjórnar-fund.

Bóka skal fundargerðir á stjórnarfundum. Í fundargerð skal koma fram hverjir sitja fundi, umfjöllunarefni á stjórnarfundum, ákvarðanir sem teknar eru og upplýsingar sem nauðsynlegt er að fram komi vegna ákvörðunar. Í fundargerð skal tilgreina þau gögn sem lögð eru fram á fundinum.

*6. gr.
Þagnarskylda.*

Þeim sem sitja stjórnarfund og þeim sem hafa aðgang að fundargögnum er óheimilt að skýra frá þeim atriðum sem þeir verða áskynja um og leynt eiga að fara. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

*7. gr.
Gildistaka.*

Reglur þessar eru settar með stoð í 8. mgr. 36. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 og öðlast gildi þegar í stað.

